32



Sláturhúsið í Seglbúðum

34



Bretar hrifnir af íslenskum mat

40



Fluttu allt sitt hafurtask suður á Snæfellsnes

**Bændablaðið**

20. tölublað 2015 • Fimmtudagur 22. október • Blað nr. 453 • 21. árg. • Upplag 60.000



Þórunn Júlíusdóttir, sauðfjárbóndi í Seglbúðum í Landbroti með meiru, er hér með Stefáni Vilhjálmssyni, yfirkjötmatsmanni Matvælastofnunar. Þegar blaðamaður var á ferð í Skaftárhreppi fyrir skemmstu var Stefán við úttekt í litla sláturhúsinu í Seglbúðum, sem átti eins árs starfsafmæli á dögunum. Viðtal við hjónin Erlend Björnsson og Þórunni er að finna á blaðsíðu 32. Mynd / smh

# Ísland og Noregur nota minnst af sýklalyfjum í dýraeldi

**Ný skýrsla frá Lyfjastofnun Evrópu (EMA) sýnir að sýklalyfjanotkun í evrópskum landbúnaði er komin fram úr öllu hófi. Þrátt fyrir að bannað sé að nota sýklalyf sem vaxtarhvetjandi meðul í landbúnaði í Evrópu er ljóst að ekki er farið eftir settum reglum. Sýklalyfjaónæmi hjá mönnum og dýrum er vaxandi vandamál á heimsvísu þar sem sýklalyf bíta ekki lengur á ónæmar bakteríur.**

Noregur og Ísland eru þær þjóðir sem koma best út úr öllum samanburði í þessum efnum með sáralitla notkun sýklalyfja í landbúnaði. Ríki eins og Spánn, Ítalía, Ungverjaland, Portúgal og Þýskaland koma illa út. Á Spáni er notkun sýklalyfja sextíuföld miðað við það sem hér gerist.

Sú þjóð sem selur Íslendingum mest af kjöti, Þýskaland, notar þrjátíu og fjórum sinnum meira af sýklalyfjum í dýraeldi en Ísland. Rúmur helmingur alls kjöts sem fluttur er til Íslands kom frá Þýskalandi á síðasta ári. Á eftir kemur Danmörk með 22,1% markaðshlutdeild og Spánn er í þriðja sæti með 8,5% af heildarinnflutningi.

Góðu fréttirnar við nýja skýrslu EMA eru þær að sýklalyfjanotkun hefur minnkað hjá flestum þjóðum í Evrópu á síðustu árum.

### *Vill að fylgst verði með ónæmum sýklum í innfluttum matvælum*

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra sendi svar við fyrirspurn Haraldar Benediktssonar þingmanns í byrjun vikunnar. Um ávinning af því að vinna að fækkun ýmissa sýkinga eins og kampýlóbakter, salmonella, E.Coli og mósa svaraði ráðherra því til að hann væri mikill. Baráttan snerist um að reyna eins og mögulegt er að stemma stigu við útbreiðslu þessara baktería. Ráðherra sagði ýmsar aðgerðir líklegar til að skila árangri, t.d. að stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfja hjá mönnum og í dýraeldi. Halda ætti áfram að takmarka notkun sýklalyfja hjá dýrum og fylgjast grannt með sýklalyfjaónæmum sýklum í matvælaframleiðslu hér á landi og bregðast við með viðeigandi hætti komi slíkt upp. Þá leggur Kristján Þór til að gefnar verði út leiðbeiningar um hvernig staðið skuli að skimun ónæmra baktería hjá einstaklingum sem starfa í matvælaframleiðslu og jafnframt verði fylgst með ónæmum sýklum í innfluttum matvælum.

*Sjá nánar bls. 26–27*




**Sala sýklalyfja til dýraeldis í Evrópu er afar misjöfn.**
Heimild: Lyfjastofnun Evrópu

## Afgreiðsla Alþingis á tollasamningi við Evrópusambandið í biðstöðu:

# Búvörusamningur gengur fyrir

**Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra staðfesti í samtali við Bændablaðið að nýgerður tollasamningur við Evrópusambandið verði ekki lagður fyrir Alþingi fyrr en gengið hefur verið frá nýjum búvörusamningi.**

„Eftir fund minn með formanni Bændasamtakanna og samráð við landbúnaðarráðherra tók ég þá afstöðu að það sé rétt að samningurinn verði ekki lagður fyrir Alþingi fyrr en fyrir liggur hver verði lending í nýjum búvörusamningum. Það liggur og fyrir að ferlið ESB-megin mun taka langan tíma svo það er engin pressa á okkur í þessu máli.“

### *Mikilvægt að skoða heildarmyndina*

Gunnar segir að að sínu mati sé einfaldlega rétt að við svo „mikilvæga samningagerð eins og búvörusamninga hafi menn heildarmyndina til lengri framtíðar uppi á borðinu í samskiptum ríkis og landbúnaðarins“.

Að sögn Gunnars hefur hann ekki orðið var við annað en að skilningur sé á afstöðu hans á málinu hjá öðrum ráðherrum ríkisstjórnarinnar. „Enda hafði ég samráð við landbúnaðarráðherra um þetta.“

### *Ákveðin tækifæri í samningnum*

Hvað tollasamninginn við Evrópusambandið varðar segir Gunnar Bragi að almennt telji hann samninginn vera ásættanlegan.

„Samningurinn veitir ákveðin tækifæri fyrir landbúnað á Íslandi til að þreifa fyrir sér á markaði í Evrópu með nýjar vörur, eins og til dæmis í kjöti. Á sama tíma svarar samningurinn brýnni þörf fyrir auknar innflutningsheimildir til ESB fyrir skyr en einnig fyrir lambakjöt. Hvað varðar heimildir ESB til innflutnings til Íslands tel ég að umfang þeirra sé ekki með þeim hætti að landbúnaðurinn eigi að óttast það. Íslenskur landbúnaður er sterkari en svo. Auk þess er gert ráð fyrir ríflegum aðlögunartíma og mikilvægt að hlusta eftir áhyggjum og hugmyndum bænda.“



Gunnar Bragi Sveinsson.

### *Vinna vegna TTIP hafin*

Þegar Gunnar var spurður hvort væntanlegur TTIP-fríverslunarsamningur milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna hafi haft áhrif á tollasamninginn milli Íslands og Evrópusambandsins segir hann svo ekki hafa verið.

„TTIP-viðræðurnar höfðu engin áhrif á þennan samning sem slíkan. Það er hins vegar mikilvægt að stjórnvöld og samtök bænda og atvinnulífið almennt meti hugsanleg áhrif TTIP-samningsins á íslenska hagsmuni. Sú vinna er þegar hafin af okkar hálfu og mun halda áfram, meðal annars með sérstöku samráði við samtök bænda.“

Þess má geta að á þriðja hundrað þúsund manns mótmæltu harðlega fyrirhuguðum TTIP-fríverslunarsamningi í Berlín og fleiri borgum Þýskalands um fyrri helgi. Mun það hafa komið þýskum ráðamönnum í opna skjöldu.

*Sjá nánar bls. 21* /VH

Matvælastofnun:

# Opnað fyrir skil á haustskýrslum

**Matvælastofnun minnir eigendur / umráðamenn búfjár á að samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 38/2013 skulu umráðamenn búfjár skila árlegri haustskýrslu fyrir 20. nóvember nk. um búfjáreign, fóður og landstærðir.**

Opnað hefur verið fyrir skráningar og skal haustskýrslu skilað rafrænt á síðunni www.bustofn.is.

Að gefnu tilefni er minnt á að hross teljast til búfjár og ber eigendum hrossa eins og öðrum búfjáreigendum að skila haustskýrslum.



Ljósleiðari í Ásahreppi:

# Lagningu miðar mjög vel

**Lagningu á ljósleiðarakerfi Ásaljóss miðar vel þrátt fyrir vætutíð. Áfanga 1 og 2 er lokið og eru nú tæplega 60 heimili tengd við kerfið.**

Fljótlega verður lokið við áfanga 3 og verða þá rúmlega 20 heimili tengd ljósleiðaranum.

Í framhaldinu verður hafist handa við áfanga 4 sem er síðasti hluti verkefnisins. Sá áfangi samanstendur af heimilum frá þjóðvegi 1 að Króki, þjóðvegi 1 að Herríðarhóli og heimilum við Bugaveg. Gangi áætlanir eftir verða þau heimili tengd kerfinu eigi síðar en 20. nóvember. /VH



Mannfjöldaþróun 2014:

# Íslendingum fjölgaði um 1%

**Íbúafjöldi á Íslandi var 329.100 við upphaf árs 2015 sem er um 1% fjölgun frá sama tíma árið áður, eða um 3.429 einstaklingar. Árið 2014 fæddust 4.375 börn en 2.049 manns létust.**

Á heimasíðu Hagstofu Íslands segir að fæddir umfram dána hafi verið 2.271. Þá fluttust 5.875 utan en 6.988 til landsins. Aðfluttir umfram brottflutta voru 1.113 árið 2014.

Í upphafi árs 2015 voru 60 þéttbýlisstaðir á landinu með 200 íbúa eða fleiri. Auk þeirra voru 37 smærri byggðakjarnar með 50–199 íbúa. Alls bjuggu 308.515 í þéttbýli 1. janúar síðastliðinn og hafði þá fjölgað um 2.873 frá sama tíma ári fyrr. Í dreifbýli og smærri byggðarkjörnum bjuggu alls 20.585.

Fjölmennasta sveitarfélagið var Reykjavík með 121.822 íbúa. Það fámennasta var hins vegar Helgafellssveit þar sem bjuggu 53 íbúar. Árið 2014 fækkaði fólki í 28 sveitarfélögum og á þremur landsvæðum af átta.

Erlendir ríkisborgarar voru 24.294 hinn 1. janúar 2015 og af þeim voru Pólverjar langfjölmennastir. Alls voru 39.223 landsmanna fæddir erlendis (16.828 karlar og 17.544 konur), eða 12% mannfjöldans, fleiri en nokkru sinni. /VH



**Það var óneitanlega fallegt að líta yfir Skaftá í síðustu viku og gjörólíkt því ástandi sem var á dögunum þegar áin beljaði fram kolmórauð og úfin í mesta jökulhlaupi í ánni frá því mælingar hófust. Handan árinnar sést glitta í bæinn Úthlíð. Ekki er þó allt sem sýnist í þessari fegurð.** Mynd / Áskell Þórisson

Eftirlitsferð minjavarðar í kjölfar Skaftárhlaups:

# Talsverðar skemmdir á menningarminjum

**Í kjölfar hlaupsins í Skaftá fór Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands, í vettvangsferð um Skaftártungur til að kanna aðstæður með tilliti til menningarminja eftir nýafstaðið Skaftárhlaup.**

Að sögn Ugga er greinilegt að miklar hamfarir hafa átt sér stað við farveg Ásaeldvatns, sem kvíslast úr Skaftá nokkru sunnan Búlands, og rennur suður hjá Hvammi og Ytri-Ásum. „Þegar slíkar hamfarir eiga sér stað er gjarnan talað um eyðileggingu lands út frá gróðri og ræktun skepnufóðurs. Sjaldnar er hugað að hinum jarðföstu frumheimildum sem fela í sér búsetusögu okkar.



**Horft til suðausturs. Áin hefur vöndlað gróðrinum upp eins og teppi.**



**Horft í austur yfir á syðsta hluta ness þess er var hluti Fögru-Flatar.**

### *Grjóthlaðin rétt í hættu*

Skammt sunnan við brúna yfir Eldvatnið hjá Eystri-Ásum er grjóthlaðin rétt. Uggi segir að áin renni þar í gljúfri en hafi í hlaupinu rifið úr bakkanum með þeim afleiðingum að ekki eru nema tveir metrar frá árfarveginum að réttinni. „Fyrirséð er að áin mun éta réttina á næstu árum ef ekkert verður að gert. Í svona tilfelli er sennilega lítið hægt að gera annað en að setja bakkavörn úr grjóti neðan við réttina."

### *Ummerki eyðibýlis þurrkuð út*

Annað dæmi um hvernig náttúran getur leikið menningarminjar grátt er talsvert ofar með Ásaeldvatni, nær Múla en Ytri-Ásum. „Á grösugu nesi vestan árinnar, á Fögru-Flöt, stóðu rústir eyðibýlis. Í hlaupinu um daginn hefur áin ruðst yfir nesið og slitið það sundur þannig að flötin er nú ekkert nema smáhólmi úti í miðri á. Farvegurinn vestan hólmans er að vísu nánast þurr en viðbúið er að áin muni velta sér vestur fyrir hólmann. Öll ummerki eyðibýlisins eru gjörsamlega þurrkuð út. Það sárgrætilega er að búsetuminjarnar á Fögru-Flöt hafa aldrei verið skráðar af fornleifafræðingum og má því segja að eyða sé komin í byggðasögu Skaftártungu. Nú er ekkert annað að gera en að naga sig í handarbökin og reyna þess á milli að tala enn frekar fyrir fornleifaskráningu, sérílagi á svæðum þar sem er landbrot af völdum fljóta, hafs eða vindrofs," segir Uggi Ævarsson minjavörður. /VH



**Horft í suðvestur yfir eyðilegginguna við Fögru-Flöt.**

# Rjúpnaveiðin hefst 23. október

**Rjúpnaveiðitíminn hefst á morgun, 23. október, og stendur til 15. nóvember.**

Veiðidagar rjúpu verða tólf talsins í ár og metur Náttúrufræðistofnun Íslands veiðiþol rjúpnastofnsins 54 þúsund rjúpur.

Sölubann á rjúpum er í gildi og fylgir Umhverfisstofnun því eftir.

Í reglugerð um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum eru tilgreindir veiðidagar rjúpu til þriggja ára. Meginstefna stjórnvalda er að nýting rjúpnastofnsins skuli vera sjálfbær og að rjúpnaveiðimenn stundi hóflega veiði til eigin nota. Stundaðar eru rannsóknir og vöktun á stofninum og er stjórnkerfi rekið í því skyni að stýra veiðinni.

### *Þrír veiðistjórnunarþættir*

Meginþættir veiðistjórnunar á rjúpu hafa verið þrír: Í fyrsta lagi sölubann, í öðru lagi hvatning um hófsemi og í þriðja lagi sóknardagar og hefur heildarveiði rjúpu minnkað töluvert á undanförnum árum. Eru veiðimenn hvattir til að veiða ekki fleiri rjúpur en hver og einn þarf auk þess sem þeir eru beðnir að gæta þess að særa ekki fugl umfram veiði. Veiðiverndarsvæði er áfram á SV-landi. Veiðitímabilið skiptist á fjórar helgar með eftirfarandi hætti:

- Föstudaginn 23. október til sunnudags 25. október, þrír dagar.
- Föstudaginn 30. október til sunnudags 1. nóvember, þrír dagar.
- Föstudaginn 6. nóvember til sunnudags 8. nóvember, þrír dagar.
- Föstudaginn 13. nóvember til sunnudags 15. nóvember, þrír dagar. /VH



Mynd / Áskell Þórisson





# Fóðurbætir sem eykur fitu í mjólk

## FEITUR RÓBÓT 16 OG 20

Hægt er að fá fóðurbætirinn bæði kögglaðan fyrir gjafakerfi og kurlaðan fyrir heilfóðursgerð.

Nýja kjarnfóðrið inniheldur 16% og 20% hráprótein og hentar vel með blautverkuðum rúllum og próteinsnauðu heyi.

Inniheldur m.a. íslenska kalkþörunga sem eru náttúrulega ríkir af ýmsum steinefnum. Kemur einnig í veg fyrir súra vömb mjólkurkúa við mikla kjarnfóðursgjöf.

Einnig er ríflegt magn af sykurrófum ásamt sérgerðri fitu sem eykur fitumagnið í mjólk.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Erlendur Jóhannsson fóðurfræðingur
570-9800 eða erlendur@fodur.is

FÓÐURBLANDAN

**Sendum um allt land**

**Hafðu samband**
www.fodur.is
**570 9800**

**FB Verslun Selfossi**
Austurvegi 64a
**570 9840**

**FB Verslun Hvolsvelli**
Hlíðarvegi 2-4
**570 9850**

**FB Verslun Egilsstöðum**
Kaupvangi 11
**570 9860**

## Uggur hjá landbúnaðar- og matvælaframleiðslu við Eyjafjörð vegna tollasamninga við ESB:

# Ársvelta upp á 28 milljarða í hættu

## – að mati sveitarstjórnar, en áætlað er að um 1000 manns starfi við landbúnað og tengdar greinar á Eyjafjarðarsvæðinu

**Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar fjallaði á dögunum um samantekt Hólmgeirs Karlssonar varaoddvita um stöðu landbúnaðar og matvælaframleiðslu við Eyjafjörð. Í kjölfar umræðunnar var samþykkt bókun þar sem segir að sveitarstjórn skori á þingmenn að staðfesta ekki frekari niðurfellingu á tollum á landbúnaðarafurðum.**

Vill sveitarstjórn að málið verði tekið upp að nýju og að menn einbeiti sér að því strax nú á haustþingi að undirbúa nýja samninga um starfsskilyrði landbúnaðarins til lengri tíma. Núverandi búvörusamningur rennur út í lok næsta árs. „Tollamál eru og hafa verið hluti af þeim samningum og því rökrétt að ákvarðanir um breytingar á þeim verði teknar samhliða gerð nýrra samninga við greinina til lengri tíma,“ segir í ályktun sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar.



Menn óttast um hag landbúnaðar í Eyjafjarðasveit verði tollverndin tekin af. Mynd / MÞÞ

### *Eyjafjörður eitt öflugasta svæði landsins í frumframleiðslunni*

Fram kemur í greinargerð Hólmgeirs að landbúnaður og matvælaframleiðsla eru ein meginstoð byggðar við Eyjafjörð og nágrenni.

Svæðið sé eitt öflugasta svæði landsins í frumframleiðslunni, mjólkur- og kjötframleiðslu, ásamt fóðuriðnaði og öflugum úrvinnslufyrirtækjum bæði í mjólk og kjöti. Þá er einnig á svæðinu fjöldi fyrirtækja sem þjónusta greinina. Svæðið sé því einnig eitt mikilvægasta svæði landsins þegar kemur að því að uppfylla stefnu þjóðarinnar varðandi matvælaframleiðslu og matvælaöryggi.

Ef tekin eru störf í landbúnaði á svæðinu ásamt úrvinnslufyrirtækjum í mjólk og kjötiðnaði, fóðurframleiðslu og helstu aðilum í þjónustu við landbúnaðinn má gróflega áætla að samanlögð ársvelta þessara greina sé ekki undir 28 milljörðum króna og rétt tæplega 1.000 starfi við greinina.

### *Vekur ugg varðandi framtíðarhorfur*

„Nýgerður milliríkjasamningur milli Íslands og Evrópusambandsins (ESB) um viðskipti með búvörur og gagnkvæma niðurfellingu tolla á þeim vekur ugg varðandi framtíðarhorfur landbúnaðar og matvælaiðnaðar hér. Auk þess er þessi samningur gerður án samráðs eða samtala við hagsmunaaðila í greininni og í algjörri andstöðu við gildandi samninga um starfskilyrði greinarinnar sem og stefnu stjórnvalda um matvælaframleiðslu landsins,“ segir í greinargerð Hólmgeirs.

„Er það mat okkar að afnám tolla í þeim mæli sem samningarnir geri ráð fyrir geti haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir landbúnað og matvælavinnslu á Íslandi. Augljósust eru áhrifin sem strax myndi gæta í alifugla- og svínarækt, en veiking þeirra greina myndi síðan strax hafa áhrif inn í mjólkur- og kjötgreinarnar þar sem m.a. fóðurframleiðsla og slátrun og úrvinnsla yrði óhagkvæmari eftir og önnur þjónusta við landbúnainn einnig dýrari.“

Fram kemur í greinargerðinni að ekki sé hægt að ætla íslenskum landbúnaði og matvælavinnslu að standast opna samkeppni við massaframleiðslu matvæla, sem oft eru af allt öðrum og lakari gæðum og framleidd í allt öðru efnahagsumhverfi en okkar. Efnahafsumhverfi þar sem verðlag er lægra og laun og annar framleiðslukostnaður því einnig lægri.

Markmið okkar er, segir í greinargerðinni, að framleiða matvæli af hæstu gæðum, sem byggja á hreinleika og gæðum landsins, landbúnaði og matvælavinnslu í sátt við umhverfi sitt. Matvörur sem eru hollari en gengur og gerist. Slíkar matvörur eiga einnig að eiga sóknarfæri á alþjóðamarkaði með síaukinni eftirspurn eftir öruggum og heilnæmum matvælum. Markmið þjóðarinnar er einnig að vera sjálfri sér nóg um öll helstu matvæli og skapa þannig öryggi í fæðuöflun.

### *Gríðarlegum verðmætum kastað á glæ*

Ótalin eru einnig fjölmörg önnur samfélagsáhrif af samdrætti í landbúnaði á landsbyggðinni.

Ástæða er þó til að nefna sérstaklega að landbúnaðurinn sem grunnur að byggð á landsbyggðinni er ein af grunnforsendum þess að ferðaþjónustan getur vaxið og dafnað.

„Með slíkum aðgerðum eins og þessum tollalækkunum nú er því verið að kasta á glæ gríðarlegum verðmætum og afleiðingarnar fyrir samfélagið geta verið mjög miklar,“ segir Hólmgeir.

„Að farið sé í slíkar aðgerðir undir því yfirskini að þetta eigi að vera neytendum til góða þar sem matvælaverð muni lækka eru lítil rök, því fátt bendir til þess í dag að slíkt muni leiða til lægra verðs til lengri tíma litið. Miklar efasemdir eru einnig þegar komnar fram um að slíkt muni yfirhöfuð skila sér út í verðlagið.“

Stefna stjórnvalda um landbúnað er einnig skýr, segir í greinargerðinni en þar segir meðal annars: „Ríkisstjórnin lítur á landbúnað sem eina af mikilvægustu atvinnugreinum framtíðarinnar. Vaxandi eftirspurn eftir mat á heimsvísu skapar íslenskum landbúnaði sóknarfæri með möguleikum á aukinni framleiðslu og margbreytilegum afurðum. Ríkisstjórnin mun gera íslenskum landbúnaði kleift að nýta þau sóknarfæri sem greinin stendur frammi fyrir. Með það fyrir augum er brýnt að kanna með hvaða hætti er unnt að auka verðmætasköpun og nýta sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins.“

### *Matvælaiðnaður ein af stærstu undirgreinum iðnaðarins*

Í lok greinargerðarinnar eru taldar upp nokkrar staðreyndir um matvælavinnslu á Íslandi, m.a að samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hafi velta kjötiðnaðar, mjólkuriðnaðar og fóðurframleiðslu á landsvísu verið 91,4 milljarðar árið 2014. Matvælaframleiðslan án fiskvinnslu velti um 127,5 milljörðum í fyrra. Áætluð velta í vinnslu á mjólkur- og kjötafurðum er um 60 milljarðar króna og gróflega áætlað starfa milli tvö og þjú þúsund manns í afurðastöðvum í mjólkur- og kjötiðnaði.

Matvælaiðnaður á Íslandi er ein af stærstu undirgreinum iðnaðarins með rúm 17% af heildarveltu í iðnaði. Þá er fiskvinnsla ekki talin með. Í matvælaiðnaði störfuðu á síðasta ári um 4.000 manns sem nemur 12,7% af störfum í iðnaði eða 2,9% af heildarvinnuafli í landinu. */MÞÞ*

## Dr. Ólafur R. Dýrmundsson gagnrýndi breytingar á dýravelferðarlögum:

# Reglubundnu búfjáreftirliti í landinu var hætt 2014

**Í kjölfar breytinga á lögum um velferð dýra, 55/2013, var reglubundnu búfjáreftirliti í landinu hætt í ársbyrjun 2014. Við breytingarnar á lögunum var eftirfarandi setning felld niður: „Að jafnaði skulu eftirlitsheimsóknir eiga sér stað eigi sjaldnar en annað hvert ár.“**

Dr. Ólafur Dýrmundsson, fyrrverandi ráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands og núverandi sjálfstætt starfandi ráðgjafi um landbúnaðarmál, segir að hann hafi eindregið lagst gegn þessari breytingu með skriflegum athugasemdum til atvinnuveganefndar Alþingis. Auk þess sem hann vakti athygli á þessu eftirlitsleysi í Dýraverndaranum fyrr á þessu ári.

„Ég hef áratuga reynslu af þessum málum og var yfirmaður forðagæslu í landinu, starfaði í Dýraverndarráði í mörg ár og var forseti Norræna dýravelferðaráðsins. Að mínu mati byggir ákvörðunin um að breyta reglunum um reglubundið búfjáreftirlit á öðrum sjónarmiðum en velferð dýranna og líklega sparnaðarsjónarmiðum.“

### *Reglur um áhættuflokkun liggja ekki fyrir*

„Til ársins 2013 voru allir búfjáreigendur á landinu heimsóttir og aðbúnaður búfénaðarins og fóðrun hans skoðuð. Með breytingunum sem áttu sér stað í ársbyrjun 2014 var allt traust á slíku eftirliti lagt á áhættuflokkun þrátt fyrir að reglur um hana liggi ekki fyrir.

Í dag er það Matvælastofnun sem á að sjá um eftirlitið að lítið er um heimsóknir af þeirra hálfu til búfjáreigenda enda ekki hægt að ætlast til að einungis sex dýraeftirlitsmenn sem eru á þess vegum geti heimsótt þá alla með reglubundnum hætti.“

Að sögn Ólafs voru búfjáreigendur á landinu um 5.800 árið 2010 og búfjáreftirlitsmenn um 50. „Í dag verður ekki betur séð en að heimsóknir Matvælastofnunar komi aðallega til vegna utan að komandi kvartana um aðbúnað dýranna.“

### *Sparnaður skaðar velferð búfjárins*

„Það er löngu ljóst að með því að draga úr kostnaði vegna eftirlitsins er vegið að velferð búfjárins. Í raun er furðulegt að herða lög og reglur um aðbúnað búfjár á sama tíma og dregið er úr eftirliti með því að lögunum sé framfylgt. Bæði hvað varðar fyrirbyggjandi aðgerðir og nauðsynleg inngrip sé komið í óefni.



Dr. Ólafur Dýrmundsson, fyrrverandi ráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands og núverandi sjálfstætt starfandi ráðgjafi um landbúnaðarmál, segir að hann hafi eindregið lagst gegn því að reglubundnu búfjáreftirliti yrði hætt. Gerði hann það með skriflegum athugasemdum til atvinnuveganefndar Alþingis. Mynd / HKr.

Mín reynsla er sú að á hverju ári komi upp ný mál sem tengjast vanþrifum, sum óvænt og önnur sem tengjast félagslegum aðstæðum. Það segir sig sjálft að sé eftirlitsheimsóknum fækkað eru minni líkur á að vandamálin séu greind á frumstigi.“

Ólafur segir að allir bændur sem hann hafi rætt við um þessi mál sakni eldra kerfis sem sveitarfélögin og Bændasamtök Íslands stóðu að um margra áratuga skeið.

„Kerfið var alls ekki gallalaust, en örugglega skilvirkara en hið nýja. Þá var talnasöfnun um búfjárfjölda og fóðurbirgðir mun nákvæmari í gamla kerfinu, okkur hefði til dæmis aldrei dottið í hug að senda uppgjör til Hagstofu Íslands með ónýtum eða engum hrossatölum. Ég furða mig á því að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skuli láta slíkt viðgangast. Þarna er því mikilla úrbóta þörf,“ segir Ólafur Dýrmundsson, fyrrverandi ráðunautur. */VH*

BÆNDUR ATHUGIÐ !
Erum með heyefnagreiningar við allra hæfi

- Heyefnagreining 1. 3500 kr. án vsk.
  Prótein, meltanleiki, tréni+FE mælt með NIR.
- Heyefnagreining 2. 6500 kr. án vsk.
  Prótein, meltanleiki, tréni+FE mælt með NIR og 10 steinefni.
- Heyefnagreining 3. 7500 kr. án vsk.
  Prótein, meltanleiki tréni+FE mælt með NIR og 10 steinefni+selen.
- Heyefnagreining 4. 9500 kr. án vsk.
  Prótein, meltanleiki, tréni+FE mælt með NIR og 14 steinefni.

Erum farin að taka við jarðvegssýnum.
Sjá nánar á heimasíðu.

EFNAGREINING ehf.
Ásvegi 4 · Hvanneyri · 311 Borgarnes | www.efnagreining.is

Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

# BÆNDAFUNDIR BÚSTÓLPA

## Fóðurráðgjöf

**Berglind Ósk Óðinsdóttir fóðurráðgjafi hjá RML kynnir niðurstöður úr heysýnum og helstu áherslur í fóðurráðgjöf.**

## Dýravelferð og heilsa

**ColoQuick-** **Nýttu broddmjólkina betur til vaxtar og þroska kálfa. Hólmgeir Karlsson framkvæmdastjóri Bústólpa kynnir aðferð og búnað til að frysta broddmjólk.**

**DeLaval-** **BCS (Body condition scoring) Sjálfvirkt mat á holdafari mjólkurkúa. Stefán Hlynur Björgvinsson þjónustustjóri DeLaval og Hólmgeir Karlsson framkvæmdastjóri Bústólpa kynna vörur og vörunýjungar frá DeLaval tengdar dýravelferð.**

**Mjólkurgæði-** **Kristján Gunnarsson ráðgjafi fjallar um mikilvægi þrifa í fjósum í tengslum við mjólkurgæði og heilbrigði.**

**Fundirnir eru öllum opnir**
Boðið verður upp á léttar veitingar

### Staðsetning funda

**Þriðjudaginn 27. október**

- Kaffi Krókur - Sauðárkróki kl 12:00
- Hótel KEA - Akureyri kl 20:30

**Miðvikudaginn 28. október**

- Hótel Hérað - Egilsstöðum kl 12:00



Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

**Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði.**
**Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu.**
**Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**
**Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími**: 563 0300– **Fax:** 562 3058 – **Kt**: 631294-2279
**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími**: 563 0339
**Rekstur og markaðsmál**: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
**Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Auður Laila Jónasdóttir audur@bondi.is – **Sími**: 563 0303 – **Frágangur fyrir prentun**: Prentsnið.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is** Netfang auglýsinga er **augl@bondi.is** Vefsíða blaðsins er **www.bbl.is**
**Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag**: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

## LEIÐARINN

# Samningaviðræður um nýja búvörusamninga

**Viðræður um búvörusamninga hafa staðið í rúmar sex vikur og búið er að fara yfir meginatriðin sem eru til umfjöllunar. Unnið er á þeim nótum að gerður verði einn rammasamningur fyrir landbúnaðinn í heild sem komi þá jafnframt í stað búnaðarlagasamnings, en síðan verði undirsamningar fyrir einstakar greinar eftir því sem samkomulag næst um.**

Ekkert liggur fyrir um hvaða greinar verða þar undir, utan þeirra þriggja sem hafa samninga í dag. BÍ hafa fundað með öllum búgreinafélögum sem eiga aðild að samtökunum en hafa ekki samninga. Tilgangur þess var að heyra þeirra áherslur og það sem helst brennur á viðkomandi greinum. Komi til samninga er varða þeirra greinar verða þeir unnir í nánu samráði við viðkomandi félög. Fulltrúar bænda hafa að öðru leyti unnið á grundvelli stefnumörkunar sem mótuð var á Búnaðarþingi í vor og á fundum kúa-, sauðfjár- og garðyrkjubænda.



Fulltrúar ríkisvaldsins og bænda hafa kynnt sínar helstu áherslur á einstökum sviðum. Enn liggja þó ekki fyrir neinar tillögur að samningstexta og samningstími er ekki niðurnegldur. Báðir samningsaðilar hafa þó sett sem markmið að gera langtímasamning, jafnvel til tíu ára. Ekki er ljóst á þessu stigi hvort þær hugmyndir nái fram að ganga.

### *Breytingar í farvatninu*

Meðal umfjöllunarefna hafa verið hugmyndir þess efnis að horfið verði frá greiðslumarkskerfinu í mjólkur- og sauðfjárframleiðslunni á samningstímanum. Kúabændur ályktuðu á sínum aðalfundi að horfið yrði frá núverandi kvótaskipulagi en sauðfjárbændur tóku hins vegar ekki þá stefnu á sínum aðalfundi, heldur vildu draga úr vægi greiðslumarksins um 10% á samningstímanum. Ríkisvaldið hefur lýst áhuga á því að skoða hvort draga megi úr stuðningi sem eigngerist og nota fremur almennari aðferðir til stuðnings. Þá hefur ríkisvaldið einnig lagt áherslu á nýliðun og einföldun ýmissa atriða. Útfærsla þess er til umfjöllunar í samninganefndinni. Verði þetta niðurstaðan er ljóst að talsverða breytinga er að vænta í nýjum samningi, en innleiðing þeirra mun eftir sem áður eiga sér stað í þrepum á samningstímanum. Markmiðið er að bændur geti aðlagast nýjum framleiðsluskilyrðum og að samningurinn valdi engum kollsteypum.

Erfitt er að slá nokkru föstu um niðurstöður viðræðnanna á þessu stigi, í ljósi þess að ekkert er enn skjalfest. Vonandi tekst þó að ná saman um samningstexta í næsta mánuði. Nýr samningur gæti þá tekið gildi í ársbyrjun 2017 að því gefnu að hann verði samþykktur í atkvæðagreiðslu meðal bænda og á Alþingi.

### *Tollasamningur setti málið í aðra stöðu*

Það er ljóst að margir bændur bíða óþreyjufullir eftir niðurstöðunni. Langt er síðan að síðustu samningar voru gerðir frá grunni og stefnumörkun Búnaðarþings fyrr á þessu ári gerði ráð fyrir að unnið yrði eftir nýrri hugmyndafræði eins og fyrr greinir, þ.e. að gera einn samning fyrir landbúnaðinn í heild ásamt undirsamningum fyrir einstakar greinar. Ályktun þingsins stefndi jafnframt að því að tollvernd yrði hluti af samningnum og það er vissulega ekki útilokað, en tollasamningur ESB og Íslands setti það mál í allt aðra stöðu. Ekki þarf að fjölyrða um hvað fyrirsjáanleiki skiptir miklu máli í landbúnaði þar sem flestir framleiðsluferlar eru langir. Það er því vel skiljanlegt að nokkurrar óþolinmæði gæti um hvernig útkoman verður.

### *Viljum stækka og efla landbúnaðinn*

Ekki er þó skynsamlegt að fullyrða mikið um út frá tillögum eða hugmyndum sem eru enn á hugmynda- og umræðustigi. Í viðræðum sem þessum eru einfaldlega öll verkefni sem í búvörusamningnum felast tekin til skoðunar. Samningsaðilar hafa sínar áherslur og markmiðið er að ná samkomulagi sem báðir geta sætt sig við. Niðurstaðan er alltaf einhvers konar málamiðlun – og eðlilega hafa menn á henni misjafnar skoðanir. Fulltrúar bænda munu hins vegar ekki undirrita samninga nema að þeir treysti sér til að mæla með samþykki þeirra við sína félagsmenn. Fyrsta markmið ályktunar Búnaðarþings er að hinir nýju samningar stækki og efli íslenskan landbúnað. Að því verður unnið ásamt öðrum markmiðum sem þar koma fram. Niðurstaðan verður kynnt strax og það er hægt og vonandi er þess ekki langt að bíða. /SSS

## LOKAORÐIN

# Á tímamótum

**Ríkisstjórn Íslands stendur nú á tímamótum, hafinn er seinni hluti kjörtímabilsins og verulega stórir póstar óafgreiddir.**

Ljóst er að margt gott hefur áunnist, eins og jafnvægi í ríkisfjármálum. Það er lykillinn að því að önnur mál geti gengið upp. Hagvöxtur er hér meiri en þekkist hjá flestum ef ekki öllum vestrænum þjóðum. Verðbólga hefur farið hratt niður allt frá árinu 2009, en óveðursblikurnar hrannast samt upp að mati hagfræðinga. Hvernig stjórnarflokkarnir spila úr framhaldinu getur í raun falið í sér líf eða dauða þessara flokka í næstu kosningum.

Þótt talsvert hafi verið losað um snöruna sem herptist að hálsi almennings í landinu við efnahagshrunið haustið 2008 þá er enn ekki búið að losa fólk við þennan djöfullega spotta. Almenningur er enn með þetta manndrápsskraut um hálsinn í formi verðtryggingar fasteignalána og þeirra ofurvaxta sem fjármálakerfinu er heimilað að soga til sín úr vösum almúgans.

Það virðast flestir hagfræðingar sammála um að sá launahækkunarspírall sem búið er að snúa í gang muni leiða til verulega aukinnar verðbólgu á næstu tveim árum. Þar er verið að tala um verðbólgu í tveggja stafa tölu!

Meðan bankar og aðrar fjármálastofnanir hafa bæði belti og axlabönd til að tryggja sig gegn verðbólguáhrifum í skjóli ríkisstjórnar og Alþingis, þá mun illa fara þegar verðbólgan fer af stað. Almenningur sem hefur ekki einu sinni fúinn tvinna til að koma í veg fyrir að missa niðrum sig buxurnar við minnstu verðbólguáhrif, mun þá tapa illilega enn á ný.

Ef ekki á illa að fara, þá verður að setja strax í gang ferli til að koma í veg fyrir enn eitt hrunið. Það verður að stoppa sjálfvirka eignaupptöku í formi þeirrar verðtryggingar sem fjármálastofnanir hafa á lánum.

Ef ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki þor eða vilja til að afnema verðtrygginguna, þá er það algjört lágmarkskrafa að sett verði þak á verðtryggingu og um leið hámark á vaxtatöku. Þannig verði búið til aðhald á fjármálastofnanir sem í dag hafa enga hagsmuni af því að verðbólgan fari ekki úr böndunum. Það eru engin heilbrigð rök fyrir því að láta peningaöflunum í hendur öll tromp, um leið og meira að segja lökustu spilin eru hrifsuð af almenningi í landinu. Það er ekkert annað en aðför að tilveru þjóðar.

Núverandi ráðamenn hafa allt í höndunum til að vinna þetta spil fyrir þjóðina og uppskera í samræmi við það. Ef menn spila hins vegar af sér, mun þjóðin örugglega refsa þeim grimmilega í næstu kosningum. /HKr.



Fólk á öllum aldri var á sýningunni „Litskrúðugt fé í Holta- og Landsveit“

Líf og starf



Þrjú efstu sætin í „Athyglisverðasti liturinn“ sem kosinn er af áhorfendum. Myndir / Eiríkur Vilhelm Sigurðsson.

# Liðskrúðugt fé í Holta- og Landsveit

**Hin árlega fjárlitasýning hjá fjárræktarfélaginu Lit í Holta- og Landsveit var haldin sunnudaginn 4. október síðastliðinn.**

Sýningin var haldin í Árbæjarhjáleigu og þar gat að líta margar skemmtilegar litasamsetningar, en litafjölbreytileiki er einmitt eitt af einkennum íslenska sauðfjárstofnsins.

Kristinn Guðnason í Árbæjarhjáleigu vestan Ytri-Rangár, kynnir sýningarinnar, segir að þessi sýning veki stöðugt meiri áhuga, en um 150 manns mættu á litasýninguna að þessu sinni. Formaður fjárræktarfélagsins Lits er Guðlaugur Kristmundsson í Lækjarbotnum, en dómarar voru Sigurgeir Þorgeirsson og Jón Vilmundarson. Var féð dæmt eftir lit og gerð og gilti það til helminga. Verðlaun voru veitt þremur efstu í eftirfarandi flokkum:

Lambgimbrar
Lambhrútar
Ær með lömbum
Hrútar með afkvæmum
Sérstakasti liturinn – kosinn af gestum.

Á hverju ári gefur eitthvert býlið gimbur sem er boðin upp og stendur hún undir kostnaði við sýningarhaldið. Boðin var upp botnótt gimbur frá Skarði og var það Lilja í Djúpadal sem bauð hæst.



Geiturnar frá Fossi vöktu mikla lukku.



Efsta sæti í flokknum hrútur með afkvæmum.



Uppboðsgimbrin frá Skarði, en Lilja í Djúpadal bauð þar hæst.



Efstu lambhrútarnir.



Efsta ær með lömbum.

## MÆLT AF MUNNI FRAM 140

Þessi þáttur verður svipaður áferðar og sá síðasti, þ.e.a.s. **Davíð Hjálmar Haraldsson** ríður á vaðið, en Pétur Stefánsson fyllir svo dálkinn. Davíð er vökull þegar kemur að málefnum bænda. Eftir að hafa rekist á þessa fyrirsögn í blaði, orti hann „Fíkniefnaverksmiðja sem spænska lögreglan lokaði á dögunum var sú tæknilegasta sem fundist hefur í Evrópu. Svo virðist sem tæknifræðingar og landbúnaðarsérfræðingar hafi komið að hönnun hennar og smíði“:

*Íslenski bóndinn er ekki neinn kjáni,*
*urtir hann temur og ræktar að vild.*
*Í sjálfvirkri verksmiðju suður á Spáni*
*hann sáir og uppsker af mikilli snilld.*

Svo bagalega tókst til við gerð síðasta þáttar að ekki tókst að birta alla rímuna eftir **Pétur Stefánsson** sem hann nefnir „Limruríma af ástríðuglæp“og er um hann Núma sem óvart lenti í smá framhjáhaldi með Báru granna sínum. En hér kemur loksins niðurlag rímunnar:

*Að lokum þau soguðust saman*
*sem segull, og það var nú gaman.*
*Og Bára og Númi*
*bröltu að rúmi*
*frygðarleg nokkuð í framan.*

*Þar upphófust lostafull læti*
*með langdregnum stunum af kæti.*
*Þau skríktu og kysstust*
*og skulfu og kysstust,*
*svo skarkalinn barst útum stræti.*

*Mánuðum saman þau mættust*
*í mökunarstuði og kættust.*
*Í faðmlögum undu,*
*í fögnuði stundu*
*er unaðaróskirnar rættust.*

*Er konan hans Núma hún Ninna,*
*-sem Númi var hættur að sinna,*
*af þessu frétti,*
*hún andlitið gretti,*
*svo upphóf hún músum að brynna.*

*Í friði og fullkomri vissu,*
*hún forðaðist óþarfa skyssu,*
*og keyrði um bæinn*
*að kveldi þann daginn*
*með hnuplaða haglabyssu.*

*Hún bergði á brennivínstári*
*og beið hans,-með fléttur í hári.*
*Og Númi hann birtist,*
*og Ninna hún fyrtist*
*og særði hann ólífissári.*

*Já, kræf eru mannanna meinin;*
*martraðir, grátur og veinin.*
*Og ríman er búin,*
*hún reyndist ei snúin*
*því Ninnu var stungið í steininn.*

**Pétur** þarf vinnu sinnar vegna stundum að standa næturvaktir. Eftir eina slíka orti hann:

*Nóttin var mér nokkuð góð.*
*Nú skal daginn lofa.*
*Að morgni vaknar þessi þjóð.*
*Þá fer ég að sofa.*

Næstu vísur Péturs eru svo ortar af ýmsum tilefnum á lífsgöngunni:

*Verum glöð og verum hress.*
*Vinir stórra og smárra.*
*Verum hjálpsöm vegna þess*
*þá verður lífið skárra.*

***Áramótaskaup:***

*Seint get ég mínum sorgum drekkt,*
*síður frá þeim hlaupið.*
*Ósköp fannst mér ömurlegt*
*áramótaskaupið.*

***Aðdáunarverður:***

*Um ævi mína ávallt naut ég*
*aðdáunar meðal vina.*
*Aldrei Drottins boðorð braut ég,*
*en barðist þó við löngunina.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
kotabyggð1@gmail.com

Fréttir

Húnavatnshreppur:

# Skipuleg eyðing á skógarkerfli

Skógarkerfli verður eytt með skipulögðum hætti í Húnavatnshreppi næsta vor. Sveitarstjóri biðlar í fréttabréfi Húnavatnshrepps til íbúa að senda frá sér upplýsingar um umfang skógarkerfils í þeirra landi og skila þeim inn fyrir 26. október.

Skógarkerfill hefur dreift sér í Húnavatnshreppi undanfarin ár, en nú á að kortleggja hvar hann er byrjaður að sá sér. Vinna á að því að hefta útbreiðslu hans með slætti að lágmarki þrisvar á sumri hverju.

Málið var fyrst til umræðu á fundi sveitarstjórnar á liðnu ári en í fundargerð sveitarstjórnar frá því í ágúst í fyrra segir að skógarkerfill sé vágestur sem dreifi sér hratt þar sem hann hafi náð að sá sér. Sé það helst á svæðum þar sem búpeningi sé ekki beitt og sé því líklegast að hann dreifi sér í vegköntum og skurðum og skurðbökkum sem séu afgirtir.

Einnig segir í fundargerðinni að í Húnavatnshreppi hafi hann verið fram undir þetta á mjög afmörkuðum svæðum eins og til dæmis í kringum og út frá Laxárvatnsvirkjun. Þar sem hann hafi náð að breiða úr sér verði gróðurþekjan mjög einsleit og kaffæri hann annan gróður á þeim svæðum.

Þá segir að helst sé hægt að koma í veg fyrir að hann dreifi sér í miklum mæli ef ráðist sé gegn honum sem fyrst þar sem hann hafi stungið sér niður. Árangursríkasta aðferðin virðist vera að slá hann sem fyrst á vorin og sem oftast yfir sumarið þannig að hann nái ekki að fella fræ. /MÞÞ

# Fastir mælifletir á starfssvæði Norðurlandsskóga

**Langtímaverkefni hófst hjá Norðurlandsskógum í síðasta mánuði en það er unnið í samstarfi við Skógrækt ríkisins og Skógræktarfélag Eyfirðinga.**

Lagðir voru út fastir mælifletir til langtímarannsókna á vexti og viðgangi skóga á Norðurlandi.

Með föstum mæliflötum er átt við að sömu trén eru endurmæld á ákveðnu árabili yfir alla vaxtarlotuna. Þessar mælingaseríur gefa upplýsingar um vöxt og viðgang skóga eftir mismunandi umhirðu og á mismunandi aldursskeiðum. Þær upplýsingar eru síðan notaðar til að skilja áhrif mismunandi aðgerða eins og t.d. grisjunar, áburðargjafar eða uppkvistunar á vöxt skógarins. Út frá þessum upplýsingum er hægt að gera vaxtarjöfnur eða að tékka af hvort vaxtarjöfnur séu réttar.



Lárus Heiðarsson hjá Skógrækt ríkisins merkir tré brjósthæðarmerki í mælifleti á Hálsi.

*Átta mælifletir settir út í haust*

Í haust er á áætlun að setja út átta mælifleti. Fjóra á Hálsi, í landi Skógræktarfélags Eyfirðinga, innarlega í Eyjafirði og fjóra í landi Glæsibæjar fyrir utan Akureyri. Það er Lárus Heiðarsson hjá Skógrækt ríkisins sem heldur utan um verkefnið og veitti ráðgjöf um uppsetningu og val á reitunum. /MÞÞ






María Hákonardóttir, Erich Köppel, Vésteinn Rúni Eiríksson, Birna Gunnarsdóttir og Jóhanna Magnúsdóttir.

Garðyrkjufélag Íslands:

# Kynlegar kartöflur

**Um fimmtíu manns sóttu viðburðinn Kynlegar kartöflur sem Garðyrkjufélag Íslands stóð fyrir.**



Á viðburðinum voru til sýnis fjölbreyttar og fagurlitaðar kartöflur sem Dagný Hermannsdóttir hefur ræktað upp af fræi og fyrirlestur um hvernig á að bera sig að langi fólki að reyna slíkt.

Kartöflur sem ræktaðar eru upp af fræi eru ólíkar kartöflum sem ræktað er af útsæði að því leyti að útsæðiskartöflur eru erfðafræðilega eins og móðurkartaflan. Kartöflur sem ræktaðar eru að fræi eru aftur á móti hverri annarri ólíkar. Ekkert er því fyrirfram hægt að gefa sér um stærð, lögun eða bragðgæði frækartaflna.

Í fyrirlestri Ólafs Loftssonar kom meðal annars fram að erlendis sé stöðugt verið að þróa ný yrki af kartöflum með ræktun af fræi og gríðarlegum fjárhæðum sé eytt í slíkt.

Ræktunin tekur tvö ár vegna þess að uppskera fyrsta árs er yfirleitt of lítil til að gefa raunhæfa mynd af yrkinu sem fæst. Að vori annars sumars eru kartöflurnar sem komu undan fræplöntunum settar niður eins og aðrar kartöflur og svo teknar upp að hausti og þá hefst fjársjóðsleitin fyrir alvöru. /VH



Þarna mátti sjá ótrúlega fjölbreytt kartöfluafbrigði.

# Rofar til með dýralæknaþjónustu á Norðausturlandi

## – gert ráð fyrir fullu fjárframlagi fyrir þrjú svæði

**Erfiðlega hefur gengið að manna stöður fyrir dýralæknaþjónustu á Austur- og Norðausturlandi á síðustu misserum. Í nýju fjárlagafrumvarpi er hins vegar gert ráð fyrir auknu fjármagni fyrir bætta þjónustu á Norðausturlandi, eins og Matvælastofnun hefur áður lagt til.**

Að sögn Jóns Gíslasonar, forstjóra Matvælastofnunar, er nú ætlunin að auka stuðning til dýralæknaþjónustu á norðausturhluta landsins. „Fyrirkomulagið er í dag þannig að við erum með samning við tvo dýralækna á þjónustusvæðum fimm og sex; á Austurlandi og Norðausturlandi. Þetta eru dýralæknarnir Silvia Windmann og Eyrún Arnardóttir. Samningur Eyrúnar, sem er búsett á Egilsstöðum gildir til áramóta, en samningur við Silviu er til lengri tíma. Hún starfar að hluta til á svæði fimm og að hluta á svæði sex.



Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar.

Síðan er búið að ganga frá samningi við Vigni Sigurólason á Húsavík um þjónustu fram til áramóta á Norðausturlandi. Þar með verður stofnunin með samning við þrjá dýralækna sem sinna dýralæknaþjónustu á svæðum fimm og sex það sem eftir er ársins. Samkvæmt núgildandi reglugerð er gert ráð fyrir stuðningi fyrir einum dýralækni á hvoru svæði, en við erum hins vegar að greiða sem nemur tveimur og hálfu stöðugildi á þessum svæðum það sem eftir er af árinu,“ segir Jón.

Að sögn Jóns er gert ráð fyrir auknu fjármagni til dýralæknaþjónustu í nýju fjárlagafrumvarpi. „Við eigum því von á að reglugerðinni verði breytt ef þetta gengur eftir þannig að þjónustusvæðum fimm og sex verði breytt í þrjú svæði. Þar með getum við auglýst fullan stuðning til dýralæknaþjónustu á þremur svæðum í stað tveggja eins og nú er. Við vonum svo að reglugerðabreyting taki gildi eins fljótt og kostur er þannig að unnt verði að auglýsa ný svæði laus frá og með næstu áramótum. Þar með ættu þessi mál að vera komin í betra horf,“ segir Jón.

Í byrjun september auglýsti Matvælastofnun einnig lausa stöðu héraðsdýralæknis í Austurumdæmi, með aðsetur á Egilsstöðum, en héraðsdýralæknir sinnir eingöngu opinberum eftirlitsstörfum. Enn hefur ekki tekist að manna þá stöðu, sem hefur verið laus til umsóknar frá því snemma á þessu ári. Að sögn Jóns leitar stofnunin allra leiða til að finna lausn á þeim vanda, en héraðsdýralæknar í nærliggjandi umdæmum og sjálfstætt starfandi dýralæknar á Austurlandi hafa í millitíðinni sinnt tilteknum verkefnum fyrir Matvælastofnun á þessu landsvæði. /smh



Við bjóðum
heildarlausn
í dekkjum
Hjá BJB færðu réttu dekkin fyrir öll tækin:
Fólkspíla-, pallbíla- og jeppadekk, kerrudekk og fjórhjóladekk.
Vertu í hópi þeirra öruggu á gæðadekkjum frá BJB.
VREDESTEIN
Fólksbíla-, jepplinga- og jeppadekk
apollo
FEDERAL TYRES
Fólksbíla-, jepplinga- og jeppadekk
PEGASUS
Jeppa og pallbíladekk
kerrudekk
apollo
VREDESTEIN
Dráttarvéla-, vagna- og vinnuvéladekk...
Fjórhjóladekk
Bighorn, Wanda og Trailfinder
Leitið upplýsinga um gerðir/stærðir og fáið verðtilboð.
Sendið tölvupóst á: piero@bjb.is
Framúrskarandi fyrirtæki 2014 2013 2012
DEKK
PÚST
SMURNING
BREMSUR
FJÖÐRUN
HJÓLASTILLING
RAFGEYMAR
ÞJÓNUSTA
Pústþjónusta BJB ehf. | Flatahrauni 7 | 220 Hafnarfirði | www.bjb.is | S: 565 1090
Pústþjónusta BJB
Aukin þjónusta

Fréttir



Frá Blönduósi. Mynd / HKr.

## Hótel Blönduós:

# Áform um stækkun

**Eigendur Hótels Blönduóss hafa hug á að byggja 400 fermetra hús vestan við hótelið. Húsið, sem standa myndi sjálfstætt og vera á einni hæð, yrði hluti af Hótel Blönduósi.**

Áformin hafa verið kynnt byggðaráði Blönduósbæjar. Gert er ráð fyrir 18 gistiherbergjum í húsinu og yrðu þau öll á jarðhæð sem hentar hreyfihömluðum en öll 16 herbergin á Hótel Blönduósi eru á annarri hæð og engin lyfta er í húsinu. Ef áformin ganga eftir gæti hótelið boðið upp á 34 gistiherbergi. Núverandi móttaka, eldhús og 170 manna salur hótelsins yrði nýtt fyrir bæði húsin.

Fram kemur á vefnum huni.is að stækkun hótelsins muni skipta sköpum fyrir rekstur hótelsins og að störfum á Blönduósi gæti fjölgað um 12 til 15 manns yfir helstu ferðamannamánuðina. /MÞÞ

Einangrun á hálfvirði

Seljum 700m2 eftirstöðvar af einangrun á háfvirði.
Um er að ræða blöðruplast með álþynnu á báðum hliðum.
Mál 25m x 120cm á rúllu = 30m2.

Einangrunin + 20mm loftbil
samsvarar 2" einangrun úr steinull.
Auk notkunar fyrir íbúðarhúsnæði þá hentar þessi
einangrun vel í skemmur og gripahús.

Uppl. í síma 696-0796






Um 70% af öllum sýklalyfjum sem notuð eru í baráttunni við sýkingu hjá mönnum eru einnig notuð við kjöt- og mjólkurframleiðslu í Norður-Ameríku.

## Áhyggjur a sýklalyfjanotkun í landbúnaði:

# Reglur um notkun sýklalyfja í landbúnaði í Kaliforníu hertar

**Stjórnvöld í Kaliforníu hafa hert reglur um notkun sýklalyfja í landbúnaði verulega og eru reglurnar þær ströngustu í Bandaríkjunum. Reglurnar taka gildi í ársbyrjun 2018.**

Markmið reglnanna er að draga úr notkun sýklalyfja í landbúnaði með því að gera notendum þeirra erfiðara að kaupa þau. Reglurnar eru settar vegna vaxandi hættu á lífshættulegum sýkingum í mönnum vegna fjölónæmra baktería. Notkun sýklalyfja í landbúnaði, bæði sem vaxtarhvata og til að fyrirbyggja sýkingar í búfé hafa orðið þess valdandi að komið hafa fram stofnar baktería sem eru með öllu ónæmar fyrir sýklalyfjum. Berist þannig ofurónæmar bakteríur í menn eru ekki til lyf sem vinna á þeim.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, Evrópusambandið og Smitvarnamiðstöð Bandaríkjanna hafa lýst því yfir að sýklalyfjaónæmi sé ein mesta ógnin við lýðheilsu í heiminum í dag. Bandaríska sóttvarnareftirlitið áætlar að þar í landi beri að minnsta kosti tvær milljónir manna í sér fjölónæmar bakteríur og að árlega deyi um 23.000 manns af þeirra völdum.

Um 70% af öllum sýklalyfjum sem notuð eru í baráttunni við sýkingu hjá mönnum eru einnig notuð við kjöt- og mjólkurframleiðslu í Norður-Ameríku. Mörg af þessum lyfjum eru ekki lyfseðilsskyld og hafa lengi verið notuð í landbúnaði.

Fjöldi veitingahúsa í Bandaríkjunum hafa lýst yfir að þau ætli að hætta að kaupa kjöt af framleiðendum sem noti sýklalyf í óhófi. Í mars síðastliðinn gaf McDonald's í Bandaríkjunum út yfirlýsingu um að keðja ætlaði að hætta að selja kjöt af kjúklingum sem væru gefin sýklalyf til að auka vaxtarhraða þeirra. /VH

## Náttúruvernd rædd á Umhverfisþingi:

# Jarðminjar og verndun þeirra

**Ísland hefur mikla jarðfræðilega sérstöðu. Hér er víða að finna jarðminjar á heimsmælikvarða og ber okkur skylda til að vernda þær.**

Lovísa Ásbjörnsdóttir og Kristján Jónasson, jarðfræðingar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, voru með erindi sem Lovísa flutti á Umhverfisþingi á Grand hótel í síðustu viku. Erindið fjallaði um jarðminjar og vernd þeirra, en haldin var alþjóðleg ráðstefna í Reykjavík um þetta efni í september síðastliðnum.

„Áherslan í gegnum árin hefur verið að vernda lífríkið og því oft litið framhjá merkilegum jarðminjum og á það ekki bara við um Ísland heldur um allan heim.

Staðreyndin er sú að líffræðingum hefur tekist afar vel til við að benda á nauðsyn þess að vernda lífríkið og almenningur á auðvelt með að samsama sig verndun þess. Hver vill til dæmis ekki vernda krúttlegan pandabjörn?“ segir Lovísa.

„Vandinn er að við erum fá sem erum að vinna að verndun jarðminja hér á landi og fjármagn í málaflokkinn er af skornum skammti. Hins vegar er mikil ásókn í nýtingu á náttúrulegum auðlindum landsins og framkvæmdahraðinn oft mikill.



Lovísa Ásbjörnsdóttir.

Fyrir um þremur árum komumst við í kynni við evrópsk samtök sem nefnast ProGEO sem hafa það að markmiði að efla þekkingu á jarðminjum og stuðla að verndun þeirra.

Ég bind miklar vonir við að með auknum tengslum við ProGEO getum við nýtt okkur reynslu þeirra og aðgerðir sem hafa reynst vel í Evrópu og víðar.“

Eitt af því er að skrá og meta jarðminjar á faglegan hátt. Þannig fæst betri yfirsýn yfir gerð og breytileika jarðminja sem jafnframt nýtist við gerð skipulags- og verndaráætlana.

### *Veikburða náttúruverndarlög*

„Við höfum ítrekað bent á að það vantar sérfræðiþekkingu um jarðminjar og vernd þeirra í stjórnsýslunni. Auk þess sem núverandi náttúruverndarlög eru of veikburða þegar kemur að jarðminjum.

Norðmenn settu ný náttúruverndarlög 2009 sem nefnast „Lög um náttúrubreytileika“. Samkvæmt lögunum felur náttúrubreytileiki í sér samþættingu á breytileika lífríkis, jarðminja og landslags. Þar er einnig lögð áhersla á skráningu og vernd náttúrugerða, auk skipulagningar landnýtingar.

Þetta er akkúrat það sem við þurfum að leggja áherslu á hér á landi og tala um náttúruna og breytileika hennar sem eina heild því að sjálfsögðu skiptir máli hvað er undir gróðurþekjunni til að hún geti vaxið og dafnað,“ segir Lovísa Ásbjörnsdóttir að lokum. /VH

MULTIONE®

# Besti vinur bóndans



**Multione** er mjög vönduð fjölnota smávinnuvél sem framleidd er af CSF, fremsta ítalska framleiðandanum í þessum geira, sem er með yfir 30 ára reynslu á bakinu.

**Multione** tæknin er byggð upp á grunntæki sem hægt er að nota með 170 aukahlutum. Það tekur aðeins örfáar sekúndur að skipta um aukahluti.

Þúsundir **Multione** véla eru í notkun við krefjandi aðstæður daglega á Íslandi og um allan heim. Þannig hafa vélarnar öðlast mikinn áreiðanleika fram yfir marga samkeppnisaðila.

KLETTUR • Klettagörðum 8-10 • 104 Reykjavík • Sími: 590 5100

KLETTUR
SALA OG ÞJÓNUSTA

ÁRNASYNIR

# Ágúst Torfi Hauksson nýr framkvæmdastjóri Norðlenska

**Ágúst Torfi Hauksson verkfræðingur hefur verið ráðinn nýr framkvæmdastjóri Norðlenska. Hann mun taka við starfinu af Sigmundi E. Ófeigssyni sem lætur nú af störfum eftir 14 ára starf.**



Ágúst Torfi Hauksson.

Ágúst Torfi lauk B.Sc. gráðu í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 1999 og M.Sc. gráðu í vélaverkfræði frá University of British Columbia, Kanada árið 2001.

Ágúst Torfi hefur víðtæka reynslu af rekstri fyrirtækja bæði sem forstjóri, framkvæmdastjóri og sem stjórnarmaður. Á árunum 2005–2011 var hann framkvæmdastjóri hjá Brim hf., er sneri að stjórnun á umsvifum félagsins við Eyjafjörð. Á árunum 2011–2012 var hann forstjóri Norðurorku hf., á Akureyri. Á árinu 2012 var hann forstjóri Jarðborana hf., en hefur frá árinu 2013 verið sjálfstætt starfandi ráðgjafi í verkefnum tengdum sjávarútvegi og orkumálum. Þá hefur hann setið í stjórnum fjölmargra fyrirtækja, lífeyrissjóðs og félaga.

Heiðrún Jónsdóttir, stjórnarformaður Norðlenska, segir mikinn feng af því að hafa fengið Ágúst Torfa til Norðlenska. Stjórn félagsins telur reynslu hans úr fyrirtækjarekstri og stjórnun, þá ekki síst í matvælaiðnaði, nýtast félaginu vel í þeim verkefnum sem fram undan eru hjá félaginu. „Við teljum hann henta vel til að vinna með fjölmennum hópi eigenda og samhentum hópi stjórnenda og starfsmanna. Við hlökkum til samstarfsins,“ er eftir Heiðrúnu haft í tilkynningu frá félaginu.

Ágúst Torfi, verðandi framkvæmdastjóri félagsins, segir það afar spennandi verkefni að takast á við rekstur Norðlenska, kynnast eigendum félagsins og sterkum hópi starfsmanna. „Norðlenska er öflugt félag í matvælaframleiðslu, leiðandi á ýmsum sviðum og með mikla möguleika til að vaxa og dafna á komandi árum. Það verður gaman að fá að taka þátt í þeirri vinnu sem framundan er hjá félaginu.“

Ágúst Torfi mun hefja störf í byrjun október. Hann er kvæntur Evu Hlín Dereksdóttur verkfræðingi og eiga þau tvær dætur.

Norðlenska var stofnað á grunni Kjötiðnaðarstöðvar KEA árið 2000 er hún var sameinuð Kjötiðjunni á Húsavík. Í kjölfarið keypti félagið þrjár kjötvinnslur Goða hf. Á Akureyri eru höfuðstöðvar fyrirtækisins, stórgripasláturhús og kjötvinnsla, á Húsavík er sauðfjársláturhús og kjötvinnsla, á Höfn er sauðfjársláturhús og í Kópavogi er söluskrifstofa. Eigandi Norðlenska er Búsæld, félag kjötframleiðenda í Eyjafirði, Þingeyjarsýslum og á Austur- og Suðausturlandi. Ársvelta Norðlenska árið 2014 var um 5.200 m.kr. Hjá fyrirtækinu eru um 195 stöðugildi að meðaltali. */MÞÞ*







Íslenski bóndinn og staða kvenna í landbúnaði var umræðuefni Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur á Umhverfisþingi á dögunum. Mynd / HKr.

## Umhverfisþing:

# Konur í landbúnaði

**Umhverfisþing var haldið á Grand Hótel í síðustu viku. Fjölmargir fyrirlesarar stigu þar fram og meðal þeirra var bóndinn og þingmaðurinn Jóhanna María Sigmundsdóttir. Hún ræddi um stöðu kvenna í landbúnaði.**

„Þann 2. september s.l. kom út skýrsla samkvæmt beiðni frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um „Stöðu kvenna í landbúnaði og tengdum greinum“. Margt sem fram kemur í skýrslunni er eflaust eitthvað sem við ættum að vita, en þar er einnig að finna annað sem við gætum þurft að óttast. Hver er þróunin, hvað gerum við næst?“ spurði Jóhanna María.



Jóhanna María Sigmundsdóttir spurði af hverju það sæktu ekki fleiri konur í íslenskan landbúnað. Mynd / HKr.

### *Konur í landbúnaði eru að eldast en karlar að yngjast*

„Ef við rennum í gegnum skýrsluna eru þar margar tölulegar staðreyndir sem draga upp betri mynd af því umhverfi sem konur innan landbúnaðargeirans lifa og hrærast í. Til að mynda kemur þar fram að konur í landbúnaði eru að eldast en karlar að yngjast, þarna er helst hægt að líta til þess að fleiri ungir karlar taka við eða hefja búrekstur en ungar konur.

Oft er það svo að karlar eru skráðir sem bústjórar og á þeirra nafni er flestum ef ekki öllum gögnum fyrir búið skilað inn, vinnuframlag kvenna er þá frekar skilgreint sem hluti af heimilisstörfum en ekki sem bústörf og þær því síður skilgreindar sem bústjórar, þetta getur átt við jafnvel ef konur taka fullan þátt í búrekstri. Kennitölukerfið í landbúnaði er líka á þann veg að aðeins er hægt að skrá eina kennitölu fyrir hverju býli og virðisaukaskattsnúmeri, þá er oftar svo að kennitala karlsins er notuð. Með þessu verða konur minna sýnilegar, þær þurfa þá að gefa upp kennitölu maka til að geta leyst út vörur fyrir reksturinn. Rökrétt er að hægt væri að skrá hjón eða sambýlisfólk fyrir rekstri búsins.

### *Algengt að konur vinni utan bús*

„Íslenskar og erlendar rannsóknir benda til þess að algengt sé að konur sem starfa við bústörf vinni einnig utan bús og leiti þá helst í umönnunar- eða þjónustustörf. – Hvað veldur? – Af hverju sækja ekki fleiri konur í íslenskan landbúnað? Af hverju starfa þær utan bús eða eru ekki skráðar fyrir rekstrinum og hvers vegna koma færri ungar konur til starfa í landbúnaði og tengdum störfum?

Flestar íslenskar konur sem leggja stund á nám í landbúnaðargreinum og dýralækningum utan landsteinanna fara til Danmerkur, getur verið að þær snúi ekki allar heim aftur?

Getur verið að sýnileiki kvenna í landbúnaði sé lítill og geri starfið ekki heillandi fyrir ungar konur?



Frá pallborðsumræðum á Umhverfisþingi. Mynd / HKr.

Á Búnaðarþingi 2014 sátu 37 karlar og 11 konur sem aðalmenn, það gerir 77% karla á móti 23% kvenna. Á sama tíma sitja 45 fulltrúar í stjórnum 11 búnaðarsambanda, 34 karlar og 11 konur eða 76% karlar og 24% konur.

Í sveitarstjórnarkosningum 2014 voru alls kjörnir 504 sveitarstjórnarmenn. Af þeim eru 23 konur og 61 karl sem bera starfsheitið bóndi og/eða starfsheiti sem tengist landbúnaði (s.s. ráðunautur, skógfræðingur eða dýralæknir).

Fjöldi stofnaðra landbúnaðarfyrirtækja frá árinu 1969 er 2.031. Konur stofnuðu 232 félaganna eða 11%.

Eru launakjör svo bág að konur hugsa síður um landbúnað sem framtíðarstarf? – 12,3% þeirra sem skiluðu landbúnaðarskýrslu með tekjur yfir eina milljón krónur árið 2008 voru konur, en þeim hafði fjölgað upp í 14,5% árið 2013.“

### *Verkefni til úrbóta*

„En við höfum ekki bara horft á þessa þróun frá hliðarlínunni með hendur í vösum.

Árið 2000 var að tillögu Búnaðarþings stofnuð Jafnréttisnefnd Bændasamtaka Íslands. Starf hennar er að efla konur innan stéttarinnar af ýmsum ástæðum.

Allir þurfa að vera með til að byggja upp þá ímynd greinarinnar sem við viljum hafa og þá er nauðsynlegt að rödd beggja kynja heyrist.

„Lifandi landbúnaður“ er grasrótarhreyfing kvenna í íslenskum landbúnaði, markmið hennar er að stuðla að öflugri og meira lifandi landbúnaði í persónulegum tengslum við neytendur um leið og stuðlað er að sterkari og stoltari bændastétt.

Einnig má nefna verkefnið „Byggjum brýr“ en það höfðar til menntunar kvenna í landbúnaði, er til þess gert að ná fram jafnrétti og koma í veg fyrir flótta ungra kvenna úr landbúnaðargeiranum.

Verkefni og nefndir sem þessi sem hérna eru talin upp þurfa að vera virk og uppfærð til að ná til þeirra sem við viljum ekki missa. Vonandi að skýrsla þessi geti fært okkur nær því markmiði með því að greina hvar vandinn liggur, þó stendur í inngangi skýrslunnar *„ljóst er að þörf er á frekari rannsóknum á þessu sviði“* sem má vel taka undir. Því við erum stétt sem þarf að huga að jafnrétti, við viljum gera betur, vera betri og verða fleiri,“ sagði Jóhanna María í erindi sínu. */HKr.*




# Mjólkin gefur styrk

## D-vítamínbætt léttmjólk breytir tímabundið um útlit

D-vítamínbætt léttmjólk hefur tímabundið verið klædd í nýjan búning. Sama holla og góða mjólkin verður í sparifötunum í takmarkaðan tíma og á meðan streyma 30 krónur af hverri seldri fernu til tækjakaupa á Landspítalanum.

**Markmiðið er að safna 15 milljónum.**

#mjolkingefurstyrk

Fréttir

Fjórðungsþing Vestfirðinga:

# Vill aukin fjárframlög til hafnarmála

**Sextugasta Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið var á Patreksfirði 2.–3. október 2015 hvetur innanríkisráðherra til að beita sér fyrir auknum fjárframlögum til hafnarmála.**

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir einungis 212 milljónum til almennra framkvæmda sem duga skammt til viðhalds og nýframkvæmda. Fjölmörg verkefni liggja fyrir í hafnargerð í landinu og mikil þörf er á viðhaldi enda hafa framlög til hafnaframkvæmda og viðhalds verið skorin niður undanfarin ár. Miðað við fyrirliggjandi fjárlög og nýtt fjárlagafrumvarp er ólíklegt að verkefni sem liggja fyrir í Samgönguáætlun 2015–2018 komist til framkvæmda vegna fjárskorts.

Málefni fatlaðra á Vestfjörðum:

# Alþingi tryggi fullnægjandi fjármagn til framtíðar

**Málefni fatlaðra voru til umræðu á Fjórðungsþingi Vestfirðinga og sá skortur sem er á fjármagni til málaflokksins.**

Krafðist þingið þess að Alþingi tryggi til framtíðar fullnægjandi fjármagn til reksturs Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest). Að sama skapi er brýnt að fjárveiting fáist í fjáraukalögum fyrir árið 2015 til að leiðrétta stöðu BsVest á árinu 2015 í samræmi við ályktanir og samþykktir sveitarstjórna á Vestfjörðum um málefnið. Jafnframt fari fram endurmat á jöfnun vegna þjónustu við fatlað fólk.

Ef full fjármögnun málaflokksins verður ekki tryggð eru ekki aðrir möguleikar í stöðunni fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum en að skila verkefninu til ríkisins.

Virkjun Hvalár og orkuflutningar:

# Kallað eftir kerfisáætlun

**Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að ríkisstjórn og Alþingi leggi strax til sérstakt fjármagn til að vinna kerfisáætlun fyrir raforku- og gagnaflutninga á Vestfjörðum.**

Meginmarkmiðið er að tengja virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, og aðra hugsanlega virkjunarkosti í Ísafjarðardjúpi, við öll byggðarlög á Vestfjörðum. Virkjun Hvalár verður þannig forsenda nýrrar atvinnuuppbyggingar á svæðinu um leið og afhendingaröryggi raforku er tryggt.

Í greinargerð með ályktuninni segir m.a.:

„Vestfirðir ásamt norðausturhorni landsins eru enn einu svæðin sem búa við geiratengingu raforkuflutnings og lága flutningsgetu raflína. Því búa þessi landsvæði við minna orkuöryggi en aðrir hlutar landsins og skerðir það búsetuskilyrði. Öörugg afhending kemur einnig í veg fyrir að hægt sé að byggja upp öflugan iðnað á svæðinu þótt nýsköpun og fjárfestingar lægju í hendi. Einnig má minna á að fjarskipti og vegasamband milli afskekktra svæða á Vestfjörðum eru enn víða bágborin. Aðstæður geta hins vegar verið að breytast og gullið tækifæri gefist nú til að samhæfa lausnir í þessum efnum og spara verulegar fjárhæðir.“



Matjurtaræktarhefð í stærri stíl er hverfandi á Austurlandi, en Framfarafélag Fljótsdalshéraðs vinnur nú að verkefni sem hefur að markmiði að blása lífi í slíka ræktun í fjórðungnum. Á myndinni, sem tekin var í fyrrahaust, er Friðjón Þórarinsson, bóndi á Flúðum á Fljótsdalshéraði, en hann ræktar rófur á um hálfum hektara lands. Myndir / MÞÞ

Undirbúningsverkefnið Matjurtarækt á Austurlandi:

# Matjurtarækt í stærri stíl hverfandi fyrir austan

**„Matjurtarækt á Austurlandi“ er undirbúningsverkefni, sem Framfarafélag Fljótsdalshéraðs stendur fyrir, ásamt nokkrum samstarfsaðilum, en þeir eru Gróðrarstöðin Barri, Búnaðarsamband Austurlands og Hitaveita Egilsstaða og Fella.**

Styrkur fékkst frá Uppbyggingarsjóði Austurbrúar til að vinna að verkefninu.

***Ræktun heima í héraði uppfyllir lítið brot af þörfinni***

Þórarinn Lárusson í Framfarafélagi Fljótsdalshéraðs segir að samkvæmt fremur grófri en allvíðamikilli könnun verkefnastjórnar félagsins uppfylli matjurtaframleiðsla eystra mjög lítinn hluta af matjurtaþörf mötuneyta og veitingastaða og greinilegt að þar er mikið borð fyrir báru, jafnvel á sviði algengustu matjurta, eins og rótarávaxta, kál- og salattegunda, hvað þá heilsársframleiðslu í gróðurhúsum, svo sem eins og á tómötum, en þó er mikið heitt vatn til staðar á Héraði.

Félagið stóð fyrir kynningarfundum á dögunum, enginn mætti á Reyðarfirði, en í Valaskjálf á Egilsstöðum var haldinn ágætur fundur um málið. Í kjölfarið hefur verið unnið að námskeiðsáætlun að frumkvæði Guðríðar Helgadóttur frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

***Skortur á reynslu og þekkingu***

Nú stendur fyrir dyrum stjórnarfundur hjá FF, og með samstarfsaðilum í kjölfarið, þar sem mál þessi verða m.a. rædd og teknar ákvarðanir um fleiri kynningarfundi og námskeið í matjurtarækt víðs vegar í fjórðungnum á næstunni. Þórarinn segir of snemmt að fjalla um þau sem og frekari áform, fyrst þurfi að sjá hver þátttakan verði.

„Greinilegt er að hér eystra er matjurtaræktarhefð, a.m.k. í stærri stíl, alveg hverfandi, þegar lífræna ræktunin í Vallanesi er frátalin, og vöntun á sérfræðiþekkingu og reynslu á þessu sviði er mikil, miðað við það sem þekkist víða annars staðar á landinu,“ segir Þórarinn og það sé þrátt fyrir að náttúruskilyrði séu að mörgu leyti góð. /MÞÞ



**Matjurtaframleiðsla eystra uppfyllir mjög lítinn hluta af matjurtaþörf mötuneyta og veitingastaða og greinilegt að þar er mikið borð fyrir báru.**







# GÓÐ AÐFÖNG Í BETRA BÚ!




**Dagbók Pennans 2016**
Tilboðsverð: 1.349.-
Verð: 1.799.-



**Bréfabindi A4 maX+ 8cm svart**
Verð: 789.-



**Millispjöld A4 (1-12)**
Verð: 612.-



**Brothnífur stór**
Verð: 740.-




**Canon reiknivél LS-8TCG**
Verð: 1.442.-




**Minnisblokk A7 m. gormi**
Verð: 219.-




**Handspritt**
Tilboðsverð: 712.-
Verð: 949.-




**Húðmýkjandi gel sótthreinsandi**
Tilboðsverð: 715.-
Verð: 949.-




**Kraftlögur sótthreinsandi**
Tilboðsverð: 749.-
Verð: 999.-

## ARTLINE merkitússpennar




**Fyrir blautan skrifflöt**
Tilboðsverð: 454.-
Verð: 699.-




7,5 - 12 mm skriftarlína.

**Breiður merkipenni m. skáskornum oddi**
Tilboðsverð: 844.-
Verð: 1.299.-




4 mm skriftarlína.

**Breiður merkipenni m. ávölum oddi**
Tilboðsverð: 844.-
Verð: 1.299.-




**Fyrir frystipoka**
Tilboðsverð: 389.-
Verð: 599.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er út október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## STEKKUR

## Ljúflingar og annað fólk

**Einn stærsti flokkur íslenskra þjóðsagna og þær lífseigustu eru sögur um álfa og huldufólk, ósýnilegar verur í mannslíki sem búa í hólum og hæðum.**

Um allt land er fjöldi huldufólksbyggða og varla er til sá hóll eða steinn við bóndabæ sem ekki hýsir huldufólk.

Fyrr á tímum voru álfar álitnir minni en huldufólk og litið á verurnar sem hvor sína tegundina en á seinni tímum hafa skilin horfið og þær runnið saman í eitt. Oft og tíðum liggja álög á bústað huldufólksins og menn veigra sér við að flytja álfasteina eða raska ró huldufólksins á annan hátt.

Huldufólk er líkt mönnum í útliti og hegðun, það endurspeglar líf mannanna nema hvað lífið hjá því virðist auðveldara og betra en í táradal mannheima.

Í hugum flestra tilheyrir huldufólk gömlum tíma og það lifir svipuðu lífi og mannfólkið gerði í lok átjándu aldar. Það dansar vikivaka, fer til berja og stundar búskap, það á kindur og kýr, konurnar spinna ull og karlmennirnir róa til fiskjar. Huldufólk er ýmist gott eða vont og segir sagan að það góða sé kristið en það vonda rammheiðið. Huldufólk er stundum kallað ljúflingar.

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir að guð almáttugur hafi komið í heimsókn til Adams og Evu. Þau tóku vel á móti þeim gamla og sýndu honum híbýli sín og hluta af börnunum.

Guði þótti börnin efnileg og spurði hvort þau ættu ekki fleiri börn. Eva svaraði því neitandi. Sum börnin voru óhrein vegna þess að hún hafði ekki nennt að þvo þeim og hún vildi ekki að guð sæi þau. Þetta vissi guð og sagði: „Það sem þú nú hefur viljað hylja og dylja fyrir guði þínum, það veri héðan í frá hulið og dulið fyrir þér og bónda þínum og öllum niðjum ykkar nema þeim einum er ég vil það veita og engar nytjar né skemmtun skuluð þið af þeim hafa héðan af."

Margar þjóðsögur fjalla um funheitar ástir manna og huldufólks. Ungar selmatseljur komust oft í tæri við huldumenn og áttu með þeim rómantíska stund sem átti það til að enda með bumbu og barni. Konurnar báru barnið stundum á laun og fæddu það með hjálp huldumannsins sem síðan tók barnið að sér og ól það upp. Í einni sögu segir frá ljúflingi sem gat ekki með nokkru móti gleymt mannlegri ástkonu sinni. Löngu seinna þegar konan er gift og ráðsett kemur huldumaðurinn heim að bæ hennar með soninn og þegar þau hittast að nýju blossar ástin upp með slíkum krafti að hjartað brennur og falla þau bæði dauð til jarðar.

Huldumenn leita iðulega hjálpar hjá mennskum ef ljúflingsfreyjur geta ekki fætt barn af sjálfsdáðum og launa ríkmannlega ef allt gengur að óskum. Ljúflingar eru aftur á móti hefnigjarnir og langræknir sé eitthvað gert á þeirra hlut.

Jón Guðmundsson lærði, sem fæddist í Ófeigsfirði á Ströndum 1574, þótti bæði fróðleiksfús og greindur. Hann var mjög hjátrúarfullur og trúði efasemdarlaust á tilvist ljúflinga. Jón segir að ljúflingar lesi Biblíuna sér til skemmtunar og leggi álíka mikinn trúnað í hana og þegar við lesum riddara- og hetjusögur. Hann telur að það sé þess vegna sem huldufólk þráir hjúskap við mennska menn, því þegar það giftist mönnum öðlast það sál. /VH

# Tesco biður matvælaframleiðendur afsökunar á að hafa svínað á þeim

## – fyrirtækið hafi einblínt á að knýja fram afslætti með ófyrirséðum afleiðingum



Dave Lewis.

**Dave Lewis, forstjóri verslunarkeðjunnar Tesco í Bretlandi, hefur beðið birgja í matvælageiranum afsökunar á hvað verslunin hafi verið einbeitt í að knýja fram afslætti. Hefur það m.a. komið illa niður á bændum og öðrum matvælaframleiðendum.**

Forstjórinn sagði þetta við hóp birgja í troðfullum sal á ráðstefnu sem haldin var á vegum IGD-sérfræðiþjónustunnar í fæðu og neysluvörum. Var ráðstefnan tileinkuð auknu upplýsingaflæði og betri starfsháttum í matvælageiranum.

### *Hefur haft slæmar afleiðingar*

Sagði Lewis að þessi háttsemi fyrirtækisins hafi haft slæmar afleiðingar sem ekki hafi verið ætlunin. Jafnframt hafi það leitt til þess að tengsl við birgja hafi skaðast. Hluti af því sem forstjórinn baðst afsökunar á snerist um langan uppgjörstíma, eða 40 til 42 daga. Því verður nú breytt og er ráðgert að gera upp við alla birgja inna 14 daga sem eru með viðskipti undir 100.000 pundum. Við þá sem eru með viðskipti upp á 10 milljónir punda eða minna verður gert upp innan 23 daga og 28 daga við þá sem eru í stærri viðskiptum.

Lewis tók við stjórn Tesco í árslok 2014, en fyrirtækið er stærsta verslunarkeðjan í Bretlandi með 28,2% markaðshlutdeild á matvörumarkaði. Sagðist hann hafa misst sjónar á markmiðum sínum með því að leggja áherslu á að knýja fram afslætti. Það hafi leitt til þess að verslunarkeðjan tapaði tengslum við viðskiptavini og birgja. Hart hefur verið sótt að þessum risa af verslunarkeðjunum Aldi, Lidl og Waitrose. Á síðasta ári var sett í gang sérstök sakamálarannsókn af hálfu Serious Fraud Office sem sakaði keðjuna um blekkingar með því að segja hagnað meiri en hann raunverulega var.




Tesco-verslunarkeðjan í Bretlandi.

### *Stjórnendur reknir*

„Birgjar okkar hafa orðið fyrir barðinu á þessu í mörg ár. Það eina sem við getum sagt er afsakið. Hér drögum við línuna og við munum aldrei snúa aftur inn á þessa braut," sagði Lewis í samtali við breska bændablaðið Farmers Weekly. Sagði hann að stjórnendurnir sem hafi gert þessi mistök hafi verið reknir og að Tesco muni nú fikra sig í átt að opnari samskiptum við birgja sína.

Tesco greindi frá því byrjun október að 70% samdráttur hafi orðið á hagnaði samsteypunnar í Bretlandi á fyrri helmingi þessa árs. Rekstrarhagnaður hrapaði úr 543 milljónum punda í 166 milljónir. /HKr.

## Krafan um lágt verð og hámarksafköst á kjúklingabúum leiðir til campylobakteríusýkinga:

# Um 73% heilla kjúklinga í breskum stórmörkuðum eru sýktir

## – prófessor við Queen-háskólann í Belfast gagnrýnir verðstríðsbrölt stórmarkaðanna

**Hörð samkeppni í viðskiptum með kjúklingakjöt og kröfur um lágt verð (Cheap chicken policy) er að setja neytendur í hættu hvað varðar útbreiðslu campylobakteríusmits í Bretlandi.**

Chris Elliot, prófessor sem var skipaður af breskum stjórnvöldum til að stýra rannsókn á hrossakjötsvindlinu sem upp kom 2013, segir stöðuna hættulega. Hann er yfirmaður stofnunar sem fer með matvælaöryggismál og örverufræðirannsóknir hjá Queen-háskólanum í Belfast á Norður-Írlandi.

Rannsóknir sem gerðar voru af Food Standards Agency sýndu að 73% heilla kjúklinga sem seldir eru í flestum stórmörkuðum á Bretlandi séu mengaðir af campylobakter. Það er jafnframt meginuppspretta matareitrunar í Bretlandi þar sem 280 þúsund manns smitast á ári og 100 manns láta lífið.

### *Krafa verslana um lágt verð eykur hættuna*

Segir Elliot að það verðstríð sem ríkt hafi á markaðnum hafi leitt til þess að teknar séu upp ódýrari afkastahvetjandi aðferðir við framleiðsluna sem auki hættuna á að campylobakteríusmit berist í fólk. Gagnrýndi hann í viðtali í Times að stórverslanir væru ekki tilbúnar til að greiða það verð sem þyrfti til að auka öryggi matvælanna.



Framkvæmd við grisjun í fuglahópnum til að ná fram enn meiri afköstum í framleiðslunni, er talin valda slíkum óróleika í búunum að meira verði um campylobakteríusmit en ella.

Þar er átt við að hætta því sem í Bretlandi er kallað grisjun eða „thinning" og felst í því að farið er inn í búin eftir 35 til 37 daga og tíndir út hægvöxnustu kjúklingarnir til að rýma fyrir enn fleiri hraðvaxnari kjúklingum. Þannig er reynt að hámarka framleiðslu búanna. Þetta er stundum endurtekið á 44. til 46. dags. Við þessa aðgerð verður mikill handagangur í öskjunni og rót á fuglunum. Segir Chris Elliot að í öllum þeim hamagangi stóraukist hættan á að campylobakterían smitist frá sýktum fuglum í ósýkta. Minnka megi þessa hættu með því að hætta grisjun og auka hreinlæti, en það kosti búin peninga vegna minni afkasta. Því þurfi kjúklingarnir að vera dýrari sem stórverslanir séu alls ekki tilbúnar að samþykkja. /HKr.

# Breskir bændur sitja á „lausafjártímasprengju"

**Margir breskir bændur kvíða komandi vetri þar sem slæm lausafjárstaða gæti haft afgerandi áhrif á afkomu bænda og matvælafyrirtækin. Ástæðan er krafa verslunarinnar um verðlækkanir á afurðum**

Lord Curry, þingmaður, bóndi og lávarður af Kirkharle (Donald Thomas Younger Curry), segir að bændur í fjársvelti sitji nú þegar á tímasprengju vegna of lágs afurðaverðs og stöðugrar pressu um lægra verð.

### *Man ekki verri stöðu*

„Ég man ekki eftir því að afurðaverð hafi farið eins neðarlega og núna," sagði þessi 71 árs gamli bóndi í ræðu



Lord Curry.

í veislu sem haldin var á uppskeruhátíð 125 landbúnaðarblaðamanna og gesta sem haldin var í London. Greint var frá þessu í Farmers Weekly í byrjun mánaðarins. Hann hefur rekið eigið bú í Northumberland. „Þetta mun hafa gríðarleg áhrif og ég er mjög áhyggjufullur."

Hann segir að ef ekki hefði komið til góð uppskera, þá hefðu margir bændur þegar verið komnir í algjöra skelfingu. Mikil uppskera muni þó ekki duga til að halda mönnum á floti.

### *Hanga á bjargbrúninni á nöglunum*

Hann segir að komandi vetur verði prófsteinn á hversu mörg af þeim landbúnaðarfyrirtækjum sem nú „hangi á nöglunum" einum á bjargbrúninni komi til með að lifa af.

Curry tók þó ekki djúpt í árinni hvað varðar gagnrýni á verslunina og aðra viðskiptavini bænda. Sagði hann það allt hluta af samfélagi bænda, í þeim hópi væru vinir og nágrannar. Bændur hefðu líka ábyrgð sem heild til að hjálpa þeim þegar þannig stæði á.

Evrópusambandið hefur gefið einstökum aðildarríkjum heimild til að liðka fyrir og flýta útgreiðslum landbúnaðarstyrkja til að slá á vandræðin. Þá styrki átti ekki að byrja að greiða út fyrr en 1. desember en var heimilað að hefja útgreiðslur þann 16. október. Er þetta hluti af ráðstöfunum sem komið hafa fram í kjölfar gríðarlegra mótmæla evrópskra bænda að undanförnu vegna lágs afurðaverðs. /HKr.




# Deutz Fahr 5110C - 110 hö á ótrúlegu kynningarverði

5C serían er hönnuð sem alhliða vél sem vinnur frábærlega með ámoksturstækjum. Við hönnun vélarinnar var þess gætt að hún væri notendavæn og þægileg en jafnframt einföld og laus við óþarfa rafbúnað og tækni.

**5 góðar ástæður til þess að kaupa sér Deutz úr 5C seríunni:**

- Þýskur 3,6L Deutz mótor
- Stop&Go (turbokúpling) - hægt að hemla og stöðva án þess að kúpla
- Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur
- Eco vökvadæla sem skilar hámarksflæði við aðeins 1.600 snúninga
- SSD - tvöföld stýrisdæla, fækkar snúningum á stýri

**Kynningarverð:**

5110C með Stoll FZ20 ámoksturstækjum og skóflu: **kr. 9.000.000,-** án vsk. m.v. Eur = 143,00

ÞÓR HF

**Reykjavík:**
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

**Akureyri:**
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

**Vefsíða:**
www.thor.is

2014 Framúrskarandi fyrirtæki

UMHVERFISMÁL & LANDBÚNAÐUR



Ari Trausti Guðmundsson
Jarðfræðingur og rithöfundur

# Nýta, njóta... og gæta –3. grein

I Að öllum líkindum hafa innan við 40 kynslóðir bænda búið á Íslandi. Nákvæm tala gæti verið 36 og fer ákvörðun hennar eftir því hve vel tekst að tímasetja landnám norræns og keltnesks fólks í eynni. Í samanburði við lönd fornra ríkja, veljum t.d. Íran, er saga íslensks landbúnaðar tiltölulega stutt. En hvað sem því líður var hann önnur helsta undirstaða mannlífsins, hér rétt eins og í mörgum strandríkjum veraldar. Lög, réttur og hefðir hafa mótast á rúmu árþúsundi. Það gerðist að mestu án aðgerða gegn hnignandi ytri skilyrðum, svo sem eyðingu trjágróðurs, og víðs fjarri samkeppni við tæknivæddar nýjar greinar eða við hlið fyrirbæris sem enginn sá fyrir, öldum saman: Fjöldaferðamennsku. Eignaréttur á landi var alla tíð öflugur en um leið var almannaréttur töluverður. Hins vegar er ekki að sjá að landaeign hafi falið í sér víðtækar skyldur eigenda.

II Öldum saman var landnýting höfð með þeim hætti sem grunnþarfir fólks skópu. Ytri skilyrði utan mannlegs valds, svo sem kuldar, hlýindi, þurrkar, hafískomur, eldgos og flóð áttu gríðarstóran þátt í hvernig fólk nýtti land og afar oft hafði það ekkert val um viðbrögð. Við bættust svo sjúkdómsfaraldrar og innri átök í samfélaginu, samkeppni um ríkidæmi og útbreidd fátækt. Sókn í ríkidæmi kom líka við sögu. Loks má ekki gleyma því að margir landnámsmanna og fáeinar næstu kynslóðir notuðu misheppilegar búskaparaðferðir og lífsstíl sem færður var yfir hafið úr löndum sem eru um margt ólík Íslandi. Af öllu þessu má ráða að óraunhæft er að álasa fyrri kynslóðum fyrir ranga landbúnaðarhætti. Greining á meginþáttum þeirra og áhrifunum á landið er aftur á móti góðra gjalda verð og handa okkur að læra af.



Kindur með grasbala fyrir framan sig í Grettisbæli í Vígabjargi í Forvöðum við Jökulsá á Fjöllum. Myndir / HKr.



Í Skaftártungum.

III Nútíma tækni, sífellt flóknara lífsmynstur og fjór- til fimmfalt stærra samfélag en nokkru sinni fyrr hefur breytt viðhorfum til landnýtingar og jafnvel eignarréttar á landi. Landnýting er orðin fjölþættari en áður, krafa um aukinn almannarétt sterkari og umræður um eignarhald og auðlindagjald komnar á dagskrá. Nú hefur verið unnið að því að skýra hvar land er í einkaeign og hvar í opnberri eigu. Og spurt er stundum: Innifelur eignaréttur á landi umfram venjulega byggingarlóð í sér ábyrgð frammi fyrir samfélaginu og skyldur gagnvart öðrum en eigendunum? Okkur finnst til dæmis að húseigandi í bæjarfélagi eigi að halda eign sinni við með sæmilegum skikk eða að bæjarfélagið hafi útivistarsvæði sitt í góðu lagi. Hvernig ber að líta á landlítið eða landmikið sveitabýli í þessu tilliti eða landeiganda í dreifbýli sem býr þar ekki?

IV Ég hef verið hallur undir þá hugmynd að líta á bændur og aðra eigendur og landnýtendur sem vörslumenn til jafns við hin hlutverkin. Nú er svo að búskapur tekur til fjölmargra greina þannig að ég vel ræktun hefðbundins nytjagróðurs sem dæmi til að skýra vörsluhugtakið. Hugsum okkur meðalstóra bújörð með blandaðri framleiðslu sauðfjárafurða og mjólkur. Þar eru ræktuð tún og skjólbelti, þar er töluvert af framræstu votlendi sem að hluta er nýtt undir tún og til heimabeitar en að hluta ónýtt, þar eru hundruð hektara af mólendi, melum og klöpp og loks beitarréttur á stórum afrétti sem er að mestu í opinberri eigu. Þegar jörðin komst í þetta ástand milli 1950 og 2000 réðst nýtingarstefnan væntanlega fyrst og fremst af þeim hugmyndum um hagkvæmni og góðan afrakstur sem tvær kynslóðir eigendanna höfðu. Hugmyndir um sjálfbærni og vistvæn, heildræn sýn á landið tók ekki að bæra á sér fyrir alvöru fyrr en síðla á síðustu öld, jafnt á þessu býli sem utan landbúnaðargeirans. Þar með urðu bændur á þessu býli smám saman að vörslumönnum í samfélagsskilningi.

V Bændurnir í dæminu standa nú frammi fyrir því að vinna raunhæft mat á beitarþoli síns lands og afréttarins (í samvinnu við aðra) og á heppilegri stærð og samsetningu bústofnsins. Þeir þurfa að ákvarða hvort og þá hvar skuli stækka svæði til að rækta fóður; tún og kjarnfóðursakra. Þeir þurfa að ráðast í landbætur þar sem gróður- og jarðvegseyðing lætur á sér kræla (í samvinnu við aðra), bæta við trjágróðri ef verkast vill og síðast en ekki síst meta hvort þurrka beri meira votlendi eða endurheimta ónýtjað votlendi. Að sjálfu leiðir að bændurnir geta ekki unnið svona án sérfræði- og fjárhagsaðstoðar. En þeirra framlag, vinna og fé, ber um leið að líta á sem afgjald til samfélagsins fyrir mikilvæga notkun jarðvegsauðlindarinnar. Samfélagið, aftur á móti, aðstoðar í þágu heildarinnar. Þannig verða til eðlileg tengsl milli vörslumanna stórs hluta landsins og okkar hinna. Í nýlegri ályktun Alþjóðasamtaka bænda (WFO) segir:

*„Við bændur erum vörslumenn landsins. Landbúnaður hefur mótað landslag og menningu um allan heim. Eftir sem áður er jarðvegsauðlindum okkar ógnað vegna aukinnar eyðimerkurmyndunar, uppblásturs, útþenslu byggðar og fleiri neikvæðra áhrifa. Það eru sameiginlegir hagsmunir bænda að vernda jarðveginn, berjast gegn eyðimerkurmyndun, bæta gæði og meðferð vatns, tryggja búsvæði tegunda í útrýmingarhætti og efla líffræðilega fjölbreytni á heimsvísu.“*

Íslensk landbúnaðarstefna á að endurspegla þetta viðhorf. Er það ekki?

MABER vinnulyftur

ÝMSAR TEGUNDIR AF VINNULYFTUM,
S.S. VÖRU-, FÓLKS- OG VINNUPALLALYFTUR.





Ítölsku MABER vinnulyfturnar hafa reynst vel við íslenskar aðstæður á undanförnum árum.

Hafðu samband 568 0100

Stólpi Gámar
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | stolpigamar.is

ATHYGLI-Október 2015



Frá Þórshöfn á Langanesi. Mynd / HKr.

Þungar áhyggjur í Langanesbyggð:

## Landsbanki og Íslandspóstur draga úr þjónustu sinni

**Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur lýst yfir áhyggjum sínum vegna breytinga á afgreiðslutíma útibús Landsbankans á Þórshöfn og skertri þjónustu sem af honum hlýst.**

Málið var til umræðu á fundi sveitarstjórnar á dögunum. Fram kemur í bókun frá fundinum að fulltrúar sveitarfélagsins hafi í tvígang fundað með forsvarsmönnum útibús Landsbankans á Þórshöfn og á þeim fundum hafi komið fram að bankinn hefði ekki áform um að draga úr þjónustu umfram það sem áður hefði komið fram um afgreiðslutíma útibúsins á staðnum. Afgreiðslutími á Þórshöfn er sá sami og t.d. á Vopnafirði og víðar.

*Skerðing á þjónustu ekki viðunandi*

Sveitarstjórn hefur áhyggjur af þróun mála og er í bókun bent á að einnig sé algjörlega viðunandi sú skerðing sem orðið hefði á póstþjónustu í héraði vegna breytinga á afgreiðslutíma póstafgreiðslunnar.

Sveitarstjórn lýsir einnig yfir þungum áhyggjum vegna þeirra starfa sem í húfi eru og skipta samfélagið miklu. Sveitarstjórn átelur Landsbankann fyrir skort á upplýsingaflæði í tengslum við breytingarnar. Var sveitarstjóra falið að koma áhyggjum á framfæri við Landsbankann og Íslandspóst.

/MÞÞ




Gæðavottaðir **Zeus Beton** steinrimlar framleiddir samkvæmt ströngustu gæðakröfum.

**DSD** básamilligerðir fyrir kýr, kvígur og kálfa, hannaðar með velferð gripa, vinnusparnað og endingu að leiðarljósi. Innréttingar sérbeygðar fyrir íslenskar kýr.

Skágrindur, milligrindur og festingar - **íslensk framleiðsla Landstólpa.**

Zeus Beton

DSD STALINRICHTING

Landstólpi er vaxandi fyrirtæki með kjarnastarfsemi í heildsölu og smásölu landbúnaðarvara og byggingu stálgrindarhúsa.

**Landstólpi Gunnbjarnarholti 801 Selfoss s. 480 5600 landstolpi@landstolpi.is www.landstolpi.is**

LANDSTÓLPI

Fréttaskýring

## Trans-Pacific Partnership (TPP), fríverslunarsamningur tólf Kyrrahafsþjóða, vekur blendnar tilfinningar:

# „Þeir verða að vera reiðubúnir að kyngja dauðum rottum“

## – sagði Nýsjálendingurinn Tim Groser sem er sérfræðingur í alþjóðaviðskiptum um samningamennina í TPP-viðræðunum

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



**Nær öll ríki heims beita einhvers konar verndarstefnu til að verja eigin iðnað, landbúnað og sjávarútveg þar sem það á við. Oftast eru þær varnir í formi tolla á innfluttar vörur af sama toga. Mikil tregða hefur því verið við að beita tollaeftirgjöfum líkt og gera á í nýjum samningum Íslands og ESB.**

Eitt skýrasta dæmið um átök í slíkum málum er nýr umdeildur milliríkjasamningur, svokallaður Trans-Pacific Partnership (TPP), sem var undirritaður mánudaginn 5. október sl. í Atlanta í Bandaríkjunum. Samningurinn var undirritaður og samþykktur með fyrirvara af 12 ríkjum sem kölluð hafa verið „Pacific Rim countries“ og liggja öll að Kyrrahafinu. Þessi ríki standa fyrir um 40% af efnahag heimsbyggðarinnar. Undirbúningur að þessum samningi hefur staðið í fimm ár. Ríkin 12 sem undirrituðu samninginn með fyrirvara um samþykki heima fyrir eru Ástralía, Brunei, Kanada, Chile, Japan, Malasía, Mexíkó, Nýja-Sjáland, Perú, Singapúr, Bandaríkin og Víetnam. Rætt er um að fleiri ríki gerist aðilar að samningnum síðar, eins og Suður-Kórea, Taíland og Filippseyjar.




### *Ótti við yfirþjóðlegan rétt stórfyrirtækja*

Fullyrt hefur verið að samningurinn veiti m.a. stórfyrirtækjum aukinn rétt til að verja sína heimild til að yfirkeyra lög í aðildarríkjum samningsins. Mörg hundruð sérfræðingar (lobbyists), sumir segja um 600, eru sagðir hafa verið á vegum stórfyrirtækja inni á fundum við samningagerðina. Þar hafi þeir unnið hart við að koma sjónarmiðum sinna fyrirtækja inn í samningana. Fyrirtæki geti m.a. farið í mál við samningsríki ef regluverk þess eða aðgerðir hindra mögulegan hagnað.

Einn texti samningamanna í TPP-málinu lak t.d. út árið 2013. Þar kom m.a. fram að takmörk yrðu sett á með hvaða hætti bandarísk yfirvöld gætu sett reglur sem hindruðu umsvif erlendra fyrirtækja í landinu. Einnig að Bandaríkin fengju heimild til að koma upp starfsemi í láglaunalöndum án þess að um það giltu bandarísk lög um lágmarkslaun. Einnig að erlend fyrirtæki gætu lögsótt bandarísk stjórnvöld ef lög um heilsufar, umhverfismál, landnýtingu og annað stönguðust á við rétt þeirra samkvæmt TPP-samningnum. Þá var ákvæði um að erlend fyrirtæki gætu krafið ríki um að greiða kostnað sem hlytist af því að undirgangast fjármálalegt eða umhverfislegt regluverk í Bandaríkjunum. Sem sagt fjölþjóðafyrirtækin áttu að fá viðurkenndan rétt sem yfirkeyrði lög viðkomandi landa.

Um 100 lögfræðingar víða um heim skrifuðu opið bréf þar sem þessi áform voru fordæmd. Hvað nákvæmlega hefur síðan hafnað í samningnum hefur ekki verið upplýst.

Mál af svipuðum toga sem hafa komið upp m.a. í El Salvador, í tengslum við „Central American Free Trade Agreement“. Þessi Mið-Ameríku-viðskiptasamningur er m.a. sagður hafa verið að hluta fyrirmynd við TPP-samningagerðina. Í El Salvador var t.d. mál þar sem almenningur krafðist þess að hætt yrði við námusamning við stórfyrirtæki vegna mengunar á grunnvatni. Í kjölfarið fór fyrirtækið í mál við ríkið og krafðist bóta um á 315 milljónir dollara samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins. Annað dæmi hefur verið nefnt af stórfyrirtækinu Bechtel sem stefndi Bólivíu vegna áætlaðs 50 milljóna dollara taps á framtíðarhagnaði. Þá var fyrirtækið aðeins búið að fjárfesta fyrir 1 milljón dollara þegar einkavæða átti vatnsveitur í landinu. Tugir mála af svipuðum toga hafa sprottið upp út af þessum fríverslunarsamningi og hafa fréttaveitur á borð við Bloomberg m.a. fjallað um slík mál.

### *Snýst um niðurfellingu eða lækkun á 18 þúsund tollflokkum*

TPP-samningurinn er í 30 köflum og inniheldur afnám og lækkun tolla á um 18 þúsund tollflokkum í iðnaði og landbúnaði, þar á meðal á textílvörum og fatnaði. Nákvæm útlistun samningsins hefur enn ekki verið gefin út en hann tekur m.a. á þjónustu og afurðum fjármálastofnana. Þá eru einnig ákvæði um frjálst flæði netupplýsinga og stafrænna gagna. Sömuleiðis er gert samkomulag um vörumerki, einkaleyfi og aðrar huglægar eignir á samningssvæðinu. Þar fellur líka undir sérstakar leyfisveitingar í lyfjaiðnaði og skilgreiningar varðandi vinnuafl og aðbúnaðarreglur. Ágreiningur var þó uppi um viðskipti með mjólkurvörur, bíla og lyf allt fram á síðasta dag samningaviðræðnanna.




**Aðildarríkin 12 að Trans-Pacific Partnership (TPP) fríverslunarsamningnum.**

### *Væntingar um verulega aukna framleiðslu og viðskipti*

Haft er eftir Alan Bollard, forstjóra Asia-Pacific Economic Cooperation group, á sjónvarpsstöðinni Fox News, að þessi fríverslunarsamningur gæti orðið virkur jafnvel þótt hann yrði ekki samþykktur í öllum 12 löndunum. Spáð er að samningurinn muni leiða til aukinnar framleiðslu að virði 285 milljarða dollara árið 2025 og aukins útflutnings aðildarríkjanna upp á 440 milljarða dollara. Er því spáð að Víetnam muni njóta mestrar hlutfallslegrar aukningar í vergri þjóðarframleiðslu (GDP) en mestan hag af þessum samningi hafi þó Japan. Talið er að samningurinn muni leiða til þess að Kína, sem er utan við samkomulagið, tapi nokkru af sínum viðskiptum.

Allt er þetta klætt í fallega umgjörð mannréttinda og frelsis, eins og Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, fjallaði um í lofgjörð sinni um samninginn.

Fjöldi félagasamtaka hafa mótmælt þessum samningum. Þar eru m.a. um að ræða verkalýðsfélög, hópa sem fjalla um réttindamál innflytjenda og umhverfisverndarsinna. Hafa menn gagnrýnt að samningaferlið hafi að mestu farið fram á bak við luktar dyr þar sem stórfyrirtæki hafi haft mikil tækifæri til að koma sínum hagsmunum á framfæri.



**Tim Groser, sérfræðingur í alþjóðaviðskiptum.**

### *Rottusamningur fyrir Nýja-Sjáland*

Ekki eru allir hrifnir af TPP-samningnum á Nýja-Sjálandi. Undir lok samningslotunnar áður en skrifað var undir með fyrirvara sagði forsætisráðherra Nýja-Sjálands að hvert aðildarríki samningsins gæti þurft að gera „ljótar málamiðlanir“ til að koma samningnum í gegn.

Nýsjálendingurinn Tim Groser, sem er skoskur að uppruna og talinn leiðandi sérfræðingur í alþjóðaviðskiptum og fulltrúi Nýja-Sjálands hjá Alþjóða viðskiptasamtökunum (WTO), lét eftirminnileg orð falla um það hvað samningamenn sem komu að gerð TPP-samningsins þyrftu að kokgleypa: „Þeir verða að vera reiðubúnir til að kyngja dauðum rottum.“

Mjólkuriðnaðurinn á Nýja-Sjálandi er mjög stór og eru Nýsjálendingar stærstu mjólkurvöruútflytjendur í heimi. Útflutningurinn samsvarar um 2% af heimsframleiðslunni. Þeir gerðu sér vonir um að fá aðgengi að mjög lokuðum mjólkurvörumörkuðum í Bandaríkjunum og Kanada. Þeir fá afléttingu tolla á þurrmjólk en ekki að fullu fyrr en eftir 25 ár. Í staðinn eru engir tollaafslættir á kíví sem er mikilvæg útflutningsvara á Nýja-Sjálandi.



**Andrew Hoggart, formaður Bændasamtaka Nýja-Sjálands.**

### *Setja millistærðarrottu á matseðilinn*

Andrew Hoggart, formaður Bændasamtaka Nýja-Sjálands, sagði að þessi samningur væri eins og að setja „millistærðarrottu“ á matseðilinn fyrir mjólkuriðnaðinn.

„Við fengum sannarlega ekki allt sem við vildum og urðum að svolgra samninginn í okkur vegna þjóðarhags.“

Hoggart segir að landið hafi ekki haft neina valkosti og vill því ekki skella skuldinni á samningamenn Nýja-Sjálands fyrir lélega útkomu fyrir mjólkuriðnaðinn.

„Við erum agnarlítið land og getum ekki ógnað neinum, nema kannski á rugby-vellinum.“ Telur Hoggart að samningurinn geti þrátt fyrir allt orðið landinu hagstæður. Hann segist vonast til að neytendur og skattgreiðendur víða um lönd muni standa með sínum bændum og hvetja þá til að þrauka.

### *Skiptar skoðanir um ágæti samningsins í Kanada*

Samkvæmt fréttum frá Kanada hefur ekki tekist að sannfæra alla landsmenn um ágæti TPP-samningsins. Þetta sýnir m.a. skoðanakönnun Postmedia Network. Þar töldu 33% samninginn góðan fyrir kanadískan efnahag. Þá töldu 24% samninginn slæman, en 16% töldu hann ekki skipta neinu máli og 26% voru ekki vissir.

### *Kalkúnaræktendur svartsýnir*

Kanadískir kalkúnaframleiðendur óttast um sinn hag og telja að samn-



**Talið er að milliríkjaviðskipti geti aukist verulega við gerð fríverslunarsamninga, en deilt er um þjóðfélagsleg áhrif.**



Stephen Harper, fyrrverandi forsætisráðherra Kanada, sem tapaði kosningum fyrir Justin Trudeau á þriðjudaginn, mælir með samningnum og bendir á að í honum séu ýmsir varnaglar. Meðal annars tímabundinn stuðningur við kúabændur.

ingurinn muni kosta þá vinnuna. Það eru um 500 kalkúnabú í Kanada og bara á Ontario-svæðinu eru 176 bú með 3.000 starfsmönnum sem framleiða um 40% af öllum kalkúnum í Kanada. Kanadískur kalkúnaiðnaður veltir 388 milljónum Kanadadollara.

### *Svínabændur bjartsýnir*

Á móti neikvæðum áhrifum á kalkúnaræktina fullyrtu samtök svínabænda að samningurinn muni verða hvatning fyrir 7.000 svínabændur í Kanada til að auka sína framleiðslu. Þá eru eggjaframleiðendur nokkuð bjartsýnir og fagna samningsgerðinni og telja hana geta orðið til góðs fyrir greinina.

### *Kúabændur óttast áhrifin*

Kanadískir mjólkurframleiðendur eru ekki eins bjartsýnir og óttast að missa viðskipti til annarra þjóða, einkum til Bandaríkjanna. Hin 34 ára gamla Jess Campell, kúabóndi með 50 Holstein-kýr í sunnanverðu Ontario fylki, sagði í viðtali við The Salt Lake Tribune, að tapast gæti sala á 250 milljón lítrum af mjólk.

Leiðtogi vinstrimanna í Kanada Thomas Molcaire sem er í forystu NDP finnur þessum Kyrrahafssamningi flest til hnjóðs. Stephen Harper, forsætisráðherra Kanada, mælir hins vegar með samningnum og bendir á ýmsa varnagla sem í honum eru. Hann boðar 15 milljarða dollara aðlögunargjald sem muni standa kanadískum bændum og iðnfyrirtækjum til boða næstu 15 árin. Efasemdarmenn spyrja hins vegar – hvað svo?

Bandarískir mjólkurframleiðendur hafa sótt fast að komast inn á kanadíska markaðinn, en með nýja TPP-samningnum mun væntanlega opnast leið til þess. Þeir vildu fá samning um kvóta fyrir 10% markaðshlutdeild með mjólkurafurðir, en það mun hafa verið lækkað í 3,25%. Sem sagt markaðurinn verður opnaður en þó alls ekki upp á gátt. Á móti munu yfirvöld í Kanada bjóða bændum sem verða fyrir neikvæðum áhrifum samningsins bætur upp á um 4,3 milljarða Kanadadollar (um 3,3 milljarða Bandaríkjadollara) á 15 árum. Það mun tryggja meðal mjólkurframleiðanda 165.000 Kanadadollar innkomu, eða sem svarar tæplega 2,1 dollara á kú.

Þess má geta að hlutabréf í Saputo Inc., stærsta ostaframleiðslufyrirtæki Kanada, hækkaði um 3% við tíðindin af samningnum.

### *Bandaríkjaforsetanum liggur á*

Þessi samningur er alls ekki endanlega í höfn því víða í þessum löndum hafa menn miklar áhyggjur á félagsleg og fjárhagsleg áhrif samningsins.

Ekki er t.d. talið auðvelt fyrir Obama, forseta Bandaríkjanna, að koma þessum samningi hljóðalaust í gegnum þingið, en hann snertir verulega utanríkisstefnu Bandaríkjanna. Demókratar í hans eigin stuðningsmannaröðum hafa lýst yfir efasemdum um ágæti samningsins. Óttast menn að þetta muni skaða innlenda framleiðslu og fækka störfum í Bandaríkjunum. Þingið hefur 90 daga til að skoða samninginn áður en forsetinn fær heimild til að undirrita hann. Segir Obama samninginn góðan fyrir bandarískt verkafólk og nauðsynlegan til að spyrna við kínverskum áhrifum og auka áhrif Bandaríkjanna í Asíu.

### *Fjölgar ekki störfum í Bandaríkjunum en gróði af erlendu verkafólki*

Peter Petri, prófessor í alþjóðaviðskiptum við Brandeis-háskóla, segist þó ekki telja að samningurinn leiði til þess að störfum fjölgi í Bandaríkjunum. Eigi að síður muni hann styrkja efnahag Bandaríkjanna og skapa aukatekjur upp á 77 milljarða dollara á ári eða um 0,4% þegar kemur fram á árið 2025. Það verði að mestu vegna vöruframleiðslu sem unnin verði af erlendu verkafólki. Gróðinn af því muni vega upp töpuð störf í Bandaríkjunum.

### *Lyfjafyrirtækin fá tryggingu sem hækkar lyfjaverð*

Bandarísku lyfjafyrirtækin munu fá um 8 ára tryggingu gegn samkeppni í lífefnageiranum, en ekki þau 12 ár sem þau kröfðust. Talið er að þessi hindrun muni hækka verulega lyfjaverð þannig að mörg lyf verði of dýr fyrir fólk í fátækum ríkjum.

Judit Rius Sanjuan, lögfræðilegur ráðgjafi Lækna án landamæra, segir að TPP-samningurinn muni komast í sögubækur fyrir að vera versta viðskiptasamkomulag hvað varðar aðgengi þróunarríkja að lyfjum.

### *Obama kallar eftir flýtimeðferð*

Obama leggur áherslu á flýtimeðferð í atkvæðagreiðslu þingsins, þannig að aðeins verði hægt að segja já eða nei við samningnum, í heild, en ekki tefja málið með umræðum eða atkvæðagreiðslum um einstaka liði hans. Forsetanum liggur bersýnilega talsvert á því hann verður að vera búinn að ganga frá öllum lausum endum við samninginn fyrir þingkosningar í nóvember 2016 en áður en hann hverfur úr embætti í janúar 2017.

Hvíta húsið hefur upplýst að samningurinn þýði niðurfellingu tolla við útflutning á 70% af bandarískum bílum, vélum, kjúklingum, sojabaunum og ávöxtum. Það á þá væntanlega einnig við um innflutning á sömu vörum. Eigi að síður hefur Obama lagt málið þannig upp að samningurinn opni nýja markaði fyrir bandarískar vörur.

„Á meðan 95% af okkar helstu viðskiptavinum búa utan okkar landamæra, þá getum við ekki leyft ríkjum eins og Kína að skrifa reglurnar í alþjóðaviðskiptum," sagði Obama. „Við eigum sjálf að skrifa þessar reglur, opna nýja markaði fyrir amerískar vörur og setja um leið háar kröfur til að vernda verkamenn og okkar umhverfi."

### *Verkalýðssamtök í Bandaríkjunum lýsa yfir andstöðu*

Samtök hópa verkamanna í Bandaríkjunum, eru þessu alls ekki sammála og hafa lýst vonbrigðum með samninginn og segja að hann muni valda vandræðum.

„Að flýta sér til að gera slæman samning mun ekki koma á stöðugleika í efnahag okkar verkafólks. Þetta mun ekki heldur sannfæra okkur um að við munum njóta forgangs hjá fjölþjóðlegum fyrirtækjasamsteypum," segir Richard Trumka, forstjóri AFL (American Federation of Labor and Congress of Industrial Organizations). Það eru samtök sem hafa innan sinna vébanda um 12,5 milljónir manna og eru stærstu samtök verkafólks í Bandaríkjunum. Þessi samtök og fleiri hafa bent á að reynslan af fríverslunarsamningi NAFTA sýni að fjöldi starfa hafi glatast í Bandaríkjunum.

Áhugavert verður í þessu ljósi að fylgjast með hvernig íslensk verkalýðsforysta bregst við fyrirliggjandi samningi Íslands og ESB og mögulegum öðrum nýjum fjölþjóðlegum tollasamningum. /HKr.



Obama Bandaríkjaforseti vill ekki að þingið hangsi yfir afgreiðslu samningsins.




Verkalýðsfélög í Bandaríkjunum og ýmsir aðilar, m.a. úr stuðningsliði forsetans, vara við því að anað sé út í samþykkt samnings í einhverjum flýti.




Allt að 250 þúsund manns mótmæltu áformum um TTIP fríverslunarsamning Evrópu og Bandaríkjanna á mótmælafundi í Berlín um fyrri helgi. Mynd / EurActiv

# 250.000 mótmæltu TTIP-samningi Evrópu og Bandaríkjanna

**Evrópusambandið hefur átt í viðræðum við Bandaríkin um fríverslunarsamning sem kallaður er Transatlantic Trade and Investment Partnership (TTIP). Talið er að hann hafi enn meiri áhrif en Trans-Pacific Partnership (TPP).**

Þetta snýst um að opna aðgengi fyrirtækja að 800 milljóna manna markaði með tollalækkunum og tollaafnámi. Samningaviðræður hófust 2013 og ráðgert er að þeim ljúki 2016. Þá hangir líka á spýtunni ýmsar reglur um eins konar friðhelgi fyrirtækja til að sinna starfsemi sinni jafnvel þó hún gangi þvert á núgildandi landslög í viðskiptaríkjunum. Fyrirtækjasamsteypur vonast til að nýr fríverslunarsamningur geti skilað 100 milljörðum dollara í auknum viðskiptum beggja vegna Atlantsála.

Í þessum samningaviðræðum keyra bandarísk stórfyrirtæki á borð við Monsanto hart fram sína stefnu. Það þýðir að ESB yrði m.a. að slá verulega af andstöðu sinni við erfðabreytta landbúnaðarframleiðslu.

Talið er að allt að 250 þúsund manns hafi mótmælt þessu samningaferli í Berlín laugardaginn 17. október sl. og mikill fjöldi í öðrum borgum Þýskalands og víðar. „Þetta eru mestu mótmæli sem þetta land hefur séð í mörg, mörg ár," sagði Christoph Bautz, stjórnandi „Campact"-hreyfingar fólksins.

Í frétt Reuters um mótmælin í Berlín kemur m.a. fram að fólk óttast að verið sé að útþynna alla löggjöf sem hugsuð var til að vernda almenning fyrir misbeitingu stórfyrirtækja á landbúnaði. Andstaða hefur verið að vaxa gegn þessum áformum undanfarið ár og fólk er hrætt við að drottnunarvald stórfyrirtækjanna verði innleitt í löggjöf.

Mótmælin munu hafa komið Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, í opna skjöldu. Sigmar Gabriel efnahagsráðherra lét birta heilsíðuauglýsingar í fjölda þýskra dagblaða sama dag og mótmælin fóru fram, þar sem hann varaði við óttaváðingu gegn samningnum. /HKr.

## Smalamennska bænda í Færeyjum er oft við hrikalegar aðstæður:

# Smalað í mjóum þræðingum í þverhníptum björgum

**Vestfirðingurinn Magnús Ólafs Hansson, núverandi verkefnisstjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða (Atvest) með aðsetur á Patreksfirði, hefur víða komið við á sínum ferli. Hann starfaði m.a. í Færeyjum um tíma.**

Bændablaðinu lék forvitni á að vita um hvernig hafi staðið á Færeyjaferð hans og hvort hann hafi þá kynnst færeyskum bændum og smalamennsku í eyjunum. Þar eru aðstæður nefnilega oft hrikalegar þar sem féð gengur gjarnan í þverhnípt björg með ólgandi brimið fyrir neðan.

Magnús segir að för hans til Færeyja hafi komið þannig til að hann hafi ráðið sig sem knattspyrnuþjálfara til Færeyja vorið 1981.

„Þar var ég við þjálfun í tvö ár. Seinna árið mitt var ég aðstoðarlandsliðsþjálfari Færeyja en góðvinur minn Björn Árnason, var þá aðalþjálfari.

*Smalað í snarbröttum fjöllum*

„Ég gerði mér far um að ferðast til flestra eyja sem voru í byggð meðan ég bjó þarna.

Aðstæður fyrir leitarmenn í Færeyjum eru hins vegar gjörólíkar því sem við eigum að venjast. Fjöllin snarbrött og féð rekið í eyjar sem ekki er búið í og fer féð mjög gjarna í þræðingana í björgunum eins og í Grænuskörðum í Stóra-Dímon.

Einu sinni fór ég í réttir og voru þær að mér fannst á svipuðum nótum og hér heima. Réttarpeli var hafður um hönd en þó ekki í líkingu við okkar íslenska sið. Hins vegar var drukkinn færeyskur bjór.

Boðið var upp á nýslátrað með kjötsúpu fyrir þá sem mættu á staðinn. Ekki man ég eftir að menn rifust, hins vegar kættust menn og konur í réttunum.



Þurrkað lambakjöt, skerpukjöt.

Færeyingar nýta nánast allt af sauðfénu. Gert er slátur, sviðnir hausar og lappir, unnið úr ullinni og kjötið verkað á ýmsa vegu. Mér fannst t.d. þurrkað lambakjöt, skerpukjöt virkilega góður matur.“

*Misjafn er smekkur*

„Sjálfsagt má þó deila um matarsmekk manna en blaðamaður Bændablaðsins fékk einnig að upplifa menningu Færeyinga fyrir nokkrum árum. Var þá að sjálfsögðu boðið upp á skerpukjöt. Það er sannarlega mjög sérstakt, en verkunin á því mun þó vera nokkuð mismunandi og spurning hversu mikið hefur slegið í kjötið áður en það er fullverkað. Sennilega smellur smekkur blaðamanns og Magnúsar þó ekki alveg saman þegar kemur að neyslu á skerpukjöti. Eitt erum við þó örugglega sammála um, að Færeyingar séu einstaklega gott fólk heim að sækja. Einnig að ólíklegt er að finna megi gestrisnari þjóð á þessari jörð.

*Mikill hluti Færeyja er háslétta*

Magnús segir að Vogey, Straumey, Austurey og flestar Norðureyjarnar séu eitt meginland að heita megi, háslétta, tindum settar og skornar dölum, þröngum fjörðum og sundum.

„Nokkrar eyjar eru umhverfis þetta meginland. Allmiklu sunnar er svo Sandey, og fylgja henni smáeyjarnar Skúfey, Stóra-Dímun og Litla-Dímun. Loks er Suðurey, þriðja meginlandið, ef svo má komast að orði.

Mikill hluti Færeyja er háslétta, þröngir firðir, sund og dalir, sem skriðjöklar ísaldar hafa grafið. Meðalhæð eyjanna er rúmir 300 metrar yfir sjávarmál. Fjöll eru mörg, en óvíða hærri en 600–800 metrar. Hæsta fjall á eyjunum er Slættaratindur, 882 metrar. Hraun eru engin í Færeyjum, ólíkt Íslandi, enda langt síðan jarðeldar voru þar að verki. Jarðhiti er enginn. Þó er ein volg uppsprettulind, heilsulind, hjálparlind, óskalind, Varmakelda á Austurey.

Dýralíf er fábreytt í Færeyjum eins og við er að búast vegna legu landsins, smæðar þess og fábreytilegs gróðurlífs. Húsdýr Færeyinga eru nautgripir, sauðfé, hestar, hænsni, hundar og kettir.“

Jóhannes skáld úr Kötlum orti kvæði um Færeyjar sem heitir „Góðra vina fundur “. Hér er upphaf þess kvæðis:

*Logn var yfir ljósu sundi,*
*lýru bar við strönd.*
*Fögur voru í sólskininu*
*Færeyjalönd.*

/H.Kr.



Svona er féð gjarnan flutt milli gjáa og einnig er það látið síga niður í fjöru þar sem þær eru settar beint um borð báta. Myndir / MÓH



Þessi mynd er frá Stóra-Dímun. Þarna fer féð í Grænuskörð í björgunum.



Magnús Ólafs Hansson.



Litla-Dímun þar sem fé er mjög gjarna haft á beit. Svolítið hátt niður víða. Féð er híft upp á vorin og niður á haustin.



Ríflega 250 hektarar af ræktanlegu landi fara undir steypu og malbik í löndum ESB á hverjum degi vegna stækkunar borga.



Það hvessir stundum í smalamennsku í Færeyjum.

Til gamans sendi Magnús Bændablaðinu kveðju á færeysku sem þáverandi íslenskur konsúll, Poul Mohr, í Færeyjum sendi til Ísafjarðar á sínum tíma.

***Ísafjörður sumardag***

*Ísafjörður sumardag er fríður á at líta;*
*sólin silvrar fagurliga fannafjallið hvíta.*
*Láta har í dalinum hátt ritur ovurkátar –*
*flúgva upp og skjóta niður – kava millum bátar.*

*Uttan fyri oyruna teir vökru fransar liggja –*
*snotiligar Fraklands garpar knörrir sínar byggja,*
*og teir svimja yvir sjógv sum oknirnar tær löttu –*
*nígja kurteisliga fyri bylgjuni bröttu.*

*<<Vive la France, la belle France,>> vínlandið várt hitt glaða,*
*hjálpir okkum notre Dame – ger havið ongan skaða. –*
*Uppi undir ísinum vit um Bretagne syngja –*
*og vit hoyra allar Paimpols kirkjuklokkur ringja.*

*Og um ei teir síggja aftur Frakklands fríðu flötur –*
*trúliga teir hava slóðað yngri ættum götur. –*
*Glaðir bera teir og tey har heima Frakklands byrði,*
*Myrkur ljóðar songurin um borð á Ísafirði.*

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is




6 x 7 mm
Krossbandakeðja
Ferkantakeðja


10 - 11,5 mm
Mottukeðja


8 - 8 mm
Krossbandakeðja
Ferkantakeðja


8 - 16 mm
Krossbandakeðja
Gaddakeðja


5 mm
Léttkeðja


8 - 9,5 mm
Krossbandakeðja
Gaddakeðja


8 mm
Krossbandakeðja


Ferkantakeðja


8 mm
Þverbandakeðja


8 mm
Zik-zak keðja

# FRAMÚRSKARANDI KEÐJUR

**Keðjurnar eru til í mörgum gerðum og í öllum mögulegum stærðum á allar gerðir dráttarvéla, vinnuvéla, lyftara og vöru- og flutningabifreiða**



- Léttkeðjur
- Krossbandakeðjur
- Þverbandakeðjur
- Zik-zak keðjur
- Mottukeðjur

## ER GAMLA KEÐJAN Í LAGI?

**KEÐJUVIÐGERÐAREFNI OG KEÐJUTANGIR**

**Eigum til afgreiðslu keðjuviðgerðarefni**

**Hlekkir • Keðjulásar • Krækjur • Krókar**

TRYGG
Nøsted Kjetting a.s



VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture ltd.
www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



www.n1.is facebook.com/enneinn

# Þú færð vetrardekkin hjá okkur

MICHELIN Quality Dealer 2015



**Grípandi munstur**

Michelin Alpin A5
er mikið skorið, naglalaust
og endist þér aukavetur.

COOPER TIRES



**Hörkugrip án nagla**

Cooper SA2
er óneglanlegt og míkróskorið
fyrir mýkri vetrarakstur.

KUMHO TYRES



**Öruggt og neglanlegt**

Kumho WI31
mikið skorið og frábært
í hálku sem snjó.

ÍSLENSKA SIA.IS ENN 76340 10/15

N1 bílaþjónusta
s. 440 1120

N1 verslun
Akureyri s. 440 1420 • Höfn s. 478 1940 • Klettagarðar s. 440 1330 • Ólafsvík s. 436 1581 • Reyðarfjörður s. 474 1293

N1

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrun.hulda.palsdottir@gmail.com



## Uppskeruhátíð í hrossarækt:

# Tíu hrossaræktarbú verða heiðruð á ráðstefnunni Hrossarækt 2015

**Tíu hrossaræktarbú voru tilnefnd til árlegrar heiðursviðurkenningar Bændasamtaka Íslands, ræktunarbú ársins.**

Valið stóð á milli 53 búa sem náð höfðu athyglisverðum árangri á árinu. Aðstandendur hrossaræktarbúanna munu hljóta viðurkenningar á ráðstefnunni Hrossarækt 2015 sem haldin verður í Samskipahöllinni í Spretti laugardaginn 7. nóvember næstkomandi.

## Brautarholt

Brautarholt er tómstundajörð á sunnanverðu Snæfellsnesi þar sem bræðurnir Björn, Snorri og Þrándur Kristjánssynir stunda hrossarækt. Ræktunin byggir að stærstum hluta á heiðursverðlaunahryssunni Öskju frá Miðsitju og dætrum hennar. Alls voru fjögur hross sýnd frá búinu í ár og var meðalaldur þeirra 5,75 ár. Meðalaðaleinkunn þeirra reyndist 8,14. Hæst dæmda hross frá Brautarholti í ár er næstyngsta afkvæmi Öskju, Arða, en hún hlaut 8,25 í aðaleinkunn, 7,98 fyrir sköpulag og 8,43 fyrir kosti.



Drösull frá Brautarholti undan Krák frá Blesastöðum 1A og Öldu frá Brautarholti. Hann hlaut einkunnina 9,5 fyrir tölt og stökk. Knapi er Árni Björn Pálsson. Mynd / Hólmfríður Birna Björnsdóttir

| Brautarholt | Fæðingarnúmer | Nafn | Sköpulag | Kostir | Aðaleinkunn |
|---|---|---|---|---|---|
| | IS2008237637 | Arða | 7.98 | 8.43 | 8.25 |
| | IS2009137637 | Draupnir | 8.08 | 8.06 | 8.07 |
| | IS2010137637 | Drösull | 7.93 | 8.4 | 8.21 |
| | IS2010237637 | Aska | 8.25 | 7.88 | 8.03 |

## Flagbjarnarholt

Feðgarnir Bragi Guðmundsson og Sveinbjörn Bragason rækta hross kennd við Flagbjarnarholt í Landsveit. Ræktunin byggir að mestu leyti á hryssunni Surtsey frá Feti. Alls voru 5 hross sýnd frá búinu í ár og var meðalaldur þeirra 5,2 ár. Meðalaðaleinkunn sýndra hrossa var 8,09. Hæst dæmda hross frá búinu er Nagli frá Flagbjarnarholti, en hann hlaut 8,39 í aðaleinkunn, 7,91 fyrir sköpulag og 8,70 fyrir kosti. Þetta er í annað sinn sem Flagbjarnarholt hlýtur tilnefningu Bændasamtakanna en það hlaut einnig tilnefningu í fyrra.



Þórey frá Flagbjarnarholti undan Surtsey frá Feti og Oliver frá Kvistum. Knapi er Árni Björn Pálsson.

| Flagbjarnarholt | Fæðingarnúmer | Nafn | Sköpulag | Kostir | Aðaleinkunn |
|---|---|---|---|---|---|
| | IS2008186651 | Nagli | 7.91 | 8.7 | 8.39 |
| | IS2009286654 | Straumey | 8.28 | 8.19 | 8.22 |
| | IS2010286651 | Þórey | 8.07 | 8.17 | 8.13 |
| | IS2011286653 | Freisting | 8.58 | 7.38 | 7.86 |
| | IS2011286654 | Glóey | 8.33 | 7.51 | 7.84 |

## Ketilsstaðir Syðri-Gegnishólar

Olil Amble og Bergur Jónsson eiga og reka ræktunarbúið Ketilsstaði/Syðri-Gegnishóla í Flóahreppi. Í ár hlutu 14 hross frá búinu fullnaðardóm. Meðalaldur hrossanna er 4,86 ár og meðaleinkunn hrossa með fullnaðardóm 8,05. Hæst dæmda hross frá búinu er stóðhesturinn Álfarinn undan heiðursverðlaunahrossunum Keili frá Miðsitju og Álfadís frá Selfossi. Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar hefur verið valið ræktunarbú ársins tvisvar sinnum áður, árið 2010 og 2012.



Fákur frá Ketilsstöðum undan Álffinni frá Syðri-Gegnishólum og heiðursverðlaunahryssunni Framkvæmd frá Ketilsstöðum. Knapi er Bergur Jónsson.

| Ketilsstaðir/ Syðri-Gegnishólar | Fæðingarnúmer | Nafn | Sköpulag | Kostir | Aðaleinkunn |
|---|---|---|---|---|---|
| | IS2007276182 | Sena | 7.71 | 7.61 | 7.65 |
| | IS2010176173 | Tígur | 8.39 | 7.9 | 8.1 |
| | IS2010176176 | Fákur | 8.41 | 8.15 | 8.25 |
| | IS2010176189 | Stúdent | 8.17 | 8.49 | 8.36 |
| | IS2010276176 | Fylking | 7.78 | 8.28 | 8.08 |
| | IS2010276177 | Hörn | 7.76 | 7.62 | 7.68 |
| | IS2010276181 | Tesla | 7.8 | 8.08 | 7.97 |
| | IS2011176173 | Meginn | 8 | 7.75 | 7.85 |
| | IS2011176178 | Glampi | 8.18 | 7.91 | 8.02 |
| | IS2011176186 | Stefnir | 8.24 | 8.13 | 8.18 |
| | IS2011276178 | Hugrökk | 7.87 | 8.38 | 8.18 |
| | IS2011276182 | Ásbrá | 7.85 | 7.78 | 7.81 |
| | IS2009187660 | Álfarinn | 8.17 | 8.74 | 8.51 |
| | IS2011187660 | Álfgrímur | 8.44 | 7.89 | 8.11 |

## Hof I

Þorlákur Örn Bergsson ræktar hross kennd við Hof I í Öræfum. Alls komu fimm hross frá búinu til kynbótadóms árið 2015. Meðalaldur sýndra hrossa var 6 ár og meðaleinkunn hrossa með fullnaðardóm er 8,16. Þrjú af hrossunum eru undan heiðursverðlaunahryssunni Þrumu frá Hofi I og eitt þeirra er barnabarn hennar. Hæst dæmda hross frá búinu í ár er Svarthöfði sem hlaut 8,35 í aðaleinkunn, 8,11 fyrir sköpulag og 8,50 fyrir kosti.



Aldís frá Hofi I undan Þóroddi frá Þóroddsstöðum og Vöku frá Hofi I. Knapi er Hekla Katharína Kristinsdóttir.

| Hof I | Fæðingarnúmer | Nafn | Sköpulag | Kostir | Aðaleinkunn |
|---|---|---|---|---|---|
| | IS2008277785 | Birta | 7.99 | 8.02 | 8.01 |
| | IS2009277785 | Stálflís | 8.16 | 7.99 | 8.06 |
| | IS2009277788 | Aldís | 8.13 | 8.15 | 8.14 |
| | IS2009277789 | Særós | 8.07 | 8.34 | 8.23 |
| | IS2010177785 | Svarthöfði | 8.11 | 8.5 | 8.35 |

## Miðás

Ásta Berghildur Ólafsdóttir og Gísli Sveinsson rækta hross kennd við Miðás í Ásahreppi. Fimm hross voru sýnd frá búinu í ár og er meðalaldur þeirra 6,2 ár. Meðalaðaleinkunn hrossanna var 8,17. Hæst dæmda hross frá búinu í ár er Óskahringur, en hann hlaut 8,45 í aðaleinkunn, 8,24 fyrir sköpulag og 8,59 í fyrir kosti. Þetta er þriðja árið í röð sem Miðás hlýtur tilnefningu Bændasamtakanna.



Óskahringur frá Miðási er undan Hróðri frá Refsstöðum og Ósk frá Hestheimum. Hann hlaut einkunnina 9 fyrir skeið og vilja og geðslag í sumar. Knapi er Teitur Árnason. Mynd / Katla Gísladóttir

| Miðás | Fæðingarnúmer | Nafn | Sköpulag | Kostir | Aðaleinkunn |
|---|---|---|---|---|---|
| | IS2008186507 | Óskahringur | 8.24 | 8.59 | 8.45 |
| | IS2008286510 | Kveikja | 7.63 | 8.1 | 7.91 |
| | IS2008286511 | Platína | 8.29 | 8.08 | 8.16 |
| | IS2010186505 | Ópall | 8.33 | 8.28 | 8.3 |
| | IS2010286505 | Píla | 8.2 | 7.9 | 8.02 |

## Stóra-Vatnsskarð

Benedikt G. Benediktsson ræktar hross kennd við Stóra-Vatnsskarð í Skagafirði. Fjögur hross voru sýnd frá búinu í ár og er meðalaldur þeirra 6 ár. Meðaleinkunn þeirra er 8,20. Hæst dæmda hross frá búinu í ár er hryssan Hnota en hún hlaut 8,44 í aðaleinkunn, 8,15 fyrir sköpulag og 8,64 fyrir kosti. Þetta er í fyrsta sinn sem búið hlýtur tilnefningu Bændasamtakanna.



Sara frá Stóra-Vatnsskarði undan Lukku frá Stóra-Vatnsskarði og Orra frá Þúfu. Sara hlaut m.a. 9,5 fyrir fegurð í reið. Knapi hennar og eigandi er Hans Þór Hilmarsson. Mynd / Sabine Girke

| Stóra-Vatnsskarð | Fæðingarnúmer | Nafn | Sköpulag | Kostir | Aðaleinkunn |
|---|---|---|---|---|---|
| | IS2008257651 | Hnota | 8.15 | 8.64 | 8.44 |
| | IS2008257654 | Orka | 8.04 | 7.9 | 7.95 |
| | IS2010157657 | Fókus | 8.02 | 8.01 | 8.02 |
| | IS2010257651 | Sara | 8.58 | 8.28 | 8.4 |

## Torfunes

Hrossarækt Baldvins Kr. Baldvinssonar í Torfunesi hófst árið 1978 og er þetta í þriðja sinn sem þetta rótgróna bú hlýtur tilnefningu. Í ár hlutu fjögur hross fullnaðardóm. Meðalaldur hrossanna var 4,75 ár og meðalaðaleinkunn 8,08. Hæst dæmda hross frá búinu í ár er Eðall, með 8,27 í aðaleinkunn, 7,96 fyrir sköpulag og 8,47 fyrir kosti. Torfunes var á dögunum valið ræktunarbú Hrossaræktarsamtaka Eyfirðinga og Þingeyinga árið 2015.



Gullbrá frá Torfunesi undan Hróðri frá Refsstöðum og Myrkvu frá Torfunesi. Hún hlaut 8,40 fyrir byggingu, þar af 9,5 fyrir höfuð. Mynd/Hermann Bárðarson

| Torfunes | Fæðingarnúmer | Nafn | Sköpulag | Kostir | Aðaleinkunn |
|---|---|---|---|---|---|
| | IS2010166206 | Eðall | 7.96 | 8.47 | 8.27 |
| | IS2010266210 | Frigg | 8.34 | 7.73 | 7.98 |
| | IS2010266211 | Gullbrá | 8.48 | 7.85 | 8.1 |
| | IS2011166211 | Mozart | 8.16 | 7.84 | 7.97 |

## Þóroddsstaðir

Ræktunin að Þóroddsstöðum er gamalkunn en ræktunin er nú einkum í höndum feðganna Bjarna Þorkelssonar og Bjarna Bjarnasonar. Í ár voru fimm hross sýnd frá búinu og var meðalaldur þeirra 6,4 ár. Meðalaðaleinkunn hrossanna var 8,27. Þar á meðal var hæst dæmdi 4 vetra hross ársins, Trausti. Hæst dæmda hross frá búinu í ár er Hnokki, með 8,59 í aðaleinkunn.



Trausti frá Þóroddsstöðum er undan Þresti frá Hvammi og Snót frá Þóroddsstöðum. Hann hlaut einkunnina 9 fyrir tölt, hægt tölt og vilja og geðslag.

| Þóroddsstaðir | Fæðingarnúmer | Nafn | Sköpulag | Kostir | Aðaleinkunn |
|---|---|---|---|---|---|
| | IS2007188805 | Hnokki | 8.13 | 8.89 | 8.59 |
| | IS2007288804 | Tinna | 7.91 | 8.3 | 8.15 |
| | IS2008188804 | Fáfnir | 8.76 | 7.97 | 8.29 |
| | IS2010188806 | Nökkvi | 8.26 | 7.66 | 7.9 |

## Þúfur

Gísli Gíslason og Mette Mannseth rækta hross kennd við Þúfur í Skagafirði. Sex hross voru sýnd frá búinu í ár og er meðalaldur þeirra 5,5 ár. Meðalaðaleinkunn hrossanna var 8,05. Hæst dæmda hross frá búinu í ár er Þögn með 8,19 í aðaleinkunn, 7,91 fyrir sköpulag og 8,38 fyrir kosti.




| Þúfur | Fæðingarnúmer | Nafn | Sköpulag | Kostir | Aðaleinkunn |
|---|---|---|---|---|---|
| | IS2008258160 | Kveðja | 7.81 | 8.1 | 7.99 |
| | IS2009258161 | Þögn | 7.91 | 8.38 | 8.19 |
| | IS2009258164 | Sif | 8.04 | 8.08 | 8.06 |
| | IS2010158160 | Stormur | 8.39 | 7.53 | 7.87 |
| | IS2010258161 | Harpa | 8.24 | 8.04 | 8.12 |
| | IS2011158160 | Pílatus | 8.11 | 8.02 | 8.06 |

## Þrjú hross með lágmörk til afkvæmaverðlauna

Gísli Gíslason og Mette Mannseth rækta hross kennd við Þúfur í Skagafirði. Sex hross voru sýnd frá búinu í ár og er meðalaldur þeirra 5,5 ár. Meðalaðaleinkunn hrossanna var 8,05. Hæst dæmda hross frá búinu í ár er Þögn með 8,19 í aðaleinkunn, 7,91 fyrir sköpulag og 8,38 fyrir kosti.



Álffinnur frá Syðri-Gegnishólum hlaut lágmark til 1. verðlauna fyrir afkvæmi í ár. Hann er aðeins 8 vetra gamall en meðalaðaleinkunn dæmdra afkvæma hans er 8,06. Knapi er Olil Amble.

## Ytra-Vallholt

Að Ytra-Vallholti í Skagafirði stunda Björn Grétar Friðriksson og Harpa H. Hafsteinsdóttir hrossarækt. Í ár voru fjögur hross frá búinu sýnd, en meðalaldur þeirra var 6 ár. Meðalaðaleinkunn hrossanna var 8,21. Hæst dæmda hross frá búinu í ár er stóðhesturinn Hlekkur með 8,42 í aðaleinkunn, 8,24 fyrir sköpulag og 8,54 fyrir kosti. Þetta er í annað sinn sem Ytra-Vallholt hlýtur tilnefningu Bændasamtakanna.



Stóðhesturinn Hlekkur, 5 vetra, undan Arnoddi frá Auðsholtshjáleigu og Gnótt frá Ytra-Vallholti. Hlekkur hlaut 8,54 fyrir kosti og einkunnina 9 fyrir vilja og geðslag.
Mynd/Harpa Hafsteinsdóttir

| Ytra-Vallholt | Fæðingarnúmer | Nafn | Sköpulag | Kostir | Aðaleinkunn |
|---|---|---|---|---|---|
| | IS2008257591 | Komma | 8.11 | 8.25 | 8.19 |
| | IS2009257591 | Kátína | 8.07 | 8.46 | 8.31 |
| | IS2009257593 | Hafrún | 7.96 | 7.85 | 7.9 |
| | IS2010157593 | Hlekkur | 8.24 | 8.54 | 8.42 |









# Sýklalyfjanotkun í landbúnaði keyrir úr hófi

## – íslenskir og norskir bændur nota minnst allra af sýklalyfjum í sinni búvöruframleiðslu

**Ofnotkun og röng notkun sýklalyfja hefur leitt til ískyggilegrar aukningar sýklalyfjaónæmis á heimsvísu. Nú er svo komið að þjóðir heims verða að snúa bökum saman og sporna gegn óhóflegri notkun sýklalyfja, bæði í menn og dýr. Norðurlandaráð hefur tekið slaginn í umræðunni um sýklalyfjanotkun en nýlega ályktaði Norræna ráðherranefndin um vandann. Í síðustu viku sendu formenn norrænna bændasamtaka frá sér yfirlýsingu þar sem þeir skora eindregið á ráðherrana að beina því til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að ekki skuli leyfa notkun sýklalyfja í sjúkdómsvarnaskyni í tillögum um dýralyf og lyfjablandað fóður. Þetta er mikilvægt skref til þess að tryggja ábyrga notkun sýklalyfja í framtíðinni að mati bændahreyfinga á Norðurlöndum.**

### *Sextíu sinnum meiri sýklalyfjanotkun á Spáni en á Íslandi*

Glæný skýrsla frá Lyfjastofnun Evrópu (EMA) um sölu á sýklalyfjum sem notuð eru í dýraeldi sýnir hvað vandinn er útbreiddur. Gögnin eiga við um árið 2013 en skýrslan er sú fimmta í röðinni sem metur umfang sýklalyfjanotkunar í 26 löndum Evrópu. Þrátt fyrir að bannað sé að nota sýklalyf sem vaxtarhvetjandi meðul í landbúnaði í Evrópu er ljóst að ekki er farið eftir settum reglum. Noregur og Ísland eru þær þjóðir sem koma best út úr öllum samanburði í þessum efnum með sáralitla notkun sýklalyfja í landbúnaði. Ríki eins og Spánn, Ítalía, Ungverjaland, Portúgal og Þýskaland koma illa út. Á Spáni er notkun sýklalyfja sextíuföld miðað við það sem hér gerist (búið að reikna notkunina miðað við ákveðið magn lífmassa dýra). Breytileikinn er mikill milli landa en hann er meðal annars skýrður frá misjafnri samsetningu búskapar í löndunum (t.d. getur verið hlutfallslega meira af svínum en nautgripum á milli landa). Einnig eru skammtar misjafnir eftir búfjártegundum og lengd lyfjameðferða getur verið mismunandi. Þessar ástæður skýra þó ekki muninn nema að litlu leyti.

Góðu fréttirnar við nýja skýrslu EMA eru þær að sýklalyfjanotkun hefur minnkað hjá flestum þjóðum í Evrópu á síðustu árum. Hjá 23 Evrópuþjóðum minnkaði sala sýklalyfja sem notuð eru í landbúnaði um 7,9% á árabilinu 2011 til 2013.




**Sala á sýklalyfjum sem notuð eru í dýr til matvælaframleiðslu árið 2013. Norðurlandaþjóðirnar koma vel út í samanburði við lönd sunnar í Evrópu. Augljóst þykir að í löndum þar sem notkunin er hvað mest er farið á svig við bann við notkun sýklalyfja sem vaxtarhvetjandi meðals.**

### *Sýklalyfjaónæmi ógnar heilsu manna*

Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir Sýklafræðideildar Landspítalans, hefur sagt í viðtölum hér í Bændablaðinu að sýklalyfjaónæmi ógni heilsufari manna verulega. Víða erlendis séu sýklalyf notuð sem vaxtarhvatar í landbúnaði og slíkt sé viðsjárvert. Eins og fram kom að ofan er slíkt bannað í Evrópu en í Bandaríkjunum er almennt leyfilegt að nota sýklalyfin með þessum hætti. Talið er að um 80% allra sýklalyfja í Bandaríkjunum séu notuð í landbúnaði.

### *Stórbúskapur skapar hættu*

Karl hélt erindi nú nýlega á fundi Evrópsku sóttvarnarmiðstöðvarinnar (ECDC), þar sem meðal annars var fjallað um sýklalyfjaónæmi. Þar gerði hann stóraukna kjötframleiðslu á stórbúum að umtalsefni. Til að mæta eftirspurn eftir kjöti væri sú leið farin, illu heilli, að verksmiðjubúleysa af hefðbundinn landbúnað um víða veröld. Það væri mikið notað af sýklalyfjum til að auka vaxtarhraðann. Dreifing mykju er orðin að meiri háttar vandamáli þar sem bakteríum er dreift yfir stór svæði sem veldur mengun sem getur borist í grunnvatn. Stærsti vandinn væri á þéttbýlum svæðum þar sem fyrirsjáanlegur skortur er á hreinu og ómenguðu vatni. Þar geta faraldrar borist hratt út.




**Innflutt kjöt eftir upprunalandi árið 2014, hlutfall af heild.**

**Rúmur helmingur alls kjöts sem fluttur er til Íslands kom frá Þýskalandi árið 2014. Á eftir kemur Danmörk með 22,1% markaðshlutdeild og Spánn er í þriðja sæti með 8,5% af heildarinnflutningi.** Heimild: Hagstofa Íslands

### *Hvað er til ráða?*

Karl hefur haldið því fram að eftirlit með sýklalyfjaónæmum bakteríum þurfi að auka til muna. Auka þarf rannsóknir og beita skimunum meira en gert er, bæði á dýrum, matvöru og heilbrigðum mönnum. Með því að skima með skipulögðum hætti má koma í veg fyrir sýkingar og útbreiðslu ónæmra sýkla. Það er t.d. vel þekkt að hætta er á bakteríusmiti við neyslu ósoðins grænmetis sem flutt er milli landa. Hér á landi þekkjum við varla þessa hættu þar sem grænmeti er ræktað með hreinu Gvendarbrunnavatni en víða um lönd er notast við endurunnið og/eða mengað vatn. Í þessu tilliti er mikilvægt að hafa upprunamerkingar á matvælum sem allra nákvæmastar og að rekjanleiki sé til staðar.

Annað sem Karl hefur talað um er að ferðamenn geta borið með sér ónæmar bakteríur. Smit geti borist með ýmsum hætti, t.d. með fólki inn á sveitabæi eða með saur úti í náttúrunni. Ekki þurfi mikið til svo smit dreifi sér. Þetta er í raun stórmál sem hefur stækkað á síðustu tíu árum. Ekki er einungis um að ræða smit frá mönnum í dýr heldur líka frá dýrum í menn. Með aukinni smitgát og skimunum sé hins vegar hægt að hægja á þróuninni og þar hafi norrænar þjóðir sýnt mikið og gott fordæmi. /TB




# Hvað er sýklalyfjaónæmi?

**Skýringarmyndin hér að ofan sýnir hvernig bakteríur geta borist frá dýrum og á matardisk neytenda. Dýrum eru gefin sýklalyf sem drepa flestar bakteríur. Ónæmar bakteríur lifa hins vegar af og geta gert mikinn óskunda. Þær geta borist beint í dýraafurðir eins og t.d. kjöt. Ef ónæmar bakteríur berast í grunnvatn eða jarðveg er hætta á að gróður verði fyrir mengun. Matvæli geta líka smitast á menguðu yfirborði, eins og skurðarbrettum. Bakteríur geta auðveldlega borist með búfjárúrgangi.**

Sýklalyf eru lyf sem geta eytt eða hindrað útbreiðslu baktería til að lækna sýkingar í fólki, dýrum og stundum einnig plöntum. Sýklalyf eru lyf sem nota á við sýkingum af völdum baktería. Ekki eru öll sýklalyf virk gegn öllum bakteríum. Til eru yfir 15 mismunandi flokkar sýklalyfja sem eru ólíkir hver öðrum að efnafræðilegri byggingu og virkni gegn bakteríum. Sýklalyf geta virkað gegn aðeins einni tegund baktería eða mörgum.

Bakteríur teljast ónæmar gegn sýklalyfjum þegar ákveðin sýklalyf geta ekki lengur eytt þeim eða hindrað útbreiðslu þeirra. Sumar bakteríur búa yfir náttúrulegu ónæmi gegn ákveðnum sýklalyfjum (innra eða eðlislægu ónæmi). Það sem er meira áhyggjuefni er þegar sumar bakteríur sem sýklalyf hafa venjulega áhrif á byggja upp ónæmi vegna erfðafræðilegra breytinga (áunnið ónæmi). Ónæmar bakteríur þrífast þá þrátt fyrir inngjöf sýklalyfja og halda áfram að fjölga sér og valda þannig lengri veikindum eða jafnvel dauða. Sýkingar af völdum ónæmra sýkla geta útheimt meiri umönnun og einnig önnur og dýrari sýklalyf sem geta haft í för með sér alvarlegri aukaverkanir.

*Heimild: Sóttvarnastofnun ESB, ECDC*

# Norrænir bændur vilja banna notkun sýklalyfja í sjúkdómsvarnarskyni

**Heilbrigðisráðherrar og matvæla- og landbúnaðarráðherrar aðildarlanda Norrænu ráðherranefndarinnar gáfu út sameiginlega yfirlýsingu í september sl. sem á að efla samstarf Norðurlanda um sýklalyfjaónæmi og gera löndunum kleift að tala einum rómi út á við, til dæmis í Evrópusambandinu.**

Meðal annars koma Norðurlöndin á fót stefnumótunarhópi sem á að efla samstarf Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi þvert á landamæri og fagsvið. Markmiðið er að notkun sýklalyfja verði minni á Norðurlöndum en annars staðar í Evrópu.

Í kjölfarið á yfirlýsingu ráðherranna sendu norrænir bændur eftirfarandi ályktun til ráðherra heilbrigðismála, matvæla- og landbúnaðarmála á Norðurlöndunum og til Norðurlandaráðsins í síðustu viku:

„Við fögnum sameiginlegri yfirlýsingu ráðherra heilbrigðismála, matvæla- og landbúnaðarmála um sýklalyfjaónæmi frá aðildarríkjum Norrænu ráðherranefndarinnar. Sameiginleg rödd Norðurlandanna innan ESB og EES hefur mikið vægi.



**Forkólfar norrænna bændahreyfinga. Frá vinstri: Lars Petter Bartnes, Sindri Sigurgeirsson, Helena Jonsson, Juha Marttila og Martin Merrild.** Mynd / TB

### *Mjög breytileg notkun sýklalyfja í búfjárrækt í Evrópu*

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur boðað tillögur að lögum um dýralyf og lyfjablandað dýrafóður. Í tillögunum er lögð áhersla á að bæta aðgengi að dýralyfjum með því að efla innri markað, en einnig er fjallað um þá lýðheilsuáhættu sem felst í þoli gegn sýklalyfjum. Það er mikið áhyggjuefni fyrir Norðurlöndin að sjá að tillagan gerir enn ráð fyrir notkun sýklalyfja í forvarnaskyni gegn sjúkdómum, sem þýðir að enn verður leyfilegt að meðhöndla dýrahópa sem ekki hafa verið sjúkdómsgreindir eða sýna engin merki sjúkdóma. Notkun sýklalyfja til að fyrirbyggja sjúkdóma er ekki leyfð á Norðurlöndunum og það bann er álitið eitt mikilvægasta verkfærið til að tryggja ábyrga notkun sýklalyfja.

Lyfjastofnun Evrópu (EMA) birti nýlega ársskýrslu sína, þar sem fram kemur að notkun fúkalyfja í búfjárrækt er mjög breytileg eftir svæðum í Evrópu. Á Norðurlöndunum er notkunin umtalsvert minni en í öðrum löndum.

Misjöfn sýklalyfjanotkun á milli Evrópulanda bendir til þess að reglubundin notkun þeirra í sjúkdómsvarnaskyni tíðkist í mörgum löndum á ákveðnum tímabilum í lífi dýra.

Við hvetjum ráðherrana eindregið að beina því til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að ekki skuli leyfa notkun sýklalyfja í sjúkdómsvarnaskyni í tillögum um dýralyf og lyfjablandað fóður. Þetta er mikilvægt skref til þess að tryggja ábyrga notkun sýklalyfja í framtíðinni.

*Helena Jonsson,*
*Lantbrukarnas Riksförbund*

*Sindri Sigurgeirsson,*
*Bændasamtök Íslands*

*Juha Marttila, MTK*

*Lars Petter Bartnes,*
*Norges Bondelag*

*Martin Merrild,*
*Landbrug & Fødevarer“*

B&B Guesthouse
Á leiðinni til útlanda?
Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu
2 manna herbergi 9.900 kr
Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

friendtex
Fallegu fötin færðu hjá okkur
Pantið kynningu eða kíkið til okkar og sjáið úrvalið
Skoðið flottu fötin á friendtex.is
ATH. Breyttur opnunartími
Bonito ehf. • Friendtex • Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is
Opið mán., mið. og fös. 11:00-17:00, þri. og fim. 11:00-15:00, lokað laugardaga.

KETOGLYK
Súrdoðavörn fyrir kýr
Ketoglyk inniheldur:
- Propylenglycerol breytist í glúkósa og hækkar því blóðsykur
- Glycerin, pharma breytist mjög hratt í glúkósa, afar bragðgott
- Calciumpropionat er glúkósamyndandi efni, inniheldur kalk
- Niacinamid stýrir fituniðurbroti og örvar mjólkurframleiðslu
Fæst í 5L, 20L og 210kg einingum
ÁVINNINGUR & ÁHRIF
- Fyrirbyggir doða og dulinn doða hjá nýbærum
- Aukin mjólkurframleiðsla
- Tryggir góða lyst
- Hár blóðsykur
- Bætir frjósemi
Sölustaðir: KVH, KS, FB Fóðurblandan, Bústólpi
BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI
Egilsholti 1, 310 Borgarnesi www.kb.is, sími 430-5500 Opið virka daga 8-18, laugard. 10-14

Belgagri
Twenty-One flugnaeitur
Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt.
- Asameþífos er hraðvirkasta efnið á markaðnum
- Eina fáanlega flugnaeitrið sem má bæði úða og pensla
- Virkni í allt að 12 vikur
- Laðar skordýr að með ferómóni og löðunarefni
- Eina fáanlega efnið sem drepur við inntöku og snertingu
Sölustaðir: KVH, KS Verslunin Eyri, Bústólpi, BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI
STREYMI heildverslun
Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

## Menntun um moldina:

# „Reyndu nú að skíta þig ekki út“

**Í Aðalnámskrá grunnskóla 2013 er á nokkrum stöðum minnst á jarðveg þegar fjallað er um hæfniviðmið í náttúrufræðigreinum og „nemendur skulu eiga þess kost að uppfylla hæfniviðmið einstakra námsgreina og námssviða með mismunandi hætti“.**

„Reyndu nú að skíta þig ekki út,“ sagði mamma stundum við mig þegar ég fór út að leika mér,“ segir Ester Ýr Jónsdóttir, verkefnisstjóri NaNO við menntavísindasvið Háskóla Íslands. „Sakleysisleg athugasemd við stúlkubarn en með svona, jafnvel óméðvituðum, athugasemdum eru börn gerð afhuga moldinni. Í huga barnanna verður moldin bara drulla, þau verða skítug af henni og í henni lifa pöddur, hún er frekar ógeðsleg.“



Ester Ýr Jónsdóttir, verkefnisstjóri NaNO á Íslandi.



Jarðvegur býður upp á ýmsa möguleika í kennslustofunni.

### *Mikilvægi menntunar fyrir moldina*

Hæfniviðmiðunum í Aðalnámskrá grunnskóla er skipt í tvo flokka, hæfniviðmið um verklag og hæfniviðmið um viðfangsefni, að sögn Esterar.

„Í hæfniviðmiðum um verklag og ábyrgð á umhverfinu segir að við lok 4. bekkjar geti nemandi skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð. Við lok 7. bekkjar geti nemandi lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni en við lok 10. bekkjar geti nemandi skoðað og skráð atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis, í framhaldi tekið virkan þátt í gagnrýnni umfjöllun um málið og gert tillögur um aðgerðir til bóta.

Í hæfniviðmiðum um viðfangsefni og það að búa á Jörðinni segir að við lok 4. bekkjar geti nemandi tekið þátt í og sagt frá einföldum athugunum á jarðvegi, veðrun og rofi. Við lok 7. bekkjar geti nemandi framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himingeimnum, einnig útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist. Við lok 10. bekkjar geti nemandi útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu. Í hæfniviðmiðum um viðfangsefni og heilbrigði umhverfis geti nemandi við lok 7. bekkjar gert grein fyrir notkun manna á auðlindum og við lok 10. bekkjar gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun, einnig rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna.“

### *Fjölbreyttar kennsluhugmyndir*

Í tilefni af alþjóðlegu ári jarðvegs hafa Landgræðsla ríkisins, Landbúnaðarháskóli Íslands og NaNO unnið að undirbúningi námskeiðs um jarðveg fyrir starfandi kennara, áætlað er að halda námskeiðið á vorönn 2016. Í því samhengi er unnið að þýðingu námsefnis um jarðveg og talsetningu myndbands.

NaNO, Náttúruvísindi á nýrri öld, er verkefni á vegum menntavísindasviðs Háskóla Íslands sem miðar að því að efla náttúrufræðimenntun í grunn- og framhaldsskólum.

Ester segir að í námsefninu sem NaNO bjóði upp á sé að finna fjölbreyttar kennsluhugmyndir fyrir mismunandi aldurshópa og í því sé unnið þvert á hefðbundnar kennslugreinar. „Það er mikill fengur í því að fá svona vandað efni á íslensku.“

### *Meira en bara drulla*

„Moldin er meira en bara drulla, hún er heimili óteljandi lífvera, byggingarefni í vörur daglegs lífs. Jarðvegurinn síar vatn, bindur $CO_2$ og hefur því áhrif á loftslagsbreytingar. Í jarðvegi eru meira að segja örverur sem gera okkur hamingjusöm (http://www.gardeningknowhow.com/garden-how-to/soil-fertilizers/antidepressant-microbes-soil.htm). Húðin er stærsta líffæri okkar og segja má að jarðvegurinn sé „húð“ Jarðar.

Jarðvegur er allt í kringum okkur og styður við daglegt líf okkar bæði með augljósum hætti og minna sýnilegum. Líf á Jörðu væri ekki á því formi sem við þekkjum í dag ef ekki væri fyrir jarðveginn. Jarðvegurinn er líflína okkar inn í framtíðina.

Jarðvegurinn er mikilvægur lífi okkar, búum til drullukökur, skoðum fjölbreyttan jarðveg, ræktum grænmeti og eflum þannig tengsl okkar og komandi kynslóða við jarðveginn. Komum saman út og leikum okkur með moldina,“ segir Ester Ýr Jónsdóttir verkefnisstjóri. */VH*



## Matvælaöryggi:

# Skordýr sem matvæli

**Aukinn áhugi er á neyslu og markaðssetningu skordýra í Evrópu og öðrum þróuðum ríkjum þar sem ekki hefur verið venja að neyta þeirra.**

Í mörgum öðrum heimshlutum hafa skordýr hins vegar verið notuð sem matvæli um langan tíma og eru um 1.500 tegundir skordýra þekktar sem neysluvara. Má þar nefna maura, bjöllur, mölflugur og krybbur. Einhver neysla ákveðinna tegunda skordýra þekkist þó í mjög litlu magni í nokkrum ríkjum Evrópusambandsins. Sem dæmi má nefna bjöllusúpu í Frakklandi og Þýskalandi, ost sem inniheldur flugulirfur á Sardiníu og ákveðinn hluti mölflugu sem þykir lostæti á Ítalíu.

Í frétt á heimasíðu Matvælastofnunar segir að skordýr séu góð og sjálfbær uppspretta næringarefna og próteina og er notkun skordýra sem matvæli og fóður talin vera jákvæð fyrir umhverfi, efnahag og fæðuöryggi. Skordýr þykja því vera mjög áhugaverður kostur fyrir matvælaiðnaðinn.

### *Markaðssetning skordýra í ESB háð leyfi*

Markaðssetning skordýra er háð ströngum skilyrðum í Evrópusambandinu og flokkast þau sem nýfæði. Skilgreiningin á nýfæði eru matvæli sem ekki voru hefðbundin neysluvara í ríkjum Evrópusambandsins fyrir 15. maí 1997 þegar reglugerð nr. 258/97 um nýfæði tók gildi. Þetta eru til dæmis matvæli sem framleidd eru með nýjum aðferðum, matvæli sem hafa nýstárlegu hlutverki að gegna í mataræði eða matvæli sem ekki hafa verið á markaði á Evrópusambandssvæðinu þótt þau þekkist í öðrum heimshlutum, samanber skordýr.

Ekki er alltaf augljóst hvaða matvæli eru nýfæði og hver ekki og ekki eru til tæmandi listar yfir nýfæði. Því þarf að meta hverja matvöru fyrir sig og kanna hvort hún hafi verið á markaði í einhverju landi Evrópusambandsins fyrir 1997. Sem dæmi um nýfæði sem er áberandi á íslenskum neytendamarkaði er plantan stevía, chia-fræ og hindberja-ketónar.

Öll markaðssetning á nýfæði er háð leyfi frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Ný matvæli þurfa að standast áhættumat sem miðar fyrst og fremst að því að finna út hvort neysla matvælanna sé örugg neytandanum. Þrátt fyrir að neysla skordýra sé vel þekkt í öðrum heimshlutum en Evrópu þá eru fáar rannsóknir til sem sýna fram á öryggi skordýranna sem matvæli t.d. hvað varðar örverur og efnainnihald s.s. ofnæmisvalda. Þar sem ekki hefur verið sótt um, og þar af leiðandi ekki gefið út, neitt leyfi fyrir skordýrum sem nýfæði, þá er innflutningur, sala, markaðssetning og ræktun skordýra til matvælaframleiðslu bannaður í flestum ríkjum ESB.

Ísland hefur enn ekki innleitt reglugerð Evrópusambandsins nr. 258/97 og því eru engar sérstakar reglur um nýfæði í gildi á Íslandi. Þrátt fyrir það þurfa skordýr og annað nýfæði sem ætlað er sem matvæli, að uppfylla skilyrði matvælalaga og gildandi reglugerða á sama hátt og önnur almenn matvæli. *VH/Mast*


TRYGG
Nøsted Kjetting as
SNJÓKEÐJUR
Vertu viðbúinn vetrinum
Mest seldu snjókeðjur á Íslandi
LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR

Ísnet Húsavík s. 5 200 555
Ísnet Akureyri s. 5 200 550
Kristbjörg Ólafsfjörður s. 5 200 565
Ísnet Sauðárkrókur s. 5 200 560
Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna
ÍSFELL
www.isfell.is
Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is

SABIANA

## HITABLÁSARAR

Sabiana hitablásarar eru með sterkt stál element sem þolir hitaveituvatn.



GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

DAB

## HRINGRÁSARDÆLUR

Eigum flestar gerðir af hringrásardælum á lager.




LAGNAVERSLUN

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
LAGNADEILD@BYKO.IS,
SÍMI 515-4040.



Ólafur Magnús Ólafsson
Sölumaður lagnadeildar
S: 515 4043 / 821 4134
olafur@byko.is

BREIDD



Guðmundur Einarsson
Sölustjóri Lagnavörur
S: 515 4077 / 821 4077
gudmundur@byko

BREIDD



Ármann Hinrik Kolbeinsson
Deildarstjóri lagnadeildar
S: 460 4870
armann@byko.is

AKUREYRI

# REYNSLA OG ÞEKKING



spinder

40 ÁRA REYNSLA

## FJÓSAINNRÉTTINGAR

BYKO býður innréttingar í fjós og önnur gripahús í samstarfi við hollenska fyrirtækið **Spinder**. Í meira en 40 ár hefur **Spinder** verið leiðandi fyrirtæki í hönnun og framleiðslu á fjósainnréttingum. Allar vörur eru hannaðar og prófaðar með ströngustu gæðakröfur í huga og miða að velferð bæði dýra og manna.
Áralöng reynsla **Spinder** hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga að nánast öllum þörfum nútíma fjósa. Leitaðu tilboða og berðu saman verð og gæði.

• **BURÐARSTÍUR - BÁSAINNRÉTTINGAR - BRYNNINGARKERFI**



BREIDD

SWAANS BETON

50 ÁRA REYNSLA

## GÓLF Í GRIPAHÚS

**Swaansbeton** hefur í meira en hálfa öld framleitt gólflausnir fyrir allar gerðir gripahúsa. Gólfin frá **Swaansbeton** eru framleidd í nútímalegum verksmiðjum í Heeze og Weert í Hollandi undir ströngu gæðaeftirliti og í samræmi við reglugerðir. Hönnun gólfanna tekur mið af miklu burðarþoli, stömu en slitsterku yfirborði og auðveldri losun mykju og hlands. Hafðu samband við sölumenn BYKO og fáðu nánari upplýsingar.
**Swaansbeton** er leiðandi fyrirtæki í þróun, hönnun og framleiðslu gólfa í gripahús.

• **NAUTGRIPIR - HROSS - SVÍN - SAUÐFÉ**

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA SÉRFRÆÐINGAR OKKAR



Kai Storgaard
Sölu- og markaðssvið
S: 515 4123 / 821 4080
kai@byko.is

BREIDD



Halldór Th. W. Kristinsson
Sölu- og markaðssvið
S: 515 4187 / 821 4186
halldorthor@byko.is

BREIDD



Helgi Svanur Guðjónsson
Sölustjóri á Selfossi.
Sími: 480 4602 / 821 4041
helgis@byko.is

SELFOSSI



Stefán Erlingsson
Sölustjóri á Akureyri
S: 460 4862 / 821 4058
stefaner@byko.is

AKUREYRI

byko.is

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



Alls tóku níu nemar þátt í nemakeppni sem fram fór á Local Food-hátíðinni. Þeir mættu með sinn eigin eftirrétt fyrir fjóra og höfðu 30 mínútur til að setja upp á disk. Aron Davíðsson á Múlabergi fór með sigur af hólmi, en hér er Karen Harðardóttir hjá Bakaríinu við Brúna önnum kafin við að undirbúa girnilegan eftirrétt sinn. Á innfelldu myndinni er Brynjólfur Birkir hjá Strikinu á Akureyri sem greinilega vandar til verka. Myndir / MÞÞ

## Local food festival matarmenningarhátíð á Akureyri:

# Endurspeglar styrk Norðurlands

**Mikill fjöldi gesta lagði leið sína á sýninguna Local food í Íþróttahöllinni á Akureyri síðastliðinn laugardag, en hún var liður í matarmenningarhátíð á Norðurlandi. Tilgangur hennar var að vekja athygli á fjórðungnum og þeirri miklu matvælaframleiðslu sem þar fer fram, fjölbreyttu úrvali veitingastaða, matarmenningu og annarri framleiðslu sem tengist matvælum.**

Hátíðinni er ætlað að höfða bæði til Íslendinga og erlendra ferðamanna enda hefur áhugi aukist víða um heim á matartengdri ferðaþjónustu.

Stærsti einstaki viðburður hátíðarinnar var sýning sem fram fór í Íþróttahöllinni á Akureyri síðastliðinn laugardag, en ætlunin er að hún verði haldin annað hvert ár og taki við sýningunni Maturinn Inn sem áður var við lýði norðan heiða.

Sýningin á að endurspegla styrk Norðurlands sem stærsta matvælaframleiðslusvæði landsins.

*Spennandi keppnir*

Dagskrá sýningarinnar var fjölbreytt, en auk þess sem fyrirtæki af ýmsum stærðum og gerðum kynntu framleiðslu sína, buðu gestum að bragða á og versla á kynningarverði voru ýmsar keppnir í gangi yfir sýningardaginn. Þannig kepptu matreiðslunemar sín á milli sem og matreiðslumeistarar, kaffiþjónar helltu upp á dýrindiskaffi og almenningi gafst einnig kostur á að spreyta sig í samlokugerð.

Fjölmargir fylgdust með landsliðsmanninum Garðari Kára Garðarssyni á Strikinu á Akureyri sem ásamt fleirum keppti við Steven Edwards vinningshafa í MasterChef árið 2013, en leikar fóru svo að Garðar fór með sigur af hólmi. Garðar vann einnig í keppni milli matreiðslumeistara.

Auk sýningarinnar voru í boði fyrirlestrar sem tengdust mat og matarmenningu, farið var í heimsóknir í matvælafyrirtæki sem vinna mat úr héraði, veitingastaðir buðu upp á matseðla þar sem matur úr héraði var í aðalhlutverki og kynntar voru gamlar íslenskar hefðir í matargerð.

/MÞÞ



Harðsnúið lið frá Hamborgarabúllunni stóð vaktina á hátíðinni og grillaði hamborgara ofan í gesti. Þeir voru ekki af minni gerðinni.



Ekki ónýtt að fá smakk af úrvals nautahamborgara, sem hér er skorinn ofan í svanga gesti hátíðarinnar.









Dómarar að störfum





Hinum geðþekka Aðalsteini Bergdal er fleira til lista lagt en að leika, hann kynnti gestum og gangandi úrvals kryddjurtir úr Hrísey.



Þetta er sko nammi!



Ísinn er alltaf góður.





limtrevirnet.is




Báran - fjölnota íþróttahús, Hornafirði

# Stendur til að byggja hús?

Með því að nota límtré í burðargrindur bygginga og klæða grindurnar með Yleiningum fást afar hlýleg og falleg hús. Þau eru fljótuppsett, endingargóð og brunaþolin. Ekki skemmir fyrir að húsin frá Límtré Vírnet eru einstaklega hagkvæm í viðhaldi og rekstri.

**Ráðgjöf til viðskiptavina**

Starfsmenn okkar búa yfir áratuga reynslu við hönnun og framleiðslu húsanna.

Við framleiðum iðnaðarhús, verslunar- og skrifstofuhúsnæði, fiskvinnsluhús, vélageymslur, vöruskemmur, frystiklefa, fjós, fjárhús, hesthús, reiðhallir, vélageymslur, gróðurhús, íþróttahús, knattspyrnuhús, sundlaugar, vallarhús, tækjageymslur, íbúðarhús, bílskúra, sólstofur, gróðurhús, kirkjur o.fl.



Atvinnuhús



Landbúnaðarhús



Frístundahús

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350

**Aðalskrifstofa** - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
**Söluskrifstofa** - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
**Netfang** - sala@limtrevirnet.is

## Eitt ár frá því að sláturhúsið í Seglbúðum var tekið í notkun:

# Sjálfbær sauðfjárrækt í Skaftárhreppi

### – er nú orðin að veruleika

**Fyrir rúmlega ári síðan var lítið sláturhús tekið í notkun í Seglbúðum í Landbrotinu. Þar búa þau Þórunn Júlíusdóttir og Erlendur Björnsson og eru sauðfjárbændur með meiru. Þau segja að þau hafi í raun horft til þess að setja á fót þetta sláturhús alveg síðan Sláturfélag Suðurlands hætti rekstri hússins sem var á Kirkjubæjarklaustri fyrir rúmum tíu árum. Frá þeim tíma hafi þau þurft að fara 200 kílómetra í næsta sláturhús með sitt sláturfé.**

Leyfi er fyrir slátrun á 100 sauðfjárgripum á dag og slátrað er þrjá daga vikunnar. Algeng dagslátrun er á bilinu 50 til 80 fjár.

„Það hefur tekið dágóðan tíma að koma þessu á fót og við höfum reynt að sýna ráðdeild og sparsemi í öllum kostnaðarliðum,“ segir Erlendur. „Til dæmis eru innréttingarnar að miklu leyti endurunnar. Þá hefur eingöngu þurft að fríska upp á þær og breyta eftir þörfum. Sumt höfum við fengið fyrir lítið, annað ókeypis og sumt áttum við fyrir. Í þetta verk hefur farið mikil eigin vinna á mörgum árum, styrkir frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Bændasamtökum Íslands, Framleiðnisjóði og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu svo eitthvað sé nefnt,“ segir Erlendur um fjármögnunarhliðina.

### *Gott handverk landsliðsmanna*

Erlendur þakkar einkum góðu starfsfólki það hversu vel hafi gengið á þessu fyrsta starfsári. „Það er margt sem hefur orðið til þess að þetta hefur allt gengið vel. Fyrst verð ég þó að nefna að við erum með landsliðsmenn hér í öllum stöðum á sláturlínunni okkar, í innanúrtöku og fláningu. Þetta er ástæðan fyrir því að handverkið er svona fínt hér. Bæði voru þeir reynslumiklir frá því að sláturhúsið var starfandi hér á Kirkjubæjarklaustri, en sömuleiðis fengu þeir kennslu frá tveimur starfsmönnum gamla sláturhússins á Króksfjarðarnesi sem segja má að hafi verið í alveg sama stíl og þetta er. Það eru sex starfsmenn starfandi hér við sláturlínuna og fimm þeirra voru starfsmenn á Kirkjubæjarklaustri. Þetta eru allt sauðfjárbændur hér í sveitinni. Svo er það misjafnt eftir fjölda lamba sem er slátrað hversu margir eru við línuna hverju sinni,“ segir Erlendur, en þegar blaðamann bar að garði var slátrun 50 lamba frá Borgarfelli nýlokið og höfðu þrír menn – auk Erlends – staðið þá vakt. „Svo er hér alltaf dýralæknir auðvitað, sem kemur frá Selfossi,“ bætir hann við og ekki laust við að honum finnist það skjóta skökku við, enda sé starfandi dýralæknir á Kirkjubæjarklaustri.



Þórunn Júlíusdóttir og Erlendur Björnsson eru kát með fyrsta starfsár sláturhússins í Seglbúðum. Myndir /smh



Hægt er að fylgjast með sláturlínunni ofan frá kaffistofunni.



Hjalti Þór Júlíusson, sauðfjárbóndi og starfsmaður við sláturhúsið, og Stefán Vilhjálmsson, yfirkjötmatsmaður hjá Matvælastofnun.

### *Langt ferli að baki*

Eftir fimm ára baráttu hóf sláturhúsið starfsemi þann 4. október í fyrra. Að sögn Erlendar gekk ýmislegt á og hann telur, þegar hann horfir til baka á ferlið, að MAST hefði jafnvel mátt koma meira til móts við uppsetningu lítils sláturhúss frá grunni. „Við vorum búin að fara í ferðir til Svíþjóðar og Danmerkur að kynna okkur aðstæður og sáum þar hvernig regluverkið virtist vera töluvert rýmra fyrir lítil sláturhús en stærri.“

„Ég vona bara að allt þetta ferli skili einhverju uppbyggilegu,“ segir Erlendur, spurður um það hvað aðrir smáir áhugasamir aðilar geti lært af ferlinu hans. „Þegar ég fer af stað þá bið ég um regluverk fyrir lítið sláturhús, en það var, og er, ekki til staðar og því þurftum við að vinna eftir sömu reglum og stærri aðilar. Það þarf ekki að vera svona þung og stíf umgjörð. Að mínu mati þarf nýtt regluverk, sem gæti þá gert það raunhæfara fyrir smærri hús að rísa. Þá er ég líka og jafnvel enn frekar að tala um smærri hús en okkar er og þá með minni kostnaði. Það væru margir staðir í dreifbýlinu sem það gæti átt um – ég sé fyrir mér einn til tveir bændur, bara með sitt fé sem selja inn á lítinn markað.“

### *Afurðastöðin í Seglbúðum með hágæðavöru*

„Við rekum kjötvinnslu samhliða sláturhúsinu og vinnum líka afurðir úr lömbum sem við kaupum af bændunum sem hér láta slátra. Við kaupum væn lömb af þeim, gjarnan beint af fjalli og borgum eins hátt verð fyrir og við mögulega ráðum við. Með því að vinna vel úr vörunni og litlili skuldsetningu fáum við þann virðisauka að við teljum okkur geta gert frekar vel við starfsmenn okkar. Við reynum enn fremur að hámarka gæði afurðanna og einn liður í því er til dæmis að láta skrokkana hanga hér í þrjá sólarhringa. Samkvæmt ráðleggingum Matís er það ákjósanlegur meyrnunartími íslensks lambakjöts, því eftir þann tíma fer kjötið að rýrna.“

Þegar blaðamaður var staddur í Seglbúðum á dögunum voru hjónin nýkomin úr ævintýraferð til London, ásamt 13 öðrum smáframleiðendum, þar sem þau kynntu og seldu afurðir sínar á einum elsta og virtasta matarmarkaði í Evrópu, Borough Market. „Við erum smátt og smátt að vinna í því að byggja vörumerki upp og þátttaka í svona verkefnum er mikilvægur hluti þess,“ segir Erlendur. „Það er gaman að segja frá því að 4. október í fyrra hefjum við starfsemi hér í sláturhúsinu og kjötvinnslunni og svo 4. október í ár förum við með afurðirnar okkar út á þennan merkilega markað. En þetta snýst ekki eingöngu um að selja okkar afurðir í útlöndum, heldur er tengslamyndun mjög mikilvæg; bæði við matreiðslumenn og annað fólk í þessum geira, ekki síst aðra íslenska smáframleiðendur. Við höfum aldrei auglýst nokkuð, heldur



Regluverkið var þess valdandi að húsið er talsvert stærra en upphaflega var gert ráð fyrir.



Erlendur verkaði hangikjöt fyrir jólin í fyrra og seldi meðal annars á jólamarkaði Búrsins. Hann ætlar að endurtaka leikinn fyrir næstu jól.

höfum við fengið góða umfjöllun og aðstoð, svo ekki sé minnst á hjálp þeirra Eirnýjar [Sigurðardóttur] og Hlédísar [Sveinsdóttur] sem hafa dregið okkur með sér inn á þeirra kunnu matarmarkaði sem hafa verið haldnir á vegum Búrsins í Hörpu,“ segir Erlendur.

*Heildarhugsun um sjálfbærni*

„Við höfum verið að þróa okkur aðeins áfram í kjötvinnslu, erum með reykingu og þurrkun á kjöti og svo höfum við verið að prófa okkur dálítið áfram með pylsugerð úr ærkjöti. Bæði er það hluti af þeirri heildarhugsun um sjálfbærni á Seglbúðum sem við reynum að viðhafa í öllum okkar rekstri og eins hentar ærkjötið mjög vel til pylsugerðar,“ segir Þórunn sem nú hefur leyst Erlend af hólmi í viðtalinu. „Þá snýst þetta um að gera sem mest verðmæti úr ærkjötinu. Svo erum við auðvitað með ferskt vel hangið lambakjöt og ætlum aftur að vera með jólahangikjöt. Við erum með einstaklinga í föstum viðskiptum, en okkar stærsti viðskiptavinur hefur verið Icelandairhótelið hér á Kirkjubæjarklaustri. Þeir auglýsa það líka sérstaklega að þeir bjóði upp á kjöt frá okkur og eru með annan staðbundinn mat; Klaustursbleikju og rófur úr héraði svo ég nefni eitthvað.

Í okkar tilfelli var búið að leggja ákveðnar línur með verkefninu Sjálfbær sauðfjárrækt í Skaftárhreppi. Það gekk einfaldlega út á að nokkrir bændur hér í hreppnum vildu geta slátrað sínu fé á svæðinu í stað þess að þurfa að keyra með það tvö hundruð kílómetra á Selfoss. Það var lagt upp með að bændurnir hér myndu þá ýmist leggja hér inn í sláturhúsið eða taka það heim til eigin kjötvinnslu. Síðan hefðu þeir sjálfir atvinnu af starfsemi sláturhússins. Afurðirnar eru svo seldar hér í héraði á hótelum og veitingastöðum. Matís kom svo inn í myndina með úrvinnsluhlutann – hvernig mætti auka gæði og um leið verðmæti afurðanna. Þetta hefur nú orðið allt að veruleika, sem er frábært,“ segir Þórunn.

*Stórhuga en hógvær*

Hjónin eru stórhuga en í senn hógvær og ætla að fara sér hægt. Þau ætla að halda áfram veg sjálfbærninnar og eru með verkefni í gangi, í samvinnu við Matís og Landbúnaðarháskóla Íslands, sem miðar að því að nýta allan úrgang og sleppa þannig við urðun.

Þau eru komin með útflutningsleyfi og horfa til þess að geta einhvern tíma í framtíðinni farið að flytja út. Raunar eru þau nú þegar komin í samband við danskan matreiðslumeistara sem hefur hug á að nota Seglbúðarlamb á veisluborðum sínum. Þá ætla þau sér að taka stórgripalínu í sláturhúsinu fljótlega á næsta ári með það fyrir augum að geta farið að þjóna nágrönnum sínum á nálægum nautgripabúum og auk þess farið að geta boðið upp á bæði hágæða nauta- og lambakjöt, sérstaklega merkt Seglbúðum. /smh

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?
JÁ IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is

ALLAR ALMENNILEGAR ÖMMUR ÞURFA AÐ EIGA ÖMMUKOLL
HÚS HANDANNA ART & DESIGN



MINNINGAR ÚR FORTÍÐ OG TIL FRAMTÍÐAR. HLÝR – MJÚKUR – SÆTUR FJÁRSJÓÐUR HJÁ ÖMMU.
Endurgerð af gamla íslenska geymslukollinum fæst nú í mismunandi útfærslum. Úr Hallormsstaðalerki – sérsmíðaður | Hvíttaður með útsaumi | Fallega blár með útsaumi | Einnig ómálaður til eigin útfærslu.
SÍMI 471 2433 | Miðvangur 1-3 | 700 Egilsstaðir | facebook.com/hushandanna

REYNSLA - RANNSÓKNIR - TRAUST
Sprettur ÁBURÐUR
þakkar ykkur bændum kærlega fyrir samskiptin á tímabilinu sem er að ljúka.
Okkur hlakkar til að halda áfram að bjóða ykkur upp á gæða áburð í framtíðinni.






**Breskir vegfarendur sitja undir skilti „The Icelandic Pantry" og gæða sér á íslenskum mat á Borough-markaðnum.** Myndir / Svavar Halldórsson.

# Bretar hrifnir af íslenskum mat á Borough-markaðnum í London

**Að öðrum ólöstuðum er hægt að fullyrða að Borough-matarmarkaðurinn í hjarta Lundúna sé líklega sá þekktasti í heimi.**

Yfir hundrað sölubásar draga tugi þúsunda að í hverri viku. Markaðurinn á sér langa sögu og er nátengdur sögu og menningu borgarinnar. Í ár er haldið upp á þúsund ára afmæli markaðarins sem að sjálfsögðu hefur breyst mikið í aldanna rás. Áður var hann eins konar kaupfélag þar sem borgarbúar keyptu nauðsynjavörur af bændum og það hefur í sjálfu sér ekkert breyst í grunninn. Markaðurinn er hins vegar orðinn að allsherjar alþjóðlegri sælkeraveislu fyrir matgæðinga, veitingamenn og meðvitaða neytendur sem setja hreinleika og gæði í öndvegi.







Hópur íslenskra matvælaframleiðenda kynntu og seldu vörur sínar á Borough-markaðnum dagana 7. til 10. október. Lundúnabúum stóð til boða fjölbreytt úrval íslenskra matvæla af bestu gerð eins og bygg, lambakjöt, grafið ærkjöt, mysudrykkur, salt, kleinur, þorsklifur, súkkulaði og lífrænt lambakjöt. Ferðin var að undirlagi Sælkeraverslunarinnar Búrsins sem löngu hefur getið sér gott orð fyrir matarmarkaði í Hörpu.

Verkefnið var í samvinnu við Íslandsstofu, Markaðsráð kindakjöts og fleiri. Koma Íslendinganna vakti mikla athygli og gestir voru mjög hrifnir af þeim vörum sem voru á boðstólum.

Ýmsir frammámenn frá breskum verslunum og veitingastöðum komu við og smökkuðu og þegar eru í burðarliðnum viðskiptasambönd sem gætu skipt íslensku framleiðendurna sköpum. Þá vakti íslenski hluti markaðarins mikla athygli í fjölmiðlum ytra, en fjölmargar vefsíður sem fjalla um mat, matarbloggarar, útvarpsþættir, ferðavefsíður og bæði matar- og ferðatímarit hafa fjallað um íslenska matinn og framleiðendurna á Borough. Stóru dagblöðin voru engir eftirbátar og t.d. var góð umfjöllun í Guardian. Nokkrum sinnum var fjallað um viðburðinn í breska ríkisútvarpinu BBC, bæði í útvarpi og í matartengdum þáttum og vefsíðum. Nú er bara að bíða og sjá hvort íslenska lambið birtist ekki bráðum í sjónvarpsþætti hjá Jamie Oliver. Hann ætti alla vega að vita af því núna! /SH

# BÆNDAFUNDIR

## SLÁTURFÉLAGS SUÐURLANDS

Fræðslufundir um kjarnfóður og áburð með skemmtilegu ívafi

Sláturfélag Suðurlands býður til bændafunda í samvinnu við DLG og YARA þar sem í boði eru fræðsluerindi um fóðrun og áburð.

Fundirnir verða haldnir frá **kl. 20:30 – 23:00**

**Valaskjálf, Egilsstöðum**
Þriðjudaginn 3. nóvember
Sólmundur Hólm fer með gamanmál.

**Hlíðarbæ, Akureyri**
Miðvikudaginn 4. nóvember
Sólmundur Hólm fer með gamanmál.

**Félagsheimilinu Hvoli**
Fimmtudaginn 5. nóvember
Sólmundur Hólm fer með gamanmál.

**Hótel Borgarnesi**
Föstudaginn 6. nóvember
Söngbræður stíga á stokk.

### DAGSKRÁ

- Steinþór Skúlason, forstjóri SS.
  Setur fundinn og ávarpar gesti.
- Jakob Kvistgaard, fóðurfræðingur og vörustjóri hjá DLG.
  Nautaeldi á Íslandi/Danmörku.
- Ole Stampe, viðskiptastjóri hjá Yara.
  Fljótandi áburður og virkni selens í áburði.

Fundarstjóri verður Guðni Ágústsson.

Léttar veitingar og góðgæti verða í umsjá kvenfélagskvenna viðkomandi svæða.

Fyrirlestrarnir verða þýddir eins og þurfa þykir auk þess sem glærur verða á íslensku.

**Allir velkomnir.**



adding value to the green world

Sláturfélag Suðurlands svf · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · 575 6000 · www.ss.is



Glaðbeittir dagskrárgerðarmenn; Gestur Einar Jónasson, Gísli Sigurgeirsson, Snæfríður Ingadóttir, Hilda Jana, María Björk, Margrét Blöndal og Karl Eskil Pálsson.

## N4 sýnir nítján íslenska þætti í vetur:

# Landsbyggðirnar eru fjársjóður Íslands

### — búseta hefur áhrif á forgangsröðun og efnisval

**N4 er eini fjölmiðill landsins, utan netmiðla sem dreift er á landsvísu, en er með ritstjórn og höfuðstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins.**

Áhorf á stöðina hefur vaxið undanfarin misseri. N4 kynnti vetrardagskrá sína í Menningarhúsinu Hofi nýverið en alls verða nítján íslenskir dagskrárliðir sýndir á stöðinni í vetur og er bæði um að ræða ýmsar nýjungar í bland við gamalkunna heimilisvini.

„Ég held að hver sá sem stillir á N4 sjái að búseta dagskrárgerðarmanna hefur töluverð áhrif á forgangsröðun og efnisvalið á stöðinni. Það er því þannig að það eru landsbyggðirnar sem eiga oftast sviðið á N4 – og já ég segi landsbyggðirnar, því þær eru margar, það er ekki bara ein tegund af landsbyggð. Hins vegar er stefnan einfaldlega sú að gera gott sjónvarpsefni sem höfðar til allra landsmanna – óháð búsetu. Ef það er hægt í Reykjavík, þá er það líka hægt á Akureyri,“ sagði Hilda Jana Gísladóttir, framkvæmda- og sjónvarpsstjóri á N4.




Þáttur Gísla Sigurgeirssonar, Glettur að austan nýtur vinsælda og hefur verið tilnefndur til Edduverðlaun. Gísli heldur flakki sínu um Austurland áfram í vetur.

María Björk Ingvadóttir, sem ásamt Hildu er einnig sjónvarpsstjóri og hefur að auki reksturinn á sinni könnu, greindi frá því með stolti að í systurþáttunum og hryggjarstykkjunum „Að“-þáttunum myndi þátturinn Að vestan bætast í hópinn og væri mikill fögnuður ríkjandi. N4 stæði þar með undir nafni, N í nafni stöðvarinnar stæði fyrir Norðurland þar sem höfuðstöðvar hennar væru og 4 fyrir fjórðungana, Norður-, Suður-, Austur- og Vesturland.

### *Að opna glugga milli landshluta*

Fyrir eru á N4 þættirnir Að norðan, sem sýndur er þrisvar í viku, Að sunnan og Glettur að austan sem eru á dagskrá vikulega. Allir hafa notið mikilla vinsælda. Sýningar á þáttunum Að vestan hefjast eftir áramót. „Okkar næsti draumur og markmið er að finna leið til að hefja megi dagskrárgerð á Vestfjörðum eins fljótt og auðið er. Við stefnum að því að þessir systurþættir séu framleiddir á því svæði sem þeir eru frá, af fólki sem þar býr og sýndir á N4. Þannig trúum við því að unnt sé að opna glugga milli landshluta, auka innsýn, skilning og virðingu fyrir hverju svæði fyrir sig, en ekki síður að efla sjálfsmyndina innan svæðanna. Því landsbyggðirnar eru fjársjóður Íslands, ekki síður en höfuðborgarsvæðið,“ sagði María Björk.




María Björk og Hilda Jana kynna vetrardagskrá N4 í Hofi.

### *Draumurinn að auka dreifinguna*

Sjónvarpsstjórarnir kváðust eiga sér drauma og einn þeirra væri að auka dreifingu á N4 sjónvarpi. Allir þeir sem eru með móttakara frá Símanum stöðinni á rás 6 og 90% þeirra sem skipta við Vodafone eiga að ná stöðinni á rás 29. Vonir standa til að komast ofar á þeim lista innan skamms. „En þar sem við leggjum gríðarlega áherslu á landsbyggðirnar í okkar dagskrárgerð, þá skiptir Bárðardalur okkur ekki síður máli en Reykjavík. Það er ekki bara fjöldi hausa sem telur í okkar sýn, heldur landið allt sem ein heild. Það er gríðarlega kostnaðarsamt að greiða fyrir dreifingu á sjónvarpsefninu okkar og leitum við logandi ljósi að leið til þess að komast í dreifingu um land allt, án þess að verða gjaldþrota. Við fáum fjölda símtala, tölvupósta og heimsókna þar sem fólk leitar leiða til að ná okkur og stundum er það einfaldlega ekki hægt, af því að við höfum ekki efni á því. Það þykir okkur mjög sorglegt.“

Góðu fréttirnar væru þó þær að N4 er eina íslenska sjónvarpsstöðin sem hægt er að horfa á á Netinu í beinni útsendingu um allan heim. Að auki er efnið aðgengilegt á heimasíðu stöðvarinnar í töluverðan tíma eftir útsendingu.

### *Glænýtt efni og gamlir kunningjar*

Sem fyrr segir verða alls nítján þættir í boði á N4 í vetur. Þar á meðal eru gamlir kunningjar eins og Að norðan þar sem dagskrárgerðarmenn ferðast frá Borðeyri til Bakkafjarðar og fræðast um fjölbreytt mannlíf á svæðinu. Gísli Sigurgeirsson ferðast svo um Austurland, frá Vopnafirði til Djúpavogs í þætti sínum Glettur að austan. Margrét Blöndal og Sighvatur Jónsson ferðast um Suðurland og fræðast um fjölbreytt mannlíf á svæðinu frá Hveragerði að Höfn í Hornafirði í þættinum Að sunnan.

### *Hvað segja bændur?*

Nýr þáttur, Hvað segja bændur?, í umsjón Birnu Pétursdóttur og Árna Þórs Theodórssonar verður á dagskrá í vetur en í þættinum er ætlunin að kynna íslenskan landbúnað, líf og störf bænda. Fjallað verður um framleiðsluferli landbúnaðarafurða og hvernig hægt er að auka verðmæti þeirra, hvaða nýsköpun og rannsóknir eru í gangi og kannað hvort frumkvöðla sé að finna í bændastéttinni.

Annar nýr þáttur fer í loftið í vetur, Hundaráð, þar sem þau Steinar Gunnarz, yfirhundaþjálfari ríkislögreglustjóra, og Heiðrún Villa hundaatferlisfræðingur sjá um Hundaráð, þætti sem fjalla um fjölbreytt samskipti milli manna og hunda.

### *Hafið, kokkarnir og Íslendingar*

Haldið verður áfram með þáttaröðina Auðæfi hafsins og í röð númer tvö verður fjallað um uppsjávarveiðar, vinnslu, markaðssetningu og sölu. Þá má nefna þáttinn Lífríkið í sjónum við Ísland þar sem Erlendur Bogason kafari skoðar lífríkið í sjónum og vekur athygli á fjölbreyttu náttúrulífi neðansjávar. Þáttaröðin hlaut í haust fjölmiðlaverðlaun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á Degi íslenskrar náttúru.

Íslendingasögur er nýr í dagskrá N4, en um er að ræða sjónvarpsþætti í umsjá Margrétar Blöndal þar sem Íslendingar af erlendu bergi brotnir segja sínar sögur.

Halli kokkur, Hallgrímur Sigurðsson, verður með þáttinn Kokkarnir okkar. Þar leitar hann uppi bestu kokka landsins, allir eiga þeir það sameiginlegt að hafa keppt í virtustu og stærstu kokkakeppni heims, Bocuse d´Or í Lyon í Frakklandi.

### *Allt milli himins og jarðar*

Föstudagsþátturinn í umsjá Hildu Jönu er á sínum stað og Gestur Einar Jónasson heldur áfram að spjalla um lífið og tilveruna við skemmtilegt fólk í þætti sínum, Hvítur mávar.

Þættinum Praktískt verður hleypt af stokkunum í vetur, en í þeim fær sköpunargleðin að njóta sín, fjallað um skemmtilegar og skapandi hugmyndir af ýmsu tagi. Sr. Hildur Eir Bolladóttir, prestur í Akureyrarkirkju, hefur vakið athygli fyrir pistla sína sem fjalla um allt milli himins og jarðar, en hún verður með samnefndan þátt á N4 í vetur. Jólaráð Stúfs verða á dagskrá í desember og eins býður stöðin upp á þáttinn Mótorhaus, sem fjallar um mótorsport. /MÞÞ



# Stöðin hefur slitið barnsskónum

## – segir María Björk Ingvadóttir, framkvæmda- og rekstrarstjóri N4, og hugleiðir hvert stefna eigi til framtíðar

**„Við erum afskaplega þakklát með þær góðu viðtökur sem stöðin hefur fengið, það ríkir að sjálfsögðu mikil gleði hjá okkur starfsfólkinu yfir því hversu ánægt fólk er með það efni sem við bjóðum upp á,“ segir María Björk Ingvadóttir, framkvæmda- og rekstrarstjóri N4.**

Við hlið hennar er Hilda Jana Gísladóttir, framkvæmda- og sjónvarpsstjóri. N4 rekur tvo miðla, N4 Dagskrá Norðurlands og N4 Sjónvarp, en einnig hönnunar- og framleiðsludeildir þar sem framleitt er innlent sjónvarpsefni, kynningar- og auglýsingaefni og grafísk hönnun. Starfsemin fer fram á annarri hæð í Amaro-húsinu í hjarta Akureyrar.


María Björk Ingvadóttir, framkvæmda- og rekstrarstjóri á N4.

### *Mótaði mig að vera miðjubarn*

María Björk er Akureyringur, dóttir hjónanna Sólveigar Jónsdóttur og Ingva Rafns Jóhannssonar. Hún hefur um árabil búið á Sauðárkróki þaðan sem maður hennar, Ómar Bragi Stefánsson, er. Þau eiga þrjú börn, Stefán Arnar stjórnmálafræðing, Ingva Hrannar, kennara með meistaragráðu í frumkvöðlafræði, og yngst er Ásthildur nemi. María Björk ólst upp í stórum systkinahópi, börnin voru átta talsins, sex systur og tveir bræður.

„Ég er miðjubarn, það hefur mótað mitt líf og kennt mér heilmikið að vera í miðjunni. Fyrir eru þrjár eldri systur, tvær yngri og svo tveir strákar yngstir og hagsmunirnir ekki alltaf þeir sömu. Ég var stundum í því að sætta mismunandi sjónarmið, finna lausnir sem allir sættu sig við og það hefur fylgt mér alla tíð.“

María Björk hefur um tveggja ára skeið starfað hjá N4, kom þar inn sumarið 2013 þegar hún tók að sér ritstjórn þáttarins Að norðan. Áður hafði hún gegnt stöðu frístundastjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar og sinnt m.a. æskulýðs-, íþrótta- og forvarnarmálum. Hún var svo lánuð yfir til Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra vegna verkefnis sem sveitarfélögin á svæðinu unnu að og tengdist Evrópusamstarfi, unglingum og forvörnum í víðum skilningi.

### *Ungt fólk vill sinna skapandi störfum*

Hún ásamt Katrínu Maríu Andrésdóttur, framkvæmdastjóra samtakanna, unnu að umsókn IPA-styrks vegna verkefnisins. Tókst svo vel til að samþykkt var að styrkja verkefnið og var styrkurinn einn fárra sem komst í gegnum nálaraugað, en sem kunnugt er voru IPA-styrkir Evrópusambandsins flestir dregnir til baka. María Björk segir að verkefnið hafi snúist um að gera langtímaáætlun sem miðaði að því að halda ungu fólki í heimabyggð og eða fá þau til að flytja heim í hérað á ný. Gerð var könnun meðal ungs fólks, bæði á Norðurlandi vestra og eystra þar sem m.a. var spurt við hvað ungmennin vildu starfa í framtíðinni.

„Það kom mörgum sveitarstjórnarmönnum á óvart að niðurstaðan var sú að meirihluti unga fólksins vildi starfa við skapandi störf. Menn spurðu sig í forundran á hverju unga fólkið ætlaði að lifa.“

Í tengslum við starf sitt hjá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fór María Björk að velta fyrir sér hvort ekki væri hið besta mál ef þátturinn Að norðan sem sýndur hafði verið á N4 færði út kvíarnar. Myndi sinna stærra svæði, öllu Norðurlandi og standa þannig undir nafni.

„Það hafði verið draumur Hildu Jönu og Þorra framkvæmdastjóra Jónssonar, en framan af var hvorki mannskapur til að sinna verkefninu né fjármagn. Fyrir hendi var áhugi meðal sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra að svæðinu yrði sinnt, þannig að úr varð að samningar tókust og stöðin hóf að sinna þessu landsvæði,“ segir María Björk.

### *Allir reyndu sitt besta á erfiðum tíma*

Um mitt ár 2013, þegar hún kom til starfa á sjónvarpsstöðinni, fór að halla undan fæti hvað heilsu Þorra varðar, veikindi sem hann hafði átt við að stríða ágerðust og leiddu til þess að hann lést í lok júní í fyrrasumar.

„Þetta var erfiður tími, allir reyndu sitt besta, við urðum að standa í lappirnar þótt staðan væri flókin,“ segir María Björk.

Leit hófst að eftirmanni og ný stjórn og eigendur sem við tóku réðu einn úr hópnum til að stýra fyrirtækinu, Kristján Kristjánsson, sem var yfir framleiðsludeildinni. Hann lét af störfum í mars og var þess þá farið á leit við Maríu Björk og Hildi Jönu að þær stýrðu félaginu frá degi til dags þar til nýr framkvæmdastjóri yrði ráðinn. Svo fóru leikar að þær stöllur voru ráðnar til að sinna verkefninu í sameiningu.

### *Lítið huggulegt kaffihús*

María Björk, sem hefur rekstur á sinni könnu, kveðst búa að því að hafa um árabil rekið kaffihús á Sauðárkróki þar sem hún hefur búið í tæpa þrjá áratugi.

„Ég fékk einhverju sinni þá hugmynd að það vantaði lítið og huggulegt kaffihús á Króknum, kaffihús þar sem gestir gætu blaðað í bókum og blöðum á meðan þeir nytu veitinga. Ómar, maðurinn minn, sagði að hugmyndin væri frábær, en spurði jafnframt hvort ég gerði mér grein fyrir hversu mikil vinna þetta væri. Við getum þetta alveg, svaraði ég og úr varð að við tókum gamla sýslumannshúsið sem byggt var árið 1884 á leigu og gerðum það upp. Kaffi Krók rákum við svo allt þar til yngsta barnið okkar, Ásthildur, fæddist 24. maí árið 2000,“ segir María Björk.

### *Frá barnæsku í búðinni með pabba*

Hún hlaut heilmikla reynslu af því að standa í eigin rekstri, en bjó fyrir að heilmikilli þekkingu á fyrirtækjarekstri, frá því hún barn að aldri stóð við hlið Ingva Rafns, föður síns, sem rak um árabil verslunina Raftækni hvar hann seldi bæjarbúum heimilistæki af öllum stærðum og gerðum.

„Ég var ekki há í loftinu þegar ég byrjaði að aðstoða pabba í búðinni, líklega um 10 ára gömul,“ segir hún og minnist þess að sumarið sem hún var 12–13 ára í desember svo því sé til haga haldið – hafi hún séð um verslunina á meðan foreldrarnir brugðu sér í ferðalag til Ítalíu. Ignis ísskápar, þvottavélar og önnur þarfaþing sömu tegundar seldust nánast sem heitar lummur, „og í þá daga voru þeir verslunarhættir vinsælir að greiða helming kaupverðs út og helminginn með víxli. Þá þurfti að reikna út vexti og ég lærði það fljótt ásamt öðrum verkefnum sem til falla í verslunarrekstri, sinna sölumennsku, aðstoða viðskiptavini og kynna fyrir þeim kosti vörunnar, panta inn og hvaðeina. Af þessari reynslu hef ég búið alla tíð og hún kemur að góðum notum í mínu starfi nú,“ segir hún.

### *Fékk fjölmiðlabakteríuna*

María Björk lærði félagsráðgjöf í Noregi þar sem hún bjó um skeið, síðan lá leiðin heim og fyrstu árin bjuggu þau Ómar í Reykjavík. Byggðu þar hús og eins og af og til hendir hér á landi skall á samdráttartími með óðaverðbólgu í ofanálag. Landsmenn leita sér þá gjarnan að aukavinnu og það gerði María Björk, sem á þeim tíma starfaði sem félagsráðgjafi hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð Íslands. Hún heyrði auglýst laust starf þulu hjá Ríkissjónvarpinu, sótti um og fékk starfið.

„Ég sagði engum frá þessu, foreldrum mínu brá hressilega þegar ég var allt í einu mætt inn í stofu til þeirra,“ segir hún. „En það má segja að þarna hafi teningunum verið kastað, ég fékk fjölmiðlabakteríuna og hef ekki losnað við hana síðan, þótt ég hafi starfað við eitt og annað um tíðina.“

### *Fréttaritari útvarps og sjónvarps*

María Björk og Ómar fluttu á Sauðárkrók árið 1989 og fljótlega tók hún við starfi fréttaritara, útvarps og sjónvarps, gegndi hálfri stöðu fyrir hvorn fjölmiðil. Á þeim árum voru miðlarnir reknir sem sjálfstæðar einingar og lítil samskipti þeirra á milli.

„Það var heilmikil samkeppni á milli miðlanna, en ég lærði fljótt að meta hvað ætti heima í útvarpi og hvað í sjónvarpi. Fréttastjórarnir, Bogi Ágústsson og Kári Jónasson, voru hvetjandi og stóðu við bakið á mér því það er ekki alltaf auðvelt að sinna fréttamennsku í litlu samfélagi sem maður býr að auki í og er aðfluttur í þokkabót.“

Starfinu gegndi hún í nokkur ár, en í október 2003 kom að því að öllum fréttariturum var sagt upp störfum. „Þetta var eitt pennastrik á skrifstofu í Reykjavík, heilu landssvæðin voru strikuð út úr því neti sem byggt hafði verið upp, það var hreinlega skorið á lífæðina,“ segir María Björk.

„Ég fann ekki fyrir biturleika hvað mig sjálfa varðar, ég finn mér alltaf eitthvað skemmtilegt að gera. En gagnvart íbúunum á landsbyggðinni fannst mér þetta illa gert.“

### *Eina sjónvarpsstöðin staðsett á landsbyggðinni*

Nokkurt hlé varð á fjölmiðlaafskiptum Maríu Bjarkar, en þráðurinn tekinn upp að nýju fyrir tveimur árum þegar hún hóf störf á N4.

„Við erum á tímamótum. Það má segja að stöðin hafi slitið barnsskónum og sé að komast á unglingsár. Nú þurfum við að hugleiða hvert við viljum stefna til framtíðar, hvernig við viljum sjá stöðina þróast, eflast og dafna á næstu árum. Ég legg mikið upp úr því að við vöndum þá vinnu.

Við erum landsbyggðarstöð, eina sjónvarpsstöðin með bækistöðvar sínar á landsbyggðinni og það eitt og sér markar okkur sérstöðu. Landshlutaþættirnir okkar, Að norðan, Að sunnan og Glettur af Austurlandi njóta vinsælda og eiga sína dyggu aðdáendur. Með þessum þáttum miðlum við milli landshluta frásögnum af fjölbreyttu lífi fólksins á svæðunum, áhorfendum gefst færi á að fylgjast með hvað íbúar annarra landsvæða eru að fást við í sínu daglega lífi.

Við eigum í viðræðum vegna sams konar þáttar af Vesturlandi og Vestfjörðum og það er ánægjulegt að geta bætt þeim landshluta við. Með því lokum við púslinu.“

### *Ást og hatur óhamingjusamra hjóna*

María Björk segir mikilvægt að landsbyggðarfólk standi saman og ekki veiti af slíkri samstöðu þegar horft sé til þeirrar rimmu sem landsbyggð og höfuðborgarsvæði eigi stöðugt í.

„Þessu sambandi líki ég við sambúð óhamingjusamra hjóna, þar sem annað þeirra sýnir hinu yfirgang og frekju. Ætli ég þurfi nokkuð að nefna hvorum megin sá aðili býr? Sambandið er sjúkt og þarf nauðsynlega að laga, að mínu mati mættu íbúar höfuðborgarsvæðisins sýna okkur landsbyggðarbúum meiri skilning, vera örlítið víðsýnni og fella færri sleggjudóma,“ segir María Björk. /MÞÞ



Ólafur A. Jónsson flutti erindi á Umhverfisþingi um hugtakið landslagsverndarsvæði:

# Landnýting í sátt við náttúruna

**Ólafur A. Jónsson starfar sem sviðsstjóri á sviði náttúru hjá Umhverfisstofnun, en sviðið fer meðal annars með umsjón með friðlýstum svæðum á Íslandi – fyrir utan Vatnajökulsþjóðgarð og þjóðgarðinn á Þingvöllum.**

Á Umhverfisþingi á dögunum flutti hann erindi undir yfirskriftinni *Landnýting í sátt við náttúruna - Landslagsverndarsvæði samkvæmt skilgreiningu IUCN*, þar sem hann útskýrði meðal annars þetta hugtak Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN).

„Samkvæmt skilgreiningu IUCN þá er landslagsverndarsvæði svæði þar sem lögð er áhersla á verndun mikilvægs landslags sem hefur náttúruverndargildi og mótast hefur í gegnum tímann vegna samspils manns og náttúru og þeirrar hefðbundnu nýtingar sem viðhelst á svæðinu. Landnýtingin þarf alltaf að vera í sátt við náttúruna til að geta flokkast undir landslagsverndarsvæði, það þýðir að hún þarf að vera sjálfbær og hafa ekki áhrif á það landslag sem lagt er upp með að vernda,“ segir Ólafur.

Að sögn Ólafs skilgreinir Umhverfisstofnun hvaða svæði falla undir landslagsverndarsvæði IUCN, hafi það ekki verið ákveðið í upphafi friðlýsingar. „Þessar skilgreiningar eru svo sendar til Umhverfisstofnunar Evrópu sem heldur utan um tölfræðilegar upplýsingar um stöðu friðlýstra svæða í Evrópu.



**Ólafur A. Jónsson á Umhverfisþingi.** Mynd / HKr.

IUCN (International Union for Conservation of Nature), eða Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin, eru elstu og stærstu umhverfisverndarsamtök í heimi og vinna meðal annars að því að vernda og meta verndargildi náttúrunnar, að tryggja verndun líffræðilegs fjölbreytileika, að tryggja verndun og sjálfbærni, bæði á hnattrænum skala og í heimabyggð. IUCN heldur skrá yfir tegundir sem eru í útrýmingarhættu, styður við sjálfboðaliðastörf í náttúruvernd og veitir stjórnvöldum ráðgjöf er varðar alþjóðlega umhverfissáttmála, stefnur og löggjöf,“ útskýrir Ólafur.

Hann segir ástæðuna fyrir því að hann ákvað að útskýra þessi hugtök á Umhverfisþinginu vera margþætta. „Annars vegar hefur friðlýsing landsvæðis haft það orð á sér að ekkert megi gera eftir að svæði er friðlýst þó svo að raunin sé allt önnur í reynd. Umræddur flokkur friðlýsinga felur í sér að svæðið sé nýtt og að sú nýting setji svip sinn á landslag svæðisins. Gert er ráð fyrir að nýting haldi áfram eftir að búið er að friðlýsa svæðið. Hins vegar var verið að kynna þennan nýja flokk friðlýsinga í lögum um náttúruvernd, sem eru nú til endurskoðunar hjá Alþingi. Hann er víða nýttur erlendis, til dæmis í Bretlandi. Þessi friðlýsingarflokkur verður nýmæli í íslenskum lögum.

### *Flokkar friðlýsinga*

En hverjir skyldu þá vera aðrir flokkar friðlýsinga? Ólafur segir að þeir séu í grunninn sjö talsins. „Í fyrsta lagi má telja náttúruvé. Um er að ræða svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir almennri umferð. Svæðið er friðlýst vegna einstakrar náttúru sem ber að varðveita óbreytta. Umferð um svæðið er mjög takmarkað og jafnvel einungis gert ráð fyrir umferð vísindamanna um svæðið. Dæmi um slíkt svæði er til dæmis Surtsey. Næst má nefna óbyggð víðerni. Þar er um að ræða stórt samfellt svæði þar sem ekki gætir áhrifa mannsins. Svæðið er tekið frá til að varðveita slík óröskuð landsvæði. Mannvirki eru nánast ekki til og ekki gert ráð fyrir neinni uppbyggingu. Dæmi um slíkt svæði er til dæmis Hornstrandir. Þá skal telja þjóðgarða. Svæði með einstaka náttúru sem tekin eru frá til að vernda viðkomandi svæði en einnig til að gestir svæðisins geti notið þess og kynnst náttúru. Miklu máli skiptir að upplýsa fólk um náttúru svæðisins og verndun þess til dæmis með byggingu gestastofu og/eða uppsetningu fræðsluskilta. Dæmi um slíkt svæði gæti verið Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. Náttúruvætti eru einstakar náttúruperlur sem þykir vert að varðveita, til dæmis hverasvæði, fundarstaðir steinda og steingervinga, fossar, hraunmyndanir og svo framvegis. Dæmi um slíkt svæði er til dæmis Skógafoss. Búsvæða- eða tegundafriðlýsing er sú friðlýsing sem felur í sér verndun einstakra búsvæða eða tegunda dýra eða plantna. Áhersla er lögð á verndun heimkynna umræddra lífvera. Dæmi um slíkt svæði væri til dæmis Skerjafjörður og Tjarnir á Hálsum, ofan Djúpavogs. Landslagsverndarsvæði eru svæði þar sem landslag, bæði náttúrulegt landslag og mannvistarlandslag, nýtur verndar vegna sérstöðu þess. Lögð er áhersla á að sú sjálfbæra nýting sem viðheldur viðkomandi landslagi og einkennir það haldist áfram. Dæmi um slíkt svæði gæti til dæmis verið Bláfjallafólkvangur, Krossanesborgir og fleiri svæði. Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu auðlinda er nýjasti flokkur friðlýstra svæða hjá IUCN en um er að ræða flokk sem gerir ráð fyrir verndun einstakra tegunda eða búsvæða en þó þannig að gert er ráð fyrir hefðbundinni sjálfbærri nýtingu tiltekinna stofna. Um er að ræða stór landsvæði sem eru að mestu lítt snortin. Dæmi um slík svæði gætu til dæmis verið Melrakkaey og Flatey,“ segir Ólafur.

### *Fólkvangar og friðlönd*

Landslagsverndarsvæði er nýr flokkur friðlýsinga í íslenskri löggjöf en að sögn Ólafs hafa fólkvangar og friðlönd ekki haft samnefnara í flokkum IUCN. „Því getur verið að mörg friðlönd og fólkvangar geti flokkast undir sama friðlýsingarflokk ef og þegar lögum um náttúruvernd verður breytt. Landslagsverndarsvæðisflokkurinn hjálpar okkur að setja ramma utan um stjórnunarfyrirkomulagið og stefnu svæðisins, það er hver stefnan er fyrir viðkomandi svæði. Þegar búið er að flokka svæðið þá höfum við leiðarljós til að fylgja í gerð verndaráætlunar og skipulags fyrir viðkomandi svæði.

Eðli friðlanda og fólkvanga getur verið sambærilegt – með tilliti til náttúruverndargildis og stefnu um verndun – en helsti munur á þeim svæðum er sá að stofnað er til fólkvanga samkvæmt beiðnum frá viðkomandi sveitarfélögum og sjá þau um allan kostnað vegna reksturs og umsjónar viðkomandi svæðis. Enn fremur er stofnað til fólkvanga í þeim tilgangi að taka frá landsvæði þar sem íbúum sveitarfélaganna er gefið tækifæri til útivistar,“ segir Ólafur að lokum um muninn á þessum tveimur friðlýsingum. */smh*

---

Aðalbjörg B. Guttormsdóttir flutti erindi á Umhverfisþingi um almannarétt í náttúru Íslands:

# Uppruna almannaréttar má rekja til Rómarréttar um sameiginleg gæði

**Á Umhverfisþingi sem haldið var á dögunum flutti Aðalbjörg B. Guttormsdóttir erindið *Almannaréttur – hvað felur hann í sér?* í málstofunni *Ferðamennska í náttúru Íslands – ógn eða tækifæri í náttúruvernd*.**

Að sögn Aðalbjargar, sem er teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun, var erindið að mestu unnið út frá núgildandi náttúruverndarlögum. Hún segir að málið sé þó ekki einfalt þar sem nú liggi fyrir Alþingi breytingarfrumvarp við ný náttúruverndarlög, sem ekki sé hægt að sniðganga með öllu í slíkri umfjöllun.

Aðalbjörg segir að almenningi sé heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. „Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna þar ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Þetta eru fyrstu setningar almannaréttar í íslenskri löggjöf og eiga að endurspegla og gefa fyrirheit um þá ábyrgð sem almenningur hefur þegar hann nýtir sinn almannarétt. Það að öllum sé skylt að ganga vel um og sýna ýtrustu varúð er því eitthvað sem almenningur skal ávallt viðhafa þegar hann er á för um landið,“ segir Aðalbjörg.



**Heimilt er að tína ber og sveppi án sérstaks leyfis á þjóðlendum og afréttum.**



**Aðalbjörg B. Guttormsdóttir.**

### *För um ræktað land er háð samþykki*

„Almannaréttur felur í sér að ekki þarf sérstakt leyfi landeigenda til útivistar, það er ef farið er gangandi, á skíðum, skautum eða á óvélknúnum sleðum um óræktað land. Á eignarlandi í byggð er hins vegar heimilt að takmarka eða banna með merkingum umferð á afgirtu óræktuðu landi. För um ræktað land er svo háð samþykki eigenda þess eða rétthafa. Fara skal eftir merktum leiðum og skipulögðum stígum og vegum eftir því sem auðið er, hlífa girðingum, fara um hlið eða göngustiga þegar þess er kostur og ef farið er um lokuð hlið skal loka þeim eftir að gengið hefur verið um þau. Sérstök aðgát skal höfð í nánd við búsmala, selalátur, varplönd fugla, veiðisvæði og veiðistaði,“ segir Aðalbjörg.

„Þá kveður almannaréttur á um rétt til að tjalda til einnar nætur á óræktuðu landi og við alfaraleiðir í óbyggðum má einnig tjalda en einnig utan þeirra, svo lengi sem aðrar reglur eigi ekki þar við. Í því sambandi má nefna til dæmis sérreglur sem gilda um friðlýst svæði, eins og til dæmis innan friðlands að Fjallabaki þar sem aðeins má tjalda á tjaldsvæðum og meðfram viðurkenndum gönguleiðum nema sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Ef sérstaklega stendur á þá getur eigandi lands takmarkað eða bannað að tjaldað sé á landi þar sem veruleg hætta er á að náttúra hafi beðið tjón af. Af tillitssemi ættu menn þó að nýta sér merkt tjaldsvæði verði því við komið og ekki tjalda nærri bæjum án leyfis.

Almannarétturinn nær einnig til ferða manna á reiðhjólum og á hestbaki og segir í núgildandi lögum að fylgja skuli skipulögðum reiðhjólaeða reiðstígum eins og kostur er. Raunveruleikinn er þó sá að á Íslandi er ekki mikið um skipulagða reiðhjólaeða reiðstíga, hvað þá á hálendi Íslands sem laðar nú að sér sífellt fleiri ferðamenn. Hér má með sanni segja að rétti fylgi ábyrgð og að menn verði að velta því fyrir sér þegar hjólað er í viðkvæmri náttúru Íslands eða farið yfir viðkvæm svæði með stóra hópa á hestbaki, hvort íslenskri náttúru sé sýnd sú ýtrasta varúð sem lagt er upp með í inngangsorðum almannaréttar.

Þegar skipulagðar eru hópferðir í atvinnuskyni um eignarlönd skal hafa samráð við eiganda lands eða rétthafa um umferð manna og dvöl á landi hans og tjalda skal á tjaldsvæðum séu þau til staðar,“ segir Aðalbjörg.

### *Hvað er ræktað land?*

Hugtakið ræktað land virðist skipta miklu í umræðunni um almannarétt í náttúru Íslands. Aðalbjörg segir að í núverandi náttúruverndarlögum sé ræktað land skilgreint. „Það er gert á eftirfarandi hátt: Ræktað land: Garðar og tún og akrar, það er land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf, land í skógrækt eða land sem hvorki hefur þarfnast jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en er það vegna áburðargjafar og er notað sem slíkt.

Í frumvarpi um náttúruvernd sem liggur nú fyrir Alþingi eru lagðar til breytingar á skilgreiningunni og er þar lagt til að hugtakið ræktað land sé skýrt og þá sérstaklega með það í huga að kveða á um að ræktaður skógur teljist ræktað land. Með þessari breytingu er almannaréttarákvæði laganna jafnframt einfaldað þar sem lagt er til að sérstakt ákvæði um skógræktarsvæði falli brott. Í því skyni er breyting einnig gerð á 18. gr. laganna um umferð gangandi manna á þá vegu að þrátt fyrir að skógræktarsvæði teljist ræktað land, er för um svæðið og dvöl þar ekki háð samþykki eiganda þess eða rétthafa eftir að fyrstu stigum skógræktar er lokið.

### *Almannarétt má rekja til Rómarréttar*

Að sögn Aðalbjargar má rekja uppruna almannaréttar til reglna Rómarréttar um sameiginleg gæði. „Þær byggðu á þeirri hugmynd að sum gæði eins og andrúmsloftið, hafið og sjávarströndin væru svo mikilvæg í samfélagi manna að þau yrðu að vera aðgengileg almenningi til frjálsra og óheftra afnota. Hugmyndina um frjálsan aðgang almennings að mikilvægum náttúrulegum gæðum má finna í löggjöf allflestra Vestur-Evrópuríkja og á réttinum sér víðast hvar langa sögu á Norðurlöndunum.

Í Jónsbók, lögbók þeirri sem tók við sem meginundirstaða íslensks réttar af Járnsíðu árið 1281, er getið um víðtækan fararrétt almennings sem fól í sér að landeigendur urðu að þola, að meginstefnu bótalaust, för annarra manna um lönd sín og jafnvel greiða fyrir henni. Almennt hefur það verið talin forn venja í íslenskum rétti að hverjum sem er sé heimil för um land annars manns utan kaupstaða og kauptúna, þar sem ekki er ræktað land eða slægjuland – að minnsta kosti ef land er ógirt.“

### *Alls staðar heimilt að tína til neyslu á staðnum*

Það er, að sögn Aðalbjargar, heimilt að tína ber, sveppi, fjörugróður og aðrar jurtir án sérstaks leyfis á þjóðlendum og afréttum. Hins vegar þarf leyfi á eignarlandi, nema vegna neyslu á staðnum. Hún segir að nokkrar jurtir sem vaxa í íslenskri náttúru séu fágætar og friðaðar og óleyfilegt sé að skerða þær. Upplýsingar um þær plöntur er að finna í gegnum vef Umhverfisstofnunar.

„Hvað varðar tínslu í atvinnuskyni þá er í núverandi lögum ekki gerður greinarmunur þar á. Í lögunum segir aðeins að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð ákvæði um tínslu berja, sveppa, fjallagrasa, jurta og fjörugróðurs í atvinnuskyni, meðal annars um að tilkynna skuli Náttúrufræðistofnun Íslands um magn og tegund þess sem tínt er og tínslustað – og þegar sérstaklega stendur á að leyfi Umhverfisstofnunar þurfi til tínslu einstakra tegunda eða á einstökum svæðum,“ segir Aðalbjörg að lokum. Ítarefni um almannarétt má finna á vef Umhverfisstofnunar: http://ust.is/einstaklingar/nattura/almannarettur/. */smh*

*Massey Ferguson - Áreiðanleiki, einstakt endursöluverð og net þjónustuverkstæða í kringum landið.*

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

MASSEY FERGUSON®




Framúrskarandi fyrirtæki 2014

Tilboðið gildir út október 2015. Með fyrirvara um prentvillur

*„Best heppnaða tækjavél sem ég hef prófað“*
*„Að geta notað bremsuna til að stoppa vélina án þess að kúpla er frábært við tækjavinnu“*
*„Að sjá keflin á rúllugreipinni framan við húddið í neðstu stöðu flýtir mikið fyrir stöflun og fækkar skemmdum á plasti mikið“*
*„Þessi vél sameinar gott útsýni, mikið afl og lipurð á einstakan hátt“*
*„Vendigírinn í tækjastjórnstönginni er snilld“*



Þetta eru aðeins örfá þeirra ummæla sem notendur hafa um Massey Ferguson 5613 tækjavélarnar enda vandfundnar dráttarvélar sem sameina nóg afl fyrir notkun við rúllusamstæður, þungan drátt og jarðvinnslu en á sama tíma mikla lipurð og einstakt útsýni við vinnu með ámoksturstækjum.

Í krafti styrkingar krónunnar undanfarnar vikur og hagstæðra samninga við Massey Ferguson getum við nú boðið þessar vélar á betra verði en sést hefur hérlendis í fjölda ára.

***Innifalinn aukabúnaður er meðal annars:***
- Skotkrók
- Loftkælingu
- Fjaðrandi ökumannshús

**MF 5610**
*105 hestöfl*
með ámoksturstækjum
**9.990.000**
*12.387.600 með vsk.*

**MF 5613**
*130 hestöfl*
með ámoksturstækjum
**11.200.000**
*13.888.000 með vsk.*

**Schäffer Lader**
**2345T SLT**
**SKOTBÓMULYFTARI**




LYFTIKRAFTUR
**1650 KG**

Verð kr
4.590.000
Verð með vsk. 5.691.600

**Við** mælum með Schäffer



Kristinn Ásmundsson Höfða í Grýtubakkahrepp eignaðist Schaffer 9530 T liðstýrða vél með skotbómu á árinu 2008. Hann er með á honum 1,7 m breiðan stæðu skera sem samanlagt fullur af stæðuheyi og eigin þyngd vegur 2900 kg. Þetta hlass fer Schafferin auðveldlega með og reynist vel stöðugur. 125 hestafla mótor og öflug vökvadæla gera að verkum að auðvelt er að ráðast á stæðustálið og ná sér í væna sneið segir Kristin og hefur orð á hvað Schafferin sé mikið öflugri en nokkur dráttarvél í þessa vinnu. Skotbóman er til mikilla þæginda og lyftihæð 5.3 m.



Karl og Valgerður á Mýrum eru Schaffer 570T eigendur síðan 2005. Vélin sem búið er að nota í um 6000 tíma er mjög liðug og öflug í votheyinu og góð í allan mokstur. Skotbómuvélin er líka frábær í rúllustöflun því gott er að geta hreyft rúlluna til hliðar með liðnum. Ekki skemmir svo fyrir hvað bilanatíðnin er lág.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir / Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is



Feðgarnir frá Látrum í fjósinu á Mið-Görðum. Talið frá vinstri, Jón og Sigmundur Sigmundssynir og Sigmundur Hagalín Sigmundsson. Mynd / HKr.

Fjölskyldan á Látrum hætti með síðasta kúabúið í innanverðu Ísafjarðardjúpi eftir 41 árs búskap á staðnum:

# Fluttu með allt sitt hafurtask suður á Snæfellsnes

**Það hlýtur að teljast til tíðinda að bændur taki sig upp á fullorðinsárum og flytji með allan bústofn sinn í annan landshluta. Þannig var það samt með fjölskylduna á Látrum við Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi sem flutti kýrnar sínar á nýjar slóðir laugardaginn 10. október.**

Þar með lauk 41 árs búsetu hjónanna Sigmundar Hagalín Sigmundssonar, eða Simba eins og vinirnir kalla hann, og Jóhönnu Karlsdóttur á Látrum, en hún er Reykvíkingur að uppruna. Um leið hverfur síðasta kúabúið úr rekstri í Inn-Djúpinu.

Nýja heimilið þeirra er að Mið-Görðum skammt ofan við Eldborg í Kolbeinsstaðahreppi. Þetta svæði er á Snæfellsnesi en tilheyrir Borgarbyggð, en sýslumörkin við Mýrasýslu markast af Hítará þar skammt fyrir sunnan. Útsýnið frá bænum er ekki amalegt, með Tröllakirkjuna gnæfandi yfir sveitinni fyrir ofan bæjarhúsin. Nokkru norðan við bæina er Hnappadalur með öllum sínum hraunmyndunum, Hlíðarvatni, Oddastaðavatni og mikilli náttúrufegurð. Suðvestan við bæina blasir svo Eldborgin við augum.



Mið-Garðar, skammt ofan við Eldborg í Kolbeinsstaðahreppi. Mynd / HKr.

### *Ætlaði að hætta eftir 41 árs búskap*

„Já, það eru 41 ár síðan ég hóf eiginlegan búskap með foreldrum mínum á Látrum, þá 16 ára gamall, eða árið 1974. Þá varð ég innleggjandi á nokkrum rolluskjátum og varð svo eingöngu með féð sjálfur um 1977–78. Svo keypti ég kýrnar og allan bústofninn af pabba og leigði af honum jörðina í mars árið 1997. Jörðin var áfram í eigu fjölskyldunnar og nú eigum við hana sjö systkinin.“

Búskapur Sigmundar og Jóhönnu Karlsdóttur hefur ekki staðið mikið skemur. „Þann 1. nóvember næstkomandi eru 40 ár síðan við kynntumst,“ segir Sigmundur.

„Annars var heilsufar mitt orðið þannig að ég var búinn að ákveða að hætta búskap nú í haust. Þá vildu krakkarnir endilega koma inn í þetta og hvað er þá skemmtilegra en að vera með börnunum sínum í þessu?“



Jóhanna María Sigmundsdóttir.

### *Samhent fjölskylda*

Með þeim á nýja staðnum mun einnig búa dóttir þeirra, Jóhanna María, sem er búfræðingur og alþingismaður og yngri sonurinn, Sigmundur. Að Syðstu-Görðum, sem er næsti bær við hliðina, hefur búfræðingurinn Jón, eldri sonur þeirra, flutt ásamt fjölskyldu. Hann er nú starfsmaður Vegagerðarinnar í Borgarnesi auk þess að taka þátt í bústörfunum.

Þeim til aðstoðar við flutningana var Djúpmaðurinn Hákon Ingimundarson, sem er eiginlega einn af heimilisfólkinu enda hafa þeir Jón verið félagar frá unga aldri. „Þetta er einn af þrælum okkar,“ sagði Sigmundur og glotti. „Hann hefur verið svona heimalningur hjá okkur, en afi hans og amma bjuggu í Reykjafirði.“

### *Taka við samtals 92 hekturum*

Báðar þessar jarðir, Mið- og Syðstu-Garða, hefur fjölskyldan samið um að taka á leigu af Arion banka. Þar er ræktarland samtals 92 hektarar og talsverðir möguleikar til aukinnar ræktunar allt til fjalls. Þá eru líka möguleikar til kornræktar og er korn m.a. ræktað á Ystu-Görðum vestan við Mið-Garða á melunum við Hraunsmúla. Sigmundur sér einnig fyrir sér að taka spildu til að rækta kál til að beita kúnum á fram á haust.

### *Ákveðið að stökkva með stuttum fyrirvara*

„Þetta var upphaflega auglýst til sölu og ég skoðaði þetta talsvert haustið 2009 ásamt vinnumanni sem hjá mér var og hafði mikinn áhuga á búskap. Verðhugmyndirnar voru þá stjarnfræðilegar miðað við ástand eignarinnar. Bankinn eignaðist þetta síðan og auglýsti þetta aftur til sölu, en áfram á of háu verði. Við gerðum samt tilboð í fyrravetur á þeim forsendum sem ég taldi jörðina geta borið, en því var hafnað. Síðan hringdu þeir í mig en ég var ekki til viðræðu um það sem upp var sett.

Bæði býlin voru svo auglýst til leigu í Bændablaðinu, enda ljóst að eignirnar myndu eyðileggjast án notkunar. Við vorum svo kölluð suður í viðtal, ég og Hanna, dóttir mín, upp úr 20. júlí í sumar. Fjórir umsóknaraðilar voru þá valdir úr stærra hópi og þóttum við álitlegust af því að við áttum bústofn og vélar. Við fórum svo að kasta tölum á milli okkar þangað til það gekk saman. Síðan var gengið frá leigusamningi síðasta dag fyrir verslunarmannahelgi,“ segir Sigmundur.

Í samningnum er gert ráð fyrir að stórfjölskyldan geti keypt báðar jarðirnar hvenær sem er samkvæmt fyrirfram ákveðnu kaupverði. Er síðan ætlunin að fjölskyldan stofni hlutafélag um reksturinn fyrir áramótin.

Kristín, eldri dóttir þeirra Sigmundar og Jóhönnu, býr á

Hólmavík, en hún var að sjálfsögðu mætt til að aðstoða foreldra sína við flutninga eins og fleiri sem fjölskyldunni tengjast.

Það er sannarlega mikil breyting að flytja búskapinn á stað þar sem landrými er mikið og landið marflatt ólíkt landháttum við Djúp. Enda er ætlunin að fjölga mjólkurkúm og efla eldi á nautkálfum.

### *Voru með 32 kýr en stefna á að verða með 48*

Jóhanna María segir að á Látrum hafi fjósið borið 32 mjólkurkýr og geldneyti hafi verið í samræmi við það. Þau voru bæði höfð á Látrum og á Eyri, næstu jörð sem þau höfðu til umráða.

„Fyrir flutninga var slátrað nokkrum gömlum gripum vegna þess að við ætluðum að hætta áður en við duttum niður á þetta. Einnig vorum við búin að selja nokkra gripi til viðbótar. Þegar við fluttum voru 27 kýr sem voru fluttar frá Látrum. Þá keyptum við fjórar kvígur hér í sveitinni og þá er einn bás enn auður. Þegar allt er komið í nýtingu eins og fjósið er núna verða kýrnar 48. Svo skoðum við frekari breytingar og stækkun ef kaup á jörðunum ganga eftir,“ segir Jóhanna María.

### *Allt aðrar aðstæður*

Jón segir þetta allt annað varðandi vinnu á túnunum. Á Látrum og þeim túnum sem þau höfðu til umráða var því víða þannig háttað að oft var þröngt um til að snúa dráttarvél með sláttuþyrluna hvað þá með vögnum eða öðrum tækjum. Auk þess sem túnin voru mishæðótt og oft í töluverðum halla. Á nýja staðnum eru túnin rennislétt og fyrir neðan þjóðveginn og niður undir Eldborg eru t.d. þrjár spildur frá einum til eins og hálfs kílómetra að lengd.

### *Mikil vinna að flytja búskapinn*

Það hefur verið mikil vinna hjá heimilisfólkinu að undanförnu að flytja búslóð og skepnur, en mjólkað var í síðasta sinn á Látrum snemma morguns þann 10. október. Strax eftir að mjöltum lauk var farið í að koma gripum á flutningabíl og nokkrar kýr voru einnig settar í lokaðar kerrur.

Tíðindamaður Bændablaðsins heimsótti fjölskylduna daginn eftir flutningana og voru þau þá enn í önnum við að koma sér fyrir. Dóttirin og þingmaðurinn Jóhanna María, þurfti þó að bregða sér frá á kjördæmaþing framsóknarmanna, en var búin að panta að fá að mjólka síðdegismjaltirnar á laugardeginum. Þurfti reyndar að ýta henni af stað á fundinn að sögn Jóns bróður hennar, því hún var hrædd um að missa af mjöltunum.

Í heimsókn blaðamanns og förunautar á bæinn deginum áður var þingmaðurinn á fullu í vinnugallanum í fjósinu að vinna við að koma fyrir undirlagsmottum undir kýrnar í mjaltabásnum. Sagði faðir hennar



Syðstu-Garðar. Mynd / HKr.



Látrar við Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi. Mynd / HKr.





Fyrstu kýrnar frá Látrum stigu hikandi skrefum inn á nýja heimili sitt í fjósinu á Mið-Görðum. Kálfarnir fengu líka hlýjar móttökur. Myndir / Jóhanna María Sigmundsdóttir




að þetta væri ekkert nýtt, hún væri alltaf sívinnandi og hafi verið svo allt frá því hún fór að standa í fæturna.

### *Alltaf að puða*

„Frá því hún var smástelpa var hún alltaf að böðlast með manni í öllum verkum. Með koppafeitisprautuna í annarri hendi og skiptilykilinn í hinni. Svo hefur hún unnið á vélunum til jafns við karlmennina alveg frá 12 ára aldri. Ef það voru órólegar kýr í fjósinu, þá voru þær ekki órólegar lengur þegar hún mætti á svæðið. Hanna hefur sannarlega einstakt lag á skepnum og áhuginn fyrir búskapnum er mjög mikill. Þá er hún líka sérdeilis lagin við að laða að sér fólk og alltaf með fullt af vinum í kringum sig,“ sagði Sigmundur.

Mátti sjá það á Sigmundi að eitthvað hafi gengið á síðustu vikurnar og skrokkurinn farinn að láta hann vita vel af því að álagið væri orðið aðeins of mikið. Verkjatöfluglasið var því ekki langt undan. Að slaka eitthvað á var þó greinilega hugsun sem var honum víðs fjarri. Hann sagði að þetta lagaðist fljótt þegar hann þyrfti ekki lengur að bogra við mjaltirnar. Honum var þó augljóslega fyrir mestu að kýrnar hefðu það sem best.

### *Byggt á hugmyndafræði fjölskyldubúsins*

Allar eru kýrnar nefndar með nafni og segja þeir feðgar að mikið sé lagt upp úr hugmyndafræði fjölskyldubúsins. Þau ætli ekki að vera með stærra bú en svo að yfirsýnin verði góð og að fjölskyldan ráði vel við dæmið án mikillar utanaðkomandi aðstoðar. Einnig að ábúendur þekki vel skepnurnar sínar og allar þeirra þarfir.

### *Hönnuðu nýja legubása en mörg handtökin eftir*

Sigmundur sagði að vissulega væru kýrnar órólegar fyrst eftir svona flutninga. Því mætti búast við að nytin dytti eitthvað niður fyrst í stað. Það hafi því verið mikilvægt að ná þeim í ró. Þá skipti miklu máli að ekki væru aðrir í kringum kýrnar en þeir sem höfðu annast þær á Látrum.

Hann sagði að þótt þau væru flutt, væri samt mikið verk eftir til að koma öllu í það stand sem hann vildi hafa það. Lagfæra hafi þurft húsin talsvert og enn ætti eftir að lagfæra klæðningar í loftum í fjósinu, en milli bita er allt einangrað með steinull.

Gömlu stálbásana hreinsuðu þau út úr fjósinu enda farnir að láta mjög á sjá. Leitað hafi verið að nýju innfluttu kerfi, en afgreiðslutími hafi verið of langur auk þess sem þeim þótti kostnaður ekki innan þeirrar kostnaðaráætlunar sem þau höfðu reiknað út að ætti að duga. Hannaði Sigmundur því sjálfur nýja bása eftir að hafa skoðað víða hvað best hentaði. Hann sagðist þó ekki sérlega laginn við tölvur svo yngri sonurinn

*- Framhald á næstu síðu*


VERSLUN VAGNHÖFÐA 23



SJÁÐU BETUR Í VETUR!
RAIN-X RÚÐUVÖKVI OG ÞURRKUBLÖÐ Í ÚRVALI

Opnunartími verslunar:
Opið virka daga frá kl. 08-18

Bílabúð Benna verslun:
Vagnhöfða 23 • 110 Rvk.

Sími: 590 2000
www.benni.is

Bílabúð Benna

Sigmundur fékk það hlutverk að gera teikningar af öllu nýja stálverkinu. Nýju básarnir eru úr beygðum stálrörum sem soðin eru saman og veita þeir kúnum talsvert meira rými en gömlu básarnir á Látrum. Þá eru þeir hannaðir þannig að kýrnar eiga ekki að geta meitt sig á þeim og með þeim skapast líka aukið vinnuhagræði. Kýrnar eru t.d. ekki bundnar á básunum og er aðeins bandspotti fyrir aftan þær sem hindra að þær fari ekki á flakk. Það eitt að hafa þær ekki bundnar spara töluverða vinnu við hverjar mjaltir að sögn Sigmundar, auk þæginda fyrir kýrnar sjálfar.

Sigmundur segir að haft hafi verð samband við Límtré Vírnet í Borgarnesi um að útvega stálið og beygja það. Viðskiptin við það fyrirtæki hafi verið alveg einstaklega góð og allt innan kostnaðarmarka. Hrósaði hann starfsmönnum þar í hástert. Efnið niðursneitt og tilbúið var svo flutt í fjósið á Mið-Görðum þar sem Sigmundur og synir og dóttirin Jóhanna sáu um að sjóða allt saman og festa niður og nutu þar einnig aðstoðar Jakobs Jónssonar, sem er svili Sigmundar.

„Svo var allt málað í grænum lit – annað kom ekki til greina,“ sagði Sigmundur.



Jóhanna Karlsdóttir og Sigmundur L. Sigmundsson ræða málin í eldhúsinu, en ljóst að fram undan verða æði mörg handtökin áður en allt verður komið í það stand sem þau ætla sér. Mynd / HKr.

### *Með kálfa á annarri hæð*

Einn einkennilegan hlut bentu þeir blaðamanni á í fjósinu á Mið-Görðum. Í hliðarbyggingunni er að finna kálfastíur uppi á annarri hæð sem hlýtur að útheimta talsverða aukavinnu við umhirðu. Þessu hyggjast þau breyta og eru reyndar þegar byrjuð á að koma upp stíum á jarðhæðinni. „Það er þó einn stór plús við þetta,“ segir Jón og hlær við. „Það er svakalega fallegt útsýni af hæðinni í átt að Eldborg.“

Til viðbótar endurbótum á fjósinu á Mið-Görðum er ætlunin að taka í gegn kálfafjós á Syðstu-Görðum. Þar á að sögn Sigmundar að verða aðstaða og pláss fyrir eldi á 50 nautum á öðru ári.

„Við munum því fara út í kjötframleiðslu og ala alla kálfa sem við getum. Þarna hafa verið vistaðir hestar á skaflajárnum og þeir hafa valdið skemmdum sem þarf að laga.“



Ekki var annað að sjá en að kálfunum liði vel í nýju kálfastíunni í Mið-Görðum.

### *Rúlluverkunin hentar feðgunum vel vegna ofnæmis*

Búið á Látrum var vel búið dráttarvélum og öðrum tækjum svo ekki þarf að leggja í mikinn aukakostnað vegna þess á nýja staðnum. Sigmundur segir að þau hafi verið með þeim fyrstu sem fóru út í heyrúlluverkun á Látrum á sínum tíma, en það hafi ekki komið til af góðu.

„Ég er með svo mikið heyofnæmi að ég þoli ekki þurrhey.“ Jón sonur hans bætir við: „Ég er með svo mikið frjóofnæmi að þegar ég var í votheysgryfjunni á Látrum gat ég aðeins jafnað í gryfjuna í einn dag og þá passaði að ég lá rúmfastur daginn eftir með 40 stiga hita.“ Á meðan seig í gryfjunni og það dugði til að ég kæmist á fætur aftur til að vinna við að setja meira í hana,“ sagði Jón.



Kýrnar voru orðnar hinar rólegustu í nýju básunum.

Fyrsta skrefið í pökkunarvæðingunni var að setja heybagga í plastpoka en síðan kom Claas-rúllupökkunarvélin í kringum 1987. Hún gekk áfallalaust í 20 ár þegar keypt var ný Claas-pökkunarsamstæða. Þá var Sigmundur með Claas-dráttarvél sem unnið var á í verktöku fyrir Vegagerðina við snjómokstur. Hann er því greinilega hrifinn af þessari tegund vinnuvéla, enda eru þær grænar að lit.

Á nýja staðnum sleppa þeir alveg við snjómokstur í líkingu við það sem tíðkaðist í Djúpinu. Í fjölda ára sáu feðgarnir um að halda opinni leiðinni yfir Eyrarfjall á milli Ísafjarðar og Mjóafjarðar, eða þar til sú leið var lögð af. Segist Sigmundur oft hafa verið að vinna þarna á fjallinu í 18 tíma í einu en oftast hafi hann þó verið með mann fyrir sig á vélinni. Með þeirri verktakavinnu tókst honum að greiða upp dráttarvélina á þrem árum. Á sama tíma var Jón þar við mokstur á veghefli Vegagerðarinnar á Ísafirði. Jón hafði neyðst til að flytja frá Látrum á Ísafjörð með fjölskyldu sína fyrir 12 árum vegna skólagöngu barnanna. Hann segist alla tíð síðan hafa þráð það heitast að komast aftur í sveitina.

*– Var þá ekki söknuður að yfirgefa allt þetta vafstur í Djúpinu?*

„Það er vissulega ákveðinn tregi, en hér hefur maður margt sem maður hafði ekki þar og öfugt. Það getur verið mikil veðursæld í Djúpinu, en hér skilst mér að sé annaðhvort logn eða rok,“ segir Sigmundur.

### *Kýrnar mótmæltu klæðaburði Sigmundar yngri*

Ekki var annað að sjá um miðjan dag á sunnudeginum, en flutningar á gripunum hafi gengið eins og í sögu. Kýrnar voru orðnar mjög rólegar á nýju básunum sínum á meðan Sigmundur og Jón voru að bjástra í fjósinu. Kúnum var þó greinilega ekki sama þegar Sigmundur yngri kom í fjósið og ekki í fjósagallanum, heldur skærlituðum vinnugalla. Mótmæltu þær hástöfum þessu háttarlagi piltsins og bauluðu bæði hátt og mikið svo undir tók í húsunum. Eftir að hafa mænt á hann nokkra stund, þar sem hann stóð við hlið bróður síns og föður, virtust þær þó tilbúnar að samþykkja múnderinguna á stráknum, en með semingi þó.



Heimilishundurinn Vamos var svolítið utanveltu á nýja staðnum fyrstu dagana og vissi ekki alveg hvernig hann átti að haga sér.

Fjósið var eðlilega tandurhreint og svo var einnig í kálfastíu þar sem 7 kálfar lágu í mestu makindum á heyi á gólfi í rúmgóðri stíu. Sigmundur eldri sagði að hún væri ætluð 10 kálfum samkvæmt reglugerð.

Jón sagði að það væri svolítill munur að sjá gripina þeirra miðað við orð konu frá Tékklandi sem til þeirra kom og sagði dásamlegt að sjá svona hreina og fallega gripi. Því ætti hún alls ekki að venjast af stóru búunum erlendis. Sigmundur tekur undir þetta og nefnir að í Heydal við Djúp í næsta nágrenni við Látra væru oft margir útlendingar á sumrin sem oft tengjast landbúnaði í sínumheimaldni sem segðu sömu sögu. Þetta fólk hafi oft verið heimagangar á Látrum. Þar væri um að ræða fólk frá fjölmörgum löndum, Spáni, Frakklandi, Þýskalandi og víðar. Sjálfur hefur Sigmundur líka farið fyrir ferðaþjónustubændur þar sem leiðsögumaður í hestaferðir á fjöll með ferðamenn, enda þaulkunnugur hverri þúfu á svæðinu.

### *Ekki allt gull sem glóir*

„Auðvitað spjallar maður við þetta fólk og þar fær maður samanburðinn. Það er greinilega ekki allt gull sem glóir í útlöndum. Svo eigum við að keppa við framleiðsluna frá þessum löndum. Sama má segja um svínakjötsinnflutninginn. Svo hef ég oft verið að benda fólki á hvort það viti hvaðan fallegu dönsku kjúklingabringurnar komi raunverulega. Þeim er vissulega pakkað í Danmörku og merktar sem slíkar en oftar en ekki framleiddar í Lettlandi og Litháen.“

### *Gæfir gripir mikils virði*

Jón segir að fjölskyldan hafi alla tíð lagt mikið upp úr því að hæna nautgripina að sér strax sem kálfa. Við það yrðu þeir gæfari og betra að eiga við þá þegar þeir stækkuðu. Sem dæmi um þetta segir Sigmundur að þeir hafi átt sjö fengnar kvígur úti á túni á Eyri í Mjóafirði nú í haust.

„Þegar leið að brottfarardegi vorum við að gefa nautum sem voru þar inni í girðingu og skildum eftir opið og kvígurnar eltu okkur inn í girðinguna. Því voru hæg heimatökin að loka á eftir kúnum svo við þurftum ekkert að eltast við þær. Það er svo þægilegt að vera með gripina svona gæfa og kostar miklu minna umstang.“

*– Þetta leggst þá bara vel í ykkur að flytja um set?*

„Já, allavega enn sem komið er. Við vorum auðvitað ekki í góðri aðstöðu á Látrum. Þannig vorum við með kálfana í fjárhúsum í 8 kílómetra fjarlægð frá bænum, vegna þess að við höfðum ekki pláss heima. Þegar nýja reglugerðin tók gildi þá var ungkálfaplássið í okkar 40 ára gamla fjósi orðið of lítið. Þá hafa íslensku kýrnar smám saman verið að stækka, þannig að básarnir sem ég smíðaði á sínum tíma voru orðnir of stuttir og kýrnar hættar að passa undir slár.“

### *Fengu ekki að byggja mjaltabás á Látrum 1975*

„Fjósið heima var byggt 1975 en er orðið úrelt. Húsið hér í Mið-Görðum er tíu árum yngra og með talsvert öðrum hætti. Hér fengu þeir t.d. að byggja mjaltabás sem við fengum ekki að gera á Látrum. Við vildum byggja mjaltabás þegar við reistum fjósið, en þá var okkur sagt á teiknistofu landbúnaðarins að ef við ætluðum að reisa fjós, þá yrðum við að byggja básafjós. Annars fengjum við hvorki lán né styrk. Þetta voru þær skorður sem okkur voru settar af yfirstjórn landbúnaðarmála í þá daga, þó ekki sé lengra síðan,“ segir Sigmundur.

### *Hönnun haughúskjallarans virkaði ekki*

Jón segir að það sé ekki öll sagan, því skilyrt hafi verið að haughúskjallarinn væri stallaður með bríkum fremst. Þetta hafi átt að vera eins konar fleytikjallari en teikningarnar komu frá Byggingastofnun landbúnaðarins.

„Þetta fyrirkomulag hefur aldrei virkað og það hefur verið þrefalt meiri vinna að tæma skítinn úr haughúsinu en þyrfti að vera. Við höfum meira að segja þurft að fara þarna niður og smúla fram af pöllunum þegar við erum að tæma,“ segir Jón.

„Já, þetta hefur alltaf verið rosaleg vinna og maður hefur oft bölvað hönnuðunum í gegnum tíðina,“ segir Sigmundur.

„Af þessu óþarfa puði við mjaltir og annað alla daga er maður auðvitað orðinn ansi slæmur í skrokknum. Hér í Mið-Görðum er maður kominn í miklu betri vinnuaðstæður, allavega upp á skrokkinn að gera.“

### *Engar rollur á nýja staðnum*

Á Látrum hefur lengst af verið sauðfjárbúskapur við hliðina á kúabúskapnum. Þeir feðgar sögðust hafa hætt því síðastliðið haust og ætluðu ekki að taka upp á þeirri vitleysu aftur. Sigmundur sagðist einu sinni hafa ætlað að draga verulega úr fjárbúskapnum á Látrum og hafi fækkað niður í 30 kindur sem hann ætlaði aðallega að halda sér til gamans og fyrir heimilið.

„Svo fjölguðu þær sér óvart aftur og voru komnar í 120. Í fyrrahaust vorum við að spá í að hafa svona tíu sérvaldar kindur sem maður vissi nákvæmlega hvar héldu sig á sumrin og þyrfti því ekkert að hafa fyrir að sækja á haustin. Þetta var fé sem var bara í skóginum og þegar maður var búin að heyja síðsumars skildi maður bara eftir opið hliðið á túninu og þær komu þá sjálfviljugar. Ég vildi halda nokkrum svona kindum, en var þá tjáð að þennan pakka væri búið að prófa á mér. Þá hafi mér ekki tekist að halda fjöldanum í skefjum,“ segir Sigmundur.

Jón tekur undir það og segir að það hafi verið erfitt að setja kindurnar á sláturhúsbílinn. Það væri alltaf gaman að sauðkindinni.

Sigmundur segir að það hafi verið meiningin að slátra öllum kindunum á Látrum, en það hafi endað með því að það hafi aðeins farið fjórar í sláturhúsið. Hinar voru allar keyptar á fæti af öðrum bændum.

### *Féð er það sem það étur*

Segir Sigmundur að féð hjá þeim á Látrum hafi alltaf verið mjög vænt. Aðrir bændur hafi því sóst eftir að ná upp þessum eiginleika fjárins í Inn-Djúpinu. Sem dæmi þá hafi mjög margir keypt líffé af Indriða Aðalsteinssyni í Skjaldfannardal og flutt í aðra landshluta. Sigmundur segist þó ekki sannfærður um að það skili sér endilega í betra fé í þeim landshlutum, því vænleiki fjárins ráðist miklu frekar af landsgæðunum og kjarngóðri beitinni þar sem féð er hverju sinni. Eins og við Djúp. Eðlilega skili kjarngóð beit sér í meiri vænleika fjárins.

### *Indælir nágrannar*

Eins og á sönnum bóndabæ var ekki annað við komandi en aðkomufólki væri boðið í kaffisopa áður en kvatt væri. Þar var húsfreyjan Jóhanna Karlsdóttir í önnum við að koma skikk á íbúðina ásamt Kristínu, dóttur sinni. Hún segir að indælt hafi verið að koma í þessa sveit þar sem allir tækju þeim afskaplega vel og væru boðin og búin til að hjálpa þeim. /HKr.

# Á hverfanda hveli

**Segja má að flutningur fjölskyldunnar frá Látrum endurspegli þróunina í samdrætti byggðar við Djúp og á öllum Vestfjörðum á liðnum áratugum, þvert á þróun í fjölgun Íslendinga. Árið 1950 bjuggu 144.293 manns á Íslandi, þar af 65.080 á höfuðborgarsvæðinu. Þá bjuggu 11.300 á Vestfjörðum eða 7,8% af Íslendingum. Árið 1980 voru þeir 4,6% og 2011 voru Vestfirðingar einungis 2,2% landsmanna. Hvergi á landinu hefur fólksfækkun verið eins ör frá 1960 til 1990 og á Vestfjörðum.**

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands var mannfjöldi í Ögurhreppi, Reykjafjarðarhreppi, Nauteyrarhreppi og Snæfjallahreppi alls 392 árið 1950. Fækkaði þeim í 150 manns árið 1990 eða um 60%. Þá voru íbúarnir orðnir 33 árið 2011 og hafði þá fækkað nærri 80% frá 2015. Fólksfækkunin við Ísafjarðardjúp hefur verið samfara stórfelldum breytingum á lífsháttum og byggðamynstri. Þetta kemur m.a. fram í lokaritgerð Ásdísar Ólafsdóttur í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands á síðastliðnu vori.

Síðan má geta þess að auk kúabúskapar á Látrum sem nú hefur lagst af, hefur sauðfjárbúskapur á Skjaldfönn handan Djúpsins einnig verið aflagður á þessu hausti. Á Skjaldfönn hefur sama ættin setið síðan um aldamótin 1800. Var Skjaldfönn ysta býlið í byggð við norðanvert Djúp. Eru Indriði Aðalsteinsson bóndi og kona hans, Kristbjörg Lóa Árnadóttir, nú búsett í Reykjavík. Ragna Aðalsteinsdóttir, bóndi á Laugabóli, er orðin háöldruð og mun væntanlega flytja til Ísafjarðar í haust. Nágranni hennar, Samúel Samúelsson á Hrafnabjörgum í Laugadal, er orðinn sjúklingur og hefur undanfarnar vikur dvalist á öldrunardeild sjúkrahússins á Ísafirði. Það er því óhætt að segja að byggðin við Djúp er hraðfara að rakna upp.




Berum ábyrgð á eigin heilsu

Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði býður upp á fjölbreytta dagskrá og námskeið sem eru öllum opin.
Allar nánari upplýsingar á heilsustofnun.is


Komdu með
– hressandi námskeið


Sorgin og lífið
– ástvinamissir og áföll


Heilsudagar
í desember


Líf án streitu
– lærðu að njóta lífsins


Samkennd
– að styrkja sig innan frá


Gjörhygli
Núvitund – Mindfulness



Heilsustofnun NLFÍ
Grænumörk 10 – 810 Hveragerði
Sími 483 0300 – heilsa@heilsustofnun.is



## Auglýsing um styrki til varna gegn landbroti fyrir árið 2016

**Landgræðsla ríkisins** auglýsir eftir umsóknum um styrki til varna gegn landbroti. Um er að ræða styrki sem veittir eru til slíkra verkefna **skv. lögum nr. 91/2002 um varnir gegn landbroti.**

Styrkirnir eru veittir til hvers konar verkefna til varnar því að vatnsföll eyði mannvirkjum eða gangi á gróið land. Við forgangsröðun verkefna er m.a. höfð hliðsjón af verðmæti þeirra mannvirkja eða lands sem landbrot ógnar.

**Umsóknarfrestur er til 15. desember 2015.** Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar eru á heimasíðu Landgræðslunnar, **www.land.is**, en einnig er hægt að hafa samband við **Landgræðsluna í Gunnarsholti, sími 488 3000 og héraðssetur Landgræðslunnar um land allt.**

Umsóknum skal skila til Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti, 851 Hella eða á netfangið **land@land.is**

**Landgræðsla ríkisins**
**Gunnarsholti, 851 Hella – Sími 488 3000 – land@land.is**



DÆMI

TÓNER Í HP PRENTARA

85A frá HP 15.715 kr.

85A samheitahylki 6.590 kr.




Leyfðu okkur að gefa þér ráðgjöf í rekstri prentara

PRENTVÖRUR
Skútuvogi 11 104 Reykjavík Sími 553 4000 www.prentvorur.is



LSB Lífeyrissjóður bænda

## Til sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda

Öllum greiðandi sjóðfélögum hefur verið sent yfirlit um skráð iðgjöld hjá Lífeyrissjóði bænda fyrir tímabilið janúar til ágúst 2015.

Skorað er á sjóðfélaga að bera yfirlitin saman við launaseðla og gera án tafar athugasemdir ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum.

Sjóðfélögum er bent á að hafa tafarlaust samband við sjóðinn, hafi þeir ekki fengið yfirlit frá sjóðnum en telja að vinnuveitandi hafi átt að skila iðgjöldum til sjóðsins.

Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé hún síðar, og sjóðnum hefur ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd.

**LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA**
**Bændahöllinni v/ Hagatorg**
**107 Reykjavík – s. 563 0300**



Loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar:

# Heita að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda

**Þjóðir heims keppast við að gefa út yfirlýsingar sem heita minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir Parísarráðstefnuna um loftslagsmál sem haldin verður seinna á árinu.**

Haldi núverandi losun gróðurhúsalofttegunda áfram óbreytt gera spár ráð fyrir að loftslagshiti jarðar muni hækka um 3,1° Celsíus fyrir árið 2100 sem er 1,7 gráðum hærra en þolmörk, sem eru tvær gráður. Standist spárnar má búast við gríðarlegum breytingum á veðurfari, sem reyndar er þegar farið að bera á, sem leiða til að veðrakerfi riðlast frá því sem nú er og slíkt mundi hafa víðtæk áhrif á fæðuframleiðslu og fæðuframboð í heiminum.

*150 ríki lofa betrun*

Alls hafa 140 þjóðir heitið því að gera allt sem í þeirra valdi er til að draga út losuninni. Gangi fyrirheit þeirra eftir gera spár ráð fyrir að loftslagshækkunin verði 2,7 gráður sem er 0,7 gráðum yfir þolmörkum. Þrátt fyrir að hækkunin sé enn yfir hættumörkum gera spár í fyrsta sinn ráð fyrir að hún verði undir þremur gráðum á Celsíus.

Stjórnvöld í Brasilíu hafa heitið því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 37% fyrir árið 2025, í Indónesíu um 29% fyrir 2030, Kenía um 30% fyrir 2013, Bandaríkin um 80% fyrir 2025, Kína 45 % fyrir 2020 og ekki alls fyrir löngu var haft eftir Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra að á Íslandi væri stefnan að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fyrir árið 2030.

*Ekki skuldbundinn af samningum*

Allt eru þetta göfug markmið en því miður er það svo að þjóðir eru ekki bundnari en svo af samþykktum og undirskriftum fulltrúa sinna þegar kemur að umhverfismálum að engin refsiákvæði eða sektir eru til staðar sé ekki staðið við samninginn. Slíkt á bara við þegar um fjárhagslegar skuldbindingar er að ræða. /VH



Uxar af þeirri tegund sem fastir eru á ísnum eru léleg sunddýr.

Hlýnun jarðar:

# Leyfa veiðar á uxum áður en þeir fljóta burt

**Yfirvöld í Alaska hafa gefið leyfi til veiða á nokkrum tuga uxa sem eru strandaglópar á rekís sem losnað hefur frá landfastri íshellu og eru á reki á Beringshafi.**

Veiðarnar eru leyfðar á þeim forsendum að dýranna bíði hægfara dauði og líklega drukknun þegar ísinn sem kominn er á haf út bráðnar undan þeim. Uxar af þeirri tegund sem fastir eru á ísnum eru léleg sunddýr og engar líkur taldar á að þau geti synt í land.

Sumarhiti í Alaska á þessu ári er sá hæsti sem mælst hefur frá upphafi mælinga.

Þeir sem fá leyfi til veiðanna munu fara á bátum upp að rekísnum og fella dýrin þar. Þrátt fyrir að uxar séu almennt friðaðir í Alaska hefur atburðum sem þessum fjölgað undanfarin ár við strendur Alaska og þeir raktir til aukinnar bráðnunar íss á norðurslóðum. Umræddur uxastofn var fluttur til Alaska 1935 en uxum sem höfðu verið þar fyrir var útrýmt 1920. Hann hefur dafnað vel og telur um 740 dýr. /VH



Matvælastofnun vekur athygli á að leðurblökur geta borið ýmsa sjúkdóma eins og hundaæði, Ebólu og SARS.

Dýraheilbrigði:

# Leðurblökur á Íslandi

**Af og til berast leðurblökur hingað til lands, samanber nýlegt tilvik þar sem leðurblökur fundust í flutningaskipi sem kom til Siglufjarðar.**

Matvælastofnun vill vekja athygli á að leðurblökur geta borið ýmsa hættulega sjúkdóma, bæði í menn og skepnur, og því er ástæða til að fara varlega þegar þær eru handsamaðar.

Stofnunin vill jafnframt benda á að þegar aflífa þarf leðurblökur, skal það gert með skjótum og sársaukalausum hætti eins og önnur dýr. Tilkynna skal um leðurblökur til viðkomandi héraðsdýralæknis Matvælastofnunar eða Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Vitneskja er um 38 leðurblökur sem fundist hafa hér á landi fram til ársins 2012. Leðurblökur eru þekktir berar af mörgum hættulegustu veirum sem þekkjast s.s. hundaæði, Ebólu, Hendra, Nipha og SARS en þessir sjúkdómar hafa ekki greinst hér á landi.



Nýlega fundust leðurblökur í flutningaskipi sem kom til Siglufjarðar.

Margar tegundir leðurblaknanna geta borið þessar veirur hvort sem þær nærast á blóði, skordýrum eða ávöxtum. Hvað þekktast er að leðurblökur beri veiruna sem veldur hundaæði. Hundaæði veldur alvarlegum sársaukafullum einkennum og endar með dauða, nema ef viðkomandi einstaklingur fær mótefni nægilega snemma eftir smit. Það skal þó tekið fram að sú gerð hundaæðiveirunnar sem algengast er að finna í leðurblökum, er ekki mjög smitandi fyrir fólk og dýr. Það er þó alls ekki óþekkt að fólk smitist af leðurblökum og því er fólk varað við að snerta leðurblökur án varúðarráðstafana.

Þótt ekki sé nema örlítill hluti leðurblakna með hættuleg smitefni í sér er ástæða til að hafa varann á, sér í lagi ef leðurblökurnar haga sér einkennilega, s.s. ef þær liggja á jörðinni, geta ekki flogið eða fljúga á veggi og álíka. Flestar leðurblökur munu reyna að bíta til að verja sig þegar reynt er að handsama þær. Best er að kalla til meindýraeyði, dýralækni eða einhvern annan sem líklegur er til að kunna til verka. /VH

Skógareyðing og skógareldar í Indónesíu:

# Losa meira af koltvísýringi en Bretlandseyjar

**Mælingar benda til að skógareldarnir sem geisað hafa í Indónesíu undanfarnar vikur hafi losað meira af koltvísýringi út í andrúmsloftið en allir íbúar og starfsemi á Bretlandseyjum gera á heilu ári.**

Umfang skógareldanna og losun koltvísýrings af þeirra völdum er slíkt að það er sagt munu hafa áhrif til hækkunar lofthita á Jörðinni og valda ótímabærum dauða yfir eitthundrað þúsund manna í Indónesíu og nágrannaríkjunum vegna loftmengunar. Auk þess sem eldarnir hafa nú þegar eyðilagt búsvæði ættbálka innfæddra og fjölda sjaldgæfra dýra í Indónesíu eins og órangúta og hlébarða.

Loftmyndir sýna að eldur hefur brotist út víða í skógum landsins og aðgerðir til að slökkva eldinn hafa haft lítil áhrif á útbreiðslu þeirra.

Sannað er að skógareldarnir voru kveiktir af ásettu ráði í kjölfar mikilla þurrka í landinu til að ryðja land til að rækta pálmaolíu og hraðvaxta plöntur til pappírsgerðar. Indónesía er komið efst á lista yfir lönd þar sem skógareyðing er mest í heiminum. /VH





# Öryggishanskar og fatnaður

*Dynjandi býður upp á hlífðar- og öryggisfatnað sem uppfyllir ströngustu kröfur.*

*Hafðu samband. Við veitum þér faglega aðstoð.*

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is



STRÚKTÚR

Byggðu þinn STRÚKTÚR á traustum grunni

Stálgrindarhús - Yleiningar - Límtré



WWW.STRUKTUR.is

Við finnum lausn sem hentar Þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Hraðastöðum IV | 271 Mosfellsbæ | Sími: 696 0008 & 860 0264 |



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

**Næsta blað kemur út 5. nóvember**



# Gólf - Einstök hönnun

**léttari - sterkari -**
**hreinsa sig betur - hálkuvörn**
**Þolir 4000kg öxulþunga**




**Á Íslandi í 15 ár - 10 ára verksmiðjuábyrgð**
**Á Íslandi eru 2,6 ha gólfbita frá Andersbeton**

G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020 gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is

Sala og ráðgjöf Norðurlandi: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is



# HAUSTTILBOÐ

Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM



VH/14-04

70 mm bjálki / Tvöföld nótun

www.volundarhus.is

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 25 m²
með 9 m² yfirbyggðri verönd

kr. 1.599.000,- án fylgihluta.
kr. 1.899.000,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu volundarhus.is

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustu-stöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt
volundarhus.is · Sími 864-2400



28 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - BARNAHÚS 2,2m²
kr. 149.900,- án fylgihluta
kr. 169.900,- m/fylgihlutum



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9 m² - án gólfs
kr. 299.900,- án fylgihluta
kr. 339.900,- m/fylgihlutum



28 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²
kr. 269.900,- án fylgihluta
kr. 299.900,- m/fylgihlutum



# BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

**Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum**



**Þær eru léttar og auðveldar í notkun.**

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

# Elstu og hæstu hengibjörk landsins bjargað frá falli

## –stofnarnir tveir festir saman með vír til að lengja líf trésins

**Stofnar rúmlega aldargamallar hengibjarkar sem stendur við Gömlu-Gróðrarstöðina á Akureyri voru festir saman með vír til að hrindra að tréð klofni. Björkin var líklega ræktuð þar upp af norsku fræi snemma á 20. öld. Sprunga var komin í stofninn þar sem hann skiptist í tvennt og höfðu menn áhyggjur af því að tréð gæti klofnað og drepist. Björkin var líklega ræktuð þar upp af norsku fræi snemma á 20. öld.**

Í Skandinavíu eru fullvaxta tré af þessari tegund gjarnan 15–25 metra há en tréð við Gömlu-Gróðrarstöðina er örugglega komið yfir 15 metra hæð. Aðstæður eru samt nokkuð erfiðar til að mæla hæð trésins nákvæmlega.

Á síðustu misserum hefur myndast sprunga í stofninn neðan við skiptinguna sem smám saman hefur gleikkað og því höfðu menn áhyggjur af því að dagar trésins gætu senn verið taldir, yrði ekkert að gert. Annar eða báðir stofnarnir hefðu getað brotnað í stórviðri, stofninn klofnað og tréð drepist.



Brynjar byrjar að bora í annan stofninn. *Myndir / Pétur Halldórsson*



Hallgrímur og Brynjar búa sig undir að klifra upp í stigann og bora.

### *Stendur vonandi lengi enn*

Hallgrímur Indriðason, skipulagsfulltrúi Skógræktar ríkisins, gekk til verks til að bjarga trénu ásamt Brynjari Skúlasyni, skógfræðingi hjá Rannsóknastöð skógræktar, Mógilsá. Fengnir voru myndarlegir 10 mm snittteinar og tilheyrandi lykkjur og festingar ásamt vír til að strengja milli stofna trésins. Borað var í báða stofnana, teinunum stungið í gegn og vírinn festur á milli. Loks var hert upp á teinunum og stofnarnir togaðir örlítið saman. Nú er vonandi að hengibjörkin fallega fái að standa lengi enn. Þetta er án efa bæði elsta og stærsta hengibjörk á Íslandi og stór tré af þessari tegund eru sjaldgæf hérlendis. Frá þessu er sagt á vef Skógræktar ríkisins, skogur.is. /MÞÞ

## Uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar á Norðurlandi:

# Saga Travel, Norðursigling og Bergþór hlutu viðurkenningar

**Uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar á Norðurlandi var haldin í Þingeyjarsveit og á Húsavík á dögunum.**

Heimamenn tóku vel á móti gestum, en yfir 90 manns frá ferðaþjónustufyrirtækjum af öllu Norðurlandi tóku þátt í uppskeruhátíðinni að þessu sinni. Að venju voru viðurkenningar veittar til fyrirtækja og einstaklinga sem hafa skarað fram úr á árinu.

### *Saga Travel Sproti ársins*

Viðurkenningu fyrir Sprota ársins fékk Saga Travel. Sproti ársins er veittur eftirtektarverðri nýjung á Norðurlandi. Saga Travel á Akureyri var stofnað í október 2009 af Sævari Frey Sigurðssyni. Fyrirtækið hefur frá upphafi verið brautryðjandi í framboði á skipulögðum ferðum með leiðsögn fyrir einstaklinga um Norðurland. Sem dæmi um nýjungar má nefna sælkeraferð um Eyjafjörð og miðnæturferð um Demantshringinn. Saga Travel er með höfuðstöðvar á Akureyri, starfsstöð í Mývatnssveit og stefnir að auknum umsvifum á höfuðborgarsvæðinu með opnun starfsstöðvar í Reykjavík.

### *Fyrirtæki ársins er Norðursigling*

Viðurkenningu sem fyrirtæki ársins fékk Norðursigling en þessi viðurkenning er veitt til fyrirtækis sem hefur skapað sér stöðu á markaði og hefur unnið að stöðugri uppbyggingu, vöruþróun og nýsköpun. Norðursigling á Húsavík var stofnað árið 1995 af bræðrunum Árna og Herði Sigurbjarnarsonum og var fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að bjóða upp á reglulegar hvalaskoðunarferðir. Auk hvalaskoðunar á Norðursigling og rekur veitingastaðinn Gamla Bauk, kaffihúsið Hvalbak og Húsavíkurslipp. Norðursigling er brautryðjandi í nýtingu grænnar orku í hvalaskoðun með nýju sérhönnuðu rafkerfi sem nýtt verður í bátum fyrirtækisins.



Sævar Freyr Sigurðsson hjá Saga Travel, Gústaf Gústafsson hjá Norðursiglingu og Bergþór Erlingsson hjá SBA.
Mynd af vef Markaðsskrifstofu Norðurlands

### *Bergþór hlaut viðurkenningu*

Bergþór Erlingsson, markaðsstjóri SBA, hlaut viðurkenningu fyrir ötul störf í þágu ferðaþjónustu á Norðurlandi. Bergþór hefur til margra ára unnið mikið starf fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu og er einn af okkar duglegustu talsmönnum.Hann sat um árabil í stjórn Markaðsstofu Norðurlands, um tíma sem formaður, og situr nú í fagráði flugklasans Air66N.

Clive Stacey fékk þakkir fyrir sín störf í þágu ferðaþjónustunnar á Norðurlandi, skrifstofan hans fagnaði 30 ára starfsafmæli í fyrra. /MÞÞ


Bændur og veiðifélög

Ódýrar lambheldar hliðgrindur

Erum að fá nýja sendingu af þessum vinsælu hliðgrindum.
Breidd 4.27, Hæð 1.10
Möskvastærð 10 x 15 cm. Lambheld.

Verð:
1 stk kr. 24.900 auk vsk
2-4 stk kr. 21.900 auk vsk
5 stk eða fleiri, kr. 19.900 auk vsk.



Pantanir og upplýsingar í síma 669 1336 og 899 1776.
www.aurasel.is

AURASEL
Meira fyrir aurinn






31% LANDSMANNA LES BÆNDABLAÐIÐ AÐ STAÐALDRI

HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT. – DES. 2014.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

SÍMI 563-0300 | BBL.IS













Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook






**Evrópskur dagljósabúnaður í ökutækjum veldur stórhættu í umferðinni og slys vegna þeirra valda lagalegri óvissu:**

# Lög um ljósabúnað ökutækja á Íslandi eru þverbrotin

## – Samgöngustofa aðhefst ekkert í málinu þótt vaxandi fjöldi bíla aki um götur ljóslausir að aftan




Báðar þessar myndir sýna bíla í umferðinni með engin afturljós. Þær voru teknar um helgi fyrir skömmu í sömu ferðinni í síðdegisumferðinni í Reykjavík. Umferðin var þá tiltölulega lítil. Það þurfti samt ekki að aka lengi til að verða var við ljóslausa bíla að aftan. Myndir / HKr.

**Samkvæmt lögum nr. 50 frá 30. mars 1987 er skylt að vera með ökuljós kveikt á ökutækjum í akstri, bæði að nóttu sem degi. Þessi lög eru nú þverbrotin á hverjum einasta degi með tilheyrandi slysahættu. Er það gert af ökumönnum vaxandi fjölda nýrra bíla sem fluttir eru til landsins með svokölluðum „dagljósabúnaði" samkvæmt reglum ESB frá 2011.**

Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur bent á þennan galla þar sem flestar nýjar og nýlegar bifreiðir eru með þennan dagljósabúnað. Kviknar þá sjálfkrafa á hvítum ljósum að framan (dagljósabúnaður) þegar bifreið er ræst, en það eru þó ekki ökuljós. Ökumenn átta sig ekki allir á því að afturljósin eru mjög oft ótengd dagljósabúnaðinum í nýrri bílum. Því aka margir um í myrkri eða í þoku og dimmviðri með kveikt á „dagljósabúnaði" en ekki lögboðnum ökuljósum og með slökkt afturljós sem augljóslega er stórháskalegt.

Hlýtur það að vekja spurningar um lagalega stöðu ökumanna sem verða fyrir því að aka aftan á ljóslausan bíl í umferðinni.

Þessar nýju reglur hafa valdið nokkrum ruglingi, ekki bara hér á landi heldur líka hjá hinum Norðurlandaþjóðunum þar sem fólk er vant því að það kvikni sjálfvirkt á lágu ljósunum og afturljósunum samtímis.

### *Íslensk umferðarlög lítils metin með innleiðingu á reglugerðum ESB*

Bændablaðið sendi fyrirspurn til Samgöngustofu um þennan búnað og hvort á döfinni væri að gera eitthvað í því að nýjar bifreiðir aki um göturnar með ljósabúnað sem stenst ekki íslensk lög. Ekki er hægt að segja að svar Samgöngustofu, sem ber ábyrgð á þessum málaflokki, sé sérlega afgerandi, en þar segir:

„Samgöngustofa hefur áður bent á að svokallaður dagljósabúnaður dugi ekki sem lögboðin ökuljós við allar aðstæður. Búnaðurinn kveikir sjálfkrafa á hvítum framljósum sem drífa skammt, en ekki á aðalljósum (háljósum eða lágljósum) og stöðuljósum (afturljósum) sem eru áskilin þegar skuggsýnt er eða skyggni lélegt. Samgöngustofa hefur hvatt ökumenn til að gæta þess að kveikt sé á viðeigandi ökuljósum í akstri. Í flestum nýjum bílum með dagljósabúnaði þarf ökumaður ekki að hafa áhyggjur af því að muna eftir að slökkva á dagljósunum þegar bifreið er yfirgefin, það gerist sjálfkrafa. Hann þarf aftur á móti að muna eftir því að kveikja sérstaklega á lögboðnum og nauðsynlegum ljósum strax og eitthvað er að skyggni þannig að hann sjái sjálfur vel fram fyrir bílinn (aðalljósin) og aðrir ökumenn sjái hann vel aftan frá (afturljósin)."

Ekki er annað að sjá á þessu svari Samgöngustofu en að hún hyggist ekki taka sérstaklega á þessum lögbrotum nema með máttlausum tilmælum til ökumanna. Varla er því annað hægt að skilja á svarinu en að Samgöngustofa meti reglur ESB um ljósabúnað bifreiða í raun æðri íslenskum lögum sem stofnunin viðurkennir þó í svari sínu að séu enn í gildi. Í ljósi þessa svars var aftur spurt hvort Samgöngustofa hygðist láta brot á íslenskum lögum viðgangast. Svar Samgöngustofu var eftirfarandi:

„Samgöngustofa vinnur eftir gildandi lögum og reglum um umferð og hvetur til þess að þeim sé fylgt í hvívetna, enda er öryggi í samgöngum markmið þeirra og starfsemi stofnunarinnar. 32. gr. umferðarlaga mælir fyrir um ljósanotkun. Það segir m.a. að við akstur vélknúins ökutækis skuli lögboðin ljós eða önnur viðurkennd ökuljós jafnan vera tendruð. Þegar skilyrði eru góð og dagsbirtu nýtur við eru lögin túlkuð með þeim hætti að dagljósabúnaður dugi til, en eins og fram kemur í fyrra svari hefur Samgöngustofa hvatt ökumenn til að gæta þess að kveikja á viðeigandi ökuljósum í akstri. Það gerir þá kröfu til ökumanns að hann muni eftir því að kveikja sérstaklega á lögboðnum og nauðsynlegum ljósum um leið og skyggni dalar, bæði svo hann sjái vel fram fyrir bílinn sem og að aðrir ökumenn sjái bílinn hans tímanlega bæði að framan og aftan."

### *Bíta höfuðið af skömminni*

Það má eiginlega segja að þetta svar bíti höfuðið af skömminni þar sem Samgöngustofa tekur gilda notkun á ESB-dagsljósabúnaði, ***„þegar skilyrði eru góð,"*** þótt hann stangist á við íslensk lög. Í íslenskum lögum um ljósanotkun segir í 32. grein:

„Við akstur vélknúins ökutækis skulu lögboðin ljós eða önnur viðurkennd ökuljós jafnan vera tendruð. Við akstur ökutækis í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum og þegar birta er vegna veðurs eða af öðrum ástæðum ófullnægjandi, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið, skulu lögboðin ljós vera tendruð." – Síðar í 32. gr. laganna segir:

„Eigi má nota annan ljósabúnað eða glitmerki en boðið er eða heimilað í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim."

### *Mengunarsjónarmið metin meira en líf og limir vegfarenda*

Samkvæmt Evrópureglunum er heimilt að selja bíla með sjálfvirkum „dagljósabúnaði" sem kveikir einungis LED ljós á framhluta bílsins en engin afturljós. Í sumum tilvikum kveikir búnaðurinn þó sjálfvirkt á fullum ökuljósum og þá á afturljósum um leið, en er alls ekki algilt.



Ljóslausir bílar í lélegu skyggni skapar óþarfa hættu í umferðinni.

Þessar reglur voru settar af ESB í því augnamiði að auka umferðaröryggi en þó fyrst og fremst með áherslu á orkusparnað. Þess vegna kveikir búnaðurinn ekki á fullum ökuljósum og sleppir því alveg að kveikja á afturljósum. Í sumum bifreiðum er búnaður sem skiptir yfir á ökuljós og kveikir afturljós þegar birtuskilyrði eru komin undir ákveðin mörk. Ekki er þó tryggt að slíkt gerist sem skapað getur hættu þegar ekið er í þoku, ryki eða við önnur erfið skilyrði. Sömuleiðis þegar ekið er á móti sól einmitt þegar mjög mikilvægt er að afturljósin séu virk fyrir þann sem á eftir kemur.

FÍB hefur hvatt ökumenn til þess að kveikja á ljósunum þegar rökkva tekur og/eða þegar ekið er í þoku eða dimmviðri eða úti á rennvotum vegum. Allt of algengt sé að sjá í umferðinni, sérstaklega í myrkri og í dimmviðrum, bíla með afturljósin slökkt. Segir FÍB þetta reyndar alls ekkert einsdæmi á Íslandi, því að í Danmörku hafi FDM, systurfélag FÍB, hleypt af stað átaki til að hvetja ökumenn til að nota hefðbundin ökuljós við akstur.

Samkvæmt heimildum Bændablaðsins mun Samgöngustofa hafa gert athugasemd við þessa lagasetningu en án árangurs. Var þessum búnaði svo gefinn íslenskur stimpill með reglugerðarbreytingu 2012 þrátt fyrir að það stangist á við lög um ljósanotkun.

Bílar sem fluttir eru inn með þessum ljósabúnaði frá löndum Evrópusambandsins renna því athugasemdalaust í gegnum skoðun umferðaryfirvalda á Íslandi og skoðunarstöðvar. Lögregla virðist heldur engin afskipti hafa af þessum bifreiðum í umferðinni, þrátt fyrir að í ljósaskiptunum, myrkri, ryki eða slæmu skyggni af öðrum orsökum og eða snjókomu, séu þessar bifreiðir að skapa stórhættu í umferðinni.

### *Áhyggjur tryggingafélaga*

Vátryggingafélag Íslands (VÍS) hefur haft áhyggjur af þessum málum, enda geta slys af völdum bifreiða með þessum nýja ljósabúnaði samkvæmt ESB-reglum valdið lagalegri óvissu. Sigrún A. Þorsteinsdóttir, sérfræðingur VÍS í þjónustu- og markaðsmálum, segir að félagið hafi skoðað ljósabúnað ökutækja í nokkur skipti og komið niðurstöðum á framfæri. Bæði hafi verið gerðar kannanir þegar bjart er og svo þegar komið er myrkur.

„Við höfum verið að benda á mikilvægi þess að ökumenn séu meðvitaðir um það hvernig ljósabúnaði bíls síns er háttað eftir að við tökum eftir fjölda nýrra bíla í umferðinni með takmarkaðan ljósabúnað á daginn," segir Sigrún.

Hún segir að samkvæmt skilningi tryggingafélagsins megi nota dagljósabúnað í stað aðalljósa þegar hvorki er skuggsýnt né lélegt skyggni.

„Í þó nokkrum umferðarslysum hefur bótaréttur ökumanna verið skertur þar sem ljósabúnaði hefur verið áfátt en ef nýjar leikreglur koma þá geta orðið breytingar þar á þ.e. þegar bjart er og skyggni gott."

Þann 18. september 2014 kom út könnun VÍS á ljósabúnaði ökutækja í Reykjavík. Hafði ástandið þá versnað talsvert frá árinu á undan. Í könnun sem gerð var í myrkri í janúar 2013 var hlutfallið 3% bæði að framan og aftan. Í september 2014 reyndust 7,5% þeirra annaðhvort eineygð eða alveg ljóslaus að framan og 7% að aftan. Fylgst var með 3.578 bílum sem áttu leið um Ártúnsbrekkuna að kvöldlagi þegar allir eiga að vera með aðalljósin kveikt.

Þar var einnig tekið fram að ljósabúnaður bíla sé mikið öryggistæki, sér í lagi þegar farið er að skyggja. Hér á landi sé skylt að vera með lögboðin ljós eða önnur viðurkennd ökuljós kveikt allan daginn.

Í reglugerð kemur jafnframt fram að þegar skuggsýnt er orðið eða skyggni lélegt sé skylt að nota aðalljósin.

Nýir bílar eru margir hverjir með orkusparandi dagljósabúnað sem er ekki endilega í takt við umferðaröryggi. Aðalljósin eru þá ekki kveikt ef bjart er úti heldur eingöngu stöðuljós að framan og oft engin afturljós, segir í könnun VÍS. */HKr.*

VERSLUN VAGNHÖFÐA 23



# LÁTTU LJÓS ÞITT SKÍNA!

## IPF LJÓSKASTARAR OG LED LJÓS Í ÚRVALI

Opnunartími verslunar:
Opið virka daga frá kl. 08-18

Bílabúð Benna verslun:
Vagnhöfða 23 • 110 Rvk.

Sími: 590 2000
www.benni.is

Bílabúð Benna

# Gólfdúkur skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn



Eldhúsið *hjarta heimilisins*

Svefnherbergið *þægilegt andrúmsloft*

Forstofan *einfaldara verður það ekki*

Stofan *alltaf jafn heimilislegt*

Baðherbergið *hlýtt og mjúkt undir fæti*

**Heimilisdúkur, sígild lausn:**
-léttur í þrifum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

forbo FLOORING SYSTEMS

**Sérverslun með gólfdúk og teppi**

KJARAN GÓLFBÚNAÐUR
SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

# Bættu fengieldið með vörunum frá Líflandi



## Ærblanda háprótein með fiskimjöli

Orkuríkt kjarnfóður með 24% próteini. Kjarnfóðrið inniheldur 15% fiskimjöl sem eykur meltanleika próteina. Hentar þar sem þörf er á sterku fengieldi.

## Ærblanda Líf

Hagkvæmur valkostur með 15% próteininnihaldi sem byggir á jurtaafurðum. Hentar vel með miðlungsgóðum heyjum.

## Frír flutningur um allt land

Lífland býður **frían flutning á Ærblöndum** á næstu stöð Landflutninga, hvert á land sem er miðað við 150 kg eða meira. Ærblöndur fást einnig í öllum verslunum Líflands. Tilboðið gildir til og með 18. desember næstkomandi.

**Ærblöndurnar** fást í 25 og 500 kg sekkjum. Stórsekkirnir eru nettir, fjögurra hanka sekkir sem gott er að snúast með.

**Endursöluaðilar:** BúAðföng, Jötunn - Vélar, Auðbert og Vigfús Páll, Vélsmiðja Hornafjarðar og KM þjónustan.

## Fjölbreytt úrval af rekstrarvöru fyrir sauðfé



Steinefna- og vítamínbættur saltsteinn

Himag steinefna-fata fyrir búfénað

Rautt Tranol A, D og E-vítamín með seleni

Lyfjasprautur

Merkibeisli á hrúta

Kindamúll

**Kynntu þér úrvalið í verslunum Líflands og á www.lifland.is/vefverslun**

Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

Lynghálsi, Reykjavík
Óseyri, Akureyri

Efstubraut, Blönduósi
Borgarbraut, Borgarnesi

www.lifland.is
lifland@lifland.is

LÍFLAND

## Gamli traktorinn




# Silver King – stjarna í Hollywood

**Þrátt fyrir að Silver King-dráttarvélar heyri sögunni til í dag þóttu þeir nýtískulegir á sínum tíma. Traktorinn var lítill, lipur og hraðskreiður.**

Hann var mikið notaður við slátt á umferðareyjum og í létta flutninga enda fljótur að skjótast á milli staða.

### *Frumgerðin eins og dráttarvagn*

Sá sem hannaði fyrsta traktor fyrirtækisins hafði áður unnið við að hanna vélar sem drógu lestarvagna og var frumtýpan, sem kallaðist Plymouth, í samræmi við það bæði þung og klunnaleg. Framleiðslu hennar var fljótlega hætt og í staðinn sett á markað minni og liprari týpa. Nýja týpan var öll minni og gerð fyrir einn plóg og fær um að plægja hálfan hektara á tíu klukkustundum. Traktorinn var sá fyrsti sem hannaður var frá grunni til að vera á gúmmíhjólum. Vélin var 10 til 20 hestöfl, vó 984 kíló, fjögurra gíra og náði áður óheyrðum hraða og allt að 40 kílómetrum á klukkustund. Traktorinn var með ljósabúnaði og flautu sem var nýnæmi á þeim tíma.



Þorpið Plymount er lítið annað en depill á þokkalega góðu landakorti af Ohio í Bandaríkjunum. Á síðari hluta nítjándu aldar hóf fyrirtæki sem kallaðist The Fate and Gunsaullus Co. að framleiða vélar sem grófu upp leir og steyptu hann í múrsteina. 1909 hóf fyrirtækið framleiðslu á litlum vörubílum en varð nánast gjaldþrota árið 1915 eftir að hafa framleitt tæpa 200 slíka og einn lítinn fólksbíl. Um svipað leyti hóf Fate and Gunsaullus Co. að smíða litla dráttarvagna sem notaðir voru til að flytja vagna til innan lestarstöðva. Framleiðslan gekk vonum framar og á nokkrum árum voru þeir undirstaðan í rekstrinum.






### *Skotvopn og garðsláttuvélar*

Árið 1919 sameinaðist fyrirtækið Root-Heath Manufacturing Co. og úr varð Fate-Root-Heath. Grunnur Root-Heath Manufacturing Co lá í framleiðslu að skotvopnum, brýningarvélum og handknúnum garðsláttuvélum. Reksturinn gekk vel allt fram að kreppunni 1929. Vörumerki fyrirtækisins á þeim tíma var eins og skotskífa.

Þar sem mikill landbúnaður er stundaður í Ohio og nágrannaríkjum sá fyrirtækið sér leik á borði í lok kreppunnar og hóf framleiðslu á dráttarvélum.

Sagan segir að hönnuðir Plymouth-dráttarvélarinnar hafi dottið niður á silfurlitaða málningu sem þakti og varði vel gegn ryði og nafninu því breytt í Silver King. Raunin mun hafa verið sú að bílaframleiðandinn Chrysler sem framleiddi Plymouth-bifreiðar fór í mál við Fate-Root-Heath með þeim afleiðingum að nafninu var breytt í samræmi við litinn. Málningin festist í sessi og árið 1935 var nafninu breytt í Silver King.

### *Ruglingsleg nafnagjöf*

Nafna og númeragjöf á mismunandi týpum á Silver King-traktorunum hefur frá upphafi þótt ruglingsleg og breyttist týpunafnið á hverju ári þrátt fyrir að framleiðslan væri sú sama. Fyrstu fjórar týpurnar kölluðust til dæmis R-38, R-44, S-38 og S-44 þrátt fyrir að vera að öllu leyti eins fyrir utan hjólastærðina.

Árið 1956 seldi Fate-Root-Heath framleiðsluréttinn á Silver King-dráttarvélunum til fyrirtækis sem kallaðist Mountain Stade Fabriocating Co. í Virginíuríki. Framleiðslu Silver King var hætt tveimur árum seinna.

Vegna þess hvað Silver King-traktorarnir voru litlir og liprir voru þeir til ýmissa verka nytsamlegir. Þeir voru meðal annars mikið notaðir í Hollywood til að draga sviðsmyndir á milli setta. */VH*

Utan úr heimi

## Nánari samruni Evrópusambandsins í ofurríki Evrópu er engin töfralausn:

# Bandaríki Evrópu munu aldrei leysa vanda evrusvæðisins

## – segir fyrrverandi aðalhagfræðingur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins IMF

**Evran mun verða keyrð inn í varanlegt slen ef farið verður í nánari efnahagslegan samruna ESB-ríkjanna. Það mun ekki leiða til neinnar hagsældar í þessu kreppulaskaða bandalagi, er haft eftir Olivier Blanchard, fyrrverandi aðalhagfræðingur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, IMF, í breska blaðinu The Telegraph.**

Blanchard er fæddur 1948 og hefur varið átta árum í að reyna að slökkva verstu efnahagslegu elda sem komið hafa upp í heiminum. Hann er talinn hafa verið einn af fremstu hagfræðingum á Vesturlöndum á síðasta áratug. Blanchard hefur einnig verið prófessor við Massachusetts Institute of Technology (MIT), en lét af störfum fyrir IMF um síðustu mánaðamót. Hann varar alvarlega við þeim hugmyndum að flytja aukið vald frá aðildarþjóðum Evrópusambandsins til Brussel.

Í framhaldi af vandræðum Grikkja hafa margir leiðtogar í ESB lagt mikla áherslu á myndun yfirþjóðlegrar stofnunar á borð við fjármálaráðuneyti og þing. Er það talið mikilvægt til að ljúka ferli við myndun fjármála- og gjaldmiðilsbandalags sem hófst fyrir 15 árum. Í fararbroddi fyrir þessar skoðanir hafa farið Francois Hollande Frakklandsforseti, Jean-Claude Juncker, formaður framkvæmdastjórnar ESB, og Mario Draghi, bankastjóri evrópska seðlabankans.

Orð Blanchard koma eins og köld vatnsgusa framan í þessa menn sem haldið hafa uppi áróðri fyrir nauðsyn á myndun ofurríkis ESB (EU superstate) sem næsta skrefi samþættingar fjármálakerfisins.

### *Setur rök fyrir aðild í uppnám*

Sömuleiðis hlýtur þetta að setja allar hugmyndir um aðild Íslands að ESB í furðulega stöðu. Svo ekki sé talað um kröfu ákveðinna hópa um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort halda eigi áfram viðræðum við ESB eða ekki. Þá hlýtur það að vekja spurningar um hvort Íslendingar eigi að fara að sækja um aðild að myndun Bandaríkjum Evrópu sem virtir sérfræðingar hafa svo miklar efasemdir um að gangi nokkurn tíma upp. Eins hefur upptaka evrunnar alla tíð verið forsendan í rökum aðildarsinna fyrir inngöngu í ESB, en ljóst virðist af orðum Blanchard að staða evrunnar er og verður mjög veik. Hvort sem er í núverandi myntsamstarfi, eða eftir myndun hugsanlegs ofurríkis



Olivier Blanchard.




Upptaka evrunnar hefur verið ein helstu rökin fyrir inngöngu Íslands í ESB. Þau rök virðast fokin út í veður og vind ef marka má orð Blanchard.

Evrópu. Að Ísland eða Noregur geti sótt efnahagsstyrk og stöðugleika í slíkt bandalag, virðast því vera harla undarleg rök út frá stöðu evrunnar og ESB í dag og rökum Blanchard og fleiri hagfræðinga.

### *Fullur samruni ESB-ríkjanna mun ekki leysa vanda evrunnar*

Hann segir að róttækar hugmyndir um fullan samruna ESB muni ekki leysa þann grundvallarvanda sem við er að glíma með evruna í evrópska myntsamstarfinu. Hann segir að þótt tekin yrði upp sameiginleg fjármálastjórn sem gæfi Brusselstjórninni skattlagningarvald og vald til að ráðstafa fjármunum samhliða því að stuðla að bankasamruna, þá muni það samt ekki leysa vandann.

„Það mun samt ekki fá evruna til að virka greiðlega, jafnvel við bestu aðstæður.“

Hann bendir einfaldlega á þá staðreynd að ríkin sem mynda ESB séu innbyrðis of ólík efnahagslega til að geta myndað eitt ríki. Kerfi sem byggir á því að flytja fjármuni frá ríkari þjóðum til þeirra veikari og hefur verið keyrt áfram af Þýskalandi, mun einungis skaða samkeppni. Þá mun það alltaf plaga þær þjóðir sem verst standa innan ESB að mati Blanchard. „Aukinn samruni mun auðvelda ykkur að komast yfir ákveðna hjalla, en á sama tíma mun það draga úr áhuga fyrir að auka nauðsynlega samkeppni.“

### *Bandaríki Evrópu leysa ekki vandann*

Margir hagfræðingar hafa bent á að hvernig staðið var að myndun evrunnar á sínum tíma hafi verið stórkostlega mistök. Það sé dæmi sem geti aldrei gengið upp. Yfirþjóðlegt peningavald sé nauðsynlegt með sameiginlegri efnahagsstjórn til að búa til bakgrunn slíkrar myntar. Sameiginleg mynt meðal þjóðríkja með gjörólíkan efnahag geti aldrei gengið. Myndun Bandaríkja Evrópu (United States of Europe) til að leysa vanda sem evran hefur þegar skapað gangi heldur ekki upp eins og Blanchard bendir á. Bandaríkjamaðurinn Maurice Obstfeld, sem er arftaki Blanchard hjá Alþjóða gjaldeyrissjóðnum, hefur hins vegar talað fyrir nánara efnahagssamstarfi ESB-ríkjanna til að reyna að brúa þá stofnanalegu gjá sem er í myntsamstarfinu. Blanchard segir aftur á móti að engar stofnanalegar tilraunir til lagfæringar komi til með að bjarga þessum málum.

„Án þess að hafa vald til að lækka gengið, verður efnahagskerfið dæmt um alla eilífð til að vera í endalausum lagfæringum, eins og að lækka vexti til að jafna stöðu fátækari ríkjanna við þau efnameiri."

### *Blæs á tal um kraftaverkavöxt á Spáni*

Blanchard blæs á allar væntingar um kraftaverkavöxt efnahagskerfisins á Spáni sem blásinn hefur verið upp af áróðursmeisturum í Brussel.

„Þegar fólk talar um sænska kraftaverkið, þá svara ég; þegar þú ert með 23% atvinnuleysi og 3% efnahagsvöxt, þá get ég ekki kallað það kraftaverk,“ sagði Blanchard. Hann segist hafa talið að núllvextir og lækkandi olíuverð ásamt lækkun evrunnar hefði átt að gera meira til að bæta ástandið en raun er á. Sagðist hann því hissa á að efnahagskerfi evrunnar skuli ekki ganga betur að höndla svo hagstæðar aðstæður.

### *Evrusvæðið í hættu að mati stjórnarmanns Seðlabanka Evrópu*

Það eru fleiri sem tala á líkum nótum og Blanchard þessa dagana. Evrusvæðið er í hættu og Evrópski seðlabankinn getur ekki bjargað öllu segir Sabine Lautenschlaeger, stjórnarmaður í bankanum.

Fjármálakerfi evrusvæðisins (euro zone) mun áfram verða mjög varnarlaust og peningastefna þess ein og sér getur ekki leyst allan vanda. Ríkisstjórnir verða því að taka á vandanum og nýta frjálslega peningastefnu til að vinna sér tíma.

Þetta sagði Sabine Lautenschlaeger, sem situr í framkvæmdastjórn bankans, í ræðu sem hann hélt í Lima fyrr í þessum mánuði.

Hann segir varnarleysi margra ríkja innan evrusvæðisins liggja í slæmri skuldastöðu, bæði hvað varðar opinberar skuldir og skuldir í einkageiranum. Þetta myndi flöskuháls sem komi í veg fyrir aukna framleiðni og vöxt. */HKr.*




BÁRUJÁRN
ALUSINK OG LITAÐ ALUSINK
PLÖTUR KLÆÐA 107 CM
NÝJUNG
VATNSRÁS
LÆSTAR
KOPAR OG SINK
KLÆÐNINGAR
VEGGKLÆÐNINGAR
OG FLASNINGAR
STJÖRNUBLIKK
Snögg og góð þjónusta!
Smiðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is


EYJALIND
Varahlutir
í vinnuvélar
bobcat
KOMATSU
CASE
VOLVO
JCB
CAT
Ofl.
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is


FENLINE
Stærðir 37-48
Tilboðsverð
20% afsláttur
kr. 15,120,-
(verð áður kr. 18,900,-)
JÖTUNN
VÉLAR - VERSLUN - VARAHLUTIR
Kaupfélag Borgfirðinga


Vefjagigt
Losnaði við
verki og bólgur
á 3 vikum
Ásdís Ómarsdóttir þjáðist af verkjum vegna vefjagigtar í 14 ár og var hjá sjúkraþjálfara reglulega. Með Lifestream AstaZan losnaði hún við festumein, bólgur og verki. Hún þakkar AstaZan betri líðan, betri svefn og meira úthald sem skapar fleiri gæðastundir með fjölskyldunni.
• Lagar og fyrirbyggir bólgur, stirðleika og eymsli.
• Eykur styrk, hreyfigetu og endurheimt.
lifestream
AstaZan
Sjúkraþjálfarar og íþróttafólk
mæla með AstaZan frá Lifestream
Astaxanthin 4mg, Lutein 4mg, lífrænt E-vítamín 10mg
Umboðsaðili: Celsus
Fæst í apótekum, heilsubúðum, stórmörkuðum og Fríhöfninni.
lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna


HONDA
The Power of Dreams
TRAUST VINNUTÆKI
TIL ALLRA VERKA
EU20i
EU 20i rafstöð sem búin er hægagangsgangráði og getur hliðtengst öðrum mótor og tvöfaldað þar með afköstin. 230 V - 2000 VA 50 Hz Riðstraumur eða 12 V-8,0 A jafnstraumur til rafgeyma-hleðslu.
EG5500
Léttbyggð rafstöð sem byggð er til að standast álag og vinna á fullum afköstum við krefjandi aðstæður. Kjörin fyrir verktaka, bændur eða iðnaðarmenn. Rafstöðin er með 11 hestafla loftkældum, fjórgengis bensínmótor.
WX10
Létt of handhæg vatnsdæla. Afköst: 130 lítrar á mínútu, hámarks lyftihæð 35 m. Hámarks soghæð 7 m. Dælan hefur 25 mm (1") inn- og útganga, gegnumstreymis-hlaup er 5 mm. Dælan er drifin af fjórgengis loftkældum 1,5 hestafla umhverfisvænum smámótor.
WB30
Öflug vatnsdæla kjörin þegar þarf að dæla miklu magni á mjög skömmum tíma. Sterk-byggð og endingargóð grind. Afköst: 1.100 lítrar á mínútu (66m³/t) 23m lyftihæð. Dælan er drifin 4,8hö GX160 mótor sem þolir vel mikið álag.
HONDA
BERNHARD
www.honda.is
Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is


Ódýr lausn við
fuglavandamálum
Langtímaleiga á hagstæðum kjörum
Fuglafælurnar frá Scarecrow eru mannúðleg og vistvæn lausn sem halda fuglum varanlega frá án þess að skaða þá eða valda ónæði í umhverfinu.
Mánaðarleiga frá 32.400 kr. með VSK.
Haltu starra, gæsum og álftum frá
Nánari upplýsingar
www.fuglavarnir.is
sala@fuglavarnir.is
Sími 896 1013
fuglavarnir.is



Áætluð heimsvelta með súkkulaði er 83 milljarðar Bandaríkjadalir, um 10.385 milljarðar íslenskra króna.

# Kakó – fæða guðanna

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Vinsældir súkkulaðis eru óumdeilanlegar og peningavelta í tengslum við viðskipti með súkkulaði á heimsvísu árið 2014 um 10,3 milljarðar íslenskar krónur. Fullyrðingar um barnamansal og barnaþrælkun í tengslum við kakórækt eru háværar.**

Heimsframleiðsla á kakóbaunum ræktunarárið 2014 til 2015 er áætluð 4.232 milljón tonn en var 4.355 milljón tonn árið 2013 til 2014. Heildarframleiðslan árið 1980 var 1,7 milljón tonn. Spár gera ráð fyrir að framleiðslan fari í 4,7 milljón tonn á næstu tíu árum

72% af öllum kakóbaunum sem framleiddar eru í heiminum koma frá Afríku, 16% frá Suður-Ameríku og 12% frá Asíu og Eyjaálfunni.

Framleiðsla er mest í Vestur-Afríku á Fílabeinsströndinni, 1,720 milljón tonn, og 835 þúsund tonn í Gana. Indónesía er í þriðja sæti og framleiðir 420 þúsund tonn, Nígería og Ekvador eru í fjórða og fimmta sæti með 238 og 192 þúsund tonn. Brasilía framleiddi 185 þúsund tonn. Kamerún 125 þúsund og Papúa Nýja Gínea 41 þúsund tonn ræktunarárið 2014 til 2015.

Útflutningur á kakóbaunum er í hlutfalli við framleiðsluna en þegar kemur að innflutningi flytja Þjóðverjar, Hollendingar, Frakkar Bretar, Belgía, Kanada, Rússland og Bandaríkin mest inn. 46% af kakói er neytt í Evrópu, 24% í Bandaríkjunum, 16% í Asíu og Eyjaálfunni, 10% í Suður-Afríku og 4% í Afríku.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands fluttu Íslendingar inn 1.054 tonn af kakói og kakódufti og 1.836 tonn af súkkulaði og vörum úr kakói árið 2014.

### *Gríðarleg velta en ræktendur undir fátæktarmörkum*

Um 2/3 af útflutningstekjum Fílabeinsstrandarinnar eru af kakóbaunum og fjögur fyrirtæki stærstu viðskiptavinirnir. Fyrirtækin eru Hershey´s, Mars, Nestlé og Cadbury sem framleiða meðal annars Hershey´s súkkulaði og kossa, Mars og Snickers, Kit Kat, Crunch, Smarties og Dairy Milk-súkkulaði svo fátt eitt sé nefnt. Ástandið er svipað í Gana þar sem 60% útflutningstekna fæst með sölu kakóbauna.



Allt frá 1998 hafa raddir um barnamansal og barnaþrælkun í tengslum við kakórækt í Afríku verið áberandi og eru aðstæður barnaþræla þar sagðar með þeim verstu sem gerast í heiminum.



Flest bendir til að nytjar á kakóbaunum hafi verið almennt stundaðar í Mið- og Suður-Ameríku í nokkur þúsund ár fyrir upphaf vestræns tímatals.

Áætluð heimsvelta með súkkulaði er 83 milljarðar Bandaríkjadalir, um 10.385 milljarðar íslenskra króna. Krafan um sífellt ódýrari kakóbaunir hefur leitt til þess að 90% þeirra tæplega sex milljón smábænda sem rækta baunirnar lifa langt undir fátæktarmörkum Sameinuðu þjóðanna og sífellt er leitað eftir ódýrara vinnuafli.

### *Kakó og barnaþrælkun*

Allt frá 1998 hafa raddir um barnamansal og barnaþrælkun í tengslum við kakórækt í Afríku verið áberandi og eru aðstæður barnaþræla þar sagðar með þeim verstu sem gerast í heiminum. Börnin eru án hlífðarbúnaðar, klifra hátt upp í tré til að skera niður kakóbaunabelgi og burðast með þunga sekki með baunum af ökrunum eða innan úr skógi í birgðageymslur. Þau vinna með þungar vélsagir við að fella skóga fyrir kakótrjáaakra og slys og jafnvel aflimun algeng afleiðing þess. Börnin strita innan sveppa-, illgresis- og skordýraeiturs, berfætt og fáklædd. Fæða, vatn er af skornum skammti og svefn- og hreinlætisaðstaða ekki skepnum bjóðandi.

Að sögn eins barns sem náði að flýja eru börnin reglubundið beitt ofbeldi, barin til vinnu og hýdd með svipu reyni þau að flýja. „Þegar fólk neytir súkkulaðis er það að borða hold, blóð, svita og tár þrælabarna.“

Ástæðan fyrir mikilli framleiðslu á kakóbaunum á Fílabeinsströndinni er sögð vera sú að nálega tvær milljónir barnanna af báðum kynjum á aldrinum 5 til 16 ára vinna allt að 100 klukkustundir á viku við að tína, þurrka og pakka kakóbaunum þar í landi.

Skömmu eftir síðustu aldamót var undirritað samkomulag milli nokkurra stórra matvælafyrirtækja, súkkulaðiframleiðenda og ríkisstjórnar Fílabeinsstrandarinnar um að uppræta barnaþrælkun í landinu. Flest bendir til að samningurinn sé marklaust plagg og hefur framleiðsla á kakóbaunum á Fílabeinsströndinni aukist jafnt og þétt frá undirritun hans. Mannréttindasamtök sem láta sig málið varða segja að eftir undirritun samningsins hafi reynst erfiðara að fá leyfi til að heimsækja svæði þar sem kakó er ræktað og afla upplýsinga um umfang barnaþrælkunar á þeim.

Árið 2014 var innan við 10% af kakóbaunaframleiðslu í heiminum með Fair Trade vottun.

### *Grasafræði og ræktun*

Kakóbaunir vaxa á trjám sem á latínu kallast *Theobroma cacoa* en *theobroma* þýðir fæða guðanna. Tré er sígrænt og nær átta metra hæð. Það er upprunnið í hitabelti Mið- og Suður-Ameríku, nánar tiltekið í 200 til 400 metra hæð í Andesfjöllum og á vatnasvæðum þeirra. Þrátt fyrir að náttúruleg heimkynni kakótrjáa sé í Mið- og Suður-Ameríku kemur 70% af kakóuppskeru heimsins frá vest-anverðri Afríku.

Laufið er dökkgrænt, stakkstætt og heilrennt, 10 til 40 sentímetrar að lengd en 5 til 20 að breidd. Blómin hvít, einn til tveir sentímetrar að þvermáli og blómstra á stofni og greinum trésins. Frjóvgast með hjálp flugna. Fræbelgurinn, sem er ber samkvænt grasafræðilegri skilgreiningu, er 15 til 30 sentímetra langur og 8 til 10 sentímetra breiður, grænn og gulur í fyrstu en verður appelsínugulur eða rauður að utan við aukinn þroska. Fræbelgurinn er hvítur að innan og með tveggja til þriggja sentímetra þykku aldini sem umliggur fræin. Hann getur vegið allt að hálfu kílói. Í honum myndast 20 til 60 fræ sem eru hinar eiginlegu kakóbaunir sem eru þurrkaðar og muldar í duft sem kallast kakó.

Kakótré dafna best við heitar og rakar aðstæður á 15 til 20 gráður suð- og norðlægrar breiddar og er ræktað á því belti hringinn í kringum heiminn. Við náttúrulegar aðstæður kýs tré að vaxa sem undir öðrum gróðri í skugga frá beinni sól.

Að öllu jöfnu tekur fimm ár að rækta kakótré af fræi þar til að það fer að gefa hámarksuppskeru. Tíu til fimmtán árum eftir það fer að draga úr uppskerunni en tré geta lifað í tæpa öld. Trén eru viðkvæm í ræktun og þurfa skjól fyrir vindi og sól og því oft ræktuð í skjóli pálmatrjáa. Skordýr, sveppir og skordýraplágur herja á þau og mikið af varnarefnum er notað við ræktunina.

Þar sem kakótré eru sígræn og ræktuð í hitabeltinu þar sem hitastig er svipað allt árið mynda trén aldin allan ársins hring og uppskera kakóbauna því ekki bundin við ákveðinn árstíma.

### *Þrjú afbrigði kakóbauna*

Almennt er kakóbaunum skipt í þrjú afbrigði, forastero, criolla og trinitario. Baunir sem flokkast sem forastero eru mest ræktaðar og um 95% heimsframleiðslunnar. Criolla-baunir gefa minnsta uppskeru og eru innan við 1% heimsframleiðslunnar en kakó úr þeim er sagt vera best. Trinitario-baunir urðu til við kynblöndun á eyjunni Trínidar milli trjáa sem bera forastero og criolla--baunir. Trinitario-baunir eru rétt rúm 4% heimsframleiðslunnar og helst að finna í hágæða dökku súkkulaði.



Í fræbelgnum myndast 20 til 60 fræ sem eru hinar eiginlegu kakóbaunir sem eru þurrkaðar og muldar í duft sem kallast kakó.



Eftir að aldinbelgjunum hefur verið safnað eru þeir skornir í sundur og baunirnar og aldinið aðskilið þurrkað í nokkra daga.



Fræbelgurinn er 15 til 30 sentímetra langur og 8 til 10 sentímetra breiður, grænn og gulur í fyrstu en verður appelsínugulur eða rauður að utan við aukinn þroska.

### *Uppskera og vinnsla*

Eftir að aldinbelgjunum hefur verið safnað eru þeir skornir í sundur. Baunirnar og aldinið er aðskilið og þurrkað í nokkra daga á bökkum, dýrahúðum eða í þurrkhúsum. Meðan á þurrkun stendur er baunum sparkað eða rakað til með berum fótum eða hrífu á minni býlum eða þar til gerðum vélum þar sem framleiðslan er umfangsmeiri.

### *Nytjar og saga*

Tuttugu og tvær tegundir plantna teljast til ættkvíslarinnar Theobroma sem allar eru upprunnar í Mið- og Suður-Ameríku og eru flestar nýttar annaðhvort til lækninga eða matar.

Tegundin *T. grandiflorum* er líkust kakótrjám og úr henni er einnig unnið kakó og efni sem notuð eru í snyrtivörur.

Auk þess sem fræ kakótrjáa eru notuð í kakó og til að búa til súkkulaði er aldinið sem umliggur þau inni í fræbelgnum notað í kakófeiti, til að brugga úr áfenga drykki og ástarhvata víða í Mið- og Suður-Ameríku. Bragðið af aldininu er sagt hafa sítrónukeim.

Flest bendir til að nytjar á kakóbaunum hafi verið almennt stundaðar af Olmekum í Mið- og Suður-Ameríku í nokkur þúsund ár fyrir upphaf vestræns tímatals. Þrjú til fjögur þúsund ára minjar, leirvasar og myndir sýna fólk með kakóbelgi og að drekka drykki sem taldir eru vera kakó. Áfeng blanda af kakó, maís, chilí, vanillu og hunangi var drukkið við trúar- og blótathafnir þar sem guðunum var fórnað dýrum, mönnum og kakó. Íbúar Mið- og Suður-Ameríku neyttu kakós eingöngu í fljótandi formi og þekktu það ekki sem plötur eða súkkulaðistykki.



Tré eru viðkvæm í ræktun og þurfa skjól fyrir vindi og sól og því oft ræktuð undir pálmatrjám.

Talið er víst að Astekar sem bjuggu í Mið-Ameríku, þar sem Mexíkó er í dag, hafi þurrkað og mulið kakóbaunir, blandað þeim saman við tóbak og reykt. Þeir notuðu baunirnar einnig sem gjaldmiðil.

Samkvæmt goðsögnum Maya, sem voru ríkjandi menningarþjóð í Mið-Ameríku, þar til Evrópumenn uppgötvuðu álfuna, var það snákaguðinn sem færði þeim kakótré að gjöf eftir sköpun mannsins úr maís af gyðjunni Xmukane.

Kólumbus og kónar hans komust fyrst í tæri við kakó eftir að þeir handtóku indíána á stórum kanó, árið 1502, skammt utan við eyju sem kallast Guanja og tilheyrir Hondúras í dag. Innanborðs var farmur af fræjum sem Kólumbus og félagar töldu vera möndlur. Það var aftur Spánverjinn og landvinningamaðurinn Hernan Cortes sem greindi frá því að hafa smakkað kakódrykk fyrstur Evrópumanna í nýja heiminum árið 1519.

Kólumbus og Cortes fluttu báðir kakóbaunir með sér heim til Evrópu. Árið 1562 var fluttur heill skipsfarmur af kakói til Evrópu. Fyrst til hirðarinnar á Spáni þar sem kakó var nánast ríkisleyndarmál í heila öld. Árið 1606 bárust baunir til Ítalíu. Til Frakklands barst kakó árið 1660 með spænsku prinsessunni Maríu Theresu þegar hún giftist Loðvíki fjórtánda sem stundum er kallaður sólkonungurinn.

Í kjölfar þess jukust vinsældir kakós gríðarlega og kakóhús spruttu upp eins og gorkúlur í Evrópu þrátt fyrir að kaþólska kirkjan hafi tengt neyslu þess við trúvillu, galdra, lauslæti og gyðingdóm. Seinna notuðu nasistar súkkulaði til að tæla sársoltna gyðinga upp í lestarvagna sem fluttu þá í fangabúðir og gasklefa.

Árið 1874 framleiddi Bretinn Joseph Fry fyrstu súkkulaðiplöturnar og breyttist neysla á kakói mikið í kjölfar þess. Drykkja þess dróst saman og át færðist verulega í aukana.

Evrópumenn fluttu fræ kakótrjáa til Afríku, Asíu og Eyjaálfunnar seint á nítjándu öld. Tréð dafnaði vel þar sem aðstæður hentuðu því en hvergi eins kröftuglega og á vesturströnd Afríku.

### *Kakó á Íslandi*

Kakó barst til Danmerkur í byrjum átjándu aldar en útbreiðsla þess varð ekki almenn á Norðurlöndum fyrr en í lok þeirrar aldar og til að byrja með var það selt í apótekum. Til Íslands hefur kakó líklega borist frá Danmörku eins og margt annað gott. Líkt og í Danmörku var það fyrst selt í apótekum.

Í auglýsingu í nóvemberhefti Vestra 1906 eru tvær auglýsingar þar sem kakó er nefnt. „Nýkomið í verzlunina í Silfurgötu 11. Kaffi, Export, Kandis, Melís, Púðursykur. Sveskjur, Rúsínur, Kaffibrauð og Kex margar teg., Súkkulaði, Kakó 4 teg. frá kr. 1,20 - 2,00, Konfekt-brjóstsykur, hollenzkt Reyktóbak í löngum og stuttar pípur, o. fl.“ Í hinni auglýsingunni sem er frá S. Á. Kristjánssyni er boðið upp á ýmsar vörur, meðal annars Cacoa.

Ári seinna er regluleg auglýsing í Norðra frá bræðrunum Cloetta þar sem þeir „mæla með sínum viðurkenndu SJOKÓLAÐI-TEGUNDUM sem eingöngu eru búnar til úr fínasta kakó, sykri og vanille. Ennfremur kakópúlver af beztu tegund. Ágætis vitnisburðir frá efnarannsóknarstofum.“

Innflutningur á kakói hefur verið orðinn talsverður til landsins í byrjun tuttugustu aldar því árið 1911 voru sett heildartollalög þar sem meðal annars er lagður tollur á áfengi, öl, gosdrykki, tóbak, kaffi, te, sykur, sýróp, súkkulaði, kakó, brjóstsykur og konfekt.

Hér hefur kakó mest verið notað til súkkulaðigerðar en einnig í súpur, sósur, bakstur, búðinga og kókómjólk.

Ræktun á fáeinum kakóplöntum hófst fyrir þremur árum í Bananahúsi Garðyrkjuskólans á Reykjum og hefur hæsta plantan náð eins og hálfs metra hæð.

Kannanir sýna að fólk sem finnur til leiða og þunglyndis borðar að jafnaði 55% meira af súkkulaði en aðrir. Dökkt og kakóríkt súkkulaði er sagt vera hollara en hvítt og ljóst mjólkursúkkulaði.




**Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel**



**STÁLGRINDAHÚS**
Fjöldi stærða og gerða í boði



**RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR**
Stærð palls 2,55 x 9,0 m

SKESSUHORN 2012



**STURTUVAGNAR**
Burðargeta 6,5 – 17 tonn

Þak og veggstál galvaniserað og litað
- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi lita í boði



H. Hauksson ehf

Víkurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is



Þátttakendur fóru í velheppnaða göngu um skóginn í Grensási.

# Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda

## – málþing um fjölbreyttar nytja úr skógi

**Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda var haldinn á Stykkishólmi á dögunum í samstarfi við Félag skógarbænda á Vesturlandi. Fundahöld gengu vel og var ágætis þátttaka, en dagskrá hófst með venjulegum aðalfundarstörfum, skýrslu stjórnar og ávörpum gesta.**

Meðal þeirra gesta sem ávörpuðu fundinn var umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigrún Magnúsdóttir, formaður Bændasamtaka Íslands, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson og Þröstur Eysteinsson, fagmálastjóri Skógræktar ríkisins.

Málþing um fjölbreyttar nytjar úr skógi var haldið í tengslum við aðalfundinn. Hulda Guðmundsdóttir flutti erindi um asparnytjar á Fitjum og Hraundís Guðmundsdóttir erindi um vinnslu á ilmkjarnaolíu úr skógarnytjum á Rauðsgili. Þá flutti Valgerður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Norðurlandsskóga, erindi um árangursmat í skógrækt.

Skapast hefur sú hefð að halda ársfund jólatrjáaræktenda í tengslum við aðalfund LSE. Boðið var upp á fróðleg erindi og góðar umræður. Frummælendur voru Brynjar Skúlason, Else Möller og Guðmundur H. Gunnarsson skógarbóndi.



Skógarbændur fengu kynningu á nýjum tækjum og tólum á aðalfundinum.

### *Kynntu nýjar vélar og tæki*

Eftir að aðalfundi var slitið tók Félag skógarbænda á Vesturlandi við keflinu með skipulagðri skógargöngu og árshátíð. Áður en haldið var út í skóg fengu skógarbændur kynningu á sprotafyrirtækinu Rootopia og nýja tækni við vélvæðingu á framleiðslu lífefldra hnausaplantna – hámarks lifun og snemmbornum æskuvexti. Trausti Tryggvason, formaður Skógræktarfélags Stykkishólms, fór svo fyrir hópnum í göngu um skóginn í Grensási og sagði frá starfsemi félagsins. Jötunn vélar stóð fyrir kynningu m.a. á skógarverkfærum, eldstæðum og torfærubíl, bæði meðan á fundi stóð og úti í skógi.

Auk torfærubílsins frá Jötunn vélum ehf. var til sýnis keppavél frá fyrirtækinu Rootopia og kurlarar frá Selskógum ehf. Vesturlandsskógar, Félag skógarbænda á Vesturlandi og Jötunn vélar ehf. buðu upp á veitingar í skjólgóðum lundi í skóginum. Skógarbændur tóku hraustlega undir þegar Aðalsteinn Sigurgeirsson forstjóri Mógilsár, steig á svið og stýrði skógarmannaskál að sinni alkunnu snilld. Dagskrá vegna aðalfundarins lauk svo með veglegri árshátíð skógarbænda. /MÞÞ

Landgræðsla og endurheimt lands:

# Fundað um varnir gegn eyðimerkurmyndun

**Fulltrúar Íslands sitja um þessar mundir tólfta aðildarríkjaþing samnings Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn eyðimerkurmyndun, UNCCD COP12, sem fram fer í Ankara í Tyrklandi dagana 12.–24. október.**

Þingið er fyrsti stóri fundurinn um málefnið eftir að heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun voru samþykkt. Ljóst er að aðgerðir gegn hnignun lands og eyðimerkurmyndun tengjast mörgum heimsmarkmiðanna til dæmis hvað varðar jafnrétti, fæðuöryggi, fátækt, vatn, líffræðilega fjölbreytni og loftslagsbreytingar.

Eins eru veruleg tengsl milli flóttamannavanda samtímans og hnignunar lands. Það er að verða æ fleirum ljóst hversu margþætt virði heilbrigðra vistkerfa er.

Meðal þeirra mála sem fá mikla umfjöllun á þinginu er heimsmarkmið nr. 15.3 um að ekki tapist meira land en það sem er endurheimt fyrir árið 2030 og hvernig megi innleiða slíkt markmið. Eins er rætt um viðfangsefni samningsins en hann er afmarkaður við þurrustu svæði jarðarinnar. Samlegð samninga Sameinuðu þjóðanna er einnig mikið rædd og hvernig vinna megi nánar að stöðvun landhnignunar og endurheimt landgæða í þágu loftslagsmála og líffræðilegrar fjölbreytni.

Búist er við því að um 100 ráðherrar og þjóðarleiðtogar sæki þingið næstu vikurnar og mun Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra verða meðal þeirra. Hann mun ávarpa þingið og taka þátt í hringborðsumræðum. /VH




45% FÓLKS Á LANDSBYGGÐINNI LES BÆNDABLAÐIÐ

HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT. – DES. 2014.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.

GLUGGAVINIR

ALLAR TEGUNDIR AF GLUGGUM OG HURÐUM
S:571-0888 • GLUGGAVINIR.IS




## Minjastofnun Íslands

auglýsir eftir umsóknum um styrki úr

## húsafriðunarsjóði

fyrir árið 2016

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur nr. 577/2014. Samkvæmt úthlutunarreglunum er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum.
- viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Heimilt er að sækja um styrk til undirbúningsvinnu vegna verndarsvæða í byggð. Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingararfleifðarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

**Umsóknarfrestur er til 1. desember 2015. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun.**

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, undir gagnasafn og á Húsverndarstofu í Borgarsögusafni Reykjavíkur/Árbæjarsafni.

Minjastofnun Íslands
Suðurgötu 39,101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is


# Vellíðan fyrir kynfærasvæðið




Vellíðan + Mjólkursýrur
Viðhalda eðlilegu pH-gildi

Ellen vörurnar innihalda mjólkursýrur sem hjálpa til við að halda jafnvægi á gerlaflórunni og viðhalda eðlilegu pH-gildi.

Vörurnar fást í öllum helstu apótekum.

Ellen tíðatappar og vörur með mjólkursýrugerlum

ellen



## HAUGMELTA:

**HVERNIG ER BEST AÐ VIÐHALDA GÓÐU NIÐUBROTI Í HAUGHÚSUM?**



Blanda af náttúrulegum bakteríum (ÖRVERUM) sem eru sérstaklega valdar með tilliti til þeirra eiginleika sinna að brjóta niður úrgang frá dýrum og breyta honum í fljótandi þykkni sem auðvelt er að bera á tún og akra. Með því að brjóta niður kraftmikinn úrganginn verður næringargildið meira fyrir jarðargróðurinn því hann á auðveldara með að nýta áburðinn.

**LESIÐ MEIRA Á WWW.ENSIM.IS**



**Ensím með örverum fyrir rotþrær**

Er ætlað í rotþrær, niðurföll og fitugildrur. Með lífrænum aðferðum vinnur efnið á og brýtur niður uppsafnaða fitu, matarleifar og olíu. Efnið eyðir einnig ólykt. Inniheldur engin hættuleg ætiefni eða sótthreinsiefni með sýru sem hindra lífrænt niðurbrot. Eyðileggur hvorki frárennslikerfið né umhverfið.

ENSÍM ehf
Suðurhraun 2b 210 Garðabær
ensim@ensim.is www.ensim.is
Sími 564-4299, fax 564-4295



# Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230
Borðýpt 15 sm

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

**ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN**

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is



Vegurinn yfir Dynjandisheiði var opnaður árið 1959 og hefur lítið breyst síðan. Hann er svo slæmur á sumrin að ferðafólk tekur mikla áhættu við að draga ferðavagna þar yfir. Myndir / HKr.

## Fjórðungsþing Vestfirðinga:

# Vaxtarmöguleikar Vestfjarða líða fyrir lélega vegi og fjarskipti

### – farið verði að samþykkt allra stjórnmálaflokka á Alþingi um að Vestfirðir fái forgang í samgöngumálum

**Sextugasta Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið var á Patreksfirði dagana 2. og 3. október síðastliðinn gerir þá kröfu að staðið verði við verkefni í samgönguáætlun 2011–2022 nú við endurskoðun áætlunarinnar.**

Í ályktun þingsins segir að allir stjórnmálaflokkar á Alþingi hafi gefið fyrirheit um að verkefni í samgöngumálum á Vestfjörðum fái forgang. Hagkerfi og vaxtarmöguleikar Vestfjarða líði fyrir það að vegir og fjarskipti eru á mörgum stöðum árum og áratugum á eftir því sem gengur og gerist í nútímasamfélagi. Brýnustu úrlausnarefnin eru:

- Vegagerð um Gufudalssveit í Barðastrandarsýslu á Vestfjarðavegi 60 með útboði eigi síðar en haustið 2016.
- Að standa við áætlanir og fyrirheit um gerð Dýrafjarðarganga 2016–2019 með útboði fyrir árslok 2016 og að endurgerð vega um Dynjandisheiði verði flýtt eins og kostur er.
- Að vinna að uppbyggingu nýs vegar í Árneshreppi þar sem næsti áfangi er Veiðileysuháls í framhaldi af útboði á Bjarnafjarðarhálsi.
- Endurbygging stofnvega með einbreiðu slitlagi, þar sem brýnust er endurbygging Djúpvegar 61 í Seyðisfirði og Hestfirði í samræmi við áherslur Vegagerðarinnar.
- Áfram verði unnið að því að útrýma einbreiðum brúm á Vestfjörðum.
- Að jarðgöng á milli Ísafjarðar og Súðavíkur komist inn á samgönguáætlun, sem næstu jarðgöng á eftir Dýrafjarðargöngum.
-

Með þessum áföngum verður loks hægt að segja að allir þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum og öll byggðarlög hafi komist í ásættanlegt vegasamband innan héraðs og við aðra landshluta. Fjórðungsþing Vestfirðinga minnir síðan á, að á meðan stór hluti vega á Vestfjörðum er ekki kominn með bundið slitlag, er mikilvægt að tryggja fjármuni til viðhalds vegakerfisins. Viðhald vega er mikilvægur öryggisþáttur sem ekki má gleymast, ekki síst nú með vaxandi umferð ferðamanna árið um kring.

Fjórðungsþing Vestfirðinga lýsir ánægju sinni með 7 daga mokstur en krefst þess að þjónustustig verði hækkað úr flokki þrjú í flokk tvö, gildir það um Vestfjarðaveg 60 sem og Djúpveg 61.



Hrafnseyrarheiði er lokuð vegna snjóa marga mánuði á ári. Beðið er eftir að marggefið loforð um Dýrafjarðargöng verði efnt til að leysa þennan fjallveg af hólmi.

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess einnig að farið verði í endurbætur á vegum að helstu ferðamannaperlum Vestfjarða, svo sem Látrabjargi, Dynjanda, Trékyllisvík og Kaldalóni til að styðja uppbyggingu ferðaþjónustu og auka öryggi vegfarenda. Ljóst má vera að íslenskt þjóðfélag verður af miklum tekjum á ári hverju vegna lélegs ástand vega á þessum stöðum.

*Flugsamgöngur*

Innanlandsflug til Ísafjarðar, Bíldudals og á Gjögur eru almenningssamgöngur.

Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Brýnt er að standa vörð um þá þjónustu og öryggi sem flugsamgöngur veita íbúum á Vestfjörðum. Fagnað er að lokið er lagningu slitlags á flugvöllinn á Gjögri en samtímis er þess krafist að auknu fjármagni verði veitt til viðhalds og endurbóta á flugvöllunum á Þingeyri, Bíldudal og Ísafirði. Þá minnir Fjórðungsþing á að mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar verður aldrei of oft ítrekað.

Fjórðungsþing skorar á stjórnvöld að gerð sé úttekt á möguleikum nýjum flugvallarstæðum á Vestfjörðum sem geti þjónað innanlands og millilandaflugi. Bent er á stækkun þjónustusvæðis slíks flugvallar með tilkomu Dýrafjarðarganga og nýs vegar um Dynjandisheiði. Nýr flugvöllur er mikilvæg forsenda fyrir frekari atvinnuuppbyggingu í landshlutanum.

*Um hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði*

Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði er alger forsenda þess að atvinnulíf og samfélag Vestfjarða nái að standa jafnfætis öðrum byggðarlögum í landinu.

Því er fagnað að ljúka eigi við lagningu ljósleiðara frá Hrútafirði til Hólmavíkur á þessu ári og fjármagn er sett til að ljúka lagningu ljósleiðarans frá Hólmavík til Súðavíkur. Bent er á að Drangsnes er eini byggðakjarninn á Vestfjörðum sem er án ljósleiðara og nauðsynlegt er að tryggja fjármagn til verkefnisins.

Aukið fjármagn þarf hins vegar til að ná þeim markmiðum sem starfshópur stjórnvalda setti fram um tengingu dreifbýlis og skorar Fjórðungsþing Vestfirðinga á Alþingi að tryggja fjármagn til þessa verkefnis í fjárlögum 2016. /HKr.




Byggðaráð Blönduósbæjar:

# Atvinnuráðgjafi verði ráðinn

**Byggðaráð Blönduósbæjar furðar sig í bókun sem gerð var á fundi ráðsins á að Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hafi ekki lokið við að ráða atvinnuráðgjafa á Blönduós að nýju eins og rætt hafi verið um á ársþingi SSNV á Hvammstanga árið 2014.**

Byggðaráð krefst þess að stjórn SSNV gangi frá ráðningu atvinnuráðgjafa á Blönduós eins fljótt og auðið er. Í bókuninni kemur einnig fram að á svæðinu séu uppi miklar hugmyndir um atvinnuuppbyggingu og að mikil þörf sé fyrir markaðs- og kynningarstarf á atvinnustarfsemi sem fyrir er til að mynda ferðaþjónustu.














Bækur

# Fleiri bækur um íslenskt búfé á erlendum tungumálum

**Við sögðum frá því hér í blaðinu í mars síðastliðnum að bók um íslenskt sauðfé á þýsku (Das Islandschaf – die Wollmilchsau) hefði nýverið verið gefin út á Íslandi. Höfundur og útgefandi hennar er Caroline Kerstin Mende, tómstundasauðfjárbóndi með meiru í Nesi í Hegranesinu.**

Síðan hefur Caroline gefið út þrjár bækur til viðbótar; enska þýðingu á bókinni um íslenska sauðféð, bók um forystufé á þýsku og bók um hrossaræktarlínur, sömuleiðis á þýsku.

Ritið um forystuféð ber heitið ***Forystufé: Immer einen Schritt voraus*** – sem útleggst alltaf skrefi á undan á íslensku. Hún segir að þar sé vitnað til forystueiginleikans í þessu fé. „Þetta fé tekur forystu, en heitið vísar líka til andlegra hæfileika forystufjárins. Þessar kindur eru greindastar kindur í heiminum og það eru til ótal merkilegar sögur um forystusauði, -ær eða -hrúta sem héldu til dæmis lífinu í hjörðum sínum og björguðu oft líka mannslífum.

Öllum mikilvægum eiginleikum forystufjár er lýst í máli og myndum. Ég fékk leyfi til að þýða nokkrar sannar sögur úr frægu gömlu bókinni Forystufé eftir Ásgeir Jónsson, auk þess gerði ég könnun meðal tæpra 70 forystufjárbænda um allt land. Niðurstöðurnar eru kynntar í bókinni. Síðast en ekki síst er að finna stórt viðtal við forystufjársérfræðinginn dr. Ólaf Dýrmundsson sem er prýdd skemmtilegum gömlum og nýjum myndum af honum og kindunum hans. Í bókinni eru um 150 ljósmyndir og kort.“




Forsíðumyndin af riti Caroline Menda um íslenska forystuféð.

### *Ensk þýðing vegna eftirspurnar*

Hún segir að þýðing á bókinni um íslenska sauðféð yfir á ensku hafi í raun verið viðbragð við eftirspurn. „Ég var oft spyrt hvort Das Islandschaf – die Wollmilchsau væri ekki líka til á ensku. Þess vegna ákvað ég að gera hana. Ég var svo heppin að ég fann þýðanda sem er sjálfur sauðfjárbóndi og ræktar íslenskar kindur í Bandaríkjunum. Svo fór enskur sauðfjárbóndi yfir textann, sem er líka einungis með hreinræktaðar íslenskar kindur.



Caroline með hundinum Baugi og kindunum þeirra. Mynd / Karlheinz Schiedel

Enska útgáfan heitir Icelandic Sheep – Colourful All-Rounders og inniheldur fjórar aukablaðsíður um ullina, þannig að hún er aðeins umfangsmeiri en þýska frumútgáfan.“




Rit um gamlar hrossaræktarlínur.

### *Gamlar hrossaræktarlínur*

„Hrossaræktarritið Alte Zuchtlinien er hins vegar umfangsmikil kynning gömlu hrossaræktunarlínanna Hindisvík, Hornafjarðar, Svaðastaða, Sauðárkróks, Kolkuóss og Kirkjubæjar, auk nokkurra fróðleiksmola í kringum hrossarækt og -uppeldi á Íslandi, stóðréttir, stöðu hestsins í íslensku samfélagi fyrr og nú,“ segir Caroline. „Síðast en ekki síst tjá sig í stuttum pistlum Þórarinn Eymundsson, Guðmundur Sveinsson, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Sigurður Matthíasson og Styrmir Árnason um ástæður af hverju línurækt er að mestu aflögð í dag. Bókin hefur verið mjög vinsæl síðan hún kom út í byrjun september, það er búið að selja nú þegar tæp 700 eintök, aðallega til Þýskalands, Sviss og Austurríkis en einnig til Hollands, Danmerkur, Svíþjóðar og Belgíu. Hérna á Íslandi er „söluherferðin“ fyrir þessa bók enn ekki byrjuð því ég er akkúrat að flytja ásamt skepnunum mínum á eyðijörðina Hvammshlíð við Þverárfjall sem ég keypti nýlega og undirbúningurinn er auðvitað umfangsmikill varðandi þessa flutninga.“

### *Nokkur rit í undirbúningi*

Caroline segir að fleiri rit séu í bígerð. Íslenska útgáfan af fyrstu bókinni Das Islandschaf er á döfinni, svo hand- og orðabók fyrir þýskumælandi vinnufólk í sveitinni og einnig bók um Border Collie hunda á Íslandi, þar sem sérstakir hundapersónuleikar verða kynntir. Á næsta ári fylgja svo bækur um íslenska torfbæi, um íslenska kúakynið og íslensku geitina.




Hér má sjá forsíðu enskrar þýðingar á riti Caroline um íslenska sauðféð.

### *Sala gengið vel*

Hún segir að mjög vel hafi almennt gengið að selja bækurnar. Þýsku sauðfjárbækurnar eru fáanlegar á tæpum 50 stöðum á Íslandi, meðal annars hjá Eymundsson í Reykjavík og á Akureyri, hjá þremur N1-stöðvum, hjá nokkrum sauðfjárbændum með ferðaþjónustu, í sauðfjársetrum, gjafavöruverslunum og svo framvegis. Annars er hægt að panta allar bækurnar beint hjá Caroline í síma 865 8107 eða netfang info@verlag-alpha-umi.de. Ef fimm eða fleiri eintök eru pöntuð veitir hún á milli 15 og 35 prósenta afslátt. /smh


MEÐ ALLT Á HREINU
NÝ LÍNA FRÁ ELECTROLUX
Öflugt par fyrir smærri ferðaþjónustur, fyrirtæki og stærri heimili.



8kg þvottavél og þurrkari sem eru helmingi fljótari að þvo og þurrka þvott en almennar heimilisvélar.

Þvottavélin býður uppá fjölda þvottakerfa þar á meðal þvottakerfi fyrir moppur og sótthreinsandi þvottakerfi.

Þreföld ending miðað við almennar heimilisvélar.

Gæðavélar á hagstæðu verði.

myPRO
Mikill orkusparnaður felst í myPRO nýju línunni frá Electrolux.
Einfalt reikningsdæmi - þvottavélin getur borgað sig upp á skömmum tíma.

FASTUS Veit á vandaða lausn
Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16
Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is




LESTUR PRENTMIÐLA Á LANDSBYGGÐINNI




**HEIMILD:** PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT.-DES. 2014

Bændablaðið

BÆNDAHÖLLINNI VIÐ HAGATORG
SÍMI **563-0300** NETFANG **BBL@BONDI.IS**

**BBL.IS**






Frá fundi með heimamönnum á áhrifasvæði Skaftár á dögunum.
Mynd / Áskell Þórisson

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið:

# Starfshópur um stofnun hamfarasjóð

**Ríkisstjórn Íslands hefur að tillögu forsætisráðherra samþykkt að fela umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að stýra starfshópi sem geri tillögur um stofnun sérstaks hamfarasjóðs.**

Skoðaður verði fýsileiki þess að til verði slíkur sjóður og jafnframt verði skoðaður samruni og/eða samþætting á starfsemi og verkefnum Ofanflóðasjóðs annars vegar og Bjargráðasjóðs hins vegar við hinn nýja sjóð. Þetta kemur fram á heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Í frétt á heimasíðu umhverfisráðuneytisins segir að með þessum breytingum verði umgjörð og stjórnsýsla um bótamál vegna náttúruhamfara treyst. Er þar horft til hamfara sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt samfélag og innviði þess. Lögð er áhersla á að ljúka á þessu ári vinnu við mótun og gerð tillagna um bóta- og tjónamál með stofnun nýs heildstæðs sjóðs vegna náttúruhamfara eða samruna þeirra úrræða og sjóða sem nú þegar eru fyrir hendi hér á landi og taka á og koma að bóta- og tjónamálum vegna náttúruhamfara.

Jafnframt verði gerðar tillögur um tekjuforsendur og fjármögnun slíks hamfarasjóðs með það að markmiði að langtímaáætlun ofanflóðavarna haldist og öll umsýsla varðandi bótamál og tjón verði öflug, skilvirkari og hagkvæmari en nú er, auk þess sem ferlar og reglur verði samræmdar.

Jafnframt var samþykkt að fela fjármála- og efnahagsráðuneytinu að endurskoða lög og regluverk Viðlagatryggingar Íslands með það að markmiði að verðmæti og iðgjöld sem tengd eru opinberum mannvirkjum og almennum húseignum falli sem best undir tryggingavernd. Miðað er við að endurskoðun laganna verði lokið og lögð fram greinargerð um breytingar í ríkisstjórn eigi síðar en 1. mars 2016.






Kjalvegur. Þar er talið brýnt að bæta veginn sem er niðurgrafinn ruðningur sem verður ófær í fyrstu föl á haustin. Þá er hann eitt samfellt þvottabretti á sumrin með mikilli rykmengun sem varla er til að bæta upplifun ferðafólks og sannra náttúruunnenda.
Mynd / HKr.

Vegamál til umræðu á Norðurlandi vestra:

# Kjalvegur, Þingeyrarvegur og vegur um Blönduós

**Markaðsstofa Norðurlands boðaði fyrir skömmu til funda um vegamál, m.a. á Norðurlandi vestra, en haldnir voru fundir á Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga.**

Á fundunum gafst ferðaþjónustuaðilum, sveitarstjórnarmönnum og öðrum sem áhuga höfðu á málefninu að koma á framfæri sínum áherslum varðandi þjónustu, viðhald og uppbyggingu vegakerfisins. Markaðsskrifstofan er tengiliður ferðaþjónustunnar á Norðurlandi við Vegagerðina.

Að því er fram kemur á feykir.is voru Kjalvegur, Þingeyrarvegur og vegurinn í gegnum Blönduós meðal brýnustu verkefna að mati heimamanna. Vegurinn niður að Þingeyrum er sagður mjór, holóttur og ekki mikið viðhaldinn en þar er jafnan mikill ferðamannastraumur. Vegakaflinn gegnum Blönduós og norður að gatnamótum við Þverárfjall er orðinn gamall og hættulegur, eins er brúin yfir Blöndu orðin gömul og léleg.

***Brýnt að byggja upp Vatnsnesveg***

Það sem brann heitast á fundarmönnum á Hvammstanga var Vatnsnesvegurinn en þar ríður mest á úrbótum. Byggja þurfti þann veg upp en gríðarlegur fjöldi ferðamanna fer þar um, um 250 bílar á dag, yfir hásumarið.

Einnig var rætt um Norðurbraut, gatnamótin við Laugarbakka og planið við Hvammstangaafleggjarann sem er of lítið. Talað var um brú yfir Norðlingafljót til þess að loka ákveðinni leið af heiðinni og vestur, niður að Húsafelli. /MÞÞ



# Hagsmunasamtök heimila: Hundruð milljarða til neytenda?

**Mál Hagsmunasamtaka heimilanna, þar sem látið er reyna á lögmæti verðtryggðra lána, er nú í meðferð Hæstaréttar Íslands.**

Aðalmeðferð hófst í Hæstarétti þriðjudaginn 20. nóvember og búist er við niðurstöðu fyrir áramót. Ef málið, sem er gegn Íbúðalánasjóði, vinnst gæti það haft gríðarleg áhrif á stöðu skuldara sem fengju þá kröfurétt á bankana upp á hundruð milljarða króna. Íbúðalánasjóður var hins vegar sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur og spurning hvort Hæstiréttur muni snúa við þeim dómi. Lýtur þetta m.a. að því hvort fylgt verði regluverki EES-samningsins.

Formaður Hagsmunasamtaka heimilanna leiddi líkum að því í útvarpsviðtali 21. október að kröfuhafar föllnu bankanna, sem nú stýra m.a. Íslandsbanka, geti séð sér hag í að losa sig við bankann til ríkisins og varpa þar með mögulegri ábyrgð yfir á ríkissjóð. Skyndilegt tilboð þeirra á dögunum um að afsala sér bankanum geti stutt þá kenningu.

### *Margra ára ferli*

Á fjórða ár er nú liðið síðan Hagsmunasamtök heimilanna ákváðu að undangengnum ítarlegum rannsóknum, að hefja undirbúning dómsmáls gegn Íbúðalánasjóði þar sem látið yrði reyna á lögmæti verðtryggðra neytendalána.

Fyrir réttum þremur árum var slíkt mál höfðað, og hefur málareksturinn síðan þá verið eitt veigamesta verkefni samtakanna. Upphaflega var búist við því að málið gæti fengið flýtimeðferð og voru jafnvel sett lög í því skyni, en engu að síður hefur það undið margvíslega upp á sig og tafist svo mikið sem raun ber vitni. Það er því nokkurt ánægjuefni að málið hefur loksins komist á dagskrá Hæstaréttar Íslands til efnislegrar meðferðar þann 20. nóvember næstkomandi.

Meðal þess sem reynir á í málinu er að lánveitandi hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína samkvæmt lögum um neytendalán með því að afhenda enga greiðsluáætlun með sundurliðun á kostnaði við lántökuna, sérstaklega um verðbætur sem eru jafnan stærsti kostnaðarliður neytendalána hér á landi. Málatilbúnaði er hagað þannig að niðurstaða málsins getur haft víðtæk fordæmisáhrif fyrir langflest verðtryggð neytendalán þar sem kostnaður vegna verðbóta er ekki tilgreindur af hálfu lánsveitanda.

### *Snýst um hundruð milljarða*

Falli dómur í málinu neytendum í hag mun það hafa hundruð milljarða króna þýðingu til hagsbóta fyrir heimilin. Eins og gefur að skilja binda Hagsmunasamtök heimilanna miklar vonir við að málið hljóti sanngjarna úrlausn fyrir Hæstarétti Íslands og verði dæmt í samræmi við íslensk lög, skýrð til samræmis við reglur EES-samningsins.

Málskostnaðarsjóður HH var stofnaður 15. mars 2012 og mál höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 18. október sama ár. Málinu var vísað frá dómi að kröfu Íbúðalánasjóðs þann 30. apríl 2013.

Mál var höfðað að nýju fyrir héraðsdómi 22. október 2013. Aftur krafðist Íbúðalánasjóður frávísunar. Þann 28. mars úrskurðaði héraðsdómari sig vanhæfan í málinu og var sá úrskurður kærður til Hæstaréttar, sem úrskurðaði dómarann hæfan. Þann 19. maí 2014 hafnaði héraðsdómur frávísunarkröfu Íbúðalánasjóðs og aðalmeðferð hófst með fjölskipuðum dómi eftir ítrekaðar frestanir 5. janúar 2015. Þann 6. febrúar var Íbúðalánasjóður sýknaður í málinu.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar 27. mars 2015 og aðalmeðferð hófst síðan í Hæstarétti nú á þriðjudaginn, 20. október. /HKr.







Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 5. nóvember





## Heimilisiðnaðarfélag Íslands:

# Námskeið í ullarþæfingu

**Hjónin Karoliina Arvilommi og Roderick Welch voru stödd hér á landi í byrjun september og kenndu þá blautþæfingu á ull. Var haldið námskeið hjá Heimilisiðnaðarskólanum sem rekin er af Heimilisiðnaðarfélagi Íslands við Nethyl í Reykjavík.**

Nemendur voru afskaplega ánægðir með námskeiðið og hefur því verið ákveðið að bjóða upp á annað helgarnámskeið 30. október til 1. nóvember. Áhugasamir geta leitað frekari upplýsinga á heimasíðunni www.heimilisidnadur.is eða í síma 551 5500. Í tilefni af veru Karoliinu og Rodericks hér á landi er sýning á verkum Karoliinu í Hannesarholti við Grundarstíg í Reykjavík. Sýningin stendur til sunnudagsins 25. október.



Karoliina er finnsk textíllistakona sem vinnur þæfð myndverk sem vakið hafa athygli víða um lönd og eiginmaður hennar, Roderick, er samverkamaður hennar í ullinni.

Í Finnlandi er „Finnwool“ skrásett vörumerki. Sú ull er sumarrúning af finnskum kindum af mismunandi stofnum, til að mynda Texel og Oxfor/Sout Down, auk þess að vera blönduð með ull frá Englandi. Þessi ull hentar ekki til þæfingar og hafa Karoliina og Roderick því valið að safna sjálf reifum af fjárstofninum Kainuunjarmas sem telst vera sjaldgæf tegund í Finnlandi en aðeins eru um 1.800 ær í stofninum. Þau fá ullina hjá bændum með lífrænt vottaða framleiðslu, þvo sjálf ullina og lita með umhverfisvænum litum (OEKO-TEX Standard 100). Ullina kemba þau í yfir hundrað ára gamalli kembivél frá þýska framleiðandanum C.E. Schwalbe. Þau leggja mikla áherslu á rekjanleika og umhverfisvæn efni og nota til að mynda vatnsleysanlega repjuolíu til afrafmögnunar. Ullina notar Karoliina í eigin verk auk þess sem hjónin kenna blautþæfingu á námskeiðum um allan heim. Á þessum námskeiðum nota þau eigin ull og kenna aðferðir sem Karoliina hefur þróað.


ChitoClear®

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS 2012



SÁRASPREY FYRIR ÖLL DÝR

- Einstaklega græðandi
- Hægir á blæðingu
- Dregur úr sársauka og kláða
- Myndar filmu og hlífir sári
- Vinnur gegn bakteríu- og sveppamyndun
- Íslensk framleiðsla

Fæst hjá dýralæknum, hesta- og búvöruverslunum um land allt

primex

Siglufjörður · Sími 460 6900 · info@primex.is · www.primex.is




Sumarliði Erlendsson tekur við viðurkenningu fyrir hönd frænda síns, Kristins í Árbæjarhjáleigu, fyrir besta lambhrútinn. Með honum er Brynjar Gísli Stefánsson í Þjóðólfshaga. Myndir / Sigríður Heiðmundsdóttir

## Skeiðvangur Hvolsvelli:

# Dagur sauðkindarinnar

**Félag sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu stóð fyrir degi sauðkindarinnar í félagsheimilinu Skeiðvangi á Hvolsvelli þann 17. október. Var þetta í áttunda sinn sem slíkur viðburður er haldinn.**

Á sýninguna komu efstu hrútar úr sýningum í hverri sveit milli Þjórsár og Markarfljóts og voru dæmdir upp á nýtt. Um 300 gestir mættu á sýninguna.

*Efstu lambhrútar*

1. Nr. 43 frá Árbæjarhjáleigu með 89.5 heildarstig. F: Bursti 12-912.
2. Nr. 358 frá Saurbæ með 88 heildarstig. F: Babar 14-078.
3. Nr. 11 frá Djúpadal með 88 heildarstig. F: Snævar 12-333.

*Veturgamlir hrútar*

1. 14-354 Farsæll frá Hemlu með 38.5 stig BML og 90 heildarstig. F: Fannar 10-488.
2. 14-520 Fannar frá Kálfholti með 37.5 stig BML og 90 heildarstig. F: Bellman 13-193 Álfhólum.
3. 14-138 Hnökri frá Vestra Fíflholti með 37.5 BML og 89 heildarstig. F: Bekri 12-911.

*Gimbrar*

1. Nr. 5126 frá Austvaðsholti með 9.5 fyrir frampart, 19 fyrir læri og 46.5 heildarstig 47.5.
2. Nr. 666 frá Teigi með 9.5 fyrir frampart, 19 fyrir læri og 46.5 heildarstig.
3. Nr. 38 Frá Skíðbakka 1 með 9.5 fyrir frampart, 19 læri og heildarstig 46.5.

Gestir völdu litfegursta lambið og var valin svartflekkótt gimbur frá



Vignir Siggeirsson og Lovísa Herborg Ragnarsdóttir, bændur í Hemlu, með besta veturgamla hrútinn.



Sigurður Sigurjónsson í Ytri-Skógum með viðurkenningu fyrir ræktunarbú sýslunnar.

Brekku í Þykkvabæ.

Verðlaun voru veitt fyrir 5 vetra ær sem standa efstar í kynbótamati í sýslunni. 4 af 5 efstu ánum voru frá Skarði. Efsta ærin var 10-110 frá



Birkir Hreimur Birkisson í Brekku með litfegursta lambið að mati gesta.

Skarði með 118.5 stig.

Veitt voru verðlaun fyrir þyngsta dilk úr sýslunni lagðan inn hjá SS nú í haust. Hann var frá Sigrúnu Brynju Haraldsdóttur, Svanavatni og vó 29 kg og DU3.

Þá var útnefnt ræktunarbú Rangárvallasýslu 2014. Félagsbúið Ytri-Skógum.

Styrktaraðilar sýningarinnar voru Húsasmiðjan Hvolsvelli, SS sem gaf gestum kjötsúpu og fjörulæri fyrir þyngsta dilkinn. Aurasel og Fóðurblandan lánuðu grindur.

Verðlaunagripir voru útskornir af Ragnhildi Magnúsdóttur í Gígjarhólskoti og mynd máluð af Gunnhildi Jónsdóttur, Berjanesi.

Í lokin voru boðin upp 2 lömb sem voru gefin til að standa undir kostnaði. /EGM



Helgi Benediktsson og Símon Helgi Helgason í Austvaðsholti taka við viðurkenningu fyrir bestu lambgimbrina.

## Geisladiskarnir þínir í símann



Hversu marga geisladiska áttu sem þú spilar aldrei?
Viltu bæta aðgengi að tónlistinni þinni með því að færa diskana yfir á tölvu?
Upplýsingar á www.ripp.is

## Arctic Cat TRV 550



Allt nýyfirfarið,
ek. 9.275 þ.km.
Verð 1.480 þús.
Uppl. í s. 899 8111

Fjórhjólalagerinn www.4h.is S:588 3355

## DAIKIN VARMADÆLUR

NÝJUNG Í LOFT Í VATN VARMADÆLUM
EINFÖLD Í UPPSETNINGU
ÁLAGSSTÝRÐ
HLJÓÐLÁT
ALLT AÐ 80% ORKUSPARNAÐUR

COP 5,0

KYNNINGARVERÐ FRÁ
499.900.- ÁN VSK*

A++



**Daikin Altherma Monobloc**
Tengist beint við ofna eða gólfhita, fyrir hús allt að 120fm.
Skilar 55°C framrásahita við -20°C
Vinnur niður í -25°C

**ÍBÚÐARHÚS - SUMARBÚSTAÐ - IÐNAÐARHÚS**



**Daikin loft í loft varmadælur**
Mikið úrval af loft í loft varmadælum fyrir norðlægar slóðir.
**Verð frá 189.000.- án vsk***
Hljóðlátar og vandaðar varmadælur, möguleiki á WiFi og SMS stýringu.

Í rúm 3 ár hef ég notað varmadælu frá Verklögnum. Hingað til hefur kerfið reynst mjög vel, einfalt í notkun og ekkert viðhald. Fyrirferð allra tækja er lítil miða við afköst ásamt því að tækin eru mjög hljóðlát sem er stór kostur í sveitinni. Öll tilboð stóðust og vinna Verklagna var til fyrirmyndar, bæði lagning og umgengni ásamt kennslu á kerfið. Gef ég þeim félögum bestu meðmæli.

*Virðingarfyllst Októ Einarsson*

Sími: 517 0270
VERKLAGNIR.IS
Sérfræðingar í varmadælum!
Smiðjuvegur 70 - 200 Kópavogur
www.verklagnir.is - info@verklagnir.is

*Verð án vsk samkvæmt nýrri reglugerð sem heimilar endurgreiðslu á vsk við kaup á varmadælu fyrir íbúðarhúsnæði.
Kynningarverð loft í vatn frá 618.760.- kr m/vsk / Loft í loft varmadælur Verð frá 234.360.- m/vsk.

## Sveitasæla á Suðurlandi

**Kjöreign fasteignasala, sími 533-4040 kynnir:**

Jörðina **Skeggjastaði í Rangárþingi eystra**. Stærð jarðar er 26,7 ha. (allt ræktað land og þar af eru 5,0 hektarar tún). Einbýlishús 123 fm, sem stendur á 1.347 fm lóð með sér fastanúmeri/ og landnúmeri. Landið er samliggjandi, afgirt, skurðir. Landið er tilvalið fyrir hrossarækt. Vel með farið og rúmgott einbýlishús á einni hæð. Stutt frá Reykjavík. Skipti möguleg, íbúð á höfuðborgarsvæðinu.

**Verð 25,9 millj.**- hægt er að skoða nánari lýsingu á **mbl.is** og **fasteignir.is**






**22% FÓLKS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU LES BÆNDABLAÐIÐ**

**HEIMILD:** PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT. – DES. 2014.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM
Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.



# VINNUFATABÚÐIN 75 ÁRA !

**Eftir þrjá aldarfjórðunga þökkum við þjóðinni samfylgdina og traustið í 75 ár.**
**Fagnaðu þessum tímamótum með okkur og gerðu einstök kaup á yfirhöfnum frá**
**Danska merkinu Canson með 30% afslætti.**

30 % afsláttur

**VINNUFATABÚÐIN**
Laugavegi 76, sími 557-5425

Fróðleiksbásinn

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur

# Bragðarefirnir belgaldin – paprika og sílipipar



**Þegar Evrópumenn bar að ströndum Mið-Ameríku blasti við þeim nýr heimur og framandi ræktunarmenning. Ræktun Maya og Azteka, einkum, byggði á þúsunda ára hefð og plöntutegundum sem voru ókunnar mönnum gamla heimsins.**

Það voru ekki bara kartöflur, tóbak, tómatar, kakó, maís, vanilla og dalíur sem voru algjör nýjung fyrir gamlaheimsmenn. Þar var líka að finna hin bragðsterku belgaldin.

### *Fimm tegundir – en ein aðal*

Til ættkvíslar belgaldina, Capsicum, teljast um 25 til 35 tegundir eftir því hver um fjallar. Skilin milli tegunda eru hvergi skörp. Útbreiðsla ættkvíslarinnar og heimkynni eru um Mið- og Suður-Ameríku. Frá Mexíkó og norðurhluta Mið-Ameríku koma paprikur og sílipipar, Capsicum annuum. Sunnar eru eld- eða tabaskó-piparinn, Capsicum frutescens, og havanna- eða habaneropiparinn, Capsicum chinensis, upprunnir. Reyndar bendir ýmislegt til að þeir séu ein og sama tegund, með uppruna á Amasónsvæðinu. Því setja sumir grasafræðingar þá undir eitt nafn og kalla báða Capsicum chinensis með ýmsum undirheitum. Og þótt heiti Kínaveldis sé fellt inn í viðurnefnið, hefur það ekkert með upprunann að gera. Bara það að hollenskfæddi grasafræðingurinn Nikolaus Joseph Freiherr von Jacquin sem síðar kallaði sig Baron Nikolaus von Jacquin eftir að hann var aðlaður eins og títt var að meðhöndla tyllimenni á hans tíð (1727–1817). Jacquin var mikilsvirkur grasafræðingur og gaf út ótal grasafræðirit. Hann var í restina forstöðumaður háskólagrasagarðsins í Vínarborg. Fræ þessarar tegundar barst honum frá Kína. Það leiddi til þess að hann álýktaði að hér væri um kínverska tegund að ræða. Til viðbótar má geta þess að Wolfgang Amadeus Mozart var heimagangur hjá Jacquin-fjölskyldunni í Vínarborg. Því tengist töluverð saga um tónsmíðar og heimakonserta – en kemur umfjöllun um belgaldin ekkert við. Til Kína mun tegundin hafa borist frá Brasilíu með portúgölskum sæförum snemma á sextándu öld. Tvær aðrar tegundir eru í ræktun en skipta litlu máli á alþjóðavettvangi og eru staðbundnar í heimalöndunum. Það eru þrúgupiparinn, Capsicum baccatum, og dún- eða rokotó-piparinn, Capsicum pubescens.

### *Paprika og sílipipar*

Paprika og sílipipar eru sama tegundin sem talið er að hafi byrjað að þróast til núverandi horfs út frá fuglapiparnum, Capsicum annuum var. aviculare, a.m.k. 7500 árum fyrir komu Evrópumanna til Mið-Ameríku. Fuglapiparinn vex enn í náttúrulegu umhverfi sínu í fjallendinu frá Mexíkó til El Salvador og er nýttur af heimafólki á sama hátt og við tínum bláber eða fjallagrös. Það er frekar óvenjulegt þegar í hlut á tegund sem er upphaf að svo fjölbreyttum ræktunarafbrigðum. Fuglapiparinn verður um metrahár og jafnbreiður, skammlífur runni með hvítum blómum og rauðum, holum berjum á stærð við þrastaregg. Fuglar eru ónæmir fyrir bragðinu en ekkert beitardýr leggur sér þau til munns. Hugsanlega er fuglapiparinn sú tegund sem Kólumbus smakkaði á og kallaði „rauðan pipar“ og sannfærðist endanlega um að vera kominn til Indlands. Bragðið af berjunum minnir á venjulegan pipar og er ekki eins logandi sterkt eins og það getur sterkast orðið hjá mörgum belgaldinafbrigðum. Mörkin milli papriku og sílipipars eru ekki glögg. Eiginlega ræður bragðstyrkleikinn hvar þau eru sett. Paprikuhópurinn er fyrst og fremst ræktaður sem nærandi matjurt og hefur ekki hið sterka bragð. En um leið og sterki keimurinn byrjar að koma fram skiptum við yfir í sílipipar. Sílipiparinn er oftast aflöng, grönn aldin meðan paprikan er kubbslegri á að sjá. En það er ekki algilt. En í stórmörkuðunum er eiginlega farið eftir þessari flokkun, séu ekki gefnar upp nánari skýringar. Styrkleiki kapsaisín-bragðsins er mælt í svokölluðum Scoville-skala. Sem er í stórum dráttum hversu oft þurfi að þynna dropa af aldinsafanum með vatni þar til hann verði jafnhlutlaus og venjuleg paprika. Þegar þarf að þynna 50 til 100 sinnum þá er bragðið farið að vera nokkuð sterkt og alveg örugglega komið yfir í sílipiparhópinn. Sterkasti sílipiparinn er hinn svokallaði kajennpipar sem þarf 30000 til 50000 þynningu. Í búðum hérlendis er fyrst og fremst hægt að fá paprikur og mildan sílipipar. Og svo náttúrulega papriku- og síliduft. En þegar stendur „Cayenne“ á umbúðunum erum við að tala um sterka hluti.



Montezúma.



Belgaldin – Capsicum annuum afbrigði.



Belgaldin – heit afbrigði.

### *Óeirðagas og skordýraeitur*

Aðrar tegundir af belgaldinum eru sjaldan á boðstólum hér, nema kannski í tengslum við mexíkóskar eða mið-amerískar vikur í stórmörkuðum. Til þeirra heyra aðeins mjög bragðsterk yrki undir spænskum nöfnum eins og tabaskó, habaneró, jalapenjó o.s.frv. Stundum er hægt að fá þurrkuð belgaldin af slíku tagi eða maukuð í smákrúsum. Safann úr þessum tegundum og afbrigðum þeirra þarf að þynna milljón til tveggja milljóna sinnum til að gera þær jafn bragðdaufar og paprikur. Úr safa þessara belgaldinna er líka framleiddur gasúði fyrir óeirðalögreglulið og „lífrænt“ skordýraeitur til nota í ávaxtarækt og akuryrkju.

Venjulegur pipar og belgaldin eru af öldungis óskyldum tegundum. Piparinn, Piper nigrum, telst til piparættkvíslarinnar sem hefur á að skipa um 2000 tegundum hitabeltisjurta af Piparætt, Piperaceae. Á dögum Kólumbusar var pipar ígildi gulls, gjaldmiðill og gildistákn konunga. Sú piparsaga og bröltið henni tengt er efni í annan pistil. En ættkvísl belgaldina, ættkvíslarheitið Capsicum vísar til að aldinið sé hylki eða belgur, er af Kartöflu- eða öðru nafni Náttskuggaætt, Solanaceae, sem hefur hnattræna útbreiðslu. Í piparkornunum er það bragðefnið piperín sem gefur þennan ramma og sterka keim. En hjá belgaldinum eru það ýmis skyld efnasambönd sem kallast kapsaisínóíðar einu nafni en greina má í ótal afleiður og tilbrigði. Sterkasta efnið kallast kapsaisín. Það er byggt upp á líkan hátt og piperín en hefur einu kolefnismólikúli og átta vetnismólikúlum meira en piperínið. Og það er einmitt kapsaisínið sem að stórum hluta sló úr pipareftirspurninni. Heimsmarkaðsverð á pipar snarlækkaði og pipareinveldin hrundu. Svartur og hvítur pipar, sem eru afkvæmi sömu jurtar en verkuð á mismunandi hátt, urðu nú ósköp venjuleg verslunarvara sem allur almenningur gat komist yfir fyrir vægt verð. Belgaldinin höfðu uppá að bjóða allan þann skala bragðefna sem piparinn hafði verið einn um áður í gamla heiminum. Og þar fyrir utan stóðu þau til boða af margvíslegu tagi, allt frá mildum paprikum sem voru það sætar og svalandi að hægt var að stýfa þær úr hnefa og upp í heitustu kajennpipara sem loga í munni.

### *Kraftaverkalyf*

Kapsaisín er eitt af undraefnum veraldarinnar. Fyrir utan bragðið, eða kannski fyrst og fremst vegna þess, hefur það verið notað sem náttúrulyf sem eiginlega átti að geta brugðið öllu sem bjátaði á í líkamanum til betra horfs. Kapsaisín hefur áhrif á innkirtlakerfi líkamans. Það örvar blóðrás og eyðir sársauka og bólgum. Því er það mikið notað í nuddkrem og verkjaplástra. Það hefur djúpvirkni sé það borið á húð og deyfir taugaboð og sársaukatilfinningu. Í raun er kapsaisín ávanabindandi nautnalyf, þótt það hafi ekki fengið þá skilgreiningu eða yfirleitt nokkra tilnefningu í fíkniefnalöggjöfum. Það er líklega vegna þess að enginn bregst illa við inntöku á því eða hefur orðið sjálfum sér og umhverfinu til tjóns. En þeir sem eru vanir mat sem kryddaður er með sterkum belgpipar – hverju nafni sem hann nefnist – verða háðir honum og geta ekki án hans verið. Kapsaisínið örvar heilann og veldur vellíðunartilfinningu. Það örvar meltingarkerfið og hormónastarfsemi kynkirtlanna. Það styrkir slímhúðir og heldur þeim rökum. Þótt það hafi enn ekki verið sannað með klínískum tilraunum, þá halda sumir náttúrulæknar því fram að kapsaisín sé eitt af öflugustu hjálparmeðulum gegn krabbameinum. Við eitthvað hefur það að styðjast, sé horft á tíðni maga- og blöðruhálskirtilskrabbameina meðal þjóða sem neyta sílipiparskryddaðra máltíða að staðaldri.

### *Kapsaisín og kvenhylli*

Síðasti konungur, keisari – eða hvað við eigum að kalla aðalhöfðingja Aztekanna var Montezúma. Hann var svo sem valdalaus, því klerkastétt réði lofum og lögum, en var guðlegur að því er hún hélt fram til að hjálpa henni við að halda skrílnum í skefjum. Hans helsta hlutverk var að geta eins mörg guðleg börn og mögulega var unnt fyrir einn mann. Til að aðstoða hann við það voru honum valdar sex hundruð eiginkonur. Við sólsetur hvers dags var hann múraður inni í hvelfingu ásamt vænni tylft úr eiginkonuliðinu og skyldi, veskú, gera skyldu sína og draga ekki af sér við það. En til að hann þryti hvorki vilji, geð né kraftur var honum fenginn til nestis sér drykkur sem á máli þarlendra hét „sjókatl“ og var gerður úr sjóðandi vatni, kakóbaunajafningi, hunangi, salti og vænum slatta af söxuðum sílipipar. Eflaust hafa þeir bætt vanillu við til að slá á remmuna, en það er mín tilgáta. Drykkurinn virtist duga vel og á hverjum morgni kom Montezúma ólemstraður að dyrunum um leið og lokurnar voru leystar við sólarupprás. Og sífellt bættist í barnaskarann. En hvað um mæðurnar, því oft var skipt út, og blessuð börnin varð síðan er óklár saga. Allt var þetta þó undir sterku eftirliti klerkaveldisins og bókhaldið um framkvæmdina síst óskýrara en fjárþækkurnar hans afa míns. Því miður glataðist mikið af þeim skjölum við umrótið sem varð þegar Spánverjar stokkuðu þarna upp spilin. En svissneskir jesúítaprestar sem höfðu verið að aðstoða Spánverjana við umskiptin höfðu pata af drykkjaruppskriftinni og tóku hana með sér austur um haf og heim í fjalladalina sína. Og auðvitað kakóbaunir í nokkrum hempuvösum. Þeir skiptu vatninu út fyrir mjólk og af hunangi höfðu þeir nóg. En sílipiparinn vantaði. Það var ókei, fannst þeim, enda þurftu þeir ekki að standa í kvennastússi um nætur. Heitið á drykknum reyndu þeir samt að hafa sem líkast frummyndinni. Og þaðan er orðið súkkulaði komið inn í íslensku.

### *Hagnýtt ráð í lokin*

Nú er tími haustfetans. Vængjalausar haustfetakerlur fikra sig upp trjáboli og greinar þar sem grávængjaðir haustfetakarlarnir ganga, hver og einn, í hlutverk Montezúma. Afleiðingin er mikill eggjafjöldi sem klekst út í ótal litlar lirfur sem munu naga vaxandi laufblöð að vori. Það veldur afturkipp í þrifum trjánna, einkum viðkvæmra ávaxtatrjáa. Mótvægi og gagnaðgerð er að blanda núna einni kúfaðri teskeið af kajennpipardufti saman við hálfan lítra af sólblómaolíu og bleyta með því boli og greinaenda þess trjágróðurs sem haustfetinn sækir í. Kannski þó fyrst og fremst þau tré sem manni er annast um. Nota má til þess svamp eða rýju sem bleytt er í blöndunni eða jafnvel eigin hendur í bómullarhönskum og fara vel í greinavik og brumhnappa. Þetta þarf að gera í þurru veðri. Sólblómaolían harðnar í lofti og situr á greinunum lengi vetrar og kajennpiparinn setur haustfetann í uppnám þannig að hann kemur ekki í verk að gera sitt á svæðinu. En farið varlega og klórið ykkur hvorki í nefi né augum fyrr en þið eruð búin að þvo ykkur vel um hendurnar með sápu og volgu vatni.

# E-vítamín
## er alger snilld fyrir húðina!

dr.organic

**Dr. Organic E-Vítamín krem** er 100% lífrænt, án allra kemískra efna. Línan inniheldur E-vítamín, Aloe Vera, Coco Butter og Shea Butter. E-vítamín línan er ennfremur án allra ilm- og rotvarnarefna.

Þetta dásamlega silkimjúka krem hefur einstaka eiginleika til að:

- Endurnýjar húðfrumurnar og dregur úr hrukkum
- Lagfærir ör og slit
- Hentar einkar vel fyrir eldri og mjög þurra húð.
- Nærir húðina og gefur henni frískandi útlit
- Húðina verður endurnærð allan daginn




## SKOTBÓMULYFTARAR - LYFTARAR

Útvegum varahluti í allar gerðir lyftara

PON Pétur O Nikulásson ehf.
Melabraut 23. P.o. Box 228.220 Hafnarfjörður
Símar: 552 2650 / 552 0110 Fax: 552 1588
E-mail: pon@pon.is

## Gólfhitakerfi
### Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

DEKKJASALA AKUREYRAR

*Úrval hjólbarða á betra verði*

*Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.*

Milwaukee *Handverkfæri*

**15%** *afsláttur af öllum dekkjum til 31. október 2015*





*Beinn innflutningur til Akureyrar*

*Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4126*

MOTUL *Smurþjónusta*

DEKKJASALA AKUREYRAR *(Jason ehf.)*

*Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.*
*Njarðarnesi 1 sími 460 4350*




**45% FÓLKS Á LANDSBYGGÐINNI LES BÆNDABLAÐIÐ**

**HEIMILD:** PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT. – DES. 2014.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.

**HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?**

SÍMI **563-0300** | **BBL.IS**



## ATN Zebra 16 Z-spjótlyfta

- Fjórhjóladrifin
- Diesel
- Vinnuhæð: 16,4 m
- Pallhæð: 14,4 m
- Lárétt útskot: 9,3 m
- Lyftigeta: 230 kg
- Aukabúnaður: Rafmagns- og lofttenglar í körfu
- Til afgreiðslu strax

Hafðu samband 568 0100

**Ýmsar aðrar ATN spjót- og skæralyftur til afgreiðslu með stuttum fyrirvara.**

**Stólpi Gámar**
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | stolpigamar.is

ATHYGLI-Ágúst 2015

## SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA

Arctic Star




**Arctic star sæbjúgnahylki** innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki fást hjá Lyfju og Apótekniu.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

Utan úr heimi



# Hrun í býflugnarækt í Bretlandi

## – verstu horfur í 40 ár hjá sumum ræktendum

**Útlit er fyrir að hunangsframleiðsla í Bretlandi verði með minnsta móti á þessu ári – hjá sumum býflugnabændum jafnvel sú minnsta í 40 ár.**

Farmers Weekly greinir frá því að votviðrasömu sumri sé einkum um að kenna að pörun gekk ekki sem skyldi á mörgum býflugnabúum í Skotlandi og Wales, með þeim afleiðingum að drottningarnar verptu færri eggjum. Þótt tíðarfar hafi verið misjafnt á Bretlandseyjum þá virðist afkoma býflugnabænda á heildina litið ekki hafa verið ákjósanlegar. Jafnvel á Suður-Englandi, þar sem jafnan má gera ráð fyrir góðri uppskeru, var útkoman undir meðallagi.

*Helmingi minni framleiðsla í Skotlandi*

Í Skotlandi er gert ráð fyrir helmingi minni hunangsframleiðslu en í meðalári. Að hluta til er það rakið til þess að beitilyng blómstraði seint og illa. Búist er við að hið slæma tíðarfar í sumar geti haft alvarlegar afleiðingar á afkomu búanna í vetur, þar sem þau séu illa á sig komin fyrir veturinn.

*/smh*



## Matarsóun og útlit matjurta:

# Nýta „vanskapaðar“ matjurtir

**Samtök á Spáni sem kallast Espigoladors og hafa að markmiði að aðstoða þá sem minna mega sín í samfélaginu hafa fengið til liðs við sig sjálfboðaliða sem safna ávöxtum og grænmeti sem ekki er talið hafa rétta lögun til að fara á markað.**

Á hverju ári leggst til gríðarlegt magn af plöntuafurðum í landbúnaði sem ekki er sett á markað vegna þess að lögun þeirra er ekki talin markaðsvæn. Neytendur hafa verið vandir á að agúrkur, gulrætur, kartöflur og epli, svo dæmi séu tekin, eigi að hafa ákveðna staðlaða lögun og mikil vinna hefur verið lögð í kynbætur til að svo sé. Hér er því um eins konar útlitsdýrkun á matjurtum að ræða.

Á Spáni er talið að um 7,7 milljón tonn af matjurtum sé hent á ári vegna þess að þær standast ekki kröfur um útlit þrátt fyrir að vera fullkomlega í lagi að öðru leyti.

Umrædd samtök á Spáni telja rétt að nýta matjurtirnar þrátt fyrir útlitsgallann og hafa fengið leyfi margra framleiðenda til að fara inn á akra þeirra og safna grænmeti og fá gefins það sem fellur frá í gróðurhúsaframleiðslu. Matjurtunum er síðan dreift til fólks sem á erfitt með að ná endum saman.

*/VH*

# Súmatra-nashyrningurinn nánast útdauður

**Innan við eitt hundrað villtir Súmatra-nashyrningar finnast í Indónesíu í dag og litlar líkur eru talda á að stofninn geti náð sér á strik.**

Súmatra-nashyrningar hafa þróast í einangrun í þúsundir ára og þykja með sérkennilegustu nashyrningum á jörðinni og engum öðrum líkir. Þeir eru minnstir af þeim þremur tegundum sem vitað er um í Asíu og með þeim minnstu í heiminum. Fækkun Súmatra-nashyrninga hefur verið hröð á síðasta áratug og hefur fækkað úr 250 árið 2008 í undir 100 á þessu ári.

Ástæða fækkunarinnar er sögð vera ólöglegar veiðar vegna hornanna sem margir getulausir karlmenn telja að innihaldi örvandi efni fyrir slátrið. Skógareldar í Indónesíu undanfarið hafa einnig eyðilagt búsvæði nashyrninganna.

*/VH*



Þeir bændur í Túnis sem eiga um langan veg að fara frá búum sínum og að næstu „stoppistöð“ bílsins sem safnar mjólkinni notast oft við múlasna til þess að flytja mjólkina. Myndir / SS

# Í Túnis eru 122 þúsund kúabú

**Líkt og flestir kannast líklega við þá á hið „Arabíska vor“ upphaf sitt að rekja til persónulegs harmleiks sem átti sér stað í Túnis í Norðaustur-Afríku 17. desember 2010. Þá brenndi ungur grænmetissali sjálfan sig til dauða til þess að mótmæla stjórnvöldum og í raun eigin lífskjörum.**

Margir íbúar landsins gátu sett sig í spor þessa unga manns og varð þessi harmleikur til þess að uppreisn breiddist út í landinu og þaðan til annarra landa í norðurhluta Afríku og Mið-Austurlöndum. Uppreisnarmenn í Túnis kröfðust lýðræðis og að ríkisstjórn landsins myndi víkja og í stuttu máli leiddi uppreisnin, sem er kölluð Jasmínbyltingin, til þess að fram fóru kosningar í landinu haustið 2011. Frá þeim tíma hafa orðið gríðarlega miklar breytingar í landinu og kjör fólks batnað en þó er enn langt í land.

Núverandi stjórnvöld hafa allt aðra sýn á þróun landsins en fyrri stjórnvöld og horfa í því sambandi til Vesturlanda varðandi uppbyggingu á innviðum og atvinnulífi landsins. Breyting á uppbyggingu mjólkurframleiðslunnar í landinu er eitt af því sem horft er til, enda þar sjáanlega mikil tækifæri í þessu gjöfula landi.



Þó svo að flestir kúabændur í Túnis handmjólki kýrnar sínar þá eru einnig til mjaltavélar og einnar fötu mjaltavél með eigin sogdælu er í raun eðlilegt framhald þess að hverfa frá handmjöltum.

*Mun stærra en Ísland*

Þó svo að landið virki ekki stórt, þegar horft er á kort af Afríku, þá er Túnis engu að síður töluvert stærra en Ísland, eða um 162 þúsund ferkílómetrar. Í landinu búa hins vegar töluvert fleiri en hér á landi eða um 11 milljónir. Af þeim eru allmargir í mjólkurframleiðslu enda eru 122 þúsund kúabú í landinu og árið 2014 nam innvigtun mjólkur 1,2 milljörðum lítra.

Landbúnaður er mikilvægur efnahag í Túnis, um þriðjungur landsins er flokkað sem ræktarland, þ.e. um 50 þúsund ferkílómetrar en um 25 þúsund ferkílómetrar til viðbótar eru nýtanlegir fyrir beit. Vökvun akra er eitthvað sem á sér frekar skamma sögu í landinu og í dag eru ekki nema 3.500 ferkílómetrar sem fá reglulega vökvun, en vökvun er nauðsynleg í flestum héruðum landsins sökum mikilla sumarhita og þurrka.

Þegar horft er til landbúnaðarins er mjólkurframleiðslan einna mikilvægust og stendur hún t.d. undir 11% af heildarveltu landsins. Annar landbúnaður sem einnig er mikilvægur er framleiðsla á ólífum, korni, útiræktuðum tómötum, ávöxtum, sykurrófum möndlum og döðlum.



Mjólkinni er safnað saman með mörgum pallbílum sem hver um sig hefur lítinn tank festan á pallinn. Hér má sjá einn slíkan og á honum er búnaður til sýnatöku sem er hluti af þróunarverkefni Danida, þ.e. að aðstoða bændur við að fá mjólk sína greinda og að koma upp kerfi fyrir slíka sýnatöku.

*400 milljóna króna þróunarverkefni*

Til þess að aðstoða við innri uppbyggingu Túnis hefur danski þróunarsjóðurinn Danida haldið úti þróunarverkefni í landinu undanfarin misseri en tilgangur þessarar aðstoðar er að „hjálpa fólki að hjálpa sér sjálft“, þ.e. fjármunirnir eru fyrst og fremst nýttir til þess að kenna og þjálfa en ekki til fjárfestinga í tækjum eða tólum eins og oft var gert hér áður fyrr. Merki um slík þróunarverkefni, þ.e. sem byggðu á því að gefa heimamönnum ný tæki t.d. sáðvélar, áburðardreifara eða annað slíkt, sjást víða í landinu þar sem tækin standa og ryðga þar sem hvorki voru til fjármunir til viðhalds á þeim né almennileg þekking á notkun tækjanna.

Sá hluti þróunarverkefnis Danida sem snýr að landbúnaði er allvel fjármagnaður en alls verða 400 milljónir íslenskra króna nýttar til þessa átaks, en markmiðið er að ná fram auknum hagvexti í landbúnaðinum og skapa ný atvinnutækifæri enda eru þar mikil ónýtt tækifæri sökum fornra vinnubragða við almenn landbúnaðarstörf. Þetta á sér í lagi við í mjólkurframleiðslunni þar sem meðalbúið leggur ekki inn nema rétt um 10 þúsund lítra mjólkur á ári eða að jafnaði um 30 lítra á dag! Vegna þessa hafa ráðgjafar frá danska ráðgjafarfyrirtækinu SEGES verið sendir til Túnis til þess að standa fyrir námskeiðum og starfsþjálfun bæði ráðunauta, dýralækna og bænda.

*Með 2–3 kýr að jafnaði*

Þegar fjöldi kúabúa í landinu er nefndur þá reikna líklega flestir með meiri framleiðslu en hér að framan var getið um en tilfellið er að búin eru afar smá og flestir með þetta 3–5 kýr að jafnaði og nýta um helming mjólkurinnar heima við en hinn hlutinn er lagður inn. Flest búin eru frekar landlítil og eru í blandaðri framleiðslu, þ.e. framleiða lítið eitt af mjólk, eru oft einnig með einhverja ávaxtaframleiðslu, döðlur eða annað slíkt.

*Fæstir kæla mjólk*

Í Túnis er að stærstum hluta notast við handmjaltir, en áætlað er að handmjólkað sé á a.m.k. 70% búanna. Næst algengasta aðferðin er að notast við fötumjaltavélar með eigin sogdælu en þá þarf bóndinn einnig að vera með rafala og eru oft litlir bensíndrifnir rafalar nýttir. Þriðja aðferðin er svo hefðbundin, þ.e. annaðhvort hefðbundið rörmjaltakerfi eða mjaltabás. Það sem er þó e.t.v. eftirtektarvert er að mjólkin er næstum aldrei kæld niður á minni búunum, þrátt fyrir ágætt aðgengi að vatni a.m.k. sums staðar í landinu.

Venjan er að afhenda mjólkina tvisvar á dag, bæði kvölds og morgna, og er hún þá volg. Fyrir vikið er geymsluþol mjólkurinnar takmarkað, sökum líftöluvandamála, en hingað til hafa bændur fengið greitt fyrir mjólkina út frá magni og lit en hvorki vegna efnainnihalds né mjólkurgæða. Þetta er þó að breytast og nú hafa verið sett líftölumörk í landinu. Þau eru þó enn afar há en munu fara stiglækkandi á komandi árum.

*Erfitt að afhenda mjólk*

Eitt er að kæla ekki mjólkina, annað er að afhenda hana til kaupanda en sums staðar í Túnis eru t.d. engir vegir að kúabúunum. Bændurnir verða því að notast við reiðskjóta og eru múlasnar oftast nýttir til almennra flutninga til og frá búunum. Líklega standa þó flest búin í nánd við tengivegi og því ekki um of langan veg að fara en svo er ekki um alla.

Einn bóndi sem undirritaður hitti reið í nærri 2 tíma hvora leið með mjólkina niður á veg. Eftir morgunmjaltirnar lagði hann inn 17 lítra og eftir kvöldmjaltirnar um 9 lítra. Sem sagt 26 lítrar á dag og átta klukkutímar á múlasnabaki, dag hvern. Ekki annað hægt en að bera virðingu fyrir þrautseigjunni.

*Pallbílar sem mjólkurbílar*

Eins og áður segir er mjólkinni safnað tvisvar á dag frá flestum búum og fer söfnunin þannig fram að pallbílum með litlum 800–1.000 lítra mjólkurtönkum á pallinum er ekið um tengivegina og fara bændurnir á fyrirfram ákveðnum tímapunkti niður á „stoppistöð“ þar sem þeir geta afhent mjólkina sína. Pallbílareksturinn er oftast einkarekstur, þ.e. sá sem keyrir bílinn kaupir mjólkina af bændunum og selur svo til söfnunarstöðvar mjólkurinnar.

Í söfnunarstöðina koma svo ótal pallbílar saman og afhenda mjólkina áfram. Í söfnunarstöðvunum fer fram kæling mjólkurinnar, bæði með plötukælum en einnig með hefðbundnum mjólkurtönkum og að söfnunarstöðvunum koma svo mjólkurbílar afurðastöðvanna og ná í mjólkina. Frá bóndanum að afurðastöðinni eru því tveir auka milliliðir frá því sem við þekkjum hér á landi, með tilheyrandi kostnaði eins og gefur að skilja.

*Háhitameðhöndluð mjólk*

Frá safnstöðvunum fer svo mjólkin í næstu afurðastöð en bæði eru í landinu einkarekin alþjóðleg afurðafélög eins og Danone en einnig samvinnufélög bænda. Þessar afurðastöðvar taka við mjólk í dag af afar misjöfnum gæðum og þar sem hráefnið er ekki eins og best verður á kosið er langalgengast að nýta mjólkina sem G-mjólk þ.e. hún er háhitameðhöndluð þannig að líkurnar á gerlamengun lágmarkast. Fyrir vikið eru íbúar landsins ekki vanir ferskum mjólkurafurðum og því síður að kaupa ferska mjólk út í búð. Í þeirra huga er fersk mjólk einungis fersk ef hún er volg, því annars hlýtur hún að vera allt of gömul!

*Kæling mjólkur lykillinn*

Þegar þróunarverkefni, líkt og það sem Danida hefur nú sett af stað, er hleypt af stokkunum getur verið allerfitt í upphafi að átta sig á því hvar eigi að bera niður. Það er deginum ljósara að hægt er að stórbæta vinnubrögð á öllum stigum mjólkurframleiðslunnar en það er þó bara hægt að taka eitt skref í einu og eigi lausnirnar að endast og nýtast til frambúðar er mikilvægast að heimamenn sjálfir geri sér grein fyrir eigin tækifærum og möguleikum. Fyrir utanaðkomandi er þó ljóst að einna stærsti einstaki hagræðingarkosturinn í stöðunni er að ná að kæla mjólkina heima á búum bændanna svo fækka megi ferðum þeirra niður á næsta tengiveg.

Ef unnt er að breyta kerfinu þannig að mjólk sé safnað einu sinni á dag í stað tvisvar sinnum, má bæði lækka kostnað við flutning mjólkur frá búunum til söfnunarstöðvar en einnig eykur það mjólkurgæðin með tilheyrandi líkum á hækkuðu afurðaverði. Þess utan geta bændurnir nýtt tíma sinn í annað en að fara aukaferð niður á veg og heim aftur, hvort sem sá aukni frítími nýtist til vinnu eða annarra hluta er svo þeirra eigið mál. Að þessu er nú unnið hörðum höndum bæði við þróun kælibúnaðar fyrir nánast vatnslaus svæði sem og að vinna að upptöku gæðaeftirlits mjólkur við móttöku mjólkur á pallbíl. Séu gæði mjólkurinnar ekki skoðuð þar, verður ávinningur bændanna að því að byrja að kæla mjólkina enginn og þar með áhuginn vart til staðar.



**Þegar pallbílarnir koma með mjólkina að móttökustöð mjólkurinnar er mjólkin bæði vigtuð, efnagreind og kæld niður.**

**Snorri Sigurðsson**
*Ráðgjafi hjá SEGES P/S*
*sns@seges.dk*

www.n1.is facebook.com/enneinn




# Hugsaðu um búnaðinn í vetur



**Skjólgóður kuldagalli**
Vnr. 9616 K2 2001
Vatteraður með cordura-efni á álagsflötum. Rennilásar á skálmum og hægt að leysa frá hettuna.
**Verð 23.900 kr.**



**K2 kuldajakkinn**
Vnr. 9616 K2 2005
Vatteraður með hettu sem hægt er að smella af. Litir: grátt/svart. Stærðir: S-4XL.
**Verð 12.900 kr.**



**Fristads kuldajakki**
Vnr. 9613 100822
Loðfóðraður með stroffi að neðan. Litir: Navy-blár eða svartur. Aðra liti má sérpanta. Stærðir XS - 2XL.
**Verð 17.686 kr.**



**Regnjakki**
Vnr. 5790 LR9055
Vottaður samkvæmt EN471 320 sýnileikastaðli. Litir: Gulur eða appelsínugulur. Stærðir: S - 3XL.
**Verð 9.781 kr.**



**Regnbuxur**
Vnr. 5790 LR9052
Áberandi góðar og uppfylla sýnileikastaðal EN471 320GR. Litir: Gulur eða appelsínugulur. Stærðir: S - 3XL.
**Verð 7.805 kr.**



**Fristads buxur**
Vnr. 9613 P154280
Verklegar mittisbuxur. Vasar á lærum. Sterkar og endingargóðar. Litir: Navy-bláar, gráar eða svartar. Stærðir: 44-64.
**Verð 10.864 kr.**



**Þjarkur samfestingur**
Vnr. 9628 120020
Þunnur þjarkur með hnjápúðavösum, hentar í allan iðnað og besti vinur bóndans. Litur: Navy blár með royal-blárri bringu.
**Verð 11.900 kr.**



**Dunlop atvinnustígvél**
Vnr. 9655 D460933
DUNLOP Purofort professional stígvél, létt með höggdeyfi í sóla, auðvelt að þrífa og endast lengur. Litur: Grænn. Stærðir: 37-48.
**Verð 9.900 kr.**



**Jalas öryggisskór**
Vnr. 9615 4748
Gripsterkir sólar á skóm sem ná vel upp á ökkla, hrinda frá vatni. Höggvörn í sóla með áltá.
**Verð 27.171 kr.**



**Leðurhanskar með laska**
Vnr. 7151 G120 KD00
Cofra Powerhide leðurhanskar eru nautsterkir og vernda lófa og þumla gegn hnjaski. Stærðir: 11 og 10.
**Verð 1.390 kr.**



**Þykkir vinnuvettlingar**
Vnr. A108 VV101
Hlýir og sterkir vettlingar, þéttofnir úr ull og teygjanlegu nælonefni. Handhægir til allra verka.
**Verð 849 kr.**



**FLEXYNIT hanskar**
Vnr. 7151 G007 K100
Vandaðir bómullarhanskar með sterkri NITRA-X húð. Olíuþolnir og henta í allan iðnað. Litur: Grænn með svörtum lófa. Stærðir: 9 eða 10 eða 11.
**Verð 889 kr.**

**Verslanir N1 um land allt**
**Akureyri** s. 440 1420 • **Grindavík** s. 426 8290 • **Klettagarðar** s. 440 1330
**Ólafsvík** s. 436 1581 • **Höfn** s. 478 1940 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293
**Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127 • **Ísafjörður** s. 456 3574

**Hluti af vetrarverkunum**

ÍSLENSKA SIA.IS ENN 76793 10/15

# Beit – Ástand landsins skiptir máli

**Að undanförnu hafa verð talsverðar umræður um beitarmál á Íslandi og í sumar ritaði Anna Guðrún Þórhallsdóttir (AGÞ) pistla hér í Bændablaðið um þau efni og er henni þökkuð skrifin. Full ástæða er til að halda þessari umræðu áfram, en í þessari grein er einkum fjallað um ástand lands (e. land condition).**

Áhrif landnýtingar á borð við beit á vistkerfi er háð ástandi landsins. Mat á ástandi lands er þverfaglegt viðfangsefni víða um lönd, þar sem fagfólk með menntun í ýmsum greinum náttúrufræði leggur saman. Slíkt samstarf er orðið mjög áberandi í bandarískum beitarvísindum og úthagavistfræði. Algengt er að miða ástand lands við a) getu (potential) viðkomandi svæðis, b) „eðlilegt ástand“ sé það þekkt, eða c) sett markmið um endurheimt landgæða, sem eru háð þáttum er móta getu hvers svæðis, svo sem vatnsheldni jarðvegs, loftslagi o.fl. Vitaskuld er einnig litið til beitarsögu hvers svæðis. Þættir sem algengt er að mæla eða meta eru jarðvegsrof, gróðurhula, tegundasamsetning og framleiðni gróðurs, fræframleiðsla, ísig vatns, sem og magn kolefnis og niturs í moldinni. Þessir þættir endurspegla vel virkni hringrása vatns, næringar og orku í vistkerfinu (sjá „Að lesa og lækna landið“; moldin.net). Þættir sem móta eðlisumhverfið, svo sem jarðvegsrof og nærveður, eru ennfremur mjög mikilvægir kvarðar á ástand lands. Gríðarlegur munur er á gildi allra þessara þátta eftir því hvert ástand landsins er. Óstöðugt yfirborð og jarðvegsrof eru lokastig hnignunar þar sem ört gengur á auðlindir eða vistkerfi eru hrunin. Með öðrum orðum: illa gróið land, auðnin, er táknmynd hrunins vistkerfis. Þá þarf í raun ekki frekari vitnana við. Slík kerfi þola afar illa að gengið sé á þann litla lífræna forða sem eftir er. Traðk sauðfjár og beit hefur áhrif á myndun lífrænnar jarðvegsskánar sem gerir yfirborðið stöðugt og leggur til nitur og fræbeð fyrir nýgræðing og stuðlar að gróðurframvindu. Sauðfé er jafnframt sólgið í nýgræðing og tiltölulega lítil beit getur stöðvað gróðurframvindu á illa grónum svæðum. Því miður er illa farið land mjög algengt á svæðum sem nýtt eru til beitar á Íslandi, ekki síst á gosbeltinu, en á mörgum svæðum er gróðurfar og uppskera langt frá því að vera í samræmi við getu viðkomandi svæða.

Ástand lands er afar mikilvægt við ákvörðun á beit, ekki síst þar sem ástandið er slæmt eins og víða er hérlendis. Öðru máli gegnir um það land er vel gróið eða þar skógur sækir svo fram að hann er að verða allsráðandi (niðri til vinstri á þríhyrningnum á meðfylgjandi mynd). Þá er sjálfsagt að beita vistfræðilegum ráðum til að auka á fjölbreytni landsins, m.a. með því að viðhalda skóglausum úthaga með beit o.s.frv, eins og víða er gert, meðal annars í Noregi og Svíþjóð, eins og bent er á í fyrrnefndri grein AGÞ. Annars staðar, m.a. í Bretlandi, Frakklandi, Spáni, Þýskalandi og víðar eru frjósöm,vel gróin úthagasvæði, graslendi, blómlendi o.fl., sem þykir mikilvægt að viðhalda og vernda fyrir ágangi skógar. Slík svæði eru oft nýtt til mjólkur- og nautgripaframleiðslu, eins og í raun tíðkast hér á landi. En þessar staðreyndir breyta engu um það að hlífa ætti landi sem er í slæmu ástandi. Þá ber þess að geta að víða er talin full ástæða til að auka skógarhulu á ný í stað þess að takmarka hana, m.a. út frá margþættum náttúruverndarsjónarmiðum. Það á m.a. við um skosku Hálöndin (sjá dæmisögu á moldin.net – landnýting) og Írland þar sem skógi var, eins og á Íslandi, nánast útrýmt. Í Svíþjóð er um 66% skógarþekja og jafnfram mikil akuryrkja. Í Noregi er skóglendið um 38% en þar er einnig mikið um skóglaust fjalllendi, akuryrkjuland o.fl. Skógar Danmerkur eru um 12% en drýgstur hluti landsins er undir fjölbreyttri landbúnaðarframleiðslu (tölur um skóga: nordicforestry.org). Skógum er þó haldið við á viðkvæmasta landinu eins og á sandsvæðum Jótlands og skógar veita landbúnaðarlandinu gott skjól og auka framleiðni. Á Íslandi er skógarhulan rétt rúm 1%, stór hluti landsins er illa rofinn og gróðurlendi eru víða ákaflega rýr miðað við getu. Hér er engu saman að jafna. Náttúrufar, og þar með talin jarðvegsgerð, er með allt öðrum hætti en í nágrannalöndunum. Hérlendis þróuðust vistkerfin án beitar spendýra eftir ísöldina – búfjárbeit er ekki „náttúrulegur“ þáttur í starfsemi vistkerfa á Íslandi með sama hætti og í nágrannalöndunum.


Úthagi í slæmu ástandi þegar litið er til heildarinnar. Ekki gengur að miða einvörðungu við framleiðni ofan á torfunni.


Hér er land algróið og ástandið gott.



Mismunandi ástand kallar á mismunandi markmið og nýtingu. Myndin sýnir breytilegar aðstæður á milli landa með tilliti til ástands lands og skógarhulu (skógur sækir á niðri til vinstri, rofsvæði og auðnir ráðandi niðri til hægri). Bláu punktarnir tákna mismunandi umhverfisaðstæður sem kalla á mismunandi landnýtingu og aðgerðir, ýmist minnka, auka eða friða fyrir beit.

Stundum heyrist að beit á illa förnu eða lítt grónu landi sé eðlilegur þáttur í menningararfleið okkar (og að beita eigi nær allt land). Það er eins og að leggja blessun sína yfir brennslu á afar mengandi efnum til orkuframleiðslu og verja það með því að mengunin og vaxandi styrkur gróðurhúsaloftegunda sé eðlilegur hluti menningarinnar. En vissulega þekkjast þau sjónarmið. Beit á hins vegar fullan rétt á sér þar sem skilyrði leyfa og hún getur, við slíkar aðstæður, verið mikilvægur þáttur í að varðveita landslagsheildir og búsvæði, að ekki sé talað um búsetu í strjálbýli. Sannarlega getur beit reynst drjúg í baráttunni við óhefta útbreiðslu ágengra framandi tegunda á borð við lúpínu, eins og AGÞ skrifar um í grein í Bændablaðið.

Í Bandaríkjunum hafa stór svæði verið undanskilin akuryrkju og beit (þurr svæði á sendnum jarðvegi). Í Evrópu er mikið lagt upp úr því að aðgreina land og friða það fyrir landnýtingu sem ekki hentar með tilliti til umhverfissjónarmiða. Styrkveitingar eru háðar ströngum skilyrðum og m.a. sönnun á að umhverfissjónarmið séu höfð í hávegum (e. cross-compliance). En önnur landnýting getur notið stuðnings einmitt til að varðveita menningarverðmæti; stallaræktun í Evrópu (e. terraces) er e.t.v. frægasta dæmið, enda viðhaldið mannvirkjum og menningu allt frá tímum Rómverja og Mára. En nýting sem viðheldur hrundum vistkerfum á ekkert sameiginlegt með slíkri „hugmyndafræði“.

Mörg úthagasvæði mynda mósaík lands sem er í afar misjöfnu ástandi. Af gefnu tilefni er rétt að taka fram að þegar þannig hagar að hluti úthaga er vel gróinn en inn á milli að mestu auðn og rofsvæði, gengur ekki að meta landið með því að reikna beitarhæfni aðeins út frá framleiðni og ástandi góða hluta beitilandsins og telja þar með að beitiland sé nóg. Sauðfé leitar mikið út á rofna landið og heldur niður nýgræðingi, jafnvel þótt vel grónir hlutar svæðisins séu tiltölulega lítið nýttir. Þar sem gróðurhula svæðis er að hluta til mjög rofin og skert telst ástand beitilandsins í heild vera slæmt, jafnvel þótt sumir hlutar þess séu í góðu ástandi.

Beit sauðfjár hefur haft mikil áhrif á vistkerfi okkar í gegnum tíðina og vitaskuld er brýnt að nýta ekki þau svæði til beitar sem verst er komið fyrir. Það er tími til kominn að Íslendingar geri sér grein fyrir og viðurkenni að ástand landsins er afar misjafnt. Sums staðar er gróðurhula samfelld og starfsemi vistkerfa tiltölulega óskert. Slíkt land má nota á margvíslegan hátt: til beitar, skógræktar og annarra fjölþættra nota. Annars staðar er landið í tötrum eða svo viðkvæmt að ekki ætti að koma til greina að beita það (neðri hluti þríhyrnings til hægri). Aðeins lítill hluti framleiðslu á dilkakjöti fer fram á verst farna úthaganum (á að giska 15- 20%) og það er tiltölulega einfalt langtímaverkefni að breyta beitarháttum á Íslandi og friða verst farna og viðkvæmasta landið fyrir beit. Friðun ein og sér á slíkum svæðum getur stuðlað að uppbyggingu á hringrásum vatns, næringar og orku; og um leið stuðlað að endurheimt búsvæða og vistkerfa sem hafa mikið gildi fyrir fjölbreytileika landslags og lífs. Það eru engin rök fyrir því að beita eigi allt land, sama í hvaða ástandi það er, rétt eins og að engin ástæða er til þess að friða allt land. Skógrækt er hins vegar annað viðfangsefni og að hluta til óskylt. Það er verkefni samfélagsins að koma sér saman um hve stór hluti lands verður tekinn undir skógrækt. Þá geta vel þroskaðir skógar og beitarnýting farið vel saman. Rétt er að gera skýran greinarmun á trjátegundum, einsleitur ræktaður greniskógur hefur t.d. allt aðra eiginleika en náttúrulegur birkiskógur, sem getur verið ágætis beitiland sé skógurinn ekki of þéttur. En það er ljóst að endurheimt landkosta á illa förnu landi, sem og endurheimt birkiskóga og votlenda hljóta að vera meðal forgangsverkefna í umhverfismálum þjóðarinnar.

*Ólafur Arnalds, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands. Heimasíða: www.moldin.net*

## Bækur

# Vasapési partíljónsins

**Pétur Bjarnason, fyrrverandi fræðslustjóri á Vestfjörðum, hefur sent frá sér skemmtilegt, lítið og snoturt rit sem fer vel í vasa. Nefnist það Vasapési partíljónsins.**




„Neðanskráður pési er afar hentugt verkfæri til að nota við réttargleði, töðugjöld, á þorrablótum, ungmennafélagsfundum og í saumaklúbbum svo eitthvað sé nefnt,“ segir Pétur.

Þar er að finna leiðbeiningar um veislustjórn ásamt limrum, lausavísum og léttmeti af ýmsu tagi.

Pésanum hefur verið dreift í bókabúðir og fleiri sölustaði og verður þar til sölu á viðráðanlegu verði.

Flóki forlag gefur bókina út en dreifingu annast Nordic Games, sími 896 8888.

Ný bók að vestan:

# Vestfirðingar í dagsins önn

**Út er komin hjá Vestfirska forlaginu bókin Vestfirðingar í dagsins önn, gamansögur úr daglega lífinu á Vestfjörðum. Hallgrímur Sveinsson og Bjarni G. Einarsson tóku saman.**

Þessar gamansögur eru hluti af arfi kynslóðanna á Vestfjörðum. Þær eru valdar úr miklum sagnabálki þjóð- og gamansagna Vestfirðinga. Margar þeirra hafa aldrei verið prentaðar áður.

Um sannleiksgildið má segja hið fornkveðna: Ef sagan er góð þá er hún sönn!




„Gamanmál eru nauðsynleg, en að baki þeim býr alvara lífs og dauða. Það vitum við sjómennirnir ef til vill betur en aðrir.“ Svo mælti hinn landsþekkti skipherra, Eiríkur Kristófersson, sem var Vestfirðingur í húð og hár.

Hér má sjá sýnishorn úr bókinni sem nefnist Vínbannið.

Ólafur heitinn Hannibalsson bjó um tíma í Selárdal í Arnarfirði og var þar í nábýli við Gísla á Uppsölum. Gísla heitinn þekkja margir úr sjónvarpsþáttum Ómars Ragnarssonar. Einnig hafa verið skrifaðar um hann bækur. Gísli var einbúi, fór ekki troðnar slóðir og fylgdist lítið með fréttum. Eitt sinn um vetur hafði Gísli sleppt fé sínu í fjörubeit. Þegar líða tók á daginn gerði hvell með talsverðri snjókomu og roki. Ólafur sá til Gísla þar sem hann var á leið að sækja féð.

Gamli maðurinn var orðinn lélegur til gangs og stóð ekki á móti rokinu. Hraktist hann undan veðrinu, lenti loks á girðingu og sat þar fastur. Ólafur hljóp út á peysunni og tókst honum við illan leik að koma gamla manninum til sín inn í bæ. Voru báðir nokkuð kaldir og hraktir og hitaði Ólafur kaffi. Síðan dró hann upp brennivínsflösku og bauð Gísla að súpa á. Gísli horfði tortrygginn á Óla og spurði svo:

„Er ekki vínbannið ennþá?“

Sjávarþorpið Höfn:

# Vilja efla bæinn

**Fyrr í þessum mánuði var bæjarráði Hafnar í Hornafirði afhent skýrsla um verkefnið Sjávarþorpið Höfn sem er afrakstur vinnu áhugahóps um að draga fram helstu sérkenni Hafnar og nota þau sérstaklega til að efla bæinn sem áfangastað ferðamanna og búsetukost.**

Á heimasíðunni hornafjordur.is segir að hugmyndin að verkefninu hafi kviknað hjá grasrótinni meðal ferðaþjónustuaðila á Höfn vorið 2013. Síðar var boðið upp á opnar vinnustofur þar sem allir áhugasamir voru hvattir til að mæta og taka þátt í að móta framtíðarsýnina bæði fyrir Höfn sem áfangastað og búsetukost.

Sameiginleg framtíðarsýn hópsins var að Höfn yrði „Eftirsóttur heilsárs áfangastaður og búsetukostur – sjávarþorp með fjölbreyttu atvinnulífi“ og meginniðurstaða stefnumótunarvinnunnar var að skilgreina Höfn sem heildstæða vöru þar sem helsta sérstaðan er talin vera humarinn, hafnarsvæðið, fólkið og nálægð byggðar við jökul. /VH


## Allt til heimaslátrunar

Pinnabyssa: 35.990kr m.vsk
Skot í pinnabyssu: 3.400kr m.vsk





-Kjötkrókar
-Gott úrval hnífa
-Úrbeiningahanskar
-Kjötnet
-Nítrítsalt
-Kjötfarsblanda
-Rúllupylsukrydd
-Gerfivambir
-Bjúgnaplast
-Pylsuplast
-Hamborgaraplast
-Vakúmpökkunarvélar
-Plast til vakúmpökkunar
-Sláturgarn
-Sláturnælur
-Múrkalk

Sendum um land allt

Sími 430-5500
www.kb.is

BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 8. nóvember

Beta WORK
- vinnufatnaður og öryggisskór.
Vertu vel til fara í vinnunni!




IÐNVÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is
IÐNVÉLAR


## Aðalfundur Æðarræktarfélags Íslands



Aðalfundur ÆÍ 2015 verður haldinn laugardaginn 7. nóvember í Heklu, 2. hæð, Radisson SAS BLU - Hótel Sögu. Fundurinn hefst kl. 11.00.

Greiðslubeiðni vegna árgjalds er í heimabanka. Ekki verður tekið við greiðslu félagsgjalda á fundinum eftir að hann hefst. Þeir félagsmenn sem ekki eru með heimabanka geta millifært félagsgjöld kr. 3800,- inn á reikning; 0311-26-12449, kt. 510374-0299.

Nánari upplýsingar: info@icelandeider.is

**Dagskrá fundarins:**

***Kl. 11:00-12:30***
Fundarsetning
Skýrslur og reikningar
Ávörp gesta

***Kl. 12:30 - 13:00***
Hádegisverður

***Kl. 13:00- 16:00***
Fræðsluerindi frá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Snæfellsnesi
Jón Einar Jónsson, Árni Ásgeirsson og Aldís Erna Pálsdóttir
Merkingar á æðarfugli á 7 stöðum á sunnanverðum Breiðafirði
Notkun hreiðurmyndavéla í æðarvarpi
Dúnrannsóknir, aðferðir og frumniðurstöður
Fréttir og tillögur frá deildum
Sölu- og markaðsmál
Kosningar
Tillögur
Önnur mál

***Kl. 16:00***
Fundarslit.og kaffiveitingar þar sem félagsmönnum gefst tækifæri til skrafs og ráðagerða

ÆÐARRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS





Veljum íslenskt ...og allir vinna

KORNAX
- Hveitið í allan bakstur -

# Héraðssýning á lambhrútum í Strandasýslu haustið 2015

Jón Viðar Jónmundsson
Ráðunautur hjá RML
jvj@bondi.is



**Á mörgum svæðum þar sem aðstæður leyfa hafa fjárræktarfélög eða félög sauðfjárbænda á viðkomandi svæðum efnt til samsýninga á glæsilegustu lambhrútum sem til skoðunar höfðu komið heima á búum bænda fyrr um haustið.**

Á þennan hátt er almenningi veitt tækifæri til að sjá og meta sjálfir þessa glæsilegu einstaklinga. Þar fæst líka mun betra tækifæri til að bera saman bestu einstaklingana en mögulegt er með flakki margra einstaklinga milli búa á svæðinu.



Þó að kollóttu hrútarnir á sýningunni á Heydalsá bæru af áttu Bæhreppingar einnig stóran hóp slíkra glæsilamba og hér hafa nokkrir þeirra raðað sér í hálfhring með bekra sína sem þeir sannanlega hafa ástæðu til að vera stoltir af.

### *Sýnt á Bæ 2 og Heydalsá*

Strandamenn blésu fyrst til slíkrar samkomu haustið 2014, sem að flestra mati, sem að henni komu þóttist takast með afbrigðum vel. Því var ákveðið að hafa slíka samkomu aftur á síðasta hausti og var hún haldin laugardaginn 10. október á einhverjum besta haustdeginum á svæðinu þannig að ekki spillti fágætt haustumhverfið á Ströndum stemmingunni. Á milli ára hafði mönnum líka aukist viska um að Strandasýsla er ögn stærri en unnið var eftir fyrsta árið. Sauðfjárveikivarnir gera ókleift að halda sýninguna á einum stað og viskan sem hafði vitrast mönnum var að hin stóru fjárbú á Melum í Hrútafirði hafa ávallt verið og eru í Strandasýslu þó að girðingar varnanna skipi þeim í Miðfjarðarhólf. Þess vegna var Melum bætt við sem þriðja skoðunarstað vegna héraðssýningarinnar og þar voru skoðaðir átta hrútar. Sýningarstaðir voru síðan þeir sömu og árið áður í Bæ 2 hjá Þorgerði og Gunnari og á Heydalsá hjá Sigríði og Ragnari og líkt og á síðasta ári mátti vart á milli greina á hvorum staðnum glæsileiki og festa í allri framkvæmd var meiri.

Í Bæ komu 28 hrútlömb til leiks en 52 á Heydalsá eða samtals 88 á sýningastöðunum þrem. Skipting í sýningaflokka var á þann veg að 19 hrútar voru hvítir, hyrndir síðan 17 mislitir eða af dökkum lit en langflestir hvítir og kollóttir eða 52 samtals. Dómarar voru Anna Margrét Jónsdóttir og sá sem þetta ritar en mergð manna hafði komið að upphaflegu mati lambanna á heimabúi fyrr um haustið.

Það var líklega ekki alveg tilviljun að efstu þrjú sætin í hverjum sýningarflokki voru að þessu sinni öll á sama sýningastað. Hjá hyrndu hrútunum sunnan Bitrugirðingar þar sem víða er að finna hyrnt fé í meirihluta eða alveg ráðandi á mörgum hinna stóru búa. Norðan girðingar voru aftur á móti bestu mislitu og kollóttu hrútarnir. Svæðið norðan Bitrugirðingar hefur um áratuga skeið verið gullkista ræktunar á kollótta fénu í landinu. Hér á eftir verður örstutt getið þeirra þriggja glæsigripa sem skipuðu efstu sætin þarna í hverjum sýningarflokki.

### *Mislitu hrútarnir hafa aukist mikið að gæðum*

Í flokki mislitu hrútanna stóð efstur lamb 1104 í Miðhúsum í Kollafirði. Hrútur þessi er mjög jafnvaxinn og vel gerður og góða bollengd. Holdfylling með miklum ágætum og holdin þétt og föst. Hrútur þessi er hyrndur og svartur að lit. Ekki verður þetta talin nokkur tilviljunarkind þar sem hann kemur úr langri ræktun, föðurfaðir hans Kveikur 07-866 og Kveikur 05-965 víðar að baki og stutt þarf að leita til að finna Púka 06-807.

Í þessum flokki var lamb 268 frá Klúku í Miðdal annað í röð. Þetta er mikill eflingshrútur með mjög góða vöðvafyllingu og sterkan og langan bol. Hrútur þessi er grár að lit og kollóttur. Að ætternis stendur að bak honum bæði hyrnt og kollótt fé. Föðurfaðir hans er Strengur 09-891 og Grím 01-928 má fljótt finna í ætt hans.

Þriðji hrúturinn í þessum flokki er lamb 874 hjá Sigríði og Ragnari á Heydalsá. Þetta er mjög vel gert og vöðvafyllt lamb. Hann kemur úr ræktuninni á Heydalsá þar sem um áratuga skeið hefur mátt finna mikið vel gert mislitt fé við hlið þess kollótta. Hrútur þessi á mjög skammt að sækja til þess marglofaða Þyrils 04-399. Stærsta breyting á þessum lambhrútasýningum allra síðustu ár er hve mislitu hrútarnir hafa aukist mikið að gæðum og gefa þeir yfirleitt mjög lítið orðið eftir hvítu hrútunum sem okkur hættir oft til að telja hárræktaðri.

### *Allra bestu hyrndu hrútarnir*

Snúum þá á suðrænar slóðir en alla bestu hyrndu hrútana sem skráðir voru til sýningar var að finna í gamla Bæjarhreppnum. Þar skipaði sér í efsta sætið lamb 38 hjá Þórarni í Bæ 1. Hrútur þessi var mikil glæsikind. Hann var bollangur með prýðisgóða gerð en mestu kosti hans var samt að finna í alveg frábærri vöðvafyllingu um allan skrokkinn og læraholdin mjög mikil og stinn. Eins og svo mörg topplömbin á þessu hausti var þetta sonur Saums 12-915 en uppí það var fyllt á móðurhliðina með Kosti 09-851 og Fróða 04-963 sem var báða að finna þar í öðrum ættlið.

Í öðru sæti var lamb 371 í Laxárdal. Þessi hrútur er kattlágfættur, vel gerður með frábæra vöðvafyllingu og var hér á ferðinni einn enn toppsona Saums sem vonandi fær að sanna ágæti sitt í afkvæmum á næstum árum. Móðurætt þessa lambs rekur sig í kollótta féð og ýmsa stórsnillinga þar að finna. Í þriðja sætinu var síðan lamb 161 í Guðlaugsvík. Þetta er sérstaklega fallegt lamb á velli, ákaflega vel gert með þétt hold og sérstaklega voru voru læraholdin ákaflega sterk. Þessi snotri gripur er sonarsonur Þróttar 08-871 en í móðurætt koma við sögu bæði Bifur 06-994 og Túli 98-858 í öðrum lið þannig að þétt hold koma vart að óvöru. Ekki er rétt að skilja við þennan hóp hrútanna nema nefna lamb 186 í Laxárdal. Þetta er fádæma vænt lamb sem mældist með sjaldséða bakvöðvaþykkt eð 44 mm. Hrúturinn er sonur Bósa 08-901 en vart það fáguð kind að hann ætti heima í toppinum en ákaflega fróðlegt verður að sjá hvernig hann reynist til framræktunar. Rétt er einnig að geta þess að á Heydalsá voru hyrndu hrútarnir fáir en allir stórglæsilegir þó að ekki næðu þeir að vera jafnokar þeirra bestu í Bæjarhreppnum.



Gullgripir sýningarinnar, þrír efstu kollóttu hrútarnir. Fyrir miðju er lamb 121 í Broddanesi 1 sem skipaði efsta sætið en lamb 245 í Broddanesi 1 og 333 á Smáhömrum honum á hvorri hönd en þeim féll í skaut annað og þriðja sætið.



Jón Stefánsson og Erna Fossdal í Broddanesi 1 hampa nýjum farandgrip sýningarinnar sem þau nú varðveita vegna hrútlambs nr 121.



Verðlaunahafar fyrir þrjá bestu hyrndu hrútana á héraðssýningunni. Í miðið er Þórarinn Ólafsson á Bæ 1 í Hrútafirði sem hampar 1. sætinu. Jóhann Ragnarsson í Laxárdal er í öðru sæti og í þriðja sætin með vænt lambalæri í fanginu, Samson Jónsson í Guðlaugsvík.

### *Kollóttu hrútarnir langflestir*

Eins og áður segir þá voru kollóttu hrútarnir langflestir. Yfirburðir þeirra voru einnig með ólíkindum og sérstaklega var hópurinn á sýningunni norðan Bitrugirðingar einstakur að gæðum. Það kemur tæplega að óvart þar sem hornsteinn ræktunar á þessu fé í landinu er að finna þarna. Sumarið hafði verið gott fyrir sauðfé á stórum hluta Stranda eins og víðast um land á liðnu sumri nema í Árneshreppi þar sem ógnarkuldi og væta í júlímánaðar markaði sín spor hjá lömbunum í haust. Aðeins tveir hrútar mættu þaðan úr sveit en voru verðugir fulltrúar þeirra öflugu ræktunar sem þar er og ástæða til að muna að sú ræktun stendur að meira eða minna leyti að baki þeim glæsigripum sem þarna voru sýndir úr öðrum sveitum. Tveir hrútar höfðu mikla yfirburði í hópi kollóttu hrútanna og eru að mínu viti glæsilegustu hrútlömb þeirra einkenna sem enn hafa sést hér á landi, þó að sú staða þeirra standi að líkindum ekki nema eitt ár. Það var frekar smekksmunur sem réð mestu um hvernig þessum yfirburðagripum var skipað innbyrðis að lokum. Þriðja sætið meðal kollóttu hrútanna var í reynd eina sætið sem ekki var sjálfskipað á þessari sýningu því að fast að tugi metfjárgripa á sýningunni á Heydalsá bönkuðu þar á dyr. Þó að yfirburðir kollóttu hrútanna á sýningunni á Heydalsá væru algerir er um leið rétt að nefna kollarnir á sýningunni í Bæ 2 voru einnig upp til hópa álitlegir einstaklingar.

Efsta sætið skipaði lamb 121 hjá Jóni og Erlu í Broddanesi. Hrútur þessi er undan Djákna 13-065 sem því miður er nú fallinn en hann var sonarsonur Dabba 10-162 sem síðustu árin hefur verið öðrum stórmennum fremri á þessu búi en þegar ættartréð er skoðað frekar birtast á fyrstu greinum þess öll stórmenni ræktunarinnar þarna á síðasta áratug eins og Gullmoli 05-552, Segull 02-352, Steri 07-855 og Mána 03-975 en mynnt er á að sumar af þessum gömlu stjörnum eru fæddar norður í Árneshreppi og rekja allir ættir þangað.

Í öðru sæti var lamb 245 en það var einnig frá Ernu og Jóni en faðir þessa lambs er Hugi 11-146 og kom sá hrútur frá Heydalsá með að baki sér marga af toppunum þar. Móðurfaðir lambs 245 er hins vegar áðurnefndur Dabbi 10-162. Ég hef ekki lýst þessum hrútum hvorum fyrir sig en þessum frændum má lýsa sameiginlega. Þeir eru hreint ræktunarafrek. Gerð þeirra frábær og malaog lærahold meiri en áður hefur getið að líta hjá kollóttu fé hér landi. Þegar við dómararnir voru að burðast við að bera þá saman fannst okkur samt að í mörgum atriðum stæði lamb 121 hársbreidd framar og heildarsvipurinn öllu glæsilegri hjá honum en lambi 245. Vegna lambs 121 fengu Erna og Jón því í lok sýningar til varðveislu nýjan farandgrip sauðfjárbændafélagsins til varveislu næsta árið.

Þriðja sæti meðal kollóttu lambanna hreppti síðan hrútur 333 á Smáhömrum. Þetta er einstaklega glæsilegur gripur með óvanalega breidd og styrk í bolbyggingu auk frábærrar holdfyllingar. Að baki honum standa margir gullgripir úr Smáhamraræktuninni en faðir hans er Kroppur 12-078 en móðurfaðir Snarfari 09-860.

### *Af miklum glæsibrag*

Sýningarnar voru fjölsóttar og sýningagestir sumir vítt að komnir. Framkvæmd öll var af miklum glæsibrag og félagi sauðfjárbænda á svæðinu til mikils sóma. Ég held að sýningar eins og þessi séu mjög gagnlegar fyrir sauðfjárræktarstarf á viðkomandi svæði. Þarna gefst einstakt tækifæri fyrir bændur til að koma saman og sjá glæsilegustu niðurstöður starfsins á árinu sem langt er á liðið. Óvíða á landinu stendur ræktunarstarfið styrkari stoðum en á Ströndum en árangur þessa áratuga markvissa starfs hefur skilað miklum árangri. Því miður vantar enn nokkuð á að þátttaka bænda í þessu sýningahaldi sé jafn almenn og verðugt væri. Að sjálfsögðu þarf að vera viss stærð á slíkum sýningum til að þær þjóni tilgangi sínum. Við almennari þátttöku, sem ótvírætt er æskileg, bregðast menn einfaldlega við með lækkun á hámarksþátttöku einstakra búa.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Vetrardekk:

# Vanbúinn bíll til vetraraksturs er hættulegur

**Sá sem er vanbúinn til aksturs í snjó og hálku og biður um aðstoð á bara að fá eina tegund af aðstoð – hjálp til að komast út fyrir veg.** Viðkomandi er hættulegur öðrum í umferð og á ekki að vera í umferð.

*Ný reglugerð um mynstursdýpt dekkja tók gildi 1. nóvember 2014*

Þeim „skussum“ sem voru ekki rétt búnir til vetraraksturs fækkaði töluvert síðasta vetur við breytta reglugerð sem tók í gildi síðasta ár. Lágmarks mynstursdýpt hjólbarða samkvæmt reglugerð er 3,0 millimetrar að lágmarki yfir vetrartímann (1. nóvember–14. apríl) og 1,6 mm lágmarks mynstursdýpt yfir sumartímann. Miðað við tjón síðasta vetur taka tryggingafélögin þessa reglugerð alvarlega, mælist dekkjamynstursdýpt hjá þeim sem tjóni veldur er hann í slæmum málum.

*Auðvelt að mæla mynstursdýpt*

Mjög auðvelt er að fylgjast með munstursdýpt með því að mæla dekkin reglulega og sem dæmi þá er gott að nota einnar krónu pening til mælinga. Á landvættarhliðinni er innri hringur á peningnum þar sem myndin af landvættinum byrjar og út á brún peningsins eru 4 mm. Allir hjólbarðar eiga að vera með merki sem kallast slitmerki og þaðan á að mæla mynstursdýpt hjólbarða. Einstaka dekk eru auðveldari að lesa en önnur og má þar nefna Nokian-dekk, en þau hafa þá sérstöðu að á þeim er dekkjaslitmerking sem sýnir mynstursdýptina hverju sinni. Mikilvægt er að fylgjast vel með mynstursdýpt dekkjanna til að tryggja akstursöryggi við krefjandi aðstæður, en ekki er óvitlaust að færa dekk fram og aftur reglulega undir bílnum.

*Mælið reglulega loftþrýsting*

Miðað við kannanir sem gerðar hafa verið á loftþrýstingi í hjólbörðum í Danmörku þá var annar hver bíll sem mældur var með eitt eða fleiri dekk undir bílnum með rangan loftþrýsting hjólbarða (einn eða fleiri). Mörgum finnst dekk kosta mikið og til að enda hjólbarðana þann tíma sem uppgefinn er af framleiðanda er hjólbarðanum lífsnauðsynlegt að hafa réttan loftþrýsting. Bestu hjólbarðarnir og þeir dýrustu eru nánast alltaf bestu kaupin og sem dæmi þá kosta gæðahjólbarðar eins og Michelin og Good Year hjólbarðar ekki nema 20 til 30% meira en þeir ódýrustu, en gæðahjólbarðar endast yfirleitt tvö- til þrefalt meira í kílómetrum talið en þeir ódýrustu (til eru dæmi um Michelin-vetrarhjólbarða sem rúllaði undir heimilisbíl í yfir 60.000 km á meðan þrisvar voru keyptir ódýrir hjólbarðar undir sambærilegan bíl sem ók sömu vegalengd).

*Varasamt að kaupa notuð dekk, þau gætu verið orðin fúin*

Töluvert er um að fólk sé að kaupa notuð dekk sem er gott fyrir bæði seljanda og kaupanda. Eitt ber þó að athuga við kaup á notuðum dekkjum. Hjólbarðaframleiðendur taka ábyrgð á sinni framleiðslu almennt í 6–7 ár og mæla með því að ekki séu seld eldri dekk en 5 ára þó svo að þau hafi aldrei komið á felgu. Á flestöllum dekkjum er lítill rammi sem segir til um viku árs og ár þegar dekkið var framleitt. Rammi þessi er almennt sporöskjulaga og með fjórum tölustöfum. Enginn ætti að kaupa notaðan hjólbarða sem er með inni á sviganum lægri seinni stafina tvo en 10, en ef inni í rammanum er (4310) þá er þessi hjólbarði orðin 60 mánaða (5 ára). Í sumum tegundum bíla stendur í eigandahandbókinni að aldrei eigi að keyra bílinn á eldri dekkjum en 6 ára.




Merkingar á dekkjum. Framleiðendur mæla ekki með að ónotuð dekk séu eldri en 5 ára, en þeir ábyrgjast þau þó í 6 til 7 ár. Hér sést merking á framleiðsludegi dekks. Númerið 4710 stendur fyrir vika 47 árið 2010. Í raun er því ekki mælt með því lengur í sölu en til 15. nóvember 2015. Það ættu samt að duga vel til 2016 eða 2017.




MICKEY THOMPSON
jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi
M/T merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.
Stærðir 32" - 54"
Icetrack ehf. Sími 773 4334
netfang: mtdekk@mtdekk.is / www.mtdekk.is




Bændablaðið
Næsta blað kemur út
5. nóvember

## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

## Bærinn okkar





# Skarðaborg

**Sigurður Ágúst byrjaði á félagsbúskap með föður sínum, Þórarni Ragnari Jónsyni, í kringum árið 1980 og var það þannig fram til ársins 2000 þegar Sigurður tekur alfarið við búinu ásamt konu sinni Helgu Guðrúnu.**

Frá árinu 1986 hafa þau eignast fjóra syni (Jón Ágúst, Sigþór, Bjarka og Helga Maríus) og eru þrír yngstu enn heima við að hjálpa til í búskapnum ásamt því að vera í skóla og vinnu.

Á þessu ári stækkuðu þau við sig og keyptu ásamt Jóni Þór Ólasyni jörðina við hliðina á (Einarsstaði). Næstelsti sonurinn býr svo ásamt fjölskyldu sinni á Einarsstöðum. Skarðaborg og Einarsstaðir eru bæði nýbýli úr Skörðum svo það má segja að það sé búið að sameina gömlu jörðina Skörð aftur.

**Býli:** Skarðaborg.

**Staðsett í sveit:** Í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu.

**Ábúendur:** Sigurður Ágúst Þórarinsson og Helga Guðrún Helgadóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Fjórir synir, þeir Jón Ágúst, 1986 (vélaverkfræðingur), búsettur á Akureyri, Sigþór, 1990 (kjötiðnaðarmaður og matsmaður í Norðlenska), býr á Einarsstöðum, Bjarki, 1993 (húsasmiður og búfræðingur), býr á Skarðaborg, Helgi Maríus, 1999, býr á Skarðaborg og er í framhaldsskóla á Laugum í Reykjadal.

**Stærð jarðar?** Kringum 5.200 hektarar!



**Gerð bús?** Sauðfjárrækt ásamt því að vera með heimavinnslu og selja afurðir beint frá býli.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Um 800 fjár á vetrarfóðrum, tveir Border Collie-fjárhundar og 10 hestar.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Enginn vinnudagur er hefðbundinn, alltaf einhver ný verkefni á hverjum degi og alltaf nóg að gera.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemmtilegast er auðvitað sauðburðurinn, heyskapurinn, smalamennskur og fjárrag – girðingarvinna og vorverk í snjóþungum vorum eru mjög leiðinleg og erfið verk.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Við sjáum bústærðina mjög svipaða og er í dag og ef til vill synirnir komnir enn meira í búskapinn og vonandi enn meiri framför í sauðfjáræktinni.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Mættu standa sig betur og vera harðari.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Vonandi vel.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Að selja meira út af fersku kjöti og vekja meiri áhuga á gæði og hreinleika kjötsins.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, egg, smjör, ostur og Húsavíkur Jógúrt.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Eyvindur með hor (kjöt og karrí) og svo er gríðarlega vinsælt að grilla eitthvert góðgæti úr heimavinnslunni eins og ærfille.



**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það var sérstaklega eftirminnilegt eftir haustþretið 2012 þegar farið var upp í heiði þann 13. okt. og finna þá þar tvær ær lifandi og hrút undan annarri þeirra sem var þá dauður. Þær höfðu þá verið í rúman mánuð í fönn og lifa þær enn í dag (sjá mynd).



## Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

# Sitt lítið af hvoru úr jurta- og dýraríkinu

**Þó að haustlitirnir hafi nú tekið yfir í náttúrunni er ennþá möguleiki að finna nothæf ber til að útbúa eftirrétti eða annað góðgæti. Reyniber eru best þegar þau hafa frosið en líka er hægt að tína og frysta þau (en það þarf að snöggsjóða þau 5 sinnum til að ná remmu úr berjunum, alltaf í fersku vatni, þá er hægt að gera sultu sem er frábær með ostum).**

Sumir hafa jafnvel komið sér upp berjabirgðum í frystikistum sem hægt er að grípa til. Rauða paprikan er góð ristuð og fyllt með tómötum, og basil. Fyrir þá sem vilja framlengja sumarið í eldhúsinu er upplagt að snæða gljáðar kjúklingalundir með ferskum kryddum og viðeigandi salati.



### Bakaðar paprikur

- 2 stk. paprika
- 2 stk. hvítlauksrif
- 16 stk. þroskaðir kirsuberjatómatar
- ólífuolía
- 12–16 stk. basil

**Aðferð**

Skerið paprikuna langsum til helminga. Fjarlægið hvíta kjarnann og fræið og setjið í eldfast mót. Afhýðið hvítlauk, skerið fínt og setjið nokkrar sneiðar á hverja papriku ásamt smá salti og matskeið af olíu.

Bakið í 50 mínútur við 200 °C eða þar til paprikan hefur nánast maukast en ennþá full af safa. Bætið basillaufum ofan á eftir eldun. Gott að framreiða með spínatsalati, kartöflusmælki og nægu brauði.



### Balsamik-ristað grasker

- 1 kg grasker
- 200 g smjör
- 2 greinar fersk salvía (þurrkuð)
- salt
- svartur pipar
- 60 ml balsamik-edik
- 90 g púðursykur

**Aðferð**

Afhýðið og skerið graskerið í 1 cm teninga. Brúnið smjörið á pönnu og bætið í salvíu og graskeri. Kryddið með salti og pipar. Bætið við balsamikediki og púðursykri og látið sjóða.

Flytjið í ofnfast fat í 180–200 °C í 30 mínútur eða þangað til mjög mjúkt og kremað viðkomu.

Frábært með kjúklingi eða kalkún eða blandað með grænmeti í gott salat. Uppskriftina er einnig hægt að nota til að útbúa súpu úr graskersmaukinu ásamt vatni.



### Sætur og klístraður kjúklingur

- 12 stk. kjúklingalundir (um 600 g)
- 2 msk. kornað sinnep
- 1 msk. hunang
- Safi úr 1 sítrónu
- 3 stk. hvítlauksrif

**Aðferð**

Hitið ofninn í 220 °C setjið á bakka með álpappír.

Blandið sinnepi og hunangi við safa úr sítrónu. Afhýðið hvítlauk, saxið og bætið við hunangið ásamt smá pipar og salti eftir smekk.

Setjið kjúklingalundirnar í hunangsblönduna og steikið í um 25 mínútur. Snúið lundunum yfir og haldið áfram að elda í 10 mínútur í viðbót. Kjúklingalundirnar munu verða sætar og klístraðar. Gott er að snæða lundirnar með kjarngóðu salati með baunaspírum og agúrku.





### Marin karamelluber með rjóma og skyri

Ber klikka ekki með íslenskum rjóma og skyri.

- 250 g ber að eigin vali
- 100 g sykur
- kalt vatn - 2 msk.
- 200 ml rjómi (má vera léttþeyttur)
- 300 g skyr (má vera berja- eða vanilluskyr)
- vanilludropar (eða bragðbætt skyr)

Skolið berin og dragið þau af stilkunum. Setjið á pönnu og bætið í sykri og vatni. Látið sjóða yfir vægum hita, passið að karamella brenni ekki. Lækkið hitann og leyfið berjunum að malla varlega í um fimm mínútur eða svo þar til þau eru farin að springa og látið magn af safa eftir. Þá er slökkt á hitanum og látið kólna.

Þeytið rjómann mjúklega. Hrærið skyrið varlega og bætið í vanilludropum (eða notið bragðbætt skyr).

Raðið lagskipt í glerglas eða blandið öllu saman.

## HANNYRÐAHORNIÐ

garn@garn.is

# Heklaðir sokkaleistar

**Sokkaleistarnir eru heklaðir úr grófgerðu garni og eru svo fljótheklaðir að léttilega má klára parið á einni kvöldstund. Sokkaleistarnir eru léttir, hlýir og auðvelt að smeygja sér í þá.**

Þegar búið er að hekla sokkaleistann sný ég honum við því mér finnst áferðin skemmtilegri á röngunni.



**Stærð:**

38-40

**Garn:** Kartopu Gipsy frá Garn.is, 1 dokka

**Heklunál:** 6,5 mm

**Heklfesta:** 9 lykkjur x 8 umferðir af stuðlum og fastapinnum til skiptis = 10 x 10 cm.

**Lesist áður en byrjað er að hekla:**

Inniskórnir eru heklaðir fram og til baka en í leistanum er umferðinni lokað og þannig tengt í hring áður en snúið er við og heklað til baka. Þegar byrjað er á hælnum er ekki tengt í hring.

Til þess að ekki myndist lítið op í byrjun hverrar stuðlaumferðar eru heklaðar 2 loftlykkjur, þessar lykkjur teljast ekki sem stuðull og er farið framhjá þeim þegar umferðinni er lokað.

**Skammstafanir:**

L = lykkja, LL = loftlykkja, KL = keðjulykkja, FP = fastapinni, ST = stuðull, sl. = sleppa.

Byrjið á að gera töfralykkju.

**1. umf:** Heklið 2 LL, 10 ST inn í hringinn, herðið töfralykkjuna, lokið umf með KL í 1. ST (2 LL er sleppt). Snúið stykkinu.

**2. umf:** Heklið 1 LL, *1 FP í næstu L, 2 FP í næstu L*, endurtakið út umf, lokið umf með KL í 1. FP, alls 15 FP. Snúið stykkinu.

**3. umf:** Heklið 2 LL, *1 ST í næstu L, 2 ST í næstu L*, endurtakið út umf, lokið umf með KL í 1. ST, alls 22 ST. Snúið stykkinu.

**4. umf:** Heklið 1 LL, 1 FP í hverja L, lokið umf með KL í 1. FP, alls 22 FP. Snúið stykkinu.

**5. umf:** Heklið 2 LL, 1 ST í hverja L, lokið umf með KL í 1. ST. Snúið stykkinu.

**6. umf:** Heklið 1 LL, 1 FP í hverja L, lokið umf með KL í 1. FP. Snúið stykkinu.

Endurtakið umferðir 5-6 þrisvar sinnum til viðbótar.

**13. umf:** Heklið 2 LL, 1 ST í næstu 20 L, sl. 2 L, alls 20 ST. Snúið stykkinu.



**14. umf:** Heklið 1 LL, sl. 1 L, 1 FP í næstu 18 L, sl. 1 L, alls 18 FP. Snúið stykkinu.

**15. umf:** Heklið 2 LL, 1 ST í hverja L, alls 18 ST. Snúið stykkinu.

**16. umf:** Heklið 1 LL, 1 FP í hverja L. Snúið stykkinu.

**17. umf:** Heklið 2 LL, 1 ST í hverja L. Snúið stykkinu.

*Nú er hælnum lokað.*

**18. umf:** Heklið 1 LL, 1 FP í næstu 9 L, leggið nú hliðarnar saman, réttan snýr út, heklið KL í allar lykkjurnar þar til hælnum hefur verið lokað.

**19. umf:** Heklið 1 LL, heklið FP hringinn í kring um opið á sokkaleistanum, u.þ.b. 20 FP, lokið umf með KL í 1. FP.

Gangið frá endum. Og snúið skónum með rönguna út.

Þessi uppskrift er í boði Handverkskúnstar, garnið í sokkaleistana færð þú í verslun okkar Nýbýlavegi 32 í Kópavogi og í netverslun www.garn.is.

*Heklkveðja*

*Elín Guðrúnardóttir*









**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | 3 | | | 7 | |
| | 9 | | | | 1 | | 2 | |
| | | 3 | | 8 | | | 9 | 6 |
| 7 | 8 | 6 | | | | | 1 | 2 |
| | | | | 2 | | | | 7 |
| 2 | | | | | | 5 | | |
| | 1 | | | | | | | |
| | | | 5 | | 8 | | | |
| | | 4 | | 6 | 7 | | | 8 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 3 | 2 | | | | | |
| | | | | | 3 | | 1 | 4 |
| 1 | | | | | 7 | | | |
| | | 2 | | | | 6 | 9 | 1 |
| | | | 3 | | | | | |
| | | | | | | 8 | | 7 |
| 2 | | | | | 5 | 1 | | |
| | 4 | 7 | | | | | 5 | 6 |
| | 3 | | 9 | | | | 7 | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | | 9 | |
| | | | 3 | | 5 | | | |
| 5 | | | | 7 | | | | 4 |
| | 1 | | | 6 | | | 3 | |
| | | 4 | 8 | 3 | 1 | 2 | | |
| | 6 | | | 4 | | | 1 | |
| 2 | | | | 5 | | | | 7 |
| | | | 2 | | 7 | | | |
| | 9 | | | | | | 4 | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 1 | | | | | |
| | | 5 | | 9 | | | | 2 |
| | | | 6 | | 7 | | 9 | |
| | | 4 | | | | 1 | | 3 |
| | 1 | | | | | | 6 | |
| 5 | | 8 | | | | 9 | | |
| | 8 | | 4 | | 1 | | | |
| 9 | | | | 6 | | 8 | | |
| | | | | | 3 | | 2 | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

## FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Hefur gaman af kindum og ætlar að verða læknir

**Maríanna Katrín Bjarkadóttir á heima á Maríubakka en er í Kirkjubæjarskóla á Síðu. Uppáhaldsdýrin hennar eru sauðkindur og Maríanna ætlar að verða læknir þegar hún verður stór. Hún leggur bæði stund á íþróttir og er að læra á hljóðfæri.**



**Nafn:** Maríanna Katrín Bjarkadóttir.

**Aldur:** 10 ára.

**Stjörnumerki:** Naut.

**Búseta:** Maríubakki.

**Skóli:** Kirkjubæjarskóli á Síðu.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Íþróttir.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Kindur.

**Uppáhaldsmatur:** Hamborgarhryggur.

**Uppáhaldshljómsveit:** Ég á enga uppáhaldshljómsveit en uppáhaldssöngkona er Beyoncé.

**Uppáhaldskvikmynd:** Titanic.

**Fyrsta minning þín?** Þegar ég var að borða og pabbi stóð upp á borði að laga ljós og þá brotnaði borðið.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Bæði.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Læknir.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Drekka edik.

**Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur gert?** Rífast.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Ég fór til Frakklands.

## Vélabásinn



liklegur@internet.is

### Honda CR-V dísil:

# Öll hönnun er til fyrirmyndar

**Um síðustu helgi var sýning á nýjum Honda CR-V disel á Akureyri og um næstu helgi verður bíllinn sýndur í Vestmannaeyjum og Keflavík.**

Ég prófaði bílinn fyrir skömmu, en tvisvar hef ég fjallað um Honda CRV. Fyrir skemmstu prófaði ég nýjasta Honda CR-V bílinn sem er með nýja dísilvél og skiptingu.

*Mikið rými fyrir farþega inni í bílnum*

Fáir jepplingar státa af eins miklu rými fyrir farþega í aftursætum eins og Honda CR-V, aftursætin eru líka mjög þægileg að sitja í og til gamans þá sagði ég fyrst þegar ég fjallaði um Honda CR-V hér í pistli 2010 að þessi bíll ætti að henta vel fyrir bóndann á Bessastöðum þar sem að ráðsmaðurinn keyrði hann oftast og þessi skoðun mín hefur ekkert breyst. Sem dæmi þá fékk ég sölumennina hjá Bernhard til að setjast aftur í bílinn, en eins og sjá má á mynd til hliðar er mikið pláss fyrir framan hné hjá þeim báðum. Olnbogarými er gott og höfuðpúðar góðir. Í framsætum er gott að sitja, fótapláss gott. Öll hönnun er til fyrirmyndar, en sérstaklega var ég hrifinn af því hvernig stjórntækjunum er fyrirkomið í stýrinu þar sem allir takkar voru í puttafæri.

*Mikið lagt upp úr öryggi hjá Honda*

Honda CR-V fær 5 stjörnu vottun fyrir öryggi hjá Euro Ncap, óháða árekstraprófunarfyrirtækinu. Honda hefur alltaf lagt mikla áherslu á að útbúa sína bíla sem öruggasta fyrir ökumann og farþega. Af þeim bílum sem ég hef prófað er Honda CR-V með bestu skriðvörnina (virkar best), Honda CR-V er einnig með búnað sem kallast stöðugleikakerfi fyrir tengivagn. Búnaðurinn tekur af og minnkar hliðarrugg á kerru eða vagni þegar tengivagninn fer að rugga til beggja hliða (þessi búnaður hjálpar mikið í miklum hliðarvindi og hentar vel þegar ekið er með stuttar kerrur sem vilja byrja að slást til beggja hliða ef farið er hratt).

*Prufuaksturinn var bara skemmtilegur*

Fyrst ók ég bílnum nálægt 50 km í innanbæjarakstri og þrátt fyrir að bíllinn sé frekar stór þá er hann lipur í innanbæjarakstri og gott að leggja í stæði við þröngar aðstæður. Næst var það langkeyrsla, en hugmyndin var að keyra að Kleifarvatni og til baka. Við Kleifarvatn er bílaplan sem er mikill laus sandur og var þessi lausi sandur ekki nein fyrirstaða. (Hef fundið fyrir að sumir bílar sem ég hef ekið þar eiga í erfiðleikum í sandinum). Þar sem mér líkaði bíllinn svo vel endaði bíltúrinn á Suðurstrandarvegi, ís í Þorlákshöfn og Þrengslin í bæinn. Eyðslan var mun minni en ég bjóst við, en samkvæmt aksturstölvunni var ég að eyða í innanbæjarakstrinum 8,3 lítrum og í langkeyrslunni 5,8 lítrum. Uppgefin eyðsla samkvæmt bæklingi er 7,6–7,7 lítrar af dísil í blönduðum akstri. Það eina sem truflaði mig við aksturinn á þessum bíl var veghljóð í grófum vetrardekkjunum sem undir bílnum voru. Persónulega mundi ég velja Michelin X-ice vetrardekk undir bílinn.



Honda CR-V Connect Navi. Myndir / HLJ



Farangursrými er mjög gott, en undir plötunni er varadekkið sem reyndar er það sem ég kalla aumingi.



Stjórntökkum er haganlega komið fyrir og þarf aldrei að tegja sig í neinn þeirra í CR-V.



Á bílaplaninu við sunnanvert Kleifarvatn var mjúkur sandurinn engin fyrirstaða.




Þegar horft er á bílinn virkar hann ekkert hár undir lægsta punkt, en samt er glettilega hátt undir hann.

### Helstu mál og upplýsingar

| | |
|---|---|
| Þyngd | 1.569 kg |
| Hæð | 1.685 mm |
| Breidd | 1.820 mm |
| Lengd | 4.605 mm |



CR-V státar af mjög miklu fótarými fyrir farþega í aftursætum.

*Vél, skipting og verð*

Dísilvélin er ekki nema 1,6 lítra vél, en skilar samt 160 hestöflum (skemmtilega kraftmikil lítil vél). Sjálfskiptingin í bílnum sem ég prófaði er sex þrepa og var ég aðeins einu sinni var við að bíllinn skipti sér niður, annars fann maður aldrei fyrir því þegar bíllinn skipti sér nema þegar maður sá snúningsmælinn fara upp eða niður. Verð á Honda CR-V er frá 5. 190.000 og upp í 7.390.000, en bíllinn sem ég prófaði kostar 6.990.000. Litaúrvalið er a.m.k. níu mismunandi litir og innréttingarúrvalið er mismunandi. Hægt er að sjá nánari upplýsingar um Honda CR-V á vefsíðu Bernhard á slóðinni www.honda.is.




Höfum tekið við umboði Topa sem bjóða meðal annars **glussafleyga og fleiri góð verkfæri sem** hafa áunnið sér gott orðspor hér á Íslandi á undan förnum árum.

Topa býður uppá **úrval verkfæra** og aukahluta, t.d. Klippum, Kröbbum og hinn þekkta Vibro-Ripper.

VÉLANAUST ehf

Álhella 4 • 221 Hafnarfjordur • Sími: 555 6670 • velanaust@velanaust.is

# Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 1.900 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 4.900 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 12.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Til sölu 6 mánaða íslenskur hvolpur. Ættbókarfærður. Lífsglaður, efnilegur sveitahundur. Tilboð óskast. Uppl. í síma 894-6435.



Til sölu fallegt hús miðsvæðis á Stokkseyri. Hægt er að nýta húsið á marga vegu, t.d. sem íbúðarhús, fyrir veitingarekstur eða ferðaþjónustuaðila. Ásett verð 23,5 millj. Nánari uppl. veitir Erna í s. 897-5531.



Nýtt sumarhús til sölu. 21 fm ásamt 7 fm verönd, wc, sturtu, eldhúsinnréttingu, ísskáp, hitakút, parket og flísum á gólfi. Tilbúið til flutnings. Verð 5,5 m. Tómas sími 698-3730 - 483-3910.



Geymslutjald til sölu. 150 fm. Röder 75 Alu gerð. Lengd 20.0m x Br. 7,5m. hæð 4,85m og vegghæð 3,5m. Gott skjól fyrir vetrarveðrinu. Uppl. í s. 861-3840.




Úrval af viftum og þakblásurum í flestum stærðum og gerðum. Einnig úrval af stýringum. Íshúsið ehf., sími 566-6000, http://www.viftur.is.



Til sölu ísbjarnarhamur, mjög stór, 272 x 240 cm. Með haus og klóm. Verðmat 800.000 krónur. Uppl. í síma 868-3736.



Til sölu pallur á grind. Uppl. í síma 893-1255.



Til sölu gömul mannhæðarhá búddastytta úr tré, 177 cm að hæð, skreytt með glitsteinum. Verðmetin á 750.000 krónur. Uppl. Í síma 868-3736.



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr. 5.900 m/vsk. Brimco ehf. www.brimco.is Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá 13:00-16.30



Eigum til eitt stk.nýtt Polaris Sportsman 570 EPS fjórhjól, 2015 árgerð. Hjólið leysir af hólmi hið vinsæla 800 hjól frá sama framleiðanda. Hagkvæmt, lipurt og fjölhæft fjórhjól á hagstæðu kynningartilboði. Hentar bæði sem vinnuþjarkur og frístundatæki. Verð 1990 þús. m/vsk. Cobolt Verkstæði ehf. Freyjunesi 6 603 Akureyri 461-1500 cobolt@cobolt.is



Frábærir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. Léttir og skemmtilegir. Sjá myndband á www.brimco.is . Verð kr. 9.885,:- m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mosf. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13.00-16.30.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Frábærar vörur framleiddar skv. reglum FEIF. Leitun að betra verði. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30. www.brimco.is



Trésmíðavélar, gamlar en mjög vel meðfarnar. Kúttari, pússband, þykktarhefill, afréttari og hulsubor. Uppl. gefa Hreinn sími 861-8634 og Kjartan sími 858-0874.



Daf FA55 230 HP árg.´00, keyrður 234 þús. Ný kúpling. Bíll í góðu standi með lyftu. Hentar vel til gripaflutninga, hross o.fl. Uppl í síma 894-5985.



Land og Fólk byggðasaga Norður-Þingeyinga til sölu á lækkuðu verði. Eldri útgáfan á kr. 2000,- Nýrri útgáfan á kr. 5000.- Vönduð útgáfa sem inniheldur óhemju fróðleik um Norður-Þingeyjarsýslu, myndir af öllum bæjum og ábúendum ásamt ábúendatali fyrir allar jarðir svo langt sem heimildir ná. Upplögð gjöf til allra sem tengjast þessu svæði og þeirra sem hafa gaman af að kynnast landinu betur. Bókin er send hvert á land sem er og er einnig til sölu hjá umboðsmönnum á nokkrum stöðum. Uppl. gefnar í símum 866-8365 og 465-2235.




Í smalamennsku og veiði. Vertu í góðu sambandi með Motorola. Langdrægar talstöðvar, tvær saman í pakka með hlust og hljóðnema á kr. 24.995. Bjóðum einnig ódýrari stöðvar allt niður í kr. 7.495 settið. Ísmar, Síðumúla 28, sími 510-5100, www.ismar.is


























**Komatsu PC 130-6** m/tönn
Árg 2001, 7,800 vst
Fleyglagnir, hraðtengi og skófla
undirvagn 60%
Verð 4,500,000 + vsk



**Komatsu WA 430-6**
Árg 2009, 10,300 vst
stýripinni, smurkerfi.
Verð 6,900,000 + vsk



**Bomag BW 213DH-4**
Árg 2009, 2,900 vst
BCM tölva og prentari



**Butterworth 110DT**
háþrýstidæla
Árg 1998, 400 vst, 700 bar
Verð 1,200,000 + vsk



**Furukawa HB20 fleygur**
Árg ca 1997
Verð 700,000 +vsk

VÉLAFL
Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is



Framleiðum krókheysisgrindur með eða án gámalása. Grunnaðar og/eða málaðar. Gott verð. Vagnasmidjan.is - Eldshöfða 21 Rvk. Uppl. í símum 898-4500 og 894-6000.




Vagnasmiðjan auglýsir. Getum afgreitt fyrir áramót nýja grimmsterka Hardox palla. Bæði stakar skúffur og einnig skúffu, sturtugrind og tjakk, tilbúið að setja á 3ja og 4ja öxla nýja eða notaða bíla. Lýsing, myndir, myndband og teikningar á vagnasmidjan.is. Uppl. í símum 898-4500 og 894-6000. Vagnasmiðjan ehf. Eldshöfða 21, Rvík.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt) www.sogaenergyteam.com - Stærðir : 10,8 KW – 72 KW. Stöðvarnar eru með eða án, AVR (spennujafnara ). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði, t.d. Mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is




Laser mælitæki í úrvali. Ísmar, Síðumúla 28, sími 510-5100, www.ismar.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum, fyrir magndælingu á, vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar : rafmagn, bensín / diesel, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur.Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak



Vökvunarbúnaður fyrir ræktunarsvæði í mörgum útfærslum. Sjálfvirk slöngukefli eða lausar slöngur með kúplingum. Sjálfsogandi traktorsdrifnar dælur. Bensínknúnar dælur með Honda mótorum, allt að 4" díseldrifnar dælur í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vökvaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og dráttarvélar. Sjálfsogandi dælur sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig Centrifugal dælur með mikinn þrýsting, allt að 10 BAR. Stuttur afgreiðslutími, hagstætt verð og örugg þjónusta. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com - Aflgjafar; rafmagn, Hondabensín, Yanmardísel, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háþrýstibúnaður fyrir stíflulosun í skolp og drenrörum. Getum útvegað þennan búnað í mörgum útfærslum og styrkleikum. Fyrir rör frá 30 mm upp í 900 mm. Háþrýstislöngur allt að 150 metrar á lengd, 3/8" , ½" , 5/8" , ¾" . Bensín / diesel, vatnsflæði allt að:132 L / min @ 3000 Psi. Búnaður á sérsmíðuðum vagni með þrýstibremsum eða á stálgrind. Búnaðurinn hentar einnig vel fyrir öflugan háþrýstiþvott. Vandaður og hentugur búnaður, fyrir sveitarfélög og verktaka. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is




Vatnshitarar fyrir háþrýstiþvott. Max þrýstingur : 200 Bar, 250 Bar, 500 Bar. Vatnsflæði: 15 L / min, 25 L / min. Max hiti á vatni : 140°. Hákonarson ehf., Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Getum útvegað þessi tæki í mörgum útfærslum og stærðum. Ryðfrítt stál eða ál, þola 120° hita. Fjölnota tæki sem eru hraðvirk og skila 100% vinnu. Sumar útfærslurnar gætu hentað vel í þrif á gólfum í gripahúsum. Hákonarson ehf. netfang: hak@hak.is. Uppl. í síma 892-4163, www.hak.is



Háþrýstibúnaður fyrir heitt vatn. Þrýsingur allt að 500 Bar @ 30 L / min. Hákonarson ehf , netfang : hak@hak.is, sími 892-4163, www.hak.is

VB LANDBÚNAÐUR www.VBL.is
REYKJAVÍK S: 414-0000 • AKUREYRI S: 464-8600




McHale 160 cm. Árg.1997. Euro festing. Staðsetning: VB-Landbúnaður Akureyri. Tilboð. 50% afsláttur! Verð áður 380.000 án vsk. Verð nú kr. 190.000 án vsk.




Vicon RV 1601. Árg. 2006. Fastkjarna rúlluvél,14 hnífar. Rúllustærð 0,90 til 1,60. Aukabelti fylgir. Notkun: Ca. 11,500 rúllur. Staðsetning: VB-Landbúnaður Akureyri. Vél alltaf geymd inni og er í góðu lagi. Verð kr. 2.600.000 án vsk.




Welger RP120. Árg.1995. Einföld og góð vél, vel með farin og er í lagi. Er með garnbindingu. Staðsetning: VB-Landbúnaður, Akureyri. Verð kr. 340.000 án vsk.




Lely Welger DA 235 Profi. Árg.2013. Vél notuð í tvö sumur. Smurkerfi á keðjur og legur. Myndavél. 25 hnífar. Dekk 505/50-17 R. Ávalt geymd inni. Notkun: 5,535 rúllur. Staðsetning: VB-Landbúnaður Akureyri. Verð kr. 8.500.000 án vsk.




Deutz Fahr MP 235. Árg. 2007. Búnaður: Nýrri gerðin af Deutz Fahr samstæðunum. Öflug vél sem er í toppstandi. Búið að endurnýja sóp og fl. Yfirstærð af dekkjum. Notkun: 23,000 rúllur.Staðsetning: Reykjavík. Verð kr. 3.650.000 án vsk.




Kuhn 7601. Árg. 2005. Góð vél. Staðsetning: Suðurland. Verð kr. 820.000 án vsk.




Kuhn GA7822 MasterDrive. Árg. 2008. Rakar til hliðar. 7,8m vinnslubreidd. Tandem öxull. Stýranleg. Staðsetning: VB-Landbúnaður, Akureyri.Flott vél og klár í notkun. Verð kr. 1.090.000 án vsk.




McHale 991B. Árg.1995. Vökvastýrð. Geymd inni. Vélin er í topplagi nema stöðufótur er tjónaður. Nýr stöðufótur fylgir vélinni. Getur verið afhent í Reykjavík.Staðsetning: Vesturland. Verð kr. 480.000 án vsk.




Lely Hibiscus 425s. Árg. 2014. Lyftutengd. Falleg vél og í góðu lagi. Staðsetning: VB-Landbúnaður Reykjavík. Verð kr. 925.000 án/vsk.




Vicon Sprintmaster.Árg. 93-95. Dragtengd, 1 vökvaslanga. Staðsetning: Eyjafjörður. Vél orðin upplituð. Ný tinduð. Ný vökvaslanga. Verð kr. 130.000 án/vsk.




Vicon H1050. Árg.1999. 9 Hjóla vél, 1 vökvaslanga. Dragtengd. Staðsetning: Eyjafjörður. Falleg vél. Tilbúin til notkunar. Í topplagi. Verð kr. 290.000 án/vsk




Lely Splendimo 360M. Árg. 2011. Miðjuhengd vél í góðu ástandi. Staðsetning: Norðurland. Verð kr. 990.000 án/vsk.




Lely Splendimo 320F. Árg. 2008. Framsláttuvél í góðu ástandi. Staðsetning: Norðurland. Verð kr. 680.000 án/vsk.




Fella SM 320. Árg. 2009. Vinnslubreidd: 3,2m. Staðsetning: Reykjavík. Góð vél og lítið notuð. Segldúkur lítillega tjónaður. Verð kr. 620.000 án/vsk.

VB LANDBÚNAÐUR www.VBL.is
REYKJAVÍK S: 414-0000 • AKUREYRI S: 464-8600

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR



Kerruvarahlutir. Kerruvarahlutir og hlutir til kerrusmíða. Varahlutir í helstu gerðir bremsu- og hjólabúnaðar fyrir Alko og Knott. Einnig sérpantanir.



Zetor. Mikið af varahlutum og síum í Zetor dráttavélar til á lager. Gerið verðsamanburð.



Gamlar dráttavélar. Ertu að gera upp lúinn traktor? Eigum til á lager og útvegum varahluti í gömlu dráttarvélarnar, einnig málningu, viðgerðabækur ofl.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Jötunn Vélar ehf – sími 480-0400 – www.jotunn.is, Austurvegi 69, 800 Selfoss – Lónsbakka - 601 Akureyri.



Tveggja öxla kerrur, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Verð frá kr. 489.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Íslensk smíði. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið 13.00-16.30. www.brimco.is



Renault Midliner M210. 1996 árg, ek: 180 þús. með lyftu, dísel. Uppl í síma 892-4927 og 453-5124, Bjarni Haraldsson.



Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4.27 m, hæð 1.10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 auk vsk. Verð 2-4 stk 22.900 auk vsk. 5 stk eða fleiri 19.900 auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Weckman sturtuvagnar 11 tonna og 13 tonna. Til á lager. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Weckman rúlluvagnar. Ný gerð. Stærð palls 2,55 x 9,0 m. Til á lager. H. Hauksson ehf. sími 588-1130.



Renault Midliner M210. '96 árg. ekinn 180 þús. Dísel. Opnanlegar hliðar og lyfta. Uppl. hjá Bjarna Haraldssyni í síma 892-4927 og 453-5124.



40 fermetrar af kanadískri utanhússklæðningu til sölu. Litur ljósdrapp (marble white). Verð pr. fm aðeins 1.500 kr. eða besta boð. Gjöf en ekki gjald! Sjá nánar um steininn á www.novabrik.com. Uppl. hjá Villa í síma 663-4898.



Innihrærur fyrir gripahús. Rafdrifnar : 7,5 KW, 9,2 KW, 11 KW Glussadrifnar : 8 KW, 60 L / min, 120 Bar.Vinnudýpt : 130 cm Skrúfa : 200 mm. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is,www.hak.is



Foliant Gemini 400s lamineringavél til sölu. Keypt ný 2007, lítið notuð. Verð kr. 800.000,- + vsk. Uppl. í síma 896-8978.



MMC L200, árg´04, ssk, ekinn 208 þús, ný vél er í bílnum. Er með pallhýsi og fylgja nánast ný negld vetrardekk á felgum. Uppl. í s. 692-5525.



Terex 880 árg. 2005 til sölu. Notkun 3000 std. Toppvél. Uppl. í síma 824-4790.



Hyundai Santa Fe 2004 kr. 990.000 eða tilboð. Ekinn 169 þús. Benson Sjálfskipting. Fjórhjóladrif, nýleg heilsársdekk, álfelgur, CD spilari, útvarp, bassabox, dráttarkrókur. Ný lagað: Alternator, bremsurör,spindilkúla, gormar, ABS kerfi. Uppl. í síma 897-9789.



Til sölu Toyota Landcruiser 100, árg. 2000, dísel ekinn 322.000. 7 manna, leður, topplúga, dvd skjár, einn með öllu. 35´´BF Goodrich. Góður bíll, komið er að lakkviðgerðum. ath. bein sala. Verð 2.500.000. Uppl. í síma 892-3042.



Burstabæir í garða, vitar og skipalíkön til sölu. Uppl. í síma 694-4429.



Burstabæir í garða, vitar og skipalíkön til sölu. Uppl. í síma 694-4429.



Burstabæir í garða, vitar og skipalíkön til sölu. Uppl. í síma 694-4429.



Til sölu Kia Sportage árg. ´03, ekin 110.000 km. Ný kúpling, nýjar bremsur-, bensín- og kúplingsdælur, nýr bensíntankur og miðstöð. Get látið með á 50.000 krónur 4 ný vetrardekk á felgum - ekin rétt um 1000 km. Þarf að endurnýja púströr og framdempara. Uppl. í síma 860-4646 og í netfangið tomassonmagnus (hjá) gmail.com



10kw rafstöð með innbyggðri 300A rafsuðu. Miller Trailblazer 240V og 300A rafsuða. Notkun 98 klst. Bensín og rafstart. Uppl. í síma 866-4282. Verð 370 þús.



X Treil, árg.´03, bensín, ekin 143 þús km, ssk. Skoðaður. Allt nýtt í bremsum. Sk. um vél o.fl. Viðgerðarkostn. 650 þús. Góður bíll. Uppl. í síma 899-5189.



Til sölu olíubrennari Annti Kuivuriuuni A330, 330 kW (30 l/klst) með 7,5 kW blásara. Einnig tveir Emerson riðbreytar/hraðastillar SK3201 7,5/11,0 kW. Uppl. í netfangið eirikur@landlinur.is eða í síma 895-6254.



Til sölu lítið notuð rafstöð ESE 60w með Iveko vél. Rafstöðin er mjög lítið notuð. Verð 1.200 þús. Uppl. gefur Albert í síma 866-6684.



Til sölu er vandaður stálstigi, sem skrúfaður er saman. Salarhæð 285 sm, hægt að breyta. Stigaop ca. 230x360 sm. Einnig 4 Velux þakgluggar, 66x119 sm og þrír plastkúplar í þak 130x130 sm. Uppl. í símum 864-2750 og 894-7077.



Til sölu VW LT46 árg. '03 ekinn 213 þ.km. m/vörulyftu. Nýskoðaður ´16. Verð 1.040 þús + vsk. Ath. minnaprófs bíll. Uppl. í síma 861-9101.



Til sölu VW Caddy metan/bensín, árg. '07 ekinn 144 þ.km. Nýskoðaður´16. Verð 1.000 þús + vsk. Uppl. í síma 861-9101.



Til sölu 29 sæta rúta Bens Clubstar, árg.´81. Vél ekin 95.000 km. Er á nýjum dekkjum. Roskinn eðalbíll í toppformi. Skoðaður´16. Uppl. gefur Jónas Skaftason í s. 892-3455.








Atvinnutæki auglýsir vélar til leigu:



Hitachi ZX 250LC-3



Hitachi ZX 470LCH-5B



Hitachi ZX 350LC-5B



Hyundai R 380LC-9A



Bomag BW 213 DH-4

ATVINNUTÆKI
Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is



Eigum til á lager nýjar beltagröfur
25 tonn, 35 tonn og 50 tonn.



Eigum til á lager nýja fleyga og klemmu frá FRD



Getum útvegað Bomag jarðvegsþjöppur frá 70 – 750kg



Getum útvegað undirvagns hluti á allar vélar, bæði á stál og gúmmíbeltum frá Linser.





Meiren snjótennur og plógar á vörubíla og vinnuvélar.
Einnig snjóskóflur á vinnuvélar

VÉLAFL
Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar.
563 0300



**Belarus 1221.3,**
árgerð 2006,
notkun 80 klst,
verð án vsk. kr. 3.900.000
*Staðsetning: Gylfaflöt*

VÉLFANG
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík
Sími 580 8200 • www.velfang.is
Óseyri 2 • 600 Akureyri




Dodge Ram Cummins diesel. Ssk, leður, 35 tommu dekk, dráttarbeisli. Einn eigandi. Ekinn 280þús. Verð 1490þús. Uppl í síma 864-7573.



Borðtennisborð STIGA Ýmsar gerðir - www.pingpong.is F&F kort ehf. Uppl. í síma 568-3920, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík.



Spilaborð-bridgeborð. Einnig sagnastokkar og spil. Verð: 49.900 www.pingpong.is F&F kort ehf Uppl. í s. 568-3920, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík.



Mmc Outlander Intense, dísel 5 gíra, árg. 2007, ekinn 89 þús km., dvd - krókur. Búið að skipta um tímareim. Verð 2.490.000 kr. Uppl. í s. 866-7841, Víðir.



Poolborð 6 fet með borðplötu. 15% afsláttur, verð: 78.710 kr. Allt sem þú þarft til að byrja að spila fylgir með, kjuðar, spaðar o.s.frv. Ýmsar aðrar gerðir af poolborðum fáanlegar. www.pingpong.is F&F kort ehf. Uppl. í s. 568-3920.



Toyota Rav 10/2006 ek. 54 þús., bensín. Krókur ofl. Verð 2.190.000 kr. Skipti á ódýrari. Skoðuð. Nánari uppl. í síma 895-1796, Ívar.



3ja sæta bekkur með bílbeltum sem festast í gólf. Var í Ford Transit 2006. Verðhugm. 60 þús. Tilbúinn að skoða ýmis skipti. Uppl í síma 852-3538.



Volvo N1025 búkkabíll árg. 1983. Ek. 262þkm. Blidsberg pallur og sturtur, dráttarstóll undir palli. Gott gangverk en húsið er ryðgað, ný húsfesting að aftan og nýr kassi utan um rafgeyma. Nýleg framdekk og nýir rafgeymar. Sami eigandi frá upphafi. Uppl í síma 852-3538.



Sexhjól til sölu, Polaris 800, árg. '09, ek 3000, skoðað '17, 14" álfelgur, 26" Bighorn dekk, öflug loftdæla, hiti í handföngum, framrúða, dráttarkúla, grind á palli. Selst með eða án aukahluta sem eru fjárgrind, 15"álfelgur, negld 260/70 15 dekk, úrhleypibúnaður, goldfinger, aukaljós, sérsmíðaður álpallur. Frábært tæki í snjó. Uppl. í síma 822-1717.



Til sölu Man 33-464 dráttarbíll 6x6 árg '00 glussakerfi nýlegur gírkassi bíll í fínu standi. Uppl. í síma 892-5855.



Til sölu Man 26-464 árg. '99 ekinn 332 þús bíllinn er með dráttarstól, vélaflutningapall og glussakerfi. Uppl. í síma 892-5855.



Til sölu New Holland traktórsgrafa árg. '06 ekin um 4000 tíma kemur á götuna '07 glussahraðtengi að framan og aftan 3 afturskóflur. Uppl. í síma 892-5855.



Fótboltaspil FFT13-4LN hentug fyrir heimili, hægt að reisa upp eftir notkun. Verð: 43.940 kr m/vsk F&F kort ehf Suðurlandsbraut 10 Reykjavík www.pingpong.is



Til sölu Volvo FM 9 6x2 árg. '04, ekinn 113.000 með sturtupalli, neftjakkur, hiab 195 krani 5 vökvaútskot. Uppl. í síma 854-0010. Verð 6,3 millj. + vsk.



Enn einn kerrugámurinn er á leiðinni til okkar, m.a. með bílaflutningakerrur, geypisterka flatvagna með innbyggðar sliskjur sem staðalbúnað og vélaflutningakerrur með áföstum römpum. Þess virði að koma og skoða og verðin eru frábær. Mex ehf. sími 567-1300.



Til sölu hestakerra fyrir tvo hesta, skoðuð 2015. Uppl. í síma 867-1890 milli kl. 17 og 19.



Til sölu Claas Arion 640 Cebis 2012, notkun 2450 klst. frambúnaður og aflúrtak, 50 km kassi, fjaðrandi framhásing og hús, rafstýrðar vökvasneiðar, tölvumiðstöð, loftbremsur og vökvabremsur verð 10.700 þús. Uppl. síma 848-4505.



Músafælulaukurinn Keisarakróna. Hefur hentað vel t.d. í geymslur, sumarbústaði, tjaldvagna o.s.frv. Byflugan og blómið, uppl. í síma 461-5444, byflugan.is



Afréttari 40 cm breiður, tvö plön sem eru hvor 115 cm. Einnig er ég með þykktarhefil 60 cm breiður og spónsög. Uppl. í síma 863-7149.

## Til sölu

Til sölu 2 stk. 40 feta gámagrindur. Grindurnar eru á tvöföldum og eru 3 öxla. Uppl. í síma 893-1255.

Til sölu 13 metra boddý með hurðum beggja megin og að aftan. Uppl. í síma 893-1255.

Er með pall til sölu með sturtubúnaði, klár á vörubíl. Uppl. í síma 893-1255.

Til sölu ónotaðir gluggar m/opnl. fögum + listum. Stærð: G1 H 130 B 114 6 stk G2 H 130 B 174 2 " G3 H 150 B 174 4 " G4 H 54 B 60 9 " 21 stk. alls 15 opnanl. fög verð 15.000,- stk. Uppl. 2th@eyjar.is Hægt að senda myndir.

Til sölu nánast ónotaður 3 fasa riðstraumsrafall með innbyggðum spennustilli. 12,5 kwa 230/400 volt, 3000 sn/mín. Uppl. í síma 893-7990.

Fjárhúsmottur verð kr. 9.350 stk. með vsk. H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.

Timbur í fjárhúsgólf 32 x 100 mm. Verð 245 lm. 38 x 100 mm. Verð kr. 290 lm. með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Vandað girðingaefni. 5 stengja túnnet. Verð kr. 11.900 rl. Iowa gaddavír Verð kr 7.500 rl. Motto gaddavír. Verð kr. 4.500 rl. Þanvír. Verð kr. 8.700 rl. með vsk. Tilboð = Frír flutningur í heimabyggð. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.

Ódýr góð dekk. Sendum. Kíkið á www.dekkverk.is til að sjá verð á dekkjum eða hringið í okkur í síma 578-7474. Kveðja, Dekkverkdrengir.

Weckman þak- og veggstál. Dæmi um verð m2 = 0,5 mm Galv. Verð kr. 1.190. 0,5 mm Aluzink. Verð kr. 1.250, 0,6 mm Galv, verð kr. 1.560. 0,45 litað, verð kr. 1.570, 0,5 mm verð kr. 1.750. Litað / stallað, verð kr. 2.400. Verð per m2 m vsk. Afgreiðslufrestur 4-6 vikur. H.Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Hakkavél - 25kg/10 mín. Sirman TC 12 E. Aldrei verið notuð en ábyrgð er útrunnin. Verð kr. 115 þús. (Kosta nýjar 137 þús.) Er í Kópavogi. Uppl. í s. 564-3648 á kvöldin. Netfang: eddi@islandia.is

Nýkomið nokkurt magn af 25 x 150 furu, langar lengdir (5,4 m.) og kúlupanel 13 x 95 furu. Hagstætt verð. Eikin, Kleppsmýrarvegi 8. Uppl. í síma 577-2577. Netfang eikin@eikin.is

Þriggja fasa, 3 x 220/3 x 380 W spennir til sölu. 9 kW. Uppl. í síma 896-8978.

Iðnaðarhurð til sölu úr hurðargati breidd 5,53 hæð 4,89. Brautir, mótor og fjarstýring fylgja með. Verð 250.000 +vsk. Uppl. í síma 892-2370.

Til sölu 50 ærgildi í sauðfé. Tilboð sendist á netfangið gsig@bondi.is fyrir 15. nóvember 2015.

Nissan Terrano II árg. '04, 3.0 TDI, ssk, 33"dekk. Ekinn 178.000. Ný heilsársdekk. Flottur bíll í góðu standi. Verð 1.490.000. Engin skipti. Uppl. í síma 866-1039.

Til sölu 35"LT 315/70R17 jeppadekk með nöglum. Lítið keyrð. Er á Selfossi. Uppl í síma 846-3676.

LC 90 árg. ´99 GX ssk. ek.303 þús, nýsmurður, ný sía og olía á ssk og drifi. Ný tímareim+viftur.Góð vetrard. á felgum. Gott eintak. Uppl. í síma 895-3395.

Til sölu Pólaris Ranger RZR 800 EFI árg. '11 götuskráður, ekin 3500 Km. Aukahlutir fyrir miljón. Ný dekk og allur yfirfarinn og nýsmurður og lítur mjög vel út. Snilldar tæki fyrir landbúnaðinn hvort sem í girðingar, rekstur, göngur eða kerruvinnu. Skoða skipti. Ásett verð er 2.990 þús. færst fyrir 2.400 þús staðgreitt. Uppl. í síma 893-6072.

Timbur 1 x 6. Verð kr. 207 lm með vsk. 2 x 6. Verð kr. 410 lm með vsk. H. Hauksson ehf. Uppl. í síma 588-1130.

Terrano 2 dísil, árg '00, keyrður 230 þús. '16 skoðun. Verðhugmynd 450 þús. Betri uppl. í s. 868-9694. Bíllinn er á Hellu.

Ærgildi til sölu, 3 x 20. Lágmarksverð 30.000. Bjóða skal í hver 20 ærgildi fyrir sig. Tilboð eru bindandi. Útboðsfrestur er til 1. nóv. Nánari uppl. í síma 897-4482. Tilboð sendist á bikkith@gmail.com

Wolkswagen Bora árg. '00 til sölu eftir veltu. Góð dekk, nýir demparar og fleira nýtt. Uppl. í síma 487-8356 og 698-1540.

Til sölu tjónabíll Suzuki Grand Vitara árg. 2000. Uppl. gefur Jón í síma 453-8193.

Til sölu 40 feta kæligámur í góðu ástandi, verð ca. 450.000 eða tilboð. Einnig 4 stk. furufulningahurðir (inni ) 73.0 x 203.5 cm, verð 15.000 pr. stk. og hreindýrskróna á platti. Verð, tilboð. Uppl. veitir Friðrik í síma 896-4111 .

Ferða-, veiði- og fjölsk.bíll 7 prs. Hyundai Starex '06 sk.16, ek.180, hækkaður, brettak., þakstigi+farangursbox, dráttarkr., spilbiti framan. Margt endurn. Uppl. í síma 898-2608, Hans.

Bókbandshnífar og fleira til sölu. Er hættur að binda inn bækur og sel því áhöldin mín. Verð 110.000 kr. Er á Akureyri. Uppl. í síma 461-5320, Haukur.

Til sölu Benz Sprinter 98 model til sölu, þarfnast lagfæringar, aðallega á boddýi. Frekari uppl. í síma 893-1255.

Iðnaðarsaumavélar til sölu. Hafa verið í góðri geymslu. Einnig lítil gaseldavél. Uppl. í síma 848-0701 / 487-6551.

Lífdísel verksmiðja til sölu. Frekari uppl. í síma 893-1255.

Geymslugámar til sölu. Frekari uppl. í síma 893-1255.

Til sölu eru 131,3 ærgildi frá 1. janúar 2016. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Tilboð sendist á netfangið gha@rml.is fyrir 9. nóvember nk.

Til sölu Whirlpool frystiskápur, 175 cm á hæð með 6 skúffum og 2 hillum. Selst á 20.000 kr. Á sama stað fást fjögur mjög heilleg Tyoto A/T Opne Country jeppadekk stærð 245/75R 16. Fást fyrir mjög lítinn pening. Uppl. í síma 695-3623 eða 694-9968.

5 ha eignarland á Rangárvöllum, vatn, vegur og rafmagn á staðnum. Verð aðeins 3 millj. Ferguson árg. '99 til uppgerðar. Verð 120 þús. Massey Ferguson 35X einnig til uppgerðar. Verð 120 þús. 28 fm rúmlega fokhelt hús. Tilboð óskast. Uppl. í síma 865-6560.

Til sölu 6 kvígur sem bera í desember, einnig 28 naut, flest um 6 mánaða. Selst helst allt í einu. Staðsett í Önundarfirði. Uppl. í síma 847-2258.

Til sölu er 50 ærg. beingreiðsluréttur. Áskilin er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Tilboð sendist á jon@sokn.is fyrir 5.11.15.

## Atvinna

Ég heiti Pascual Prorcel Garcia, 17 ára frá Spáni. Ég bý á bóndabæ rétt fyrir utan bæinn Granada, hef því mikla reynslu af dýrum. Ég óska eftir að vinna á Íslandi sumarið 2016. Vonast til að heyra frá ykkur. Hafið samband á pascualporcel@gmail.com

## Jarðir

Fjölskylda óskar eftir að kaupa kúabú í rekstri á Suðurlandi með áframhaldandi rekstur í huga. Upplýsingar á kuabu78@gmail.com

## Leiga

2ja herb. íbúð til leigu. Fín 2ja herbergja íbúð (60 ferm + 6 fm geymsla) til leigu í Hlíðunum í Reykjavík. Íbúðin leigist fram á næsta sumar eða haust. Íbúðin er á annarri hæð. Geymsla og sameiginlegt þvottahús í kjallara. HR, HÍ, Landspítalinn og miðbærinn í hjólafæri! Áhugasamir geta sent póst á laufey105@gmail.com og þá fá þeir nánari upplýsingar.

## Óska eftir

Óska eftir vetrargeymslu fyrir Benz Sprinter háþekju. Uppl. í síma 691-2396, eða á netfangið mae29@hi.is

Óska eftir Pólaris 325 trail boss árg. '00. Má vera ógangfært. Uppl. í síma 896-8471.

Óska eftir rafmagns hey (rúllu)-skera í góðu standi. Uppl. í síma 898-9644.

Vantar gamlan sveitasíma með sveif til að hafa uppi á vegg. Uppl. í síma 696-4191 eða 691-2062.

Kaupi allar tegundir af vínylplötum. Borga toppverð. Sérstaklega íslenskar. Vantar 45 snúninga íslenskar. Staðgreiði líka vínylplötusöfn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 eða á netfangið olisigur@gmail.com.

Óska eftir að kaupa mjólkurbrúsa og hluti tengda mjólkurvinnslu. Ýmsir hlutir koma til greina s.s. skyrgrindur, strokkar, mót, skilvindur o.fl. Uppl. síma 861-9499.

## Þjónusta

Að ná taki á enska talmálinu. Fjarnám í ensku sem leggur áherslu á að tala og skilja enskt talmál. Engin tölvukunnátta nauðsynleg. Allur enski textinn í vinnubók ásamt íslenskri þýðingu, en einnig á hljóðdiskum, þannig að hægt er að æfa daglega. Aðgangur að námsráðgjafa símleiðis frá 10-22 alla daga vikunnar. Uppl. veitir Pareto.is í síma 540 8400.

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, email einar.g9@gmail.com, Einar G.



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS


Hagstofa Íslands:

# Atvinnuleysi 3,8% í september

**Samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands voru að jafnaði 188.400 manns á aldrinum 16 til 74 ára á vinnumarkaði í september 2015, sem jafngildir 81,4% atvinnuþátttöku.**



Af þeim voru 181.300 starfandi og 7.100 án vinnu og í atvinnuleit. Hlutfall starfandi af mannfjölda var 78,4% og hlutfall atvinnulausra af vinnuafli var 3,8%.

Samanburður mælinga fyrir september 2014 og 2015 sýnir að atvinnuþátttaka jókst um 2,3 prósentustig og hlutfall starfandi fólks af mannfjölda jókst einnig eða um 2,5 stig. Atvinnuleysi dróst hins vegar saman um 0,3 prósentustig frá því í september 2014, úr 4,1% í 3,8%.

Samkvæmt árstíðaleiðréttingu var fjöldi fólks á vinnumarkaði 190.600 í september 2015 sem jafngildir 83% atvinnuþátttöku, sem er 0,4 prósentustigum lægri en hún var í ágúst. Samkvæmt árstíðaleiðréttingu þá minnkaði hlutfall atvinnulausra lítillega frá því í ágúst eða úr 4,1% í 4% í september. Fjöldi atvinnulausra var 7.600 og minnkaði um 300 manns á milli mánaða. Leiðrétt hlutfall starfandi fólks í september 2015 var 79,7% og minnkaði um 0,3 prósentustig frá því í ágúst. Starfandi fólki fækkaði því um 1.700 manns.

Þegar horft er til síðustu sex mánaða þá sýnir leitni vinnuaflstalna að atvinnuleysi lækkar lítillega eða um 0,1 prósentustig og um 0,4 stig á síðustu tólf mánuðum. Hlutfall starfandi síðustu sex mánuði hefur aukist um 0,2 prósentustig og um 0,6 stig síðustu tólf mánuði. /VH


Bændablaðið
Kemur næst út
5. nóvember 2015

BRIGGS & STRATTON
Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS


Viðgerðarþjónusta
á Nilfisk Alto háþrýstidælum
Gerum við allar gerðir af Nilfisk Alto háþrýstidælum.
Vara- og fylgihlutir á lager. Hröð og vönduð þjónusta.
20 ára reynsla
SG ÞJÓNUSTAN viðgerðir - varahlutir
Krókhálsi 5c - Járnhálsmegin - 110 Reykjavík
Sími: 588 3500 - sgt@simnet.is

Tækjamiðlun - Sala - Innflutningur







| Kubota KX41-3 | Komatsu D61PX | Iveco Euro Cargo | Compair C20GS | Volvo FH16 520 |
|---|---|---|---|---|
| Árgerð 2010 | Árgerð 2008 | Árgerð 2003 | Árgerð 2007 | Árgerð 2000 |
| 1.050 vinnust. | 1.922 vinnust. | 295.428 km | 879 vinnust. | 631.736 km |
| 2.950.000 án vsk. | 16.500.000 án vsk. | 1.490.000 án vsk. | 895.000 án vsk. | 3.250.000 án vsk. |

Vinnuvélar

Vinnuvélar- tækjamiðlun ehf er systurfyrirtæki Jötunn Véla og sérhæfir sig í sölu, miðlun og innflutningi vinnuvéla og vörubíla. Markmiðið er að vera leiðandi söluaðili notaðra vinnuvéla og vörubíla á Íslandi með fagmennsku og vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

Vantar fleiri vinnuvélar og vörubíla á söluskrá og á staðinn.

Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is


Vélavit útvegar varahluti í flestar gerðir traktora, sérhæfum okkur í JCB, Hydrema, Iveco, New Holland og Case
Erum einnig með alla varahluti í JCB vinnuvélar
Eigum allar síur í New Holland og JCB á lager
Útvegum olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja
Hafið samband og látið okkur aðstoða við að útvega réttu varahlutina
Oftast ódýrastir!
Vélavit
Varahlutir - Viðgerðir
Skeiðarás 3 •Garðabær •Sími 5272600 • velavit@velavit.is




# HEY BÓNDI !

Félagsheimilinu Hvoli
Austurvegi 8
860 Hvolsvelli

HEY BÓNDI!
14. Nóvember 2015

Kynningar á vörum og þjónustu.
Íslenskir og erlendir aðilar verða með fróðleik og kynningu um efni tengt landbúnaði.